

Gleðileg nýtt heilsuár! nettó



Skannuðu QR-kóðinn og noðu bláa



Fáklædd í feldi Venusar

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. TÖLUBLAÐ

23. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FIMMTUDAGUR 26. JANÚAR 2023



Kokkarnir á veitingastaðnum BRÚT í Pósthússtræti höfðu í nógu að snúast í gær. Staðurinn var opnaður fyrir rúmum tveimur árum og þar er lögð áhersla á sjávarrétti. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



LÍFIÐ 22

Titlaóði Portúgalinn sextugur



MENNING 14

Frægðarbörn sem birtast óvænt



FRÉTTABLAÐIÐ

Næstum nírað stórleikkona

Fengu bætur og flug frá SAS

MANNRÉTTINDI Eypór Kamban Þrastarson, sem tvisvar var vísað frá flugi SAS frá Grikklandi til Kaupmannahafnar, segir flugfélagið hafa tekið á sig alla sök. Auk fjárbóta hafi hann og fjölskylda hans fengið að fljúga aftur til Grikklands án aðstoðarmanns.



Eypór Kamban Þrastarson

Eypór og eiginkona hans, Emily Pylarinou, sem eru bæði blind var í tvígang meinaður aðgangur að flugi. „Alltaf þegar maður ferðast lendir maður í einhverju smá veseni. En ég hef aldrei orðið vitni að annarri eins mismunun,“ segir Eypór.

SJÁ SIÐU 2

Hrina gjaldþrota blasir við eigendum veitingahúsa

Veitingamaður með yfir 20 ára reynslu af rekstri segir þungt hljóð í stéttinni um þessar mundir. Mörg fyrirtæki eigi í rekstrarerfiðleikum og einhver þeirra muni leggja upp laupana. Hann segir erfiðu rekstrarumhverfi og breyttu neyslumynstri um að kenna.

ggunnars@frettabladid.is

ATVINNULÍF „Það eru sviptingar fram undan og veitingastöðum mun fækka. Það er alveg ljóst og ég óttast það,“ segir Bragi Skaftason veitingamaður.

Hann segir greinina standa frammi fyrir verð- og launahækkunum sem engin innistæða sé fyrir. „Auðvitað á starfsfólk veitingastada skilið að fá góð laun en staðreyndin er samt sú að veitingahús á Íslandi greiða að jafnaði yfir 50 prósent af sinni innkomu í laun. Sem



Mögulega eru veitingastaðir í Reykjavík bara orðnir of margir.



Bragi Skaftason, veitingamaður

er langt yfir því sem heilbrigður rekstur í þessu umhverfi þólr,“ segir Bragi.

Við þetta bætist, að mati Braga, að veitingastaðir greiði jafnan mun hærri húsaleigu en gengur og gerist í öðrum atvinnugreinum á sama svæði.

Að sama skapi sé mikilvægt að horfa líka til annarra þátta en verðhækkana og rekstrarkostnaðar, að hans sögn. Miklar breytingar hafi orðið á neyslumynstri að undanfögnu með tilkomu mathalla og meiri sjálfvirknivæðingar á veitingahúsum.

„Mögulega eru veitingastaðir í Reykjavík bara orðnir of margir,“ segir Bragi.

Hann segist eiga von á að hefðbundnum finum veitingastöðum með fullri þjónustu og háum standard muni fækka verulega af þessum sökum og samsetningin breytast.

SJÁ SIÐU 11



EITT SETT TÖGGUR
SÜKKULABHJÚPADAR KARAMELLUR MEÐ LAKKISBRAGDI

NÝTT! TÖGGUR Í ÞESSUM

COÖA HORIZONS

NÓI SÍRÍUS

Samningar í máli Sundlaugartúns

kristinnhaukur@frettabladid.is

REYKJAVÍK Búið er að semja við eigendur húsa við Einimel varðandi kaup á hluta borgarlands af svokölluðu Sundlaugartúni, vestan við Vesturbæjarlaugina. Málið hefur valdið miklum titringi og Reykjavíkurborg sökuð um að gefa eftir.

Verða lóðir Einimels 18, 24 og 26 færðar út um rúma 3 metra og heimilt að stækka lóð Einimels 26 lítillaga til norðurs. Starfsmenn Reykjavíkurborgar munu rífa niður girðingar sem reistar voru fyrir mörgum áratugum síðan.



Teitur Atlason, fyrrverandi varaborgarfulltrúi

Samkvæmt Pawel Bartoszek borgarfulltrúa á borgarráð eftir að taka samningana fyrir, en kaupverðið sé metið út frá hefðbundnu fermetraverði garðs í þessu hverfi.

Teitur Atlason, sem sagði af sér stöðu varaborgarfulltrúa Samfylkingar vegna málsins, segist vonsvikinn með lyktir þess. „Þetta ríka fólk sölsaði undir sig þetta svæði án þess að spyrja kóng eða prest,“ segir hann. „Almenningur er oft í stappi við skipulagsyfirlöng og það er ekki gefin eftir ein tomma, nema ef þú átt pening.“ ■

Ár án strompsins



Strompurinn á Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu var festur aftur á í gær. Þá var slétt ár frá því að hann f auk af í miklum vindi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Engin ákvörðun tekin um trans konur

kristinnpall@frettabladid.is

ÍPRÓTTIR Alþjóðafjrjalsípróttasambandið vinnur nú að regluverki fyrir ársþing sambandsins, sem gera á trans konum kleift að keppa í alþjóðlegum keppnum á afreksstigi. Sett verða strangari skilyrði um magn testósteróns.

Fjrjalsípróttasamband Íslands hefur ekki tekið afstöðu. „Við erum búin að fá stutta kynningu á þessu en þeir eru að útlista þetta áður en reglugerðartillagan verður send til okkar,“ segir Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri.

Forseti Alþjóðafjrjalsípróttasambandsins, Lord Coe, gaf til kynna í fyrra að sambandið hefði til skoðunar að banna trans konum að keppa í kvennaflokki. Samkvæmt skjölum sem BBC hefur undir höndum verður einstaklingum sem



Guðmundur Karlsson, framkvæmdastjóri Fjrjalsípróttasambandsins

hafa gengist undir kynleiðréttingarferli leyft að keppa á alþjóðlegum grundvelli ef þeir standast kröfur um testósterónmagn til tveggja ára.

Tóttla I. Sæmundsdóttir, fræðslustýra Samtakanna '78, segir gengið of langt í takmörkun testósteróns. „Mjög margar konur fara yfir þessi mörk,“ bendir fræðslustýra Samtakanna '78 á.

„Við höfum alltaf sagt að við erum tilbúin að aðstoða ÍSÍ og aðildarfélag innan þeirra og kynna fyrir þeim málflutning trans fólks.“ ■

Flugu án aðstoðarmanns og fengu greiddar bætur

Eypór Kamban Þrastarson, sem tvisvar var vísað frá flugi SAS frá Grikklandi til Kaupmannahafnar, segir flugfélagið hafa tekið á sig alla sök. Auk fjárbóta hafi hann og fjölskylda hans fengið að fljúga aftur til Grikklands án aðstoðarmanns.

erlamaria@frettabladid.is

MANNRÉTTINDI „Þegar við sendum lögfræðilegt bréf til SAS milli jóla og nýárs viðurkenndu þeir strax að þeir hefðu gert rangt með því að meina okkur aðgang að fluginu og samþykktu að við mættum ferðast með barnið okkar aftur heim, án fylgdarmanns,“ segir Eypór Kamban Þrastarson.

Eypór og eiginkona hans, Emily Pylarinou, eru búsett í Grikklandi en ætluðu að fljúga til Íslands í desember síðastliðnum ásamt ungri dóttur. Eypór og Emily eru bæði blind og segir Eypór að á þeim forsendum hafi þeim í tvígang verið meinaður aðgangur að flugi.

Í fyrra skiptið hafi þeim verið tjáð að flugstjórinn hafi ekki verið tilbúinn að fljúga með þau og í seinna skiptið að það væri öryggisbrestur þegar blindir foreldrar ferðast einir með lítið barn. Þau þyrftu að hafa aðstoðarmann með sér í fluginu.

Eftir fjölda tölvupósta milli hjónanna og SAS leystist úr deilunni þegar íslensk kona, sem var á leið til Íslands frá Grikklandi, hafði fregnir af málinu. Hún bauð sig fram til að aðstoða og komust Eypór og fjölskylda til Íslands viku síðar.

„Alltaf þegar maður ferðast lendir maður í einhverju smá veseni. En ég hef aldrei orðið vitni að annarri eins mismunun,“ segir Eypór.



SAS leyfði fjölskyldunni að fljúga til baka án aðstoðarmanns. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Þetta er í fyrsta skipti sem ég hef lent í einhverju sem er svona virkilega raunveruleg, sýnileg og ápreifanleg mismunun.



Eypór Kamban Þrastarson

Eypór segist hafa íhugað lög-sókn og því sett sig í samband við Blindrafélagið, sem hafi fengið lögfræðing í málið. Sá hafi sent bréf til SAS, sem hafi skýlaust tekið á sig sök í málinu og bókað flug fyrir þau aftur til Grikklands á nýju ári.

„Við flugum heim í byrjun mánadag og það gekk snurðulaust fyrir sig. Þeir tóku á sig sökina og hafa greitt út bætur eftir okkar kröfum. Gagnvart SAS er þetta því búið af okkar hálfu,“ segir Eypór.

Eypór segist þó ætla að fara með málið lengra til þess að koma í veg fyrir að þetta endurtaki sig.

„Ef við fljúgum aftur með SAS þá hugsa ég að þetta muni ekki gerast aftur. En maður veit aldrei varðandi önnur flugfélög,“ segir Eypór.

Að sögn Eypórs þarf að skoða málið í gegnum annað hvort Öryrkjabandalagið eða Blindrafélagið, sem færu með þetta inn í til dæmis European Disability Forum.

„Þar væri hugsanlega hægt að ýta á eftir að reglurnar séu skýrari í Evrópu og alþjóðareglum,“ segir Eypór. Alveg nógu mikið sé efast um alla hæfileika hans sem fatlaðs foreldris.

„En þetta er í fyrsta skipti sem ég hef lent í einhverju sem er svona virkilega raunveruleg, sýnileg og ápreifanleg mismunun,“ segir Eypór Kamban. ■

Alex og William manual hvíldarstólar

nú með 20% afslætti

Alklæddir Anelín leðri, litir: Svart, dókkbrúnt og cognac



Alex manual með 20% afsl. 195.000 kr.



William manual með 20% afsl. 215.000 kr.

NYFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

SUZUKI ACROSS

PLUG-IN
HYBRID



SUZUKI ACROSS PLUG-IN HYBRID
ER SPARNEYTINN, UMHVERFISVÆNN OG ÖFLUGUR SPORTJEPPI

VERÐ KR.
9.960.000

SUZUKI
5
ÁRA
ÁBYRGÐ

4X4

SUZUKI ACROSS
FJÓRHJÓLADRIFINN

Hámarks skilvirkni og ríkuleg akstursánægja sameinast í fjórhjóladrifna tengiltvinnbílnum Suzuki Across.

FLUTT MEÐ
EIMSKIP

Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:

Akureyri: Bílaríki, Lónsbakka.

Egilsstaðir: Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.

Hvolsvelli: Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.

Ísafjörður: Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.

Reykjanesbær: K. Steinarsson, Holtsgötu 52.



● Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is



Suzuki á Íslandi

YouTube

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100



Frankvæmdir á Akureyri.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Fimm prósent verði félagsíbúðir

kristinnpall@frettabladid.is

AKUREYRI Skipulagsráð Akureyrarbæjar fór fram á breytingu á húsnæðisáætlun bæjarfélagsins á nýjasta fundi sínum, sem gerði ráð fyrir að fjölga hagkvæmum íbúðum á viðráðanlegu verði og félagsíbúðum. Málinu var síðar vísað til afgreiðslu bæjarráðs og er boltinn því þar.

Ef breytingarnar verða samþykktar verður gerð krafa um að félagslegt húsnæði á vegum sveitarfélagsins verði fimm prósent af nýju húsnæði árlega. Þar að auki verði hagkvæmar íbúðir á viðráðanlegu verði þrjátíu prósent af árlegu húsnæði sem risi í sveitarfélaginu.

Þetta sé í samræmi við ramma-samning ríkis og sveitarfélaga um aukið framboð íbúða 2023-2032 og sameiginlega sýn og stefnu í húsnæðismálum. ■

Flestir flytjast til Norðurlandanna

kristinnpall@frettabladid.is

SAMFÉLAG Tæplega 49 þúsund íslenskir ríkisborgarar eru með skráða búsetu erlendis. Tæplega fjórðungur þeirra er búsettur í Danmörku þar sem búa 11.590 Íslendingar. Þá eru Íslendingar búsettir í hundrað af 193 aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna, þar af aðeins einn Íslendingur í fimmtán ríkjum.

Þetta kemur fram í nýrri talningu Þjóðskrár. Norðurlöndin Danmörk, Noregur og Svíþjóð bera af í fjölda Íslendinga, en heilt yfir búa rúmlega 29 þúsund Íslendingar í þessum þremur löndum.

Vestanhafs eru tæplega 6.500 Íslendingar með búsetu í Bandaríkjunum og níu hundruð í Kanada, en aðeins 76 í Suður-Ameríku. Þá eru rúmlega hundrað Íslendingar með skráða búsetu í Afríku, tæplega 250 í Asíu og um 700 í Eyjaálfu. ■

Segir samning VR ekki læsa önnur stéttarfélag inni

gar@frettabladid.is

KJARAMÁL „Það er ekkert í okkar samningum sem kveður á um slíkt,“ segir Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, um þær fullyrðingar að taka þurfi upp nýgerða samninga Samtaka atvinnulífsins ef samtökin semji um annað við Eflingu.

Halldór Benjamín Þorgrímsson, framkvæmdastjóri SA, hefur ítrekað sagt að ekki sé hægt að semja um annað við Eflingu en gert hafi verið í samningum við VR og Starfsgreina-sambandið. Meðal annars sagði Halldór í Silfrinu á RÚV sunnu-

daginn 15. janúar síðastliðinn, að vandinn væri sá að ef SA féllist á nálgun Eflingar þyrftu samtökin að taka upp nýgerða kjarasamninga við aðra, sem meðal annars er VR.

Ragnar Þór segist ekki vita hvað Halldór sé að vísa í.

„Við erum ekkert með í okkar samningum sem læsir aðra inni eða eitthvað slíkt. Það eru engar kvaðir í okkar samningi sem kveða á um að það þurfi að taka upp okkar samning, sé samið með öðrum hætti við önnur stéttarfélög,“ segir Ragnar. Ef slíkt væri raunin hefði þegar orðið af því þar sem verkfræðingar hafi



Ég reikna með að þetta verði erfiður róður hjá fleiri stéttarfélögum en Eflingu.



Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR

síðar samið með öðrum hætti en VR. „Þeir gera samning þar sem prósentuhækkunin gildir lengra upp launastigann.“

Ragnar bendir á að margir kjarasamningar losni á næstunni. „Þetta er allt að fara af stað. Þó að við höfum gengið frá skammtíma-samningi þá eru margar stéttir eftir. Þannig að ég reikna með að þetta verði erfiður róður hjá fleiri stéttarfélögum en Eflingu,“ segir Ragnar Þór. „En þetta náttúrulega endar allt á einn veg; það verður gerður kjarasamningur. Ég bara að vona að það náist góð niðurstaða.“ ■

Fasteignamarkaðurinn fer kólnandi

Vaxtaumhverfið á fasteignamarkaði hefur hreyft við fólki sem færir sig hratt yfir í verðtryggð lán. Verðlækkunarferlið á fasteignamarkaði sem hófst um mitt síðasta ár heldur áfram.

ser@frettabladid.is

HÚSNÆÐISMÁL Verð á einbýli jafnt og fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu fer lækkandi, sem gefur til kynna að fasteignamarkaðurinn sé heldur að kólna frá því sem var á fyrri hluta síðasta árs.

Þó er salan enn með ágætum, einkum og sér í lagi í fjölbýlishúsum. Breytingarnar eru mun minni úti á landi.

Þetta staðfesta nýjar tölur úr mælaborði Deloitte, sem byggja á sölutölum frá Þjóðskrá Íslands, en þær benda til þess að verðlækkunarferlið, sem hófst um mitt síðasta ár, haldi áfram.

„Það mátti búast við þessu í því vaxtaumhverfi sem við lifum í um þessar mundir. Ör hækkun vaxta bitur frá sér,“ segir Ýmir Örn Finn-bogason, yfirmaður viðskipta-greindar hjá Deloitte.

Ef horft er fyrst til þróunar á verði og sölu íbúða í fjölbýli, má sjá af tölum Deloitte að fermetra-verð hefur að meðaltali lækkað úr 737 þúsundum króna í nóvember á síðasta ári í 709 þúsund í desember. Það er tæplega fjögurra prósentu verðlækkun.

Fleiri kaupsamningar voru þó gerðir í fjölbýli í desember en nóvember, alls 351 og hafa þeir ekki verið fleiri í þeim mánuði frá 2019. Fjölgunin nemur ellefu prósentum.

Dýrasta íbúðin í fjölbýli í desember var á Grettisgötu 53B og seldist á 230 milljónir króna.



Vaxtaumhverfið hreyfir við fólki, en nærri níutíu prósent lána á fasteignamarkaði eru nú orðin verðtryggð.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Ör hækkun vaxta bitur frá sér.



Ýmir Örn Finn-bogason hjá Deloitte

Dýrustu eiginirnar í desember

Í einbýli: Blikanesi 22, 295 milljónir króna.

Í fjölbýli: Grettisgötu 53B, 230 milljónir króna.

Á sama tíma og samið var um fleiri kaup á íbúðum í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu á milli umræddra mánaða, fækkaði kaupsamningum í einbýli um sextán prósent. Einungis 67 kaupsamningar voru gerðir í þeim eignaflokki.

Dýrasta einbýlishúsið í desember síðastliðnum reyndist vera í Blika-

nesi 22 í Garðabæ. Það einbýlishús var selt á 295 milljónir króna.

„Það sem er að gerast við þessar aðstæður er að bankarnir eru orðnir miklu grimmari en áður gagnvart kaupendum,“ segir Ýmir Örn og bætir við: „Það er erfiðara en áður að komast í gegnum greiðslumat.“

Viðbrögð fólks séu að breyta um lánaflökka. „Það heldur uppi kaupgetunni með því að breyta yfir í verðtryggt lán,“ segir Ýmir Örn, „en nærri níutíu prósent lána eru nú orðin verðtryggð lán. Það er brostinn á flótti frá óverðtryggðu lánunum,“ segir Ýmir Örn Finn-bogason. ■

Nánar á Fréttavaktinni á Hringbraut í kvöld.

Bjór hækkað lítið en kjöt mikið

kristinnhaukur@frettabladid.is

NEYTENDUR Bjór er sú matvara sem hefur hækkað minnst á Íslandi á einu ári, aðeins 4,7 prósent frá desember árið 2021 til desember árið 2022. Nautakjötið hefur hins vegar hækkað um 21,3 prósent.

Heilt yfir hefur matvara á Íslandi hækkað um 10,5 prósent. Þetta er mun minni hækkun en meðalhækkun matarverðs í ríkjum Evrópusambandsins, sem er 18,2 prósent. Hafa ber þó í huga að matarverð á Íslandi er með því hæsta.

Hér hefur kjötvara hækkað mest. Lambakjöt hefur hækkað um 19,2 prósent, alifuglakjöt um 14,6 og svínakjöt um 12 prósent. Hækkun kjötvara er í heildina 17,8 prósent.

Önnur vara sem hefur hækkað óvenjulega mikið á Íslandi eru kaffi og te, 18,5 prósent, en flestar aðrar vörur hafa hækkað um 8 til 10 pró-



Nautakjöt hefur hækkað um rúmlega 21 prósent.

FRÉTTABLAÐIÐ/
STEFÁN

Kaffi og te hefur hækkað um 18,5 prósent á einu ári.

sent. Svo sem mjólk og ostar, egg, kornmeti, grænmeti og ávextir.

Í Evrópu er mikil hækkun í mjólkurvörum og kornmeti. Stór hluti korns var innfluttur frá Rússlandi og Úkraínu fyrir stríð. Langmesta hækkunin er hins vegar í sykri, 56,6 prósent. Hér á Íslandi hefur sykurlaun hækkað um 7,8 prósent. ■

„Takk fyrir að sýna okkur að krabbamein er ekki dauðadómur“

Kolluna upp fyrir mig og vinkonu mína!

lifidernuna.is KRAFTUR

OPAL



HANN ER KOMINN!

Guarana
Ginseng
Grænt te



Glæný viðbót í Opal línuna – saltlakkris með Guarana, Ginsengi og Grænu tei.
Opal G+, lyftir deginum á hærra plan!



Vill algjört stóriðjustopp

bth@frettabladid.is

ORKUMÁL Fyrsti umhverfisráðherra Íslands, Júlíus Sólnes, segir nóg komið af stóriðju hér á landi. Hann vill algjört stóriðjustopp á Íslandi um ókomna tíð en hafnar á sama tíma vindmyllugörðum hérlendis.

Fram kom á Fréttavaktinni á Hringbraut í viðtali við Júlíus í gærkvöldi að lukkuriddarar sem reki áróður fyrir vindmyllum tali nú á svipuðum nótum og þeir sem áður töluðu fyrir laxeldi í öllum fjörðum hérlendis í eiginhagsmunaskyni. Júlíus segist hafa grun um að Norðmenn standi að baki þeim Íslendingum sem hafi hæst um vindorku hér á landi.

Vedrið er vandamál fyrir vindorku hér á landi, að sögn Júlíusar, einkum ofsaverður. Þá yrðu sjónræn áhrif mikil og orkan yrði stopul í stað þess að vera örugg alla daga. Ekki væri hægt að reka iðnað sem byggði á þessari orku.

Einnig segir Júlíus að íhlutir í vindmylluorkugörðum séu ekki umhverfisvænir. Vindorka sé því ekki algren þótt sums staðar þyki hún góð viðbót.



Ég sé ekki fyrir mér að hér verði byggð nein stóriðjufyrirtæki frekar.



Júlíus Sólnes, verkfræðingur og fyrsti umhverfisráðherra Íslands

Júlíus gerir einnig athugasemdir við þá pólitísku ákvörðun að allt rafmagn frá Kárahnúkavirkjun fari á lágu verði til eins fyrirtækis. Hann telur nóg komið af stóriðju.

„Ég sé ekki fyrir mér að hér verði byggð nein stóriðjufyrirtæki frekar,“ segir Júlíus, verkfræðingur og fyrsti umhverfisráðherra landsins. ■

Iðnaðarsafnið nálægt þroti og hætta á lokun

bth@frettabladid.is

AKUREYRI Þorsteinn E. Arnórsson, hollvinur og fyrrverandi safnstjóri Iðnaðarsafnsins, segir að framtíð Iðnaðarsafnsins á Akureyri sé í mikilli óvissu.

„Við verðum að loka safninu ef ekkert gerist fjárhagslega fyrir 1. mars,“ segir Þorsteinn.

Safnið hefur aldrei verið á föstum framlögum hjá Akureyrarbæ en notið stuðnings. Utanaðkomandi styrktaraðilar hafa átt stóran þátt í að halda rekstrinum gangandi, að sögn Þorsteins. Síðustu sex ár hefur staðan verið svo erfið að Þorsteinn hefur tekið að sér safnstjórn með hléum án þess að fá greitt fyrir.

Félagar í Hollvinasamtökum Iðnaðarsafnsins rituðu bænum bréf nýverið þar sem kemur fram að safnið þurfi 7,5 milljónir fyrir 1. mars. Annars verði því lokað.

„Ég ætla að geyma þau orð sem ég mun hafa um bæjarfulltrúa ef safninu verður lokað,“ segir Þorsteinn.

Iðnaður var áður mjög umfangsmikill á Akureyri. Safnið heldur utan um þá sögu og hefur vakið



Þetta er svo ungt lið sem stjórnar bænum að það man ekki þegar Akureyri var iðnaðarbær.



Þorsteinn E. Arnórsson, fyrrverandi safnstjóri

mikla athygli þau 25 ár sem það hefur starfað.

„Þetta er svo ungt lið sem stjórnar bænum að það man ekki þegar Akureyri var iðnaðarbær og við framleiddum hér allt sem við þurftum,“ segir Þorsteinn. „Það er einn vandinn.“

Í þessu samhengi megi skýra lokun Smámunasafnsins. ■



Einn helsti afbrotfræðingur Íslands varar mjög við notkun rafbyssu hér á landi nema í undantekningartilvikum. Hann óttast að óþjáfaðir lögreglumenn misbeiti vopnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Varar við rafbyssum nema í mjög sérstökum tilfellum

Rafbyssur ættu að byrja sem tilraunaverkefni ef ekki er hægt að stöðva reglugerðarbreytingu, að sögn afbrotfræðings. Mjög sjaldan ástæða til að beita þeim, enda notkun þeirra hættuleg. Umboðsmaður krefur ráðherra svara.

bth@frettabladid.is

LÖGGÆSLA Ekki er ástæða til að lögreglan geri rafbyssur að staðalbúnaði. Hins vegar getur við ákveðnar kringumstæður verið gott að lögreglumenn beri þessi vopn.

Þetta segir Helgi Gunnlaugsson afbrotfræðingur. Mikill styrrendur nú um þær breytingar sem að óbreyttu verða að veruleika, þar sem íslenskir lögreglumenn hafa fengið heimild til að nota rafbyssur.

Á Alþingi hefur verið bent á fjölda dauðsfalla vegna notkunar þessara vopna. Þá hefur umboðsmaður Alþingis gert athugasemd við framgang málsins.

Umboðsmaður, Skúli Magnússon, hefur óskað eftir upplýsingum og skýringum frá dómismálaráðherra og bendir á að samkvæmt lögum um Stjórnarráð Íslands skuli halda ríkisstjórnarfundum um mikilvæg stjórnarmálefni. Með hliðsjón af þessu og aðdraganda málsins, eins og hann hefur verið rakinn í fjölmiðlum, er ráðherra beðinn að svara ýmsum spurningum.

Fram hefur komið hjá forsætisráðherra, Katrínu Jakobsdóttur, að málið hafi ekki verið formlega rætt innan ríkisstjórnarinnar. Reglur um eftirlit séu skilyrði áður en vopnum verði beitt.

Jón Gunnarsson dómismála-



Í raun ættu rafbyssur að byrja sem tilraunaverkefni ef ekki er hægt að stöðva þessa reglugerðarbreytingu.



Helgi Gunnlaugsson, afbrotfræðingur

ráðherra hefur sagt að hægt verði að koma í veg fyrir meidslí á lögreglumönnum með notkun nýju vopnanna. Rafvopnin auki öryggi lögreglufólks umfram kylfur sem heimilt er að bera í dag.

Helgi Gunnlaugsson segir að mjög sjaldan sé þörf á rafbyssum.

„Þær eru varasamar, þessar byssur, það hefur margoft komið í ljós erlendis,“ segir Helgi. „En það á við um öll valdbeitingartæki ef þeim er misbeitt.“

Helgi segir að eins og lögreglan sé mönnuð í dag á Íslandi, margir ómenntaðir og ekki með mikla þjálfun að baki, sé varasamt að heimila notkun rafbyssu.

„Tilraun í Noregi sýndi litla notkun lögreglunnar á rafbyssum, óverulegar breytingar en samt var hægt að sjá að lögreglan taldi sig öruggari með þessi vopn.“

Alltaf er hætta á misbeitingu.



Skúli Magnússon, umboðsmaður Alþingis

Afleiðingarnar geta orðið mjög hættulegar að sögn Helga. Að mati hans er engin þörf á að lögreglan geri rafbyssur að staðalbúnaði hér á landi þótt við ákveðnar kringumstæður geti verið réttlætlanlegt að lögreglumenn beri þessi vopn.

„Eftirlit er vitaskuld nauðsynlegt sem og skráning notkunar og áhrifa. Í raun ættu rafbyssur að byrja sem tilraunaverkefni ef ekki er hægt að stöðva þessa reglugerðarbreytingu,“ segir Helgi.

Hann segir að mörg skelfileg mál hafi komið upp í Evrópu síðustu ár þar sem vopnum eða ofbeldi er beitt og lögreglufólk sé skotið.

Það er áhugavert að lögreglan í Færeyjum ber skotvopn við dagleg skyldustörf en notar þau nánast aldrei,“ segir Helgi. Lögreglan í Færeyjum er dönsk og náníð skipulagt af Dönum.

„Í þessari friðsældarparadis sem Færeyjar eru skiptir öllu að lögreglumennirnir eru vel þjáfaðir en hér á landi eru oft undirmannaðar vaktir, því miður,“ segir Helgi.

Jón Gunnarsson dómismálaráðherra svaraði fyrirspurn Fréttablaðsins um athugasemdir umboðsmanns Alþingis í gær í gær á þann veg að hann myndi svara umboðsmanni. Ekki fengust nánari upplýsingar um hvernig ráðherra mun svara umboðsmanni ■

„Takk fyrir að sýna okkur að krabbamein er ekki dauðadómur“

Kolluna upp fyrir mig og vinkonu mína!

lifidernuna.is


KRAFTUR

Eitt stærsta briddsmót Íslandssögunnar hefst í dag

bth@frettabladid.is

BRIDDS Reykjavík Open, alþjóðlegt briddsmót, hefst í Hörpu í dag. Langt er síðan eins margir hafa tekið þátt í briddsmóti hérlendis. Keppendur koma frá ýmsum heimshornum.

Fjöldi þátttakenda verður alls á áttunda hundrad samkvæmt skráningum. Kvinnasveit Hjördisar Eyþórsdóttur heimsmeistara og atvinnumanns í bridds sem býr í Bandaríkjunum er meðal þátttak-



Von er á gríðarlegum fjölda keppnisþilpara í bridge í Hörpunni.

enda. Í sveitinni er meðal annars nýbakaður Bandaríkjameistari í ungmennaflokki.

Að sögn Matthíasar Imsland, framkvæmdastjóra Bridgesambands Íslands, er mótið eitt stærsta briddsmót sem haldið hefur verið á Íslandi og það fjölmennasta um árabíl.

Mótið hefst klukkan 19 í kvöld og lýkur síðdegis á sunnudag. Fyrstu tvo dagana fer keppni fram í tvímenningi en síðari tvo dagana verður spiluð sveitakeppni. ■

BAÐAÐU ÞIG Í GÆÐUNUM



📍 Kópavogur – Smiðjuvegur 76
Akureyri – Baldursnes 6a
Selfoss – Austurvegur 69

☎ 414 1000
☎ 414 1050
☎ 414 1040



Frakkar mótmæla ákvörðun Macron.

Missti eista í mótmælum

kristinnhaukur@frettabladid.is

FRAKKLAND 26 ára fransk-spænskur verkfræðingur missti eista eftir högg frá lögreglumanni á mótmælum í París síðastliðinn fimmtudag. Maðurinn krefst skaðabóta vegna þessa.

Um 80 þúsund manns voru samankomin, samkvæmt innarríkisráðuneytinu, til að mótmæla áætlunum Emmanuels Macron Frakklandsforseta um hækkun lífeyrisaldurs, úr 62 í 64 ár. Mótmælin voru skipulögð af verkafélögum sem halda því fram að 400 þúsund hafi mótmælt.

Náðist það á myndbandsupptöku þegar lögregluáður lemur verkfræðinginn með kylfu í klofið. „Þetta var svo fast högg að það þurfti að fjarlægja annað eistað,“ sagði Lucie Simon, lögmaður verkfræðingsins, sem var samkvæmt blaðinu The Local enn þá á spítala. „Þetta var hvorki sjálfsvörn né nauðsyn. Myndirnar tala sínu máli og hann var ekki handtekinn,“ sagði Simon. ■

Trúarleiðtogi ákærður fyrir kynferðisbrot

kristinnhaukur@frettabladid.is

KANADA John de Ruiter, 63 ára gamall leiðtogi andlegrar hreyfingar í vesturhluta Kanada, hefur verið ákærður fyrir kynferðisbrot gegn fjórum konum. Hreyfingin heitir College of Integrated Philosophy og er staðsett í borginni Edmonton í Alberta-fylki. Hefur de Ruiter verið sakaður um að reka sértrúarsöfnuð.



John de Ruiter



Meint brot voru framin á árunum 2012 til 2020.

Meint brot de Ruiter voru framin á árunum 2012 til 2020. Lögreglan í Edmonton handtók de Ruiter en í frétt breska ríkissjónvarpsins BBC um málið segir að hann muni snúa aftur til starfa hjá hreyfingunni í þessari viku.

Samkvæmt lögreglunni á de Ruiter að hafa sagt fórnarlömbunum að hann hafi fengið skilaboð frá öndum um að hafa kynmök við þau og þau myndu öðlast andlega uppljómun af að stunda með honum mök. Lögregluna grunar að fórnarlömbin séu fleiri og leitar nú að þeim. ■

Verzlun ESB við Rússa minnkað með flestar vörur

kristinnhaukur@frettabladid.is

ALPJÓÐAMÁL Innflutningur á rússneskum vörum hefur helmingast hjá ríkjum Evrópusambandsins síðan í febrúar, þegar Rússar réðust inn í Úkraínu. Í febrúar voru 7 prósent af innflutningi ESB frá Rússlandi en í dag er hlutfallið um 3,5 prósent. Útflutningur hefur minnkað úr rúmlega 2 prósentum niður í 1. Minnkandi viðskipti með orku

á stóran hlut í þessu. Fyrir stríðið voru 35 prósent gass innflutt með þremur pípum frá Rússlandi og stefnt var að því að taka þá fjórðu, Nordstream 2, í gagnið innan skamms. Núna litur út fyrir að ekkert verði af þeim áformum og hlutfall rússnesks gass er komið undir 20 prósent.

Innflutningur á olíu hefur minnkað úr 25 prósentum niður í tæplega 15. Hlutfall rússneskra



Von Der Leyen stefnir að því að gera ESB óháð Rússum um orku.

kola hefur fallið úr 45 prósentum í 13. ESB stefnir að því að verða algerlega óháð Rússum um orku vegna árásgirni og óstöðugleika stjórnvalda í Kremli.

Viðskipti með flestar aðrar vörur hafa einnig minnkað. Til að mynda járn, stál og áburð. Sumt stingur þó í stúf, eins og til dæmis verzlun með nikkel. Hlutfall nikkellinnflutnings frá Rússlandi hefur aukist úr 42 í 43 prósent frá tímanum fyrir stríð. ■

Úkraína fái tvö herfylki af Leopard 2 frá bandaþjóðum í Evrópu og NATO

Þjóðverjar sögðust í gær ætla að færa Úkraínumönnum fjórtán Leopard 2 A6 skriðdreka. Samtals ætla Þjóðverjar og samstarfsþjóðir að senda 88 slíka skriðdreka til Úkraínu.

gar@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Olaf Scholz, kanslari Þýskalands, kynnti formlega í gær ákvörðun Þjóðverja um að senda fjórtán af hinum fullkomnu Leopard 2 A6 skriðdreka sínum til Úkraínu.

Samhliða sagði Scholz Þjóðverja samþykkja að aðrar þjóðir sendi einnig slíka skriðdreka til Úkraínu en slíkt er háð leyfi þeirra sem framleiðanda skriðdreka. Þjóðverjar myndu til að byrja með senda fjórtán skriðdreka og að markmiðið sé að senda samtals 88 skriðdreka til Úkraínu þegar sendingar frá samstarfsþjóðum eru meðtaldar. Svarar sá fjöldi til tveggja herfylkja.

„Þessi ákvörðun er í samræmi við þekktu stefnu okkar um að styðja Úkraínu eftir bestu getu,“ sagði Scholz eftir ríkisstjórnarfund í Berlín. Allt væri þetta gert í samráði við bandalagsþjóðir Þjóðverja.

Fram kemur í umfjöllun spænska blaðsins El País að Þjóðverjar hafi eftir langvarandi þrýsting tekið þessa ákvörðun, í kjölfar þess að bandarískir embættismenn sögðu að gert hefði verið bráðabirgðasamkomulag um að senda skriðdreka af gerðinni M1 Abrams til Úkraínu til að aðstoða heimamenn í að hrinda innrás Rússa, sem hófst fyrir tæpu ári.


Með því að Bandaríkin sendi einnig skriðdreka úr sínu vopnabúri vonist Þjóðverjar til að dreifa áhættunni af gagnráðstöfunum Rússa. Vitnar El País til hernaðarsérfræðingsins Ekkehard Brose sem kveður þátttöku Bandaríkanna hafa verið grundvallaratriði svo Evrópa myndi ekki standa ein frammi fyrir kjarnorkuvopnaðni frá Rússlandi.



Pann 7. febrúar í fyrra heimsótti varnarmálaráðherra Þýskalands Litáen í til efni afhendingar fimm Leopard 2 skriðdreka. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Úkraína fær þýska Leopard 2 skriðdreka

Úkraína kveðst þurfa hina þýsksmiðuðu Leopard 2 skriðdreka, mest notuðu vestrænu skriðdreka, til að verjast innrás Rússa.



Saman erum við sterkari.



Mateusz Morawiecki, forsætisráðherra Póllands

Sálfræðilega séð sagði Brose það einnig hafa verið erfitt fyrir Þjóðverja að senda skriðdreka sína austur á bóginn til átaka við Rússa enn á ný og vísaði hann þá til heimstýrjaldarinnar síðari og ábyrgðar Þjóðverja á þeim hörmungum.

Dmitry Peskov, talsmaður stjórnvalda í Kremli, var ómyrkur í máli í gær og sagði fyrirætlanir Þjóðverja og Bandaríkjamanna vera hörmulegar.

„Ég er sannfærður um að margir sérfræðingar skilji fátíðleika þessarar hugmyndar,“ sagði Peskov við fréttamenn. Aðalatriðið væri að menn væru augljóslega að ofmeta áhrif þessarar sendingar á hernaðarmátt Úkraínumanna. „Þessir skriðdrekar munu brenna niður, alveg eins og allir hinir – nema þeir kosta mikið og það mun enda á herðum skattborgara í Evrópu,“ boðaði talsmaðurinn.

Nýlegar skoðanakannanir í Þýskalandi sýna að almenningur í Þýskalandi skiptist í fylkingar gagnvart því að senda Leopard skriðdreka til Úkraínu.

Mateusz Morawiecki, forsætisráðherra Póllands, fagnaði ákvörðun Þjóðverja. Hún væri stórt skref í að stöðva Rússa. „Saman eru við sterkari“ skrifaði Morawiecki í færslu á Twitter. ■

Segir fjármálaráðherra hafa ráðið trúnaðarvin

olafur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Aðalmeðferð í máli Frigusar II gegn Lindarhvoli og íslenska ríkinu vegna Klakka ehf. hófst í Héraðsdómi Reykjavíkur í gærmorgun.

Fyrstur í vitnastúku var Steinar Þór Guðgeirsson, lögmaður Lindarhvals og ríkisins í málinu.

Helga Vala Helgadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, tók málefni Lindarhvals upp í umræðum um störf þingsins í gær og vísaði til réttarhaldsins í héraðsdómi.

Helga Vala rifjaði upp að fjármálaráðherra hefði stofnað Lindarhvol til að koma í verð þeim eignum sem féllu ríkissjóði í skaut eftir samninga við slitabú föllnu bankanna. Sagði



hún fjármálaráðherra hafa fengið trúnaðarvin sinn til að stýra félaginu og vísaði þar til vinasambands Bjarna Benediktssonar og Steinars Þórs Guðgeirssonar.

Steinar Þór Guðgeirsson, lögmaður ríkisins, gaf vitnaskýrslu í 90 mínútur í gær.


FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Helga Vala sagði spurningar hafa vaknað um starfsemi Lindarhvals og Sigurður Þórðarson, sem settur var ríkisendurskoðandi vegna vanhæfis þáverandi ríkisendurskoðanda, hafi

skilað skýrslu um hvers hann varð áskynja við rannsóknina en núverandi og fyrrverandi forseti Alþingis hafa enn ekki leyft birtingu þessarar skýrslu, þrátt fyrir ákvörðun forsætisnefndar þar um. Mögulega komi í ljós morgun þegar Sigurður Þórðarson ber vitni í málinu hvað stóð í skýrslunni.

„Dómsmálið snýst um ákvarðanir stjórnenda Lindarhvals um hverjir fengu að kaupa og á hvað. Þá vill svo ótrúlega til að stjórnandi Lindarhvals er fenginn Ad Hoc, til að starfa sem ríkislögmaður og annast þannig vörn íslenska ríkisins og Lindarhvals gagnvart sókn gegn hans eigin ákvörðunum,“ sagði Helga Vala. Aðalmeðferð málsins lýkur í dag. ■

LOSTI



Borgartún 3 - Laugavegur 51 - losti.is

Neytendur

Óheimilt að innheimta verðbætur eftir á



Ólafur
Arnarson
olafur
@frettabladid.is

Kærufnd húsamála úrskurðaði í fyrra að leigusala væri óheimilt að innheimta verðbætur á húsaleigu eftir á, þrátt fyrir að verðtryggingar-ákvæði sé í leigusamningi. Ársskýrsla Leigjendaaðstoðarinnar kemur út í dag.

Leigjendaaðstoð Neytendasamtakanna bærust tæp þúsund erindi á síðasta ári, 82 á mánuði, og fjölgaði erindum um 12,2 prósent frá árinu 2021.

Fjöldi erinda á mánuði var 72 árið 2021.

Leigjendur eru stærsti hópurinn sem nýttir sér þjónustu Leigjendaaðstoðarinnar, eða 84 prósent. Hlutfall leigusala er 14 prósent, eða 142 erindi, sem er talsverð aukning frá árinu 2021 þegar leigusalar voru 11 prósent þeirra sem nýttu sér þjónustuna, eða 95 talsins.

Fyrirspurnum á öðru tungumáli en íslensku fjölgaði um 87 prósent milli ára og voru þær 364 í fyrra.

Athygli vekur að flokkurinn „riftun“ var með um 17 prósent fyrirspurna frá þeim sem tala erlent tungumál en 13 prósent frá íslenskumælandi árið 2021, en í fyrra varð mikil fækkun í þessum málaflokki og taldi hann 11 prósent fyrir báða hóp.

Á síðasta ári var flokkurinn „tryggingar“ um 20 prósent fyrirspurna hjá þeim sem tala erlend tungumál en 13,4 prósent frá íslenskumælandi. Árið 2021 var þessi flokkur um 13 prósent hjá báðum hópum. Þetta kann að benda til þess að meira sé um að neytendum sé neitað um endurgreiðslu tryggingarfjár. „Við vonum samt að þetta stafi af því að sífellt fleiri leigjendur þekki til Leigjendaaðstoðarinnar og leiti sér aðstoðar,“ segir Kolbrún Arna Villadsen, stjórnandi Leigjendaaðstoðarinnar.



Í skýrslunni er birt reynslusaga þar sem reyndi á tungumálaerfiðleika leigjanda og aðstoð Leigjendaaðstoðarinnar við gerð kærur til kærufndar húsamála.

Málið snerist um að leigusali neitaði að endurgreiða tryggingafé upp á 330 þúsund krónur við skil íbúðar.

Leigjandi hafði leigt hjá leigusala í rúm þrjú ár og ekki var ágreiningur um skilin á hinu leigða né neitt er tengdist þeim, en aftur á móti taldi leigusali að leigjandi skuldaði um 640 þúsund vegna vangoldinnar leigu.

Hélt leigusali því eftir tryggingu. Samkvæmt leigusala kom fram í leigusamningi að leiga myndi taka breytingum samkvæmt vísitölu

neysliverðs og væri skuldin tilkomin vegna þessa. Leigjendaaðstoðin taldi leigusala ekki hafa heimild til afturvirktrar hækkunar þar sem hann hafði ekki nýtt sér hana á leigutíma.

Leigjendaaðstoðin reyndi milligöngu í málinu en þar sem leigusali og lögmaður hans töldu að um lögmeita kröfu væri að ræða og eina tilaga þeirra að málalykt var að lækka meinta skuld niður í 330 þúsund krónur ráðlagði Leigjendaaðstoðin leigjandanum að leggja málið fyrir kærufnd húsamála. Sendi leigjandi inn kærur sem var vísað frá þar sem hún barst ekki á íslensku. Í kjölfarið aðstoðaði Leigjendaaðstoðin leigjanda við að útbúa kæruna á

Erindum til Leigjendaaðstoðarinnar fjölgaði um 12,2 prósent milli ára.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VILHELM



Við vonum samt að þetta stafi af því að sífellt fleiri leigjendur þekki til Leigjendaaðstoðarinnar og leiti sér aðstoðar.




Kolbrún Arna
Villadsen,
stjórnandi
Leigjendaað-
stoðarinnar

íslensku og var niðurstaða kærufndarinnar að leigusala bæri að endurgreiða leigjanda tryggingu að fullu.

Með þessum úrskurði leikur enginn vafi á því lengur að leigusala er óheimilt að innheimta verðbætur á leigu eftir á, þrátt fyrir að verðtryggingarákvæði sé í leigusamningi.

Kolbrún Arna segir Leigjendaaðstoðina hafa nýtt sér þjónustu Language Line til að málavextir lægju skýrt fyrir í málinu. Að hennar sögn eru visbendingar um að þeir sem ekki eru íslenskumælandi þekki síður réttindi sín sem leigjendur. Hlutfallslega fleiri erindi komi á erlendum tungumálum en íslensku um atriði eins og tryggingar, greiðslu leigu og aðgengi leigusala, auk þess sem Leigjendaaðstoðin hafi oft milligöngu um slík erindi. Enn fremur endar mun herra hlutfall erinda hjá kærufnd húsamála þegar leigjendur eru ekki íslenskumælandi. ■



Varúð á netinu

olafur@frettabladid.is

Netglæpir eru vaxandi vandamál í heiminum og hér á Íslandi förum við ekki varhluta af því.

Netglæpir hafa kostað samfélagið 1,5 milljarða frá árinu 2017. Fórnarlömbin eru einstaklingar, fyrirtæki, félagsamtök og stofnanir og nemur tjón þeirra um 300 milljónum á ári hverju af völdum netglæpa og -svika.

Þetta er aðeins það tjón sem tilkynnt hefur verið til lögreglu. Reikna má með því að tjónið sé umtalsvert meira. Einstaklingar hafa tapað 600 milljónum og fyrirtæki og félagsamtök 900 milljónum frá 2017.

Netglæpir byggja á því að misnota traust fólks og svíkja af því fjármuni, aðgang eða upplýsingar. Helsta vörn fólks felst í því að treysta ekki í blindni og bregðast ekki strax við fyrirmælum sem við fáum send heldur staldra við, „taka tvær“ og fara í gegnum nokkur skref áður en ákvarðanir eru teknar varð-

andi háar fjárhæðir og viðkvæmar upplýsingar.

Á vefsíðunni taktutvaer.is eru góð ráð til neytenda um það hvernig best er að vara sig á netinu:

- Skoða vefsíðu í hlekk eða þegar á vefsíðuna er komið. Er slóðin traust? Erú nöfn eða fyrirmæli rétt skrifuð?
- Sannreyna greiðsluupplýsingar. Er upphæðin rétt? Er hún í réttum gjaldmiðli? Er hún að fara á réttan stað?
- Hafa samband við fyrirtæki eða stofnanir ef vafi kviknar. Eitt símtal getur svarað háar fjárhæðir.
- Er líklegt að einstaklingurinn, fyrirtækið eða stofnunin hafi samband með þeim aðferðum sem um ræðir?
- Taka tvær mínútur og velja fyrir sér: Er tilboðið of gott til að vera satt?

Tekist á um afleiðingar lögbrots

olafur@frettabladid.is

Í gær fór fram málflutningur í Hæstarétti í máli sambúðarfólks gegn ÍL-sjóði vegna uppgreiðslugjalds sem Íbúðalánasjóður innheimti þegar þau greiddu upp lán sitt hjá sjóðnum.

Staðfest hefur verið á öllum dómstigum að uppgreiðslugjaldið var innheimt í trássi við lög um neytendalán vegna þess að í skuldabréfi var engin skýring á því hvernig fjárhæð gjaldsins skyldi reiknuð.

Héraðsdómur komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að brot sjóðsins á lögum um neytendalán skyldu engar afleiðingar hafa fyrir sjóðinn. Landsréttur staðfesti þá niðurstöðu.

Hæstiréttur samþykkti að taka málið fyrir. Bendir það til þess að réttinum þyki niðurstaðan geta verið fordæmisgefandi eða haft verulega samfélagslega þýðingu.

Í flestum skuldabréfum Íbúðalánasjóðs voru skilmálar þar sem fram kom ákvæði um útreikning uppgreiðslugjalds og hafa dómstólar komist að þeirri niðurstöðu að í þeim tilfellum sé innheimta uppgreiðslugjaldsins lögmæt.

Á tilteknu tímabili vantaði hins vegar lýsingu á útreikningi uppgreiðslugjalds í skuldabréf Íbúðalánasjóðs og skuldabréfið sem málið snýst um var einmitt gefið út á því tímabili.

Við réttarhaldið í gær kom fram að búið er að stefna ÍL-sjóði í 15 til 17 málum þar sem þennan skilmála vantar í skuldabréfin.



Fram kom í Hæstarétti í gær að ÍL-sjóður getur ekki skýrt út hvers vegna skuldabréf Íbúðalánasjóðs brutu gegn lögum um neytendalán.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Íbúðalánasjóður braut neytendalánalög en héraðsdómur og Landsréttur dæmdu að lögbrotið skyldi standa án afleiðinga fyrir sjóðinn.

Einnig kom fram að ÍL-sjóður viðurkennir að skilmálann vanti í skuldabréfin en hefur ekki hugmynd um hvers vegna svo er, hvernig það gerðist eða yfir hve langt tímabil skuldabréf sjóðsins voru án skýringa á útreikningi uppgreiðslugjalds.

Málaferlin hafa nú staðið í á fjórða ár án þess að ÍL-sjóður hafi komist til botns í þessu máli.

Að loknum málflutningi var málið dómtekið og ætti dómur að falla innan mánaðar. ■

Hrina gjaldþrota fram undan í veitingageiranum



Guðmundur
Gunnarsson
ggunnars
@frettabladid.is

Veitingamaður með yfir 20 ára reynslu af rekstri segir hljóðið þungt í stéttinni um þessar mundir. Mörg fyrirtæki eigi í rekstrarerfiðleikum og einhver þeirra muni leggja upp laupana. Hann segir erfiðu rekstrarumhverfi og breyttu neyslumynstri helst um að kenna.

Auðvitað væri ofsagt að segja að fram undan sé einhver dómsdagur en það er sannarlega áskorun að vera veitingamaður á Íslandi í dag. Það eru sviptingar fram undan og veitingastöðum mun fækka. Það er alveg ljóst og ég óttast það," segir Bragi Skaftason veitingamaður.

Bragi hefur yfir 20 ára reynslu af rekstri veitingastaða í Reykjavík og segist ekki muna eftir að hljóðið hafi verið jafn þungt í veitingamönnum og nú.

„Við förum í gegnum faraldur þar sem allt botnfraus en þá voru þó einhverjar varnir til staðar. Núna stöndum við frammi fyrir verð- og launahækkunum, sem engin innistæða er fyrir í greininni að mínu viti.“

Bragi segir að einfaldast væri auðvitað að hækka verð til neytenda en að hans mati gangi það ekki upp við núverandi aðstæður.

„Það þýðir bara að við missum viðskiptavinum," segir Bragi.

Nú er þetta atvinnugrein sem nýtur góðs af mikilli fjölgun erlendra ferðamanna. Af hverju er rekstrarumhverfið samt svona erfitt?

„Fyrir því eru margar ástæður," segir Bragi.

„Launin leika stórt hlutverk. Þau eru í raun teljandi á fingrum annarrar handar, löndin sem greiða hærri laun en hér þekkjast. Fyrir sambærileg störf. Auðvitað á starfsfólk veitingastaða skilið að fá góð laun en staðreyndin er samt sú að veitingahús á Íslandi greiða að jafnaði yfir 50 prósent af sinni innkomu í laun. Sem er langt yfir því sem heilbrigður rekstur í þessu umhverfi þolir," segir Bragi.

Við þetta bætist, að mati Braga, að veitingastaðir greiði jafnan mun hærri húsaleigu en gengur og gerist í öðrum atvinnugreinum á sama svæði. Allt skipti þetta máli.

„Fyrir utan auðvitað svimandi háar álögur til hins opinbera. Sem birtust núna síðast í þessari fásinnu



Stöðum sem ganga út á lægra þjónustustig hefur fjölgað mjög mikið. Mathallir eru gott dæmi um það.



Bragi Skaftason,
veitingamaður

að hækka áfengisgjaldið um heil sjö komma fimm prósent," segir Bragi

Að hans mati er samt mikilvægt að horfa líka til annarra þátta en verðhækkana og rekstrarkostnaðar. Miklar breytingar hafi orðið í neyslumynstri að undanförunu og mögulega séu veitingastaðir í Reykjavík of margir.

„Það getur bara vel verið og við þurfum að horfa til þess með tilliti til þessara rekstrarerfiðleika.“

En mun veitingastöðum þá ekki bara fækka? Týna tölunni eða fara í gjaldþrot?

„Það er þegar hafið og við höfum horft upp á marga úr okkar röðum annað hvort loka eða draga úr rekstri. Staðan er erfið mjög víða. Meira að segja hjá fyrirtækjum og veitingastöðum sem maður hefði ekki búist við að þyrftu að hafa áhyggjur," segir Bragi.

„Við erum sennilega í einhverju millibilsástandi hvað samsetningu veitingastaða varðar.

þeim stöðum sem ganga út á lægra þjónustustig hefur fjölgað mjög mikið. Allar þessar mathallir eru gott dæmi um það. Að einhverju leyti er þetta viðbragð við háum rekstrarkostnaði en svo er þetta líka bara breyting til að mæta breyttum þörfum og kröfum neytenda.“

Bragi segist eiga von á því að hefðbundnum finnum veitingastöðum með fullri þjónustu og háum standard muni fækka verulega af þessum sökum.

„Svo verðum við með ákveðinn fjölda staða þar sem þjónustustigið er lægra. Færa okkur yfir í meiri sjálfvirkni til að hafa eitthvað upp úr þessu. Þannig myndast örugglega eitthvað jafnvægi þegar fram í sækir. Eins og gjarnan gerist. Í öllu," segir Bragi. ■

Hljóðið er þungt í veitingamönnum um þessar mundir. Rekstrarerfiðleikar eru farnir að gera vart við sig víða.

FRÉTTABLAÐIÐ/RUT
SIGURDARDÓTTIR



Brexit og heimsfaraldurinn hafa bæði haft mikil áhrif á starfsemi Eurostar.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Farþegum fækkar um þrjátíu prósent

helgisteinar@frettabladid.is

Gwendoline Cazenave, framkvæmdastjóri Eurostar, segir að lestir fyrirtækisins ferji nú 30 prósentum færri farþega á milli Bretlands og Parísar en 2019. Hún segir að auki landamæraeftirlit sökum Brexit hafi skapað flöskuháls við lestarstöðvarnar.

Eurostar býður upp á 14 daglegar lestarferðir á milli London og Parísar, en fyrir Brexit og Covid voru þær ferðir 18 talsins. Framkvæmdastjóri segir fyrirtækið ekki hafa getuna til að bæta við fleiri ferðum.

„Helsta vandamálið eru nýju reglurnar sem við þurfum að fylgja þegar farþegar ferðast á milli Bretlands og Evrópusambandsins. Þar að auki hafði Covid mikil áhrif á starfsmannafjölda okkar," segir Gwendoline.

Framkvæmdastjóri segir það markmið Eurostar að vera bakhjarl í ferðalögum milli evrópskra stórborga eins og London, Parísar, Amsterdam og Brussel. Gwendoline vonast til að geta leyst vandamálin við stöðvarnar en bjóða jafnframt upp á sömu þjónustu og áður, ef ekki betri. ■

Vilja vitund um skatta erlendis

helgisteinar@frettabladid.is

Kynningarfundur um atriði sem snúa að meðhöndlun á virðisaukaskatti við sölu á vörum eða þjónustu til ESB-landa og Bretlands verður haldinn 8. febrúar í húsi Grósku. Fundurinn verður haldinn af Deloitte Legal og Íslandsstofu.

Íslandsstofa leggur áherslu á að mikilvægt sé fyrir íslensk fyrirtæki að átta sig á hvaða reglur gilda um meðhöndlun á virðisaukaskatti áður en viðskipti á milli landa eiga sér stað. Mismunandi reglur gilda eftir því hvort selt er til fyrirtækis eða einstaklings, hvar varan er framleidd og afhent, hvort varan eða þjónustan er seld í vefsölu eða jafnvel afhent á rafrænu formi.

Í tilkynningu minnir Íslandsstofa einnig á nýjar reglur um vefsölu sem kynntar voru árið 2021. Söluupphæð getur jafnframt skipt máli varðandi hvaða reglur gilda og í sumum tilvikum myndast endurgreiðslurættur.

Deloitte Legal hefur í samstarfi við Íslandsstofu tekið saman ýmis dæmi sem íslensk fyrirtæki standa frammi fyrir við sölu vöru og þjón-



Nýjar reglur um vefsölu innan ESB voru meðal annars kynntar árið 2021.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Mikilvægt að íslensk fyrirtæki átti sig á reglum um virðisaukaskatt erlendis.

ustu til Evrópusambandslanda og Bretlands. Á kynningarfundinum munu sérfræðingar Deloitte einnig fara yfir helstu dæmi og svara spurningum fyrirtækja um einstök tilvik. Fulltrúar Íslandsstofu munu jafnframt kynna starfsemi útflutningsþjónustu og mögulega aðstoð til fyrirtækja. ■

Varðmenn Evrópu



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Í friðsömustu löndum Evrópu – og þau eru blessunarlega fleiri en færri, á almenningur erfitt með að setja sig í spor Úkraínumanna sem berjast ýmist fyrir lífi sínu eða óttast það á hverri stundu að flugskeyti Rússa hitti heimili þeirra fyrir.

Og hversdagslega kann þessi tilhæfulausi og ógeðslegi stríðsrekstur Rússa á hendur nágrönnum sínum að vera jafn fjarlægur og hann er óskiljanlegur. Það hjálpar heldur ekki upp á hluttekninguna að gera að stríðið hefur dregist á langinn – og ekki er nema innan við mánuður þar til það hefur staðið yfir í heilt ár.

En skelfingin er söm og áður. Líkin hrannast upp. Örkumlin blasa við á hverri fréttamyndinni af annarri. Engu er hlíft. Eyðileggingin eykst dag frá degi. Innviðirnir eru sundurtættir, enda er spellvirkjunum einkum og sér í lagi beint að skólum, söfnum, samgöngumannvirkjum og rafstöðvum, fyrir nú utan heilu íbúðahverfin í stórum borgum og smáum. Og heita má að einu gleðilegu tíðindin sem berast frá Úkraínu hverfist um óbilandi baráttuþrek heimamanna, jafnt hermanna, helstu ráðamanna og allrar alþýðunnar austur á sléttunum miklu.

Í allri þessari gleymsku betur settra íbúa álfunnar má ekki leiða sjónir frá því sem raunverulega er að gerast í álfunni. Úkraínumenn eru að verja Evrópu. Þeir eru varðmenn hennar. Þeir fórna sér fyrir íbúana vestan landamærunna, en þeir hinir síðarnefndu vita sem er að ekkert ógnar friði þeirra og lífsviðurværi meira en ef Rússum tekst að hertaka Úkraínu. Og það er af því að næst myndu Pútínátarnir anda ofan í hálsnál frjálsra íbúa álfunnar, sem margir hverjir hugsa með hryllingi til Sovéttímans þegar lamandi hönd hins illa og spillta var lögð af sínum ógnarþunga yfir frumkvæði og áráði einstaklinga – og það í heilan mannsaldur.

Sá tími má aldrei verða aftur.

Og það er ein þjóð sem er öðru fremur að berjast fyrir því að svo verði ekki.

Það er í þessu ljósi sem það verður að teljast helst til aumkunarvert að sjá aðrar Evrópuþjóðir heykjast á því að láta Úkraínumönnum vopn í hendur. Þar hafa þjóðverjar dregið lappirnar hvað lengst, framleiðendur fullkonnustu skriðdreka álfunnar sem forystumenn í Kænugarði hafa ítrekað óskað eftir til að hjálpa hermönnum sínum á viðum völlum vígstöðvanna.

Vonum seinna er Olaf kanslara Scholz, þeim varfærna og hógláta ráðamanni í Berlín, að snúast hugur – og ætla má að byssukjöftum hlébarðanna verði nú snúið í rétta átt.

Evrópa er í húfi. ■




Úkraín-
menn eru
að verja
Evrópu.
Þeir eru
varðmenn
hennar.

„Það er svo gott að tala við einhvern sem hefur farið í gegnum svípaða reynslu“

Kolluna upp fyrir öll sem berjast við krabbamein og aðstandendur!

lifidernuna.is **KRAFTUR**

HALLDÓR



FRÁ DEGI TIL DAGS

benediktboas@frettabladid.is

Hnegg Miðflokksins

Öllum fannst Áramótaskaupið gott nema þeim sem kjósa Miðflokkinn. Þetta kemur fram í könnun Maskínu sem birtist í gær. Samkvæmt henni fannst alls 89 prósentum landsmanna Áramótaskaup Dóru Jóhannsdóttur gott. Eðlilega. Þegar betur er rýnt í gögnin kemur svo í ljós að aðeins fimm prósentum fannst skaupið vera mjög slakt. Tuðandi karlmenn, 60 ára og eldri, eru þar í miklum meirihluta og áberandi er hversu margir hinna óánægðu kjósa Miðflokkinn, eða 19,4 prósent. Óánægjuraddirnar eru einnig sterkar innan Sósíalístaflökksins enda þar svo sem ekki beint margt fólk sem bregður fyrir sig bröndurum á stórum stundum.

34 hellisbúar

Ein merkilegasta niðurstaða könnunar Maskínu er að af tæplega þúsund manns sem tóku þátt voru 34 sem sögðust ekki hafa horft á skaupið. Það er með ólíkindum, því hvað er annað að gera á gamlárskvöld en að hlakka til skaupsins? Enn er rætt um skaupið og ný smáatriði koma í ljós því fólk er enn að tala um og enn að horfa. En þessir 34 sem horfðu ekki. Hvernig taka þeir þátt í samræðum? Kannski fylla þennan hóp þó miklir sérfræðingar í snjómokstri, tæmingu flugvéla í fávíðri, borgarskipulagi og rafbyssum. Láta jafnvel skoðanir sínar í ljós. ■

Háleit markmið



Guðlaugur Þór Þórðarson
umhverfis-, orku-
og loftslagsráð-
herra

Á þriðjudag var sérstök umræða á Alþingi um loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Egyptalandi (COP27) sem haldin var í lok síðasta árs og um markmið Íslands í loftslagsmálum. Loftslagsmálin eru stærsta áskorun samtímans og COP-ráðstefnan er stærsti alþjóðlegi vettvangurinn þar sem þau eru til umfjöllunar. Það er alltaf við hæfi að ræða loftslagsmálin á þinginu, eins og í samfélaginu öllu.

Ísland er meðal þeirra ríkja sem hafa sett sér háleitustu markmið í heimi þegar kemur að loftslagsmálum. Auk þess að fylgja öðrum Evrópuríkjum í því þá setti ríkisstjórnin sér enn háleitari markmið.

Sjálfstæð markmið Íslands eru kolefnishlutlaust Ísland árið 2040, að Ísland verði óháð jarðefnaeldsneyti fyrst ríkja og, það sem er næst okkur í tíma, 55% samdráttur í losun á beina ábyrgð Íslands.

Þessi markmið og áskoranirnar sem þeim fylgja eru ekkert smáræði. Við verðum að hafa hraðar hendur ef við ætlum okkur að ná þeim.

Til þess að ná 55% markmiðinu verðum við að draga saman losun um 1,3 milljónir tonna. Meginþorri þeirrar losunar er í samgöngum á landi. Við verðum því að hlaupa á ögnarhraða í grænu orkuskiptin til þess að ná þessu markmiði.

Á síðasta ári stigum við gífurlega mikilvæg skref í orkuskiptum. Við rufum níu ára kyrrstöðu með samþykkt þriðja áfanga rammaáætlunar. Við klárðum aflaukningarfurvarpið sem heimilar stækkun á virkjunum í rekstri. Orkusjóður styrkti orkuskiptaverkefni um rúman milljarð og við einfölduðum styrkjaumhverfi til umhverfisvænnar húshitunar.

Nú stendur yfir endurskipulagning umhverfisráðuneytisins og undirstofnana þess með það fyrir augum að vera betur í stakk búin að ná þessum gífurlega háleitu markmiðum. Markmið endurskipulagningarinnar eru margþætt en fyrst og fremst að skipulagið þjóni verkefninu sem er fram undan.

Höfuðáherslan fram á veginn verður að vera sú að við beinum kröftum okkar í að ná settum markmiðum en ekki að setja okkur ný markmið. Nóg er af verkefnum, nú þarf að framkvæma. ■



Þessi mark-
mið og
áskoran-
irnar sem
þeim fylgja
eru ekk-
ert smá-
ræði. Við
verðum að
hafa hraðar
hendur ef
við ætlum
okkur að
ná þeim.

Langtímaplan

Af Kögunarhóli

Porsteinn Pálsson



„Ég dáist að Arsenal. Þar á bæ ákvað fólk greinilega að vinna eftir einhverju langtímaplani. Gefa Arteta smátíma til að búa til lið.“

Þetta er tilvitnun í ummæli Guðna Th. Jóhannessonar forseta Íslands í Fréttablaðinu um síðustu helgi. Þessi snotru orð lét forsetinn falla í garð Arsenal þótt hann sjálfur haldi með Manchester United.

Það er hvorki ætlun mín að skrifa um enska boltann né draga forsetann inn í pólitík. Ég hnaut bara um þetta orð: Langtímaplan.

Langtímastjórn

Á íslenskan mælikvarða er ríkisstjórnin orðin langtímastjórn. Heilbrigðismálin hafa frá fyrsta degi verið mikilvægasta viðfangsefni hennar.

Stöðug umræða um vandræði heilbrigðisþjónustunnar sýnir að samasemmerki kemur ekki sjálfkrafa á milli hugtakanna: langtímastjórn og langtímaplan.

Á öðru ári stjórnarsamstarfs-

ins staðfesti heilbrigðisráðherra krabbameinsáætlun til 2030 og Alþingi samþykkti heilbrigðisáætlun til 2030. Í hvorugri áætluninni var verkefnum raðað í tímasetta forgangsroð og hvorug áætlunin var fjármögnuð.

Þessi skjöl áttu því lítið skylt við langtímaplan nema ártalið á forsiðu. Kannski skorti þáverandi heilbrigðisráðherra metnað. Hitt er líklegra að við ríkisstjórnarborðið hafi allir verið sammála um að engin leið væri fyrir jaðarflokka stjórnarinnar að ná saman um alvöru langtímaplan.

Málamiðlunin var að gera bara ekkert langtímaplan.

Samanburður

Áhugavert er að bera þetta saman við verklag tveggja danskra ríkisstjórna við tíu ára varnarmálaáætlun.

Í mars í fyrra gerði minnihlutastjórn sósíaldemókrata samkomulag við tvo stuðningsflokka og tvo stjórnarandstöðuflokka um varnarmálaáætlun til 2033. Á þeim tíma eiga framlög til varnarmála að hækka í áföngum í tvö prósent af þjóðarframleiðslu.

Ný meirihlutastjórn ákvað að hækka ekki skatta í þessu skyni. Í fyrsta áfanga felst fjáröflun til þessarar langtímaáætlunar í kerfisbreytingu með afnámi lögbundins frídags, kóngsbænadagsins. Þetta er orðið mikið hitamál.

Þrjár af flokkunum, sem stóðu að sáttinni um varnarmálaáætlun



og eru nú í stjórnarandstöðu, vilja halda í kóngsbænadaginn. Til þess að geta áfram talist aðilar að sáttinni verða þeir að koma fram með raunhæfan valkost um fjármögnun. Það hafa þeir gert.

Þarna nálgast menn viðfangsefnið með markvissum og ábyrgum hætti þótt tekist sé á um fjármögnunarleiðir.

Tímabært frumkvæði

Í þessu ljósi var áhugavert að lesa grein Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur formanns Viðreisnar í Fréttablaðinu fyrir tveimur vikum um nýja nálgun varðandi framkvæmd heilbrigðisáætlunar til 2030.

Þar sagðist hún hafa í hyggju að leggja fram þingsályktunartillögu um að ljúka þeim þætti hennar,

sem skilinn var eftir fyrir fjórum árum. Tilgangurinn væri að leita eftir pólitískri samstöðu um að setja verkefni í tímaröð, tengja þau við fjármálaáætlun, ákveða hlutdeild heilbrigðisþjónustu í þjóðarútgjöldum og finna leiðir til fjáröflunar.

Mikilvægt er að eins verði tekið á krabbameinsáætluninni.

Engir kraftaverkamenn, hvorki í ráðuneytinu né inni í einstökum stofnunum, munu leysa þetta verkefni með skyndiaðgerðum.

Frumkvæðið í umræðunni er tímabært og lýsir skilningi á vandasömu langtíma viðfangsefni heilbrigðisráðherrans.

Fullreynt

Viðfangsefnið er hins vegar ekki einfalt.

Sumir flokkar telja að ekki þurfi að stækka sneið heilbrigðisþjónustunnar í þjóðarkökunni. Svo deila aðrir um hvort stækka eigi sneiðina með sköttum eða tilfærslum frá öðrum útgjaldaliðum eins og vaxtagjöldum, sem eru þau hæstu meðal vestrænna þjóða og kalla á kerfisbreytingu.

Eftir sex ár er fullreynt að jaðarflokkarnir í ríkisstjórninni finna ekki sameiginlega lausn á þessum úrlausnarefnum.

Þess vegna er eðlilegt að kanna möguleika á samstarfi um pólitíska hluta heilbrigðisáætlunarinnar með meiri þyngd á miðjunni, sem gæti aukheldur lifað ólík stjórnarmynstur á gildistímanum.

Dauður tími

Fram að kosningum eru bara tvö þing. Það er hæfilegur tími til samninga af þessu tagi.

Öllum þykir sjálfsagt að vinna að samgöngumálum með tímasettri og fjármagnaðri langtímaáætlun. Langtíma heilbrigðisáætlun kann að vera flóknari. En breið pólitísk samstaða um slíkt plan er jafn mikilvæg fyrir samfélagið.

Ríkisstjórnin treður bara marvaða til kosninga. Heilbrigðisráðherra gæti nýtt þann dauða tíma til þess að finna breiðan pólitískan grundvöll fyrir langtímaplan.

Ef vel tækist til mætti byrja að vinna eftir endurbættu plani strax í upphafi næsta kjörtímabils. Með því myndi ráðherrann marka djúp spor. ■



25%



Brooklynn borðstofuforð
220x98, stækkun 2x50 cm, reykt eik - hvítuð eik
Áður 199.000 **NÚ 149.000**

10-60%
afsláttur



Statur 3ja sæta
Áður 159.000 **NÚ 119.000**



Obling 3ja sæta
Áður 129.000 **NÚ 103.000**



Adele
Áður 39.900
NÚ 23.900



Hill hvíldarstóll með tauáklæði
Áður 176.000 **NÚ 123.000**



Sierra
nokkrir litir
Áður 25.700
NÚ 19.200



Kato svart
Áður 29.900
NÚ 19.400



Alison
snúningss
Áður 33.900
NÚ 27.000



Ciro 3 litir
Áður 39.900
NÚ 29.900



Nottingham sófaborð
Áður 116.000 **NÚ 58.000**

NYFORM

H Ú S G A G N A V E R S L U N

Sá einstaki sextugur

Portúgalski knattspyrnu-stjórinn José Mourinho er 60 ára í dag. Fáir knattspyrnu-stjórar hafa komið inn af jafn miklum krafti og Mourinho gerði í knattspyrnuheiminn á sínum tíma.

sport@frettabladid.is

FÓTBOLTI Temmilegur skammtur af hroka og húmor varð til þess að ferskir vindar blésu um helstu deildir heims með tilkomu Mourinho, hann setti markið hátt og náði árangri. Titlaði sjálfan sig „Hinn einstaka“, gælunafn sem fór honum vel. Sparkspekingurinn Jóhann Már Helgason er stuðn-

ingsmaður Chelsea. Hann segir Mourinho hafa breytt miklu með komu sinni til félagsins 2004. „Móri, eins og ég vandi mig strax á að kalla hann, kom með ákveðinn metnað og hroka sem Chelsea hafði vantað. Hann sparkaði upp hurðinni á Brúnni og sagði á fyrsta blaðamannafundinum að nú hefði Chelsea einstakan stjóra. Hann þorði að gera kröfur og þorði að segja það upphátt að Chelsea ætti að vinna deildina. Hann kom með sigurhugarfar í félag sem hafði ekki unnið deildina í 50 ár.“

Chelsea vann ensku úrvalsdeildina á fyrstu leiktíð Mourinho.

„Maður áttaði sig mjög fljótlega á því að það væri

eitthvað sérstakt að fara að gerast. Liðið byrjaði frábærlega, hann fann strax mjög sterkan kjarna af leikmönnum sem voru bókstaklega til í að henda sér fyrir liðsrútuna fyrir liðið og Móra. Þetta voru John Terry, Frank Lampard, Petr Cech, Didier Drogba og auðvitað Eiður Smári Guðjohnsen. Mourinho breytti leikmönnum eins og Lampard og Terry úr því að vera góðir úrvalsdeildarleikmenn yfir í heimsklassa fótboltamenn. Árangurinn á fyrsta tímabilinu var auðvitað lygilegur, segir Jóhann, en þá vann Chelsea

deildina örugglega, setti stigamet og fékk aðeins á sig fimmtán mörk.“

Þegar Jóhann var beðinn um að nefna sína uppáhaldssögu af hinum skrautlega Mourinho kom margt upp í hugann.

„Fyndnasta sagan er auðvitað þegar hann faldi sig í þvottagrindinni til að geta hitt liðið í hálfleik þegar hann var í banni gegn FC Bayern í 8-liða úrslitum Meistaradeildarinnar,“ segir hann. „Af því sem maður sá beint var þegar hann og hans erkióvinur, Arsene Wenger, lentu hreinlega í áflogum á hliðarlínunni í leik Chelsea og Arsenal árið 2014. Móri er miklu minni en Wenger en lét það ekki stoppa sig og ýtti honum úr boðvanginum.“ ■

4

Mourinho hefur fjórum sinnum verið valinn besti þjálfari heims og það fyrir störf sín hjá fjórum mismunandi félagsliðum.

60%

Portúgalinn statar af 60% sigurhlutfalli í ensku úrvalsdeildinni en af þeim 363 leikjum sem hann hefur stýrt í deildinni vann hann 217.

100%

Knattspyrnustjórinn knái er sannkallaður Evrópumeistari enda aldrei tapað úrslitaleik í Evrópukeppnum félagsliða, 100% sigurhlutfall.

6

Mourinho er altalandi á sex mismunandi tungumálum. Portúgölsku, ensku, katalónsku, ítölsku og frönsku.

Tuttugu og sex titlar til þessa:

Porto 2002–2004:

1x Meistaradeild Evrópu
2x Portúgalska úrvalsdeildin
1x Evrópubikarinn
1x Portúgalski bikarinn
1x Portúgalski ofurbikarinn

Chelsea 2004–2007, 2013–2015:

3x Enska úrvalsdeildin
1x Enski bikarinn
3x Enski deildarbikarinn
1x Samfélagsskjöldurinn

Inter Milan 2008–2010:

1x Meistaradeild Evrópu
2x Serie A
1x Ítalski bikarinn
1x Ítalski ofurbikarinn

Real Madrid 2010–2013:

1x La liga
1x Spænski bikarinn
1x Spænski ofurbikarinn

Manchester United 2016–2018:

1x Evrópudeildin
1x Enski deildarbikarinn
1x Samfélagsskjöldurinn



”

Ef það yrði gerð bíómynd um líf mitt held ég að George Clooney ætti að leika mig. Hann er frábær leikari og eiginkona mín telur að hann væri tilvalinn í hlutverkið.

”

Ef félagið ákveður að reka mig vegna slæmra úrslita er það bara hluti af leiknum. Ef það gerist verð ég milljónamæringur og fæ annað starf nokkrum mánuðum síðar.

”

Það skiptir ekki máli hvernig við spilum. Ef þú ert á Ferrari og ég á litlum bíl þarf ég að brjóta stýrið þitt eða setja sykurlúkur í bensintankinn þinn til að sigra.



Netglæpir verða sífellt flóknari.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Heimili skotmörk netglæpamanna

sandragudrun@frettabladid.is

Sérfræðingar í netöryggi telja að tæki ætluð til heimilis- og einkanota verði helstu skotmörk netglæpamanna í ár, ef marka má breska fjölmiðla. Almennur verður sífellt oftast fyrir netárásam og ógnanirnar verða stöðugt flóknari. Í skýrslu frá árinu 2022 um stöðu netöryggis, sem gefin var út af netöryggisfyrirtækinu ReasonLabs, kemur fram að stórfyrirtæki verja miklum tíma og peningum í að tryggja netöryggi sitt, en að sumir einstaklingar þyrftu að koma upp jafn öflugum vörnum heima við.

Viðtækari árásir

Í skýrslunni kemur einnig fram að þar sem stórfyrirtæki eru sífellt betur varin gegn árásum hafa netglæpamenn þurft að breyta aðferðafræði sinni. Í stað þess að eyða miklum tíma í eitt fórnarlamb innan fyrirtækis ráðast þeir á milljónir fórnarlamba í von um að finna veikan hlekk. Árásirnar eru orðnar viðtækari og tæknin sem þeir nota er háþróaðri en áður. Þar sem fólk er í auknum mæli farið að vinna heima hjá sér fer það frekar með fyrirtækistölvurnar heim. Þar eru varnir hugsanlega minni en á vinnustaðnum. Vefveiðar eru enn stærsti árásarþátturinn. Vegna þessa er undirstrikað í skýrslunni að brýn þörf er fyrir aukna fræðslu til almennings um netöryggi. ■



Ása Bríet er upprennandi hönnuður á lokaári sínu í fatahönnunarnámi í London. Verk hennar bera vott um mikla næmni gagnvart áferð og sögu textils.

MYND/ADSEND

Þráðurinn er upphafið og endirinn

Ása Bríet Brattaberg er nú á lokaári sínu í hönnun á kvenfatnaði í skólanum sem hana dreymdi alltaf um að læra í, Central Saint Martins í London. „Þaðan hafa uppáhaldshönnuðirnir mínir útskrifast og sjálf útskrifast ég þaðan í vor,“ segir Ása.

Ása Bríet Brattaberg er 26 ára gömul og er frá Íslandi og Færeyjum. Hún útskrifaðist með sveinspróf í kjólasaumi frá Tækniskólanum í Reykjavík 2016 og fór þaðan í textildeildina í Myndlistaskólanum í Reykjavík. „Mér fannst mikilvægt að hafa öðlast góða þekkingu á textil áður en ég stefndi í fatahönnun. Ég hef farið í nokkur starfsnám á námsferlinum og lærði meðal annars hanskagerð hjá Thomasine Barnekow 2017, vann hjá fatahönnuðinum Anne Isabella í Berlín síðasta vor og svo vann ég hjá textildeild Chanel í París í sex mánuði á síðasta ári, sem var alveg ógleymanleg upplifun og reynsla,“ segir Ása Bríet.

Rauði þráðurinn

Ása ólst upp umkringd handavinnu kvennanna í kringum sig og var snemma byrjuð að taka upp prjónana og prófa sig áfram á saumavélinni. „Núna, þegar ég vinn að lokalinunni minni er ég mikið að skoða uppruna textilaðferða, bæði í vefnaði, prjóni og útsaumi. Þráðurinn hefur alltaf verið mikilvægur í minni sköpun, hvort sem ég spinn mitt eigið garn úr ull frá ömmu og afa sem eru sauðfjárþænder, eða afmynda efni með því að taka ívaf úr uppistöðu þess.

Ég endurnýti gamlar flikur sem minn efnivið í hönnun. Það gefur mér óútreiknanlega útkomu sem mér finnst bæði spennandi og

krefjandi að vinna með. Í mínu sköpunarferli byrja ég oftast á því að vinna með textil út frá ákveðinni hugmyndafræði sem ég hef. Þaðan fer ég svo að leika mér með prufurnar á líkamanum. Ég ímynda mér hvernig megi yfirfæra textilinn í flikur og form og leyfi þá oft efninu að ráða ferðinni. Mér finnst mjög áhugavert að vinna á þessa leið, þar sem að textillinn er mjög mikilvægur í minni hönnun og gefur hverri flik tækifæri á að vera einstök.“

Innblástur og áferðir

„Ég er alltaf með augun opin og forvitin fyrir öllu í kringum mig. Ég verð meira fyrir innblástri af

myndlist og tónlist heldur en fatahönnun.

Auðvitað er ég þó með puttann á púlsinum og fylgist með hvað er í gangi hverju sinni frá tískupóllunum í París og London. En ég skoða kannski meira hvað var að gerast í fatahönnun þegar stærstu meistarnir voru enn uppi. Ég fylgist mikið með David Altmejd og er mjög hrifin af þræðainnsetningum hans og andlitsskúlptúrar hans gefa mér alltaf einhverja ónotalega fallega tilfinningu. Jeanne Vicerial er magnaður þræðaskúlptúristi og svo er ég alveg að dýrka Cecile Feilchenfeldt, sem er ótrúlegur prjónahönnuður og gerir ótrúlegustu hluti í prjóni fyrir helstu tískuhús Parísar. >>

» Hér heima er Sólveig Dóra að gera mjög spennandi hluti í fatahönnun og mig dreymir um listaverk eftir Loja Höskulds. Svo er Magnea alltaf að gera spennandi hluti með íslensku ullina.

Minn stíll myndi ég segja að sé áferðarmikill en ég er líka með auga fyrir nákvæmni. Ég er rytmísk með rómantískum blæ, háværen samt svo hljóðlát. Áferð veitir mér innblástur og ég tengi áferð mjög mikið við tilfinningar. Ég fæ líka innblástur frá fólki sem ég sé í kringum mig, myndlist og tónlist. Að hlusta á tónlist og upplifa tónlist á klúbbi með fólki í kringum mig sem dansar í takt við tónlistina veitir mér mikinn innblástur og tengist aftur við þessar tilfinningar og áferð sem ég yfirfæri inn í taktfasta vinnu í textíl.

Er einhver sérstakur áratugur í tíðskunni sem þú heillast af?

„Ég fæ ekki beint mikinn innblástur frá sérstökum áratug, en ætli ég sé ekki bara mest heilluð af því að í „gamla daga“ klæddi fólk sig meira upp hversdagslega og notaði sparifötin sín meira en nú.“

Hefur þú sjálf gaman af tisku og að klæða þig í fallegar flikur?

„Já algjörlega, ég kaupi helst flikur í „second hand“ búðum, nytjamörkuðum eða á mörkuðum þegar ég ferðast. Svo finnst mér mjög gaman að leika mér að setja saman mismunandi áferð í lögum. Svo var áramótaheitið mitt að leika mér meira með flikurnar sem ég á, breyta þeim eða bara að stílísera þær öðruvísi en áður.“

Lokalinan er upphafið

Ása Bríet hefur verið að vinna í lokalinunni sinni síðan í ágúst í fyrra. „Það hafa nokkrir mánuðir farið í rannsóknarvinnu og þróun á textíl. Ég fékk nú á dögunum skólalstyrk frá skartgripafyrirtækinu Swarovski sem er með prógramm fyrir unga upprennandi hönnuði sem vinna í kringum sjálfbærni í sinni hönnun. Það er mikill heiður að fá þennan skólalstyrk og hjálpar mér mjög við gerð á lokalinunni minni.“

Í mínu ferli hefur farið mikil rannsóknarvinna í að skoða hvernig hægt sé að vinna í iðnaði sem er mjög mengandi fyrir umhverfið, hvernig megi hanna á sjálfbærari máta og koma inn í þennan iðnað með það sjónarmið að það er hægt að gera betur. Að það sé hægt að koma fram einhverjum breytingum á því hvernig framleiðsluferli er hagað og varðandi ákvarðanir um uppruna efnis í hönnuninni og fólkið sem vinnur í tisku. Ég er núna að komast að lokaniðurstöðum með flikurnar sem ég mun sýna sem hluta af lokalinunni minni. Það er mikil vinna fram undan þar sem flest



Jóhanna María
Einarsdóttir
jme
@frettabladid.is



Ása segir að í lokalinunni sinni hafi mikill tími farið í rannsóknarvinnu um hvernig hún geti unnið í jafnmengandi iðnaði og fataiðnaðurinn er, og hvernig hægt sé að gera betur.
MYND/ÁRNI SKENG



Skór úr íslensku ull.



Balenciaga Project, sýnt á Balenciaga safninu í Getaria 2022.
MYND/VIÐAR LOGI



Flik úr Pre Collection eftir Ásu Bríeti.



Gegnsætt þrjón með perlum.

allar flikurnar krefjast mikillar handavinnu, en það er bara spennandi verkefni að takast á við. Það getur verið frekar yfirþyrmandi að hugsa til þess að loksins sé komið að því að gera lokalinuna sína eftir öll þessi ár sem ég hef verið að læra einhvers konar hönnun.

En ég reyni að minna mig á að þetta verður alls ekki „lokalinan“ mín, þetta er bara upphafið á einhverju frábæru sem ég mun takast á við eftir útskrift í vor“, segir Ása Bríet. ■

Léttari lund, alla daga

MAG-YOUR-MIND® er öflug blanda af magnesíum, B6 & B9 ásamt burnirót og adaptógenum

Vinnur gegn streitu og skerpir hugsun



GOOD ROUTINE® fæst í Apótekanum, Fjarðarkaup, Hagkaup, Krónunni, Lyf & heilsu, Nettó og goodroutine.is

Félag kvenna í atvinnulífinu

KYNNINGARBLAÐ


FIMMTUDAGUR 26. janúar 2023



Félag kvenna í atvinnulífinu

Þrjár konur eru heiðraðar á árlegri Viðurkenningarhátið FKA á Hótel Reykjavík Grand í dag kl. 17.

FKA
viðurkenning
FKA
þakkarviðurkenning
FKA
hvatningarviðurkenning



Fjárfestum í konum

Sigríður Hrund Pétursdóttir er formaður FKA. Hún segir að FKA hvetji konur til að mæta á viðburði félagsins. Þetta sé öflugur hópur sem hefur það einbeitta yfirlýsta markmið að efla, styrkja og hvetja konur í atvinnulífinu.

„Það er hægt að fjárfesta á marga vegu. Geyma fé í banka, á markaði, í fasteignum, í málverkum, gulli, verðmætum hlutum, í rafmyntum, undir koddanum – eða í sjálfri sér. Tíminn er peningar hefur heyrst og því mikilvægt að hafa í huga þegar festa á fé í konum að það þarf rými til. Hvað er það fyrsta sem þarf að hafa í huga þegar fjárfestingu í sjálfri sér skal fremja?“ spyr Sigríður.

„Hvar skal byrja? Það liggur ekki alltaf fyrir. Hvert stefnir þú? Óljóst. Hver er tilgangur þinn? Hvað ertu eiginlega að meina? Konum er einkar lagið að taka að sér fjölda hlutverka og tæma þannig mikilvægustu auðlind okkar allra, tímenn. Stutt í að kroppa í næstu verðmæti, heilsuna. Með auknu sjálfræði í vinnuhegðun skiptir máli sjálfsþekking. Það er ákveðinn lykill að heilbrigðu atvinnulífi og að sjálfsögðu grunnur að eigin lífsgæðum.

Fjölbreyttur hópur kvenna

Yfirskrift opunarviðburðar starfsárs FKA 2022-23 var „Fjárfestu í þér til framtíðar“. Konur voru hvattar til að setja sig á dagskrá, hjá sjálfum sér, búa til rými og finna og sinna eigin fjárfestingu í gegnum FKA. Það þýðir að kona þurfti að ákveða að taka að sér nýtt ólaunað hlutverk, aðra vakt – sjálfa sig.

Hvað mætir konu þegar hún gengur í FKA? Fjölbreyttur sívaxandi hópur 1.350 félagskvenna í gróskumiklu félagsstarfi. Framúrskarandi leiðtogakonur, atvinnurekendur og launþegar úr flestóllum starfsgreinum landsins, kraftmikil framtíðarmön, landsbyggðadeildir landshorna á milli, öll póstnúmer höfuðborgarsvæðisins, konur af erlendum uppruna frá nálægt fjörutíu mismunandi löndum, breytt aldursbil – félagskonur spanna sex áratugi, bros og björt augu, því konur standa í opinni skeifu til að taka á móti henni en ekki lokuðum hring sem snýr við henni bak, hugmyndaauði, nýsköpun, fræðsluerindi, viðskiptatækifæri, ómetanlegt tengslanet, spriklandi hreyfigleði og súrefnisát, sem birtist meðal annars í golfi, gönguferðum, sjó-sundi, hlaupahópi, fjallalageitum, – Raun & raf-viðburðir, ólínuleg

dagskrá sem auðveldar félagskonum aðgengi umtalsvert.

Að vera með og tilheyra, sama hvar við erum staddir og hvenær. Að framkvæma marga hluti á sama tíma er sértæk lúmsk hæfni sem er ekki alltaf jákvæð. FKA kennir okkur fljótt að forgangsraða, því gróska í viðburðum félagsins er slík að félagskonur langar til að mæta og við byrjum að Tetrisa vaktir hversdagsins til að koma fjárfestingunni okkar að. FKA hvetur konur til að mæta á viðburði félagsins, vera virkar, fara út fyrir þægindahringinn, efla og æfa tengslanetið, stunda sýnileikann og vera annað hvort sitt eigið hreyfiafl eða hluti af okkur sem hópur – öflugur hópur sem hefur það einbeitta yfirlýsta markmið að efla, styrkja og hvetja konur í atvinnulífinu.

Allar einstakar

Það er hluti af fjárfestingunni að mæta. Við lærum mest og best með því að framkvæma sjálfar og/ eða sjá og heyra vegferðir annarra. Sögur okkar skipta svo miklu máli. Þar endurspeglast reynslan, áföllin, velgengnin, viðkvæmnin, höfnunin, bugunin, styrkurinn, úrvinnslan, gleðin, vonin, upprisan. Við erum allar: einstakar, dýrmætar og fágætar. Félagskonur tilheyra, fá rými og sjást. Hér þarf engin að þykjast – það er aðeins eitt stykki „ég“ – allar aðrar konur eru uppteknar.

Það er aftur á móti ekki nóg að mæta. Ekki frekar en í öðrum breytingum næst árangur með hugsun og ákvörðun einni. Það er eins og að mæta í bankann, standa hjá gjaldkeraborðinu og bíða. Fjármagnið ávaxtast takmarkað í veskinu þar. Það þarf að framkvæma til að ávöxtun hefjist. Þá réttir FKA fram veidistöng. Sú fær sem frýjar. FKA kennir félagskonum hvort tveggja. Að læra með því að gera, á þínum eigin forsendum. Uppskeran er í samræmi við iðkun. Síðan eru það konur sem vita nákvæmlega hvernig þær vilja hafa hlutina, hvað þær vilja gefa félaginu af sínum tíma og rými. Stundum minna en meira, en vilja þó tilheyra þessu einstaka samfélagi. Þannig er FKA lífið. Á okkar eigin forsendum – allt eins og það á að vera.

Samstaða kvenna

Að fjárfesta í konum – með raunverulegu fjármagni, ekki aðeins með valdeflingu – hefur margfeldisáhrif á samfélagið. Konur eru helmingur íbúa, atvinnulífs, handa og heilabúa á flestum stöðum. Samstaða með konum er hraðall á sjálfbærnivægferðinni. Það er



Sigríður Hrund Pétursdóttir, formaður FKA, hvetur konur til að ganga í félagið og taka þátt í starfinu sem skapi gott tengslanet.

MYND/
ÁSTA KRISTJÁNS

FKA er fjölbreyttur sívaxandi hópur 1.350 félagskvenna í gróskumiklu félagsstarfi.

engin sjálfbærni án kvenna. Það er því ágætt að rýna í hvar við veljum að ávaxta fé okkar. Fjárfestum í konum, í nýsköpun kvenna, störfum þeirra og framgangi í samfélaginu, fyrirtækjum, stofnunum og þjónustu – því að baki flestra kvenna eru fjölskyldur og ótal tilheyrandi hlutverk.

Veidistöng fyrir raunverulegar fjárfestingar í konum:

- Peningar tala. Verslaðu við konur sem reka eigin fyrirtæki, ekki síst einrykja.
- Styddu konur til sköpunar, við þurfum hvatningu alveg frá fyrstu skrefum og jafnvel fyrr.

Að fá byr undir vængi eflir hugrekki, kjark og þor.

- Fjárfestu sem engill, í hóp-fjármögnun, visissjóðum sem styðja konur – æfðu þig hreinlega í að ávaxta þitt eigið fé og komdu því í hendur kvenna.
- Talaðu konur upp og áfram – ávallt. Ófrávikjanlega. Við þurfum ekki að vera sammála til að vera samhuga.

Heilbriggt atvinnulíf er hvetjandi, með góð samskipti, virðir tímenn og heilsu sem verðmæti, greiðir götu fólks, þolir og þráir mistök því þar leynist lærdómurinn og er sjálfleiðréttandi því við finnum í

hjórtum okkar hvað virkar vel – okkur líður svo vel.

Um leið og ég óska félagskonum og landsmönnum öllum innilega til hamingju með daginn beini ég athygli að þeim konum sem við heiðrum á FKA viðurkenningahátíð í dag. Þær fjárfestu í sér og sinni vegferð og eru að uppskera. Við samledjumst og þökkum fyrir lærdóminn sem þær færa okkur.

Fjárfestum í konum, sýnum samstöðu og iðkun jafnrétti, fjölbreytni og inngildingunni til gæfu og giftusemi. Þá fyrst brýst út gróska sem vellandi heitur hver ... og okkur líður svo vel,“ segir Sigríður Hrund. ■

Landsbyggðaráðstefna FKA næst á Suðurnesjum

Félagsstörf eru án staðsetninga og þétt tengslanet FKA skapar tækifæri í öllum landsbyggðum. Landsbyggðaræði FKA eru fjórar þ.e. FKA Norðurlandi, Suðurlandi, Vesturlandi og FKA á Suðurnesjum. Þar eru haldnar stórglæsilegar Landsbyggðaráðstefnur sem eru opnar almenningi og næst verðum við á Suðurnesjum, nýjustu deild FKA sem nær yfir stórt svæði þ.e. Reykjanesbæ, Grindavík, Suðurnesjabæ og sveitarfélagið Voga og sameinar konur með áherslu á nýsköpun og eflingu atvinnutækifæra. FKA Norðurland bauð heim síðast og á tímum heimsfaraldurs vorum við í streymi frá Háskólanum á Bifröst. Fida Abu Libdeh formaður og varaformaðurinn FKA Suður-



Stjórn FKA á Suðurnesjum.

MYND/ADSEND

nesjum, Þuríður Aradóttir Braun, telja nú í haustið 2023 með sínum

konum þegar FKA Suðurnes býður heim næst. ■



Félagskonur FKA á Sýnileikadegi: Hulda Bjarnadóttir, forseti Golf sambands Íslands, Helga Möller, Danielle Neben og Silla Páls ljósmyndari. MYND/ADSEND

Sýnileikadagur FKA 2023

Sýnileikadagur FKA verður haldinn fimmtudaginn 2. mars næstkomandi. Þátttökumet er nokkuð sem FKA kann að slá eins og dæmin sýna og slegið var þátttökumet á síðast Sýnileikadegi. Við gerum ráð fyrir frábærum degi í ár

þegar félagskonur fylla á verkfærabeltið í Arion. Sýnileikanefndina skipa í stafrófsróð: Elinóra Inga Sigurðardóttir, Erna Evudóttir, Helga Björg Steinþórsdóttir og stjórnarkonur FKA þær Dóra Eyland, Katrín Kristjana Hjartardóttir og Sigrún Jenný Barðadóttir eiga einnig sæti í nefndinni. Hlökkum til að eiga með ykkur frábæran dag! ■



VIÐ HLUSTUM

ÞAÐ ER MARGT SEM

HJÁLPAR VIÐ KVEFI,

HÁLSBÓLGU OG HITA

VIÐ HLUSTUM!

 Lyf & heilsa

KRINGLAN FJÖRÐUR GRANDI GLERÁRTORG

Dómnefnd FKA 2023

Það er dómnefnd sem velur konur úr hópi tilnefndra sem hljóta FKA þakkarviðurkenningu, FKA viðurkenningu og FKA hvatningarviðurkenningu. Við skipan dómnefndar er leitast við að einstaklingar hafi sem breiðastan bakgrunn. FKA þakkar dómnefnd fyrir sinn dýrmæta tíma og þátttöku í ferlinu, sem var afar ánægjulegt.



Árni Sigfússon

Árni Sigfússon, fyrrverandi borgarstjóri Reykjavíkur og fyrrverandi bæjarstjóri Reykjanesbæjar. Fæddur í Vestmannaeyjum, kennaramenntaður í grunninn og telur málefni barna vera stærsta málaflokkinn í sveitarstjórnarmálum. Hann vakti máls á ólíkri forgjöf er kemur að uppsöfnuðum lífeyrisréttindum hjóna nýverið, sem vakti athygli.



Chanel Björk Sturludóttir

Chanel Björk Sturludóttir, fjölmíðlakona í dagskrágerð í Kastljósi á RÚV, var á topplista yfir „Framúrskarandi unga Íslendinga“ fyrir framlag til barna, heimsfriðar og/eða mannréttinda. Mannflóran, fræðsluvettvangur um fjölmennunguna á Íslandi, er í hennar umsjá og er hún meðstofnandi „Hennar rödd“ sem eru félagsamtök sem starfa með það að markmiði að auka vitund meðal almennings á stöðu kvenna af erlendum uppruna í íslensku samfélagi.



Guðrún Gunnarsdóttir

Guðrún Gunnarsdóttir, formaður dómnefndar, stjórnarkona FKA og deildarstjóri Fastus, hefur komið að stofnun fjölmargra fyrirtækja, bæði hér á landi og í Bandaríkjunum. Guðrún hóf innflutning á heilbrigðisvörum árið 1992, stofnaði Fastus ásamt félögum sínum en starfar nú sem deildarstjóri heilbrigðisdeildar Fastus eftir að hún seldi fyrirtækið.



Kathryn Gunnarsson

Kathryn Gunnarsson, stofnandi og framkvæmdastjóri Geko Consulting, ráðgjafar- og ráðningarfyrirtækis sem sérhæfir sig í að vinna innan tækni- og nýsköpunargeirans á Íslandi.



Logi Pedro Stefánsson

Logi Pedro Stefánsson, listamaður og fyrrum liðsmaður hljómsveitarinnar Retro Stefson. Logi hefur unnið að tónlist fyrir fjölmargt fremsta tónlistarfólk landsins og hlotið 17 tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna. Logi er stjórnarmaður og meðeigandi framleiðslufyrirtækisins 101 Productions, sem framleitt hefur seríur eins og Æði, Áttavíllt og Hugarró með GDRN.



Magnús Harðarson

Magnús Harðarson, forstjóri Nasdaq Iceland, Kauphallarinnar. Magnús hefur starfað hjá Nasdaq síðan 2002 en áður var hann hagfræðingur hjá Þjóðhagsstofnun og efnahagslegur ráðgjafi. Hann hefur Ph.D. gráðu í hagfræði frá Yale University.



Margrét Guðmundsdóttir

Margrét Guðmundsdóttir, stjórnarmaður og fyrrverandi forstjóri Icepharma. Margrét hefur setið í stjórn ýmissa félaga innanlands sem erlendis og situr í dag í stjórn Eimskip, Festi og Heklu.

Fimm efstu í flokki FKA Hvatningarviðurkenningar 2023

Það eru í stafrófsröð þær Edda Konráðsdóttir, ein af stofnendum Nýsköpunarvinnar, Grace Achieng, stofnandi og eigandi Gracelandic, Inga Tinna Sigurðardóttir, hugmyndasmiður Dineout, Laufey Lín Jónsdóttir tónlistarkona og Þórey Vilhjálmisdóttir Proppé, eigandi og stofnandi Empower, sem skipa fimm efstu sætin í flokki FKA Hvatningarviðurkenningar 2023.

Hvatningarviðurkenning FKA er veitt konu í atvinnulífinu fyrir athyglisvert frumkvæði eða nýjungar. Félag kvenna í atvinnulífinu, FKA, þakkar almenningi og atvinnulífinu fyrir tilnefningarnar sem bárust í ár í öllum flokkum og dómnefnd hefur metið.

Þær konur sem hafa verið heiðraðar í gegnum árin á hátíðinni hafa fundið á eigin skinni hvernig Viðurkenning FKA verður hreyfiafl í lífi þeirra í stóru og smáu.

Aðgengi að fjármagni má nefna í þessu sambandi sem og sýnileika fyrir hlutadeigandi sem skiptir máli í flugtaki nýrra hugmynda.

Það er kjarkur, þor, kraftur og úthald sem einkennir konurnar sem hér eru nefndar þegar við birtum annað árið í röð lista yfir fimm efstu, að mati dómnefndar, í flokki Hvatningarviðurkenningar FKA.

Takk fyrir að ryðja brautir, vera góðar fyrirmyndir og gangi ykkur öllum sem best! ■



Edda Konráðsdóttir sérfræðingur nýsköpunarsamfélagsins og stofnandi Iceland Innovation Week

Edda hefur starfað innan íslenska nýsköpunarsamfélagsins í nokkur ár, hefur stýrt frumkvöðlakeppni Gulleppni, skipuleggur ferðir fyrir íslensk startup-fyrirtæki til dæmis í Kísildalinn, hefur verið að kenna nýsköpunarnám við Listaháskóla Íslands, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Hún starfar í dag hjá Foobar, fjárfestingasjóði með fókus á loftslagsmál. Edda hefur stýrt mörgum alþjóðlegum nýsköpunarverkefnum, hún er einnig meðstofnandi Iceland Innovation Week, rekur eigið ráðgjafarfyrirtæki með áherslu á viðskiptaþróun fyrir frumkvöðla og listamenn og var hjá Icelandic Startups um tíma þar sem hún vann náð með frumkvöðlum og fjárfestum.



Grace Achieng stofnandi og eigandi Gracelandic

Grace Achieng er fædd og uppalin í Kenía og þegar hún flutti til Íslands vildi hún starfa við tiskugeirann en fékk hvernig slíka vinnu. Hún gerði sér þá lítið fyrir og keypti sér saumavél, efni, lærði að sníða og byrjaði að sauma og hanna og rekur nú tiskumerkið Gracelandic sem hefur ratað í breska Vogue. Grace hefur orðið mikil fyrirmynd fyrir konur af erlendum uppruna, fyrir allar konur á Íslandi og vakið athygli fyrir hönnun sína, meðal annars þegar Eliza Reid forsetafrú klæddist fatnaði úr hennar smíðju þegar Friðrik, krónprins Danmerkur, mætti á Bessastaði og þannig mætti lengi telja.



Inga Tinna Sigurðardóttir hugmyndasmiður Dineout

Inga Tinna er meðal annars hugmyndasmiðurinn að Dineout sem ruddi gormabókum, Excel og tölvupóstum út úr veitingageiranum með borðabókunarkerfi sem hefur stöðkbreyst í hugbúnaðarhúsi sem byggðist upp í takt við þörf á markaði og stækkar hratt. Hún hefur heldur betur sótt í sig veðrið og er í dag með miklu meira en hugbúnað fyrir veitingastaði, komin í útrás og virðist njóta sín vel í umhverfi sem breytist jafnvel á einni nóttu. Mögnuð vegferð þar sem hún byrjar með autt blað en stýrir hugbúnaðarfyrirtæki sem stækkar ört og tekið er eftir.



Laufey Lín Jónsdóttir listakona og djass-söngkona

Laufey Lín hefur náð mjög langt á sínum tónlistarferli og er hvatning fyrir aðrar ungar konur til að þróa sinn einstaka stíl og vera samkvæmar sjálfum sér. Hún byrjaði að spila á píanó þegar hún var fjögurra ára og á selló einhverju síðar, fór svo að syngja mjög ung. Hún útskrifaðist frá Berklee College of Music 2021, er með nokkur hundruð fylgjenda á miðlum og komst á topplista Spotify. Sinfóníuhljómsveit Íslands og plánetan jörð eru hennar leikvöllur enda búið að vera magnað að fylgjast með henni skjótast uppá stjörnuhimininn með einlægni. Platan Everything I Know About Love heyrir víða og hefur hún flutt tónlist sína í spjallþætti Jimmy Kimmel og hjá okkar eina sanna Gísla Marteini.



Þórey Vilhjálmisdóttir Proppé stofnandi og framkvæmdastjóri Empower

Þórey hefur lengi verið fyrirmynd annarra kvenna og verið með persónulegan stíl með mikinn drifkraft. Hún stofnaði fyrirtækið EMPOWER sem selur lausnir á sviði jafnréttis, sérhæfir sig í jafnrétti og fjölbreytni á vinnustöðum og hefur starfað með leiðandi fyrirtækjum og stofnunum. Hugbúnaðarlausnin Empower NOW gerir fyrirtækjum og stofnunum kleift að ná yfirsýn yfir stöðu jafnréttismála, setja sér mælanleg markmið og fræða starfsfólk í gegnum stafrænar leiðir sem eru góðar fréttir. Það er gríðarleg eftirspurn eftir lausnum er varða jafnrétti og fjölbreytni og Empower stefnir að því að verða leiðandi á þeim markaði. Fyrirtækið er stofnað af konum og rekið af konum.

BLÅKLÄDER[®]
WORKWEAR

FYRIR KONUR SEM VINNA



575.0000 - SINDRI.IS

SINDRI

Kom á óvart hvað þetta er gaman

Verzlanahöllin er í eigu mæðganna Vilborgar Norðdahl, Þórdísar Vilborgar Þórhallsdóttur og Sveindísar Anju V. Þórhallsdóttur. Verzlanahöllin er verslun með básaleigu fyrir notuð föt og annan varning en mæðgurnar brenna fyrir umhverfisvernd og nýtingu.

„Okkur hafði lengi langað til að gera eitthvað saman, enda mæðgur. Það eru 12 ár á milli systranna og því kannski ekki mikið sem þær hafa gert saman í gegnum tíðina,“ segir móðirin Vilborg, um ástæðu þess að þær mæðgur helltu sér út í rekstur saman.

„Við brennum fyrir umhverfisvernd og nýtingu. Yngri dóttirin hafði búið í Finnlandi og kynnst svipuðum verslunum þar og fannst okkur því tilvalið að stökkva á þennan vagn, enda sifell meiri vitundarvakning um soun og nýtingu.“

Mæðgurnar höfðu aldrei komið að fyrirtækjarekstri áður en þær opnuðu Verzlanahöllina skömmu fyrir jólna 2020. Það var því mjög margt sem kom þeim á óvart varðandi reksturinn.

„Það kom líklega allt við hann á óvart. Hversu lifandi Laugavegurinn er, hversu margt fólk er tilbúið í að versla notað, allur aldur, kyn, kynþættir og af öllum stigum þjóðfélagsins,“ segir Þórdís.

„Það kom líka á óvart hversu

Þjóðfélagið fer á mis við mikið ef það er ekki fjölbreytni í öllum stöðum þess.

Þórdís Vilborgar Þórhallsdóttir

gaman þetta er allt saman. Fólk er svo innlega með okkur í liði, við til dæmis notum aðeins notaða poka frá öðrum, niðurklippta miða úr pappa sem fellur til og svo framvegis. Fólk hikar ekki við að koma með þetta til okkar og er jafnvel að klippa fyrir okkur miða til að nýta undir verðlímmiðana,“ bætir systir hennar Sveindís við.

Toppa sig í hverjum mánuði Mæðgurnar segja að reksturinn hafi gengið vonum framan og að versluninni hafi verið ótrúlega vel tekið.

„Búðin stækkar og stækkar, vinsældir aukast, veltan eykst og vinsældirnar toppa sig í hverjum mánuði. Við höfum þurft að bæta við starfsfólki og mátunarklefum hraðar en okkur óraði fyrir,“ segir Vilborg.

„Það er mjög mikil eftirspurn eftir notuðum fötum og öðrum vörum. Það eru til dæmis mjög mörg sem koma fyrst til okkar áður



Mæðgurnar, Þórdís V. Þórhallsdóttir, Vilborg Norðdahl og Sveindís Anja V. Þórhallsdóttir reka saman Verzlanahöllina.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

en farið er annað. Til dæmis fyrir þemapartí, árshátíðir, djammað og ræktina,“ bætir Þórdís við.

„Verzlanahöllin er hefðbundin básaleiga þar sem fólk leigir í ákveðinn tíma og fær greitt þegar básinn hefur verið tekinn niður. Við leyfum sölu á öllu sem er í lagi, hreint og heilt og er ekki skaðlegt. Þá má ekki selja matvæli, innfluttar vörur eða gamla lagera, þetta er hringrásarverslun með notuð föt fyrst og fremst.“

Á þeim tíma sem liðinn er frá því verslunin var opnuð hefur hún eignast þó nokkuð af fasta-

kúnum, bæði kaupendum og básaleigjendum.

„Fastakúnnarnir okkar eru bæði fólk og hundar sem koma reglulega í búðina til okkar. Einnig eru sumir básaleigjendur að leigja aftur og aftur, jafnvel bara annan hvorn mánuð. Það er gaman að kynna fólk og höfum við eignast vini og kunningja í gegnum Verzlanahöllina,“ segir Vilborg.

Rödd kvenna og kvára þarf að heyrast

Mæðgurnar eru allar meðlimir í FKA og segja þær að það hafi svo

sannarlega hjálpað þeim í rekstri og styrkt tengslanet þeirra verulega.

„Við höfum kynnst frábærum konum þar og við höfum kynnt okkur,“ segir Þórdís. Þeim mæðgum finnst mikilvægt að auka fjölbreytni fólks í stjórnunarstöðum og rekstri fyrirtækja.

„Þjóðfélagið fer á mis við mikið ef það er ekki fjölbreytni í öllum stöðum þess. Rödd kvenna og kvára þarf að heyrast meira og þeirra sjónarmið í fyrirtækjarekstri og stjórnunarstöðum. Þannig vöxum við öll og þróumst.“ ■

Neyslumál barna eru alltaf í forgangi

Berglind Gunnarsdóttir Strandberg tók við framkvæmdastjórn Foreldrahúss í janúar 2019. Hún býr að viðamikilli reynslu og menntun innan félagslega geirans í málefnum barna og foreldra þeirra.

Foreldrahús býður upp á viðtæka þjónustu fyrir alla fjölskylduna. „Við erum fjórar reynslumiklar konur sem sinnum þremur og hálfu stöðugildi hjá Foreldrahúsi. Við erum með menntun í vímuefna- og fjölskyldufræði, listmeðferð og uppeldis- og sálfræðiráðgjöf og samtals með yfir 100 ára starfsreynslu.“

Í Foreldrahúsi bjóðum við upp á ráðgjöf, fræðslu og stuðlum að forvörnum þegar kemur að neyslu og tilfinningavanda barna og unglunga. Þá erum við með sálfræðiráðgjöf fyrir börn og unglunga með hegðunarvanda og ýmsar greiningar. Við vinnum heildrænt með fjölskyldum í ráðgjöfinni og veitum allan nauðsynlegan stuðning,“ segir Berglind.

Starfsemi síðan 1986

Foreldrahús byggir meðal annars á starfsemi samtakanna Vímlaus æska – foreldrasamtök, sem stofnuð voru árið 1986. Sama ár opnaði foreldrasíminn. „Frá því foreldrasíminn var opnaður hefur hann vart slöknað. Í hann geta foreldrar hringt í okkur í neyð og fengið eins konar fyrstu hjálpu, leiðbeiningar með næstu skref, fengið tilvísun frá félagsmálayfirvöldum og/eða bókað tíma hjá okkur.“

Foreldrahús tekur við tilvísunum frá barnavernd sveitarfélaganna og félagsþjónustunni um land allt. „Einnig bjóðum við velkomnið fólk sem leitar til okkar



Berglind Strandberg er framkvæmdastýra Foreldrahúss. Hún segir tilfinningavanda barna birtast á afar ólíka vegu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

af götunni. Okkar niðurgreiðsla fer þá að stórum hluta í að greiða niður kostnað þeirra sem leita til okkar af sjálfsdáðum. Á borð til okkar koma margbreytileg mál sem snerta fjölskyldur með allt frá fimm ára börn og uppúr, en börn eru alltaf börn foreldra sinna, sérstaklega á meðan þau búa enn í foreldrahúsum.“

Ólíkar birtingamyndir

Aðalstefið í starfi Foreldrahúss er að takast á við tilfinningavanda barna og unglunga sem birtist á ýmsan máta en má almennt flokka á þrjú vegu:

„Í fyrsta lagi er um að ræða vanda sem snýr inn á við. Hann birtist ýmist í sjálfskaða, tölvufíkn eða félagslegri einangrun. Í öðru lagi kemur vandinn fram reiði og í ofbeldi út á við. Ofbeldi barna og ungs fólks hefur aukist töluvert síðustu ár og má oftast rekja til tilfinningavanda. Í þriðja lagi birtist tilfinningavandinn í fíkti og neyslu, þá eru börnin að deyfa sig með áfengi og vímuefnum. Neyslumál barna eru alltaf bráðatílvik hjá okkur og í forgangi því hver dagur sem barn er í neyslu skiptir máli fyrir proska þess, framtíðarmöguleika og lífsgæði.“

Sérniðin úrræði

Foreldrahús býður upp á ólík námskeið og úrræði fyrir börn, unglunga, foreldra og fagfólk sem starfar með börnum. „Í sumum tilfellum er um að ræða hópnámskeið og í öðrum er um að ræða úrræði sem byggja á þörfum hvers og eins. Við leiðbeinum þeim sem koma til okkar hvað hentar hverju sinni.“

VERA er til að mynda langtímaúrræði þar sem við tökum utan um foreldra og barn í nokkra mánuði í heildrænni meðferð. Tímalengdin er allt frá þremur upp í tólf mánuði og fer eftir erfið-

Frá því foreldrasíminn var opnaður hefur hann vart slöknað. Í hann geta foreldrar hringt í okkur í neyð og fengið fyrstu hjálpu, leiðbeiningar með næstu skref, tilvísun frá félagsmálayfirvöldum og/eða bókað tíma hjá okkur.

leikastigi hvers tilfellis fyrir sig.“

Starf Foreldrahúss snýr einnig að fræðslu og forvörnum fyrir foreldra, því að sögn Berglindar sýnir reynslan að fyrirlestrar og hræðsluáróður til barnanna sjálfra duga skammt. „Þess í stað er mikilvægt að fræða foreldra um áhættuhegðunina, einkenni og viðbrögð, fyrsta viðbragð foreldra er ekki alltaf heppilegast, en ráðgjöfin okkar miðast við að valdefla og styðja við foreldra á erfiðum tíma. Við erum líka með sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir foreldra sem eiga unglunga í fíkti eða neyslu. Það getur mörgum reynst mikið áfall að eiga barn í neyslu og oft þarf tíma og ráðgjöf til þess að vinna sig úr því áfalli.“

Foreldrahús býður einnig upp á sálfræðiráðgjöf fyrir unglunga í vanda og fjölskyldur þeirra, fjölskylduráðgjöf, seiglunámskeið fyrir leik- og grunnskólakennara, listmeðferð, fræðslu fyrir fagfólk og foreldra og sáttamiðlun.“

Aðsetur Foreldrahúss er að Suðurlandsbraut 50, í bláu húsum í Skeifunni. Foreldrasíminn 581-1799 er opinn allan sólarhringinn. Þar svarar fagaðili og veitir foreldrum ráðgjöf og stuðning. ■



Ósk Heiða Sveinsdóttir segir verkefnið vera mörg í sibreytilegu umhverfi, en í þeim felist líka mörg tækifæri.

MYND/ADSEND

Viðskiptavinurinn er í öndvegi

Ósk Heiða Sveinsdóttir starfar sem forstöðumaður þjónustu og markaða hjá Póstinum og ber ábyrgð á sölu- og markaðsdeild, þjónustuveri, upplifun viðskiptavina og vefmálum.

„Ég legg mikla áherslu á að það sé gaman í vinnunni því oft reynir á þegar tekist er á við stór og flókin verkefni. Þá þarf að vanda til verka og nýta hugvitið, ástríðuna og þekkinguna sem er til staðar.“

Ósk segir mikilvægast að vinna náið saman þvert á deildir og fyrirtækið allt en með miklu og virku samtali gerist hlutirnir hraðar og árangurinn verði meiri. „Þegar allir dansa í takt, með óskir viðskiptavina að leiðarljósi gerast góðir hlutir.“ bætir hún við.

„Hraði stafrænnar umbreytingar og tækifærin í snjallþroska fyrirtækja gera það að verkum að það er mjög brýnt fyrir öll fyrirtæki að horfa gagnrýnum augum á rekstur, tilgang og sókn til framtíðar,“ segir Ósk. „Við erum meðvituð um þetta og þess vegna er mikilvægt að leggja áherslu á að eiga samtali við markaðinn, að hlusta og bregðast við hugmyndum og rýni.“

Að sögn Óskar hefur Pósturinn gengið í gegnum miklar breytingar, enda er markaðurinn sem fyrirtækið starfar á að taka mjög hröðum breytingum á heimsvísu. „Það eru fá ástarbréf póstlögð í dag en þeim mun fleiri þakkar á ferð og flugi í gegnum kerfin okkar. Við höfum gert góða aðgerðaáætlun fyrir árið 2023 til að bæta þjónustu og leggjum áherslu á framfarir með „litlum sigrum“ en mikilvægum til að koma á umbótum.

Allar breytingar eru að sögn Óskar hugsaðar út frá væntingum viðskiptavina og brátt muni við-

skiptavinir Póstsins upplifa fleiri breytingar til hins betra.

„Það verður áhugavert að sjá hvernig verslun og þjónusta mun ná nýju jafnvægi nú þegar Covid-áhrifanna gætir minna en síðustu ár. Áfram gildir þó að gefa þarf í þegar kemur að stafrænni þróun til að mæta breyttum raunveruleika.“

Við sem neytendur viljum stýra tímanum okkar sjálf. Til dæmis með því að nýta netverslun og heimsendingar og spara tímann sem fer í akstur og heimsóknir í verslanir sem eru dreifðar um landið. Við bara pöntum í netverslun og bókum pitsu, skráum okkur á jóganámskeið og verjum tíma með fjölskyldunni á meðan pakkinn fer sína leið,“ segir Ósk.

Mikilvægi fyrirtækjamenningar

Ósk er umhugað um fyrirtækjamenningu og vaxtarmiðaðan hugsunarhátt. „Góðir leiðtogar þurfa að vera framtíðarþenkjandi og leggja áherslu á að skapa sóknar- og vaxtarmiðaða fyrirtækjamenningu. Hún snýst ekki bara um að kalla eftir nýstárlegum hugmyndum heldur líka að nýta gögn sem verða til í núverandi starfsemi til að gera enn betur. Sifjell endursköpun er nauðsynleg til að fyrirtæki geti vaxið. Það þarf að þora að ögra núverandi ástandi,“ segir hún.

„Árangur næst þegar það er hluti af fyrirtækjamenningunni að aflaga þekkingar og það er svigrúm til að gera tilraunir til að vaxa. Hvort sem hlutirnir ganga upp eða ekki má alltaf draga lærdóm af slíkum tilraunum. Keyrum á gögnum, ekki tilfinningu.“

Að mati Óskar er mikilvægur þáttur í vaxtarmiðaðum hugsunarhátti að hafa hugann bæði

”

Hraði stafrænnar umbreytingar og tækifærin í snjallþroska fyrirtækja gera það að verkum að það er mjög brýnt fyrir öll fyrirtæki að horfa gagnrýnum augum á rekstur, tilgang og sókn til framtíðar.



Meðal nýjunga hjá Póstinum eru pósthólin, sem nú eru komin á tugi staða um allt land og viðskiptavinir geta notað til að senda og sækja póstsendingar.

við núverandi viðskiptavini og þá sem bætast síðar í hópinn. „Staf-ræn vegferð sem nú stendur yfir í mörgum fyrirtækjum býður upp á nýjar leiðir til að leysa verkefni á skilvirkan og notendavænan hátt. Við getum borið kennsl á viðskiptavini framtíðarinnar með gagnrýni og búid til lausnir og þjónustu sem hentar þeim. Í rót-grönu fyrirtæki eins og Póstinum er gagnamengið stórt, en mestu skiptir að það séu dregnar réttar ályktanir af gögnunum. Markmiðið er að fá frekari innsýn í hvernig mögulegt er að taka framförum og gera betur. Þarfir viðskiptavinarins eru og verða alltaf að vera í forgrunni, sama hvert verkefnið er,“ segir hún.

„Að standa vaktina með sterku teymi, þar sem grunnildin eru samvinna og ástríða, er lærdómur sem er engu líkur. Með aukinni áherslu á þjónustukannanir og mælingar sjáum við hvernig viðskiptavinir nýta þjónustuna, það eru dýrmætari upplýsingar sem nýtast okkur í áframhaldandi sókn og umbótum. Verkefni eru mörg, til dæmis réðumst við í stórt verkefni með þjónustuverinu sem snerist um að innleiða stafræna lausn sem snýr að samskiptum við viðskiptavini. Annað skemmtilegt verkefni var rýni á vörumerki Póstsins sem í framhaldinu var tekið til endurskoðunar þó að hið

klassíska lógó sem allir þekkja fái að halda sér,“ segir Ósk.

Rödd viðskiptavinarins þarf að heyrast

„Við ætlum að halda áfram á þessari vegferð og byggja upp þétt pósthólanet um allt land svo að fólk geti sent og sótt pakka hvar og hvenær sem það vill,“ segir Ósk. „Viðskiptavinurinn á að hafa val um hvernig hann á viðskipti og samskipti við okkur og hvort hann kysir að koma á pósthús, hringja í þjónustuverið og fá ráðgjöf hjá starfsmanni, tala við spjallkisann Njál eða í gegnum appið. Það fer bara eftir því hvað hentar hverjum og einum.“ Ósk telur það sjálfsagða kröfu í dag að stýra því hvernig við nýtum þjónustu fyrirtækja sem við skiptum við.

„Það er bara þannig að þegar einu verkefni lýkur, þá tekur nýtt við. Þannig á það líka að vera í lifandi fyrirtæki. Ef það væri ekki „aksjón“ þá væri þetta ekkert gaman. Með samtali við markaðinn sjáum við svo hvernig fólk nýtir þjónustuna okkar og getum þá haldið áfram að þróast og bregðast við í þessu sibreytilega umhverfi, hlutir verða og eiga að taka breytingum. Allt í takt við vonir, óskir og væntingar okkar sem viðskiptavina,“ segir Ósk Heiða Sveinsdóttir hjá Póstinum að lokum. ■

Að hnykla jafnréttisvöðvana á alþjóðavísu

Andrea Róbertsdóttir er framkvæmdastjóri Félags kvenna í atvinnulífinu. Hún segist vera spennt fyrir viðurkenningahátíð FKA á Hótel Reykjavík Grand í dag. Þrjár konur fá viðurkenningu en slíkar viðurkenningar hafa verið veittar frá árinu 1999.

„Já, það verður spennandi fyrir gesti að sjá hvaða þrjár konur við klöppum upp á Viðurkenningahátíð FKA sem fer fram á Hótel Reykjavík Grand í dag,“ segir Andrea, sem rifjar upp hvernig hátíðin hefur verið haldin síðustu tvö ár. „Frá fyrstu Viðurkenningahátíð hafa öll kyn úr framlinu íslensks viðskipta- og atvinnulífs mætt á Viðurkenningahátíð FKA, enda ríkir ávallt mikil eftirvænting fyrir því hver fær FKA viðurkenningu, FKA þakkarviðurkenningu og FKA hvatningarviðurkenningu.“

Svo á tímum heimsfaraldurs kórónuveiru, síðustu tvö ár, var Viðurkenningahátíð FKA haldin hátíðleg í sjónvarpsþætti á Hringbraut í geggjúðu samstarfi, en mikið er gleðilegt að vera aftur að koma saman á glæsilegri hátíð og njóta stundarinnar,“ segir Andrea um hátíðina, sem einnig verður streymt á heimasíðu Fréttablaðsins.

Einföld „NoTech life hack“

Andrea er í fjölbreyttu starfi hjá FKA og segist njóta sín vel. „Það er óhætt að segja að það sé nóg að gera og ávallt mikið um að vera í félagi sem telur um 1.350 konur um landið allt. Ég hef alltaf lúmskt gaman af því þegar hringt er og beðið um markaðsdeildina eða eitthvað álíka þegar það er ég sem er eini starfsmaðurinn á plani.“

Það eru félagskonur sem taka þátt í nefndum og deildum í sínum frítíma og saman töfrum við ýmislegt fram,“ segir Andrea og bætir við: „Ég hvet konur til að láta til sín taka og koma með, enda er þátttaka í FKA frábær leið til að nýta styrkleika sína og stækka sviðið. Síðan er ég sannfærð um að félagsaðild bæti líðan og styrki konur í leik og starfi. Einföld „NoTech life hack“ eins og að vera í einhverju sæti í lífinu, leyfa sér að eiga áhugamál, næra sig og vera ávallt að læra nýja hluti, er nokkuð sem er að virka,“ segir hún og bætir við: „Það er ekki verið að tala um að vera ávallt í fyrsta sæti, heldur tryggja að við konur séum með okkur í einhverju sæti og þá er félagsaðild að FKA svo góður kostur til að setja sig á dagskrá.“

Það er svo misjafnt hvað konur vilja gefa og fá frá FKA en markmiðið er að ólíkar konur finni eitthvað við sitt hæfi og eflist við þátttöku. Konur í félaginu eru að taka inn þekkingu, miðla sjálfar og svo er ýmislegt nýtt sem þær þurfa að tileinka sér til að halda félaginu gangandi í takti við nýja tíma og þá öðlast þær hæfni sem nýtist þeim persónulega og almennt vel í leik og starfi, sem er frábært.“

Við erum ein hruga af fyrra lífi

„Það hefur ekki síður verið mikill skóli fyrir mig að reka félagið á tímum heimsfaraldurs við oft afar krefjandi aðstæður, en þar sem ég hef viðtæka reynslu úr atvinnulífinu hefur þetta gengið afskaplega vel enda gjarnan í góðum félagskap. Við erum ein hruga af fyrra lífi og eigum að vera óhrædd við að skapa okkur og endurskapa,“ segir Andrea og kemur með dæmi af herbergi þar sem eru doktor, smíður, fyrirtækjaeigandi, rektor, blaðakona, ritstjóri, fararstjóri, útgefandi, fjárfestir, garðyrkjufræðingur, skíðakona, hóteleigandi



Sigmundur Ernir Rúnarsson, Katrín S. Óladóttir sem hlaut FKA þakkarviðurkenninguna 2022 og Andrea í myndveri.

MYNDIR/SILLA PÁLS OG FLEIRI



Dr. Ásta Dis Óladóttir, formaður Jafnvægisvogarráðs, Andrea, Bragi Valdimar Skúlason, Birgir Jónsson og Ásta Fjeldsted á ráðstefnu FKA.



Í fjörunu á Akranesi með Tinnu Ósk úr stjórn FKA Vesturland, sem er Skagamaður ársins, Söndru Margréti, Stefaniu formanni FKA Vesturland og Dagnýju.

Vil ég í starfi mínu tryggja tækifæri samfélagsins til að njóta sérfræðipækkingar og reynslu kvenna.

og kennari. „Hvað eru þetta margar konur?“ spyr Andrea glöð í bragði.

„Ég skal segja þér það, þetta er sönn saga af tveimur félagskonum í sama herbergi. Það eru magnaðar neglur í þessu félagi, með guð má vita hvað marga hatta og það er sama hvaða dagur er, ég er alltaf að heyra sögur af konum og kynnst konum sem ég sé bara fyrirsgarnirnar frussast af. Algjörir meistarar, sigurvegarar með þvílíka seiglu, kraft og hæfni. Nú, svo þegar það er svona margt um að vera og

þriðja, fjórða og fimmta vaktin eru þarna alltumlykjandi þegar konur eiga í hlut, er mikilvægt að brenna ekki upp í báða enda.“

Félagsstörf eru án staðsetninga hjá FKA og hver og ein kona stjórnar ferðinni fyrir sig einmitt vegna alls sem við erum með í fanginu. Þá er eðlilegt að vera ekki alltaf virk á öllum vígstöðvum og konur verða að passa að hlúa vel að sér og heilsunni.“

Besti dagurinn til að gera eitthvað er NÚNA!

„Á sama tíma og það er mikilvægt að skella sér af stað í eitt og annað þá er þetta fin lína. Ég persónulega haga mér stundum eins og ég sé að fara að deyja á morgun og langur kafla í þeim gir endar gjarnan með viðvörunarljósum,“ segir Andrea alvarleg. „Besti dagurinn til að gera eitthvað er núna. Það væri frábært



Andrea segir sér liða vel í fjölbreyttu starfi bak við tjöldin í þjónustu við félagskonur og atvinnulífið.



Heimsfaraldur stöðvaði ekki FKA í að heiðra konur í takt við sóttvarnarreglur.

að geta byrjað í fyrra eða í síðustu viku að gera eitt og annað, en það er ekki í boði og þá er það dagurinn í dag sem er málið og þá á ég það til að taka að mér allt of mikið, en er fljót að koma mér í jafnvægi aftur sem betur fer. Það er svona að elska mánudaga og janúar og vera í gefandi starfi,“ segir Andrea, sem bendir á að hver og ein félagskona FKA sé dýrmætur hlekkur í keðjunni.

„Mér er umhugað um tækifæri allra kynja, að öll njótum við sannmælis og fáum verðskulduð tækifæri en ekki sist vil ég í starfi mínu tryggja tækifæri samfélagsins til að njóta sérfræðipækkingar og reynslu kvenna. Ég held að það þurfi ekki fleiri fræðslustundir um kosti og mikilvægi jafnréttis. Við erum með heilu doðrantana sem benda á það. Held að næsta skref sé að grípa til aðgerða til að koma hlutunum í almennilegt lag er

kemur að jöfnum tækifærum, því okkur er það öllum ljóst að jafnréttið er ekki að koma af sjálfu sér, né með vinsamlegum tilmælum og fræðslu og sumt ekki einu sinni með lagasetningu. Þá tel ég þörf á að vaða í aðgerðir, svona alvöru grjóthart kellingavæl sem mörg kalla forræðishyggu og bull,“ segir Andrea glottandi.

„Að öllu gamni slepptu þá eru jafnréttismál öryggismál, mannréttindi og mál okkar allra og viðurlög við brotum á lögum er kemur að jafnrétti eru því umhyggja. Það er athyglisvert hvað stjórnvöld elska að hnykla jafnréttisvöðvana á alþjóðavísu og segja stolt frá jafnréttisparadisinni Íslandi, þegar jafnréttinu hefur ekki verið náð hér á landi og bakslag og stöðnun blasir við. Góðu fréttirnar eru að við getum tekið ákvörðun um að breyta og um að gera enn betur í stóru og smáu.“ ■



Það er gaman að mæta í vinnuna

Sigfríður Pálína Konráðsdóttir vélvirki og Bryndís Blöndal rafeindavirki starfa hjá Rio Tinto.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fjölbreytt og skemmtileg verkefni einkenna störf rafeindavirkjans Bryndísar Blöndal og vélvirkjans Sigfríðar Pálinu Konráðsdóttur sem starfa hjá Rio Tinto.

Rafeindavirkinn Bryndís Blöndal og vélvirkinn Sigfríður Pálína Konráðsdóttir starfa hjá Rio Tinto og kunna afar vel við sig þar. Hlutfall kvenna í greininni hefur frá upphafi verið lágt en það er smátt og smátt að breytast.

Þær eru sammála um að fjölbreyttur hópur starfsfólks komi fyrirtækinu til góða og í álverum sé að finna fjölbreytt störf sem hæfi öllum kynjum.

„Hlutfall okkar kvenna hér er mjög lágt á móti körlum,“ segir Sigfríður, sem var til dæmis fyrsta konan sem varð flokkstjóri innan fyrirtækisins. „Strákarnir eru flestir mjög skemmtilegir og það er auðvelt að vinna með þeim. Oft er ég eina konan, sem er alveg fint, en ég vil samt hvetja aðrar til að sækja um. Mér finnst starfið mjög skemmtilegt og vil endilega að fleiri konur leggi þetta fyrir sig. Ég hef fundið fyrir einni breytingu frá því að ég byrjaði hér, sem er að starfsfólkið er hætt að spá jafn mikið í kyn iðnaðarmannsins og horfir frekar á hæfni hans.“

Bryndís segir að það sé öllum starfsstéttum hollt að hafa fjölbreyttan hóp starfsfólks. „Það er nauðsynlegt að kvenfólk viti að þessi störf séu til og séu opin öllum kynjum. Það er skemmtilegra að vinna í fjölbreyttum hópi og það opnar nýjar víddir í starfsemi hvers fyrirtækis.“



Mér finnst starfið mjög skemmtilegt og vil endilega að fleiri konur leggi þetta fyrir sig.

Sigfríður Pálína Konráðsdóttir

Þarf að kynna störfin betur

En hvernig er hægt að gera fjölbreytt störf í álverum meira spennandi, til dæmis í augum ungra kvenna sem eru að velta fyrir sér framtíðarstörfum?

„Það má gera til dæmis með því að kynna störfin betur, láta þær vita af tækifærunum sem þau gefa og segja þeim frá launaörygginu sem felst í þeim,“ segir Bryndís. „Það er alltaf þörf á iðnaðarmönnum, það er öruggt. Einnig er nauðsynlegt að sýna þeim að það eru konur í þessum störfum fyrir svo þær sjá okkur og hugsu með sér: „Fyrst hún gat þetta, þá get ég það líka.“ Svo vantar eflaust meiri kynningu á iðnaðarstörfum á grunnstigum skólagöngunnar þannig að það yti betur undir áhugann.“

Sigfríður tekur undir orð Bryndísar. „Til að gera þessi störf meira spennandi í augum kvenna verður að byrja á því að fræða. Það þarf að gera þeim ljóst að vélvirki er ekki endilega einhver skitavinna. Það er endalaust af mismunandi verkefnum og flest öll þeirra eru hvorki líkamlega erfið né skitug. Því þarf að kynna þessi störf fyrir krökkum í skóla með það í huga að þau séu möguleiki fyrir öll kyn.“

Gaman að vinna með höndunum

Bryndís kláraði stúdentspróf af náttúrufræðibraut samhliða grunnnámi rafíðna. Eftir útskrift var hún óráðin með framtíðina en skræði sig þó í líffræði við Háskóla Íslands en fann sig ekki þar. „Ég ákvað þá að fara í rafeindavirkjun enda kunni ég mjög vel við fagið. Frá því ég man eftir mér hef ég

haft mikinn áhuga á því að skrúfa hluti í sundur og spá í hvernig þeir virka, þó svo að þeir hafi nú ekki alltaf farið rétt saman aftur. Þegar ég kláraði námið var ég spenn fyrir því að læra meira með því að vinna sem rafeindavirki og verða þar með öflugri starfskraftur.“

Áhugi Sigfríðar á vélvirkjun kviknaði hins vegar þegar billinn hennar bilaði og hún fékk að laga hann sjálf á bilaverkstæði hjá bróður sínum. „Ég hafði aldrei gaman af bóklegum fögum þegar ég var ung og iðnnám hljómaði svo skemmtilega. Bara það að losa nokkra bolta, skipta út því sem er bilað og herða aftur. Að fá að gera allt með höndunum hljómaði skemmtilega.“ Hún kláraði síðar véliðfræði frá Háskólanum í Reykjavík.

Oft krefjandi verkefni

Í störfum sínum hjá Rio Tinto takast þær báðar á við fjölbreytt og skemmtileg verkefni. „Helstu verkefni felast að mestu leyti í fyrirbyggjandi viðhaldi, kvörðunum og prófunum á til dæmis vogum og mælum, en einnig í bilanagreiningu og uppsetningu á búnaði,“ segir Bryndís. Hún segir starfið vera mjög fjölbreytt og oft og tíðum krefjandi þegar leysa þarf flóknar bilanir. „Fjölbreytni verkefna frá degi til dags gerir starfið spennandi. Ég er alltaf að koma á nýja stadi, sjá eitthvað nýtt og læra meira. Það skemmir heldur ekki fyrir hvað mórallinn er góður, samstarfsfólkið skemmtilegt og að við hjálpumst að þegar þess þarf.“

Sigfríður byrjaði sem nemi hjá

álverinu í Straumsvík, fór milli hópa og segist hafa lært hægt og rólega á alla verksmiðjuna. „Ég man alltaf fyrsta daginn minn hér því mér fannst þetta vera eins og lítið bæjarfélag með mörgum húsum, götum, bílum og slökkvi-stöð. Nú í dag er ég orðin flokkstjóri yfir einum hóp hér á aðalverkstæðinu.“ Hlutverk hennar er að útdeila beiðnum til fjórtán starfsmanna, þar á meðal vélvirkja, rafvirkja og málara, plana verk sem eru fyrir næstu viku með planara mínum og verkstjóra. Svo sinni ég einnig vélvirkjavinnu eins og uppgerð á varahlutum, bilanagreiningu og fyrirbyggjandi viðhaldi. Það eru einnig bakvaktir hér þar sem við erum hringd út á kvöldin og um helgar og sinni ég því fimm sinnum á ári.“

Framtíðin björt

Þær eru því báðar mjög sáttar í starfi og horfa björtum augum til framtíðar. „Þegar ég var búin að vinna við rafeindavirkjun í fjögur ár ákvað ég að bæta iðnmeistaránáminu við mig. Þá fór ég á mörg skemmtileg námskeið hjá Rafmennt auk þess að vera í bóklegu námi. Iðnmeistaránámið var skemmtileg viðbót sem gerir mér kleift að vera með nema og miðla þekkingu minni áfram. Ég stefni á að halda áfram að fara á námskeið, bæði hérlendis og erlendis.“

Sigfríður segir sér hafa gengið vel að vinna sig upp hjá fyrirtækinu. „Það er gaman að mæta í vinnuna og verkefni eru fjölbreytileg. Framtíðin mín er óljós en það verður bara gaman að sjá hvað framtíðin ber í skauti sér.“ ■

Fjölbreytni verkefna frá degi til dags gerir starfið spennandi.

Bryndís Blöndal

Staðlar gera heiminn öruggari og betri

Það fallega við stöðlun og staðlagerð er að í heimi viðskipta, þar sem mikil samkeppni ríkir, koma keppinautar saman sem samherjar og sammælast um viðmið og lausnir. Í vefverslun Staðlaráðs má finna 70.000 staðla, þar af um 30.000 íslenska, sem viðkoma öllu milli himins og jarðar.

Fæstir hugsa um staðla dagsdaglega, hvað þá alla daga, allan ársins hring. Það á þó ekki við um Helgu Sigrúnu Harðardóttur, fimm barna ömmu og framkvæmdastjóra Staðlaráðs Íslands. Eftir að hafa lokið fimmta háskólaprófinu og bætt við sig lögmannsréttindum að auki tók hún að sér framkvæmdastjórn ráðsins og hefur ekki leiðst einn dag í vinnunni síðan.

Áður hafði hún rekið höfundaréttarsamtök, verið á þingi, unnið við ráðgjöf og kennslu, dagskrárgerð og sitthvað fleira. Aðspurð segir Helga Sigrún að það fallegasta við stöðlun og staðlagerð sé að í heimi viðskipta, þar sem mikil samkeppni ríki oft, komi keppinautar saman sem samherjar og sammælist um viðmið og lausnir sem auðveldi hlítu við lög, neytendavernd, gæðastjórnun og traust viðskiptavina svo eitthvað sé nefnt. „Í mörgum tilvikum hafi stöðlun einnig haft bein áhrif á fjárhag almennings vegna staðlaðra lausna og samvirkni, sem lækka kostnað við vörur og þjónustu. Má þar nefna til dæmis stöðlun flutningagáma og tengd kerfi.“

Sparnaður og traustara regluverk Staðlaráð á aðild að evrópskum og alþjóðlegum staðlasamtökum, samráðsvettvangi um stöðlun og staðla sem ná til 95% mannkyns. „Staðlar innihalda samandregna þekkingu bestu sérfræðinga sem þeir að auki hafa sammælist um. Venjulega eru staðlar nokkurs konar sjálfsreglusetning hagaðila en það færast í vöxt að stjórnvöld noti þá sem hluta regluverksins. Þannig er hagaðilum treyst fyrir því að útfæra regluverkið með dýpri sérfræðþekkingu en til er hjá stjórnvöldunum sjálfum. Í því felst ómetanlegur sparnaður og traustara regluverk.“

Staðlar skiptast í nokkra flokka að sögn Helgu Sigrúnar. „Þeir eru grunnstaðlar, til dæmis um mál og vog, kerfistaðlar sem segja til um útfærslu á kerfum, hugtaka- og táknaðstaðlar sem innihalda skilgreiningar á iðorðum, vörumerkingum, tákni og svo framvegis, stærðarstaðlar, prófunarstaðlar, getu- og virknistaðlar og aðferðarstaðlar, svo sem um vinnulag, ferli og aðferðir.“

Þarf ekki að finna upp hjólið

Helga Sigrún bætir við að það sé engin tilviljun að metrinn sé alls staðar jafn langur og að fjarskiptakerfi og alls kyns önnur kerfi vinni saman sem ein heild. „Það væri furðulegur og hættulegur heimur sem við lifðum í ef ekki væri fyrir staðla því þá þyrftum við að finna upp hjólið næstum á hverjum degi og engin trygging væri fyrir því að hlutir virkuðu eða væru öruggir.“

Þegar staðla vantar tókum við umsvifalaust eftir því, eins og þegar við þurfum að kaupa millistykki í rafmagnsinnstungur erlendis. „Við hugsum hins vegar minna um þá þó að stöðlun tryggir virkni grunninnviða eins og orkugrunnvirkja, mannvirkjagerðar, samgangna, fjármálakerfa og fjarskipta.“

Aukin þátttaka kvenna í stöðlun er líka gríðarlega mikilvæg til að staðlar taki örugglega tillit til samfélagslegra og líkamlegra þarfa allra, bætir hún við. „Mistök eins



Helga Sigrún Harðardóttir, framkvæmdastjóri Staðlaráðs, segir mörg tækifæri til að ná betri árangri með stöðlum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Hjá Staðlaráði eru fjórir starfsmenn af sjö konur. Samanlagður starfsaldur þeirra er 83 ár. F.v. eru Kristbjörg Richter, Helga Sigrún Harðardóttir, Anna Þóra Bragadóttir og Arnhildur Arnaldsdóttir.

Við erum þátttakendur á þeim sviðum sem brýn eru fyrir íslenskt samfélag og erum staðráðin í að skila betra samfélagi til komandi kynslóða og gefum engan afslátt af þeim áformum.

Helga Sigrún Harðardóttir

og þau að staðlaðar brúður sem notaðar eru við árekstrarpróf (e. crash test dummies) hafa lengst af allar verið „af karlkyni“ mega ekki endurtaka sig.“

Mikilvægur hluti innviða

Íslensk stöðlun er mikilvægur hluti af grunninnviðum landsins, virkni þess og öryggi fólks. Á vettvangi ráðsins er markvisst unnið að stöðl-

un og þýðingum erlendra staðla á sviði mannvirkja- og rafmagnsmála, upplýsingatækni og fiskimála auk umhverfis- og loftslagsmála. „Þá varð jafnlaunastaðallinn ÍST 85 einnig til hjá Staðlaráði. Vísað er til fjölda staðla í íslenskrí löggjöf, ekki síst þegar kemur að innleiðingu löggjafar frá Evrópu. Riflega 4.000 staðlar eru í raun afleiðd löggjöf vegna tilvísunar til þeirra í vöru- og þjónustutílskipunum ESB, sem innleiðdar hafa verið hérlandis. Þeir eru þannig hornsteinn neytendaverndar í allri Evrópu.“

Staðlar auðvelda útfærslu grunnkraftna í löggjöf að sögn Helgu Sigrúnar. Þeir eru mjög mikilvæg viðbót við hið hefðbundna regluverk til að auðvelda hlítu við lög, auka gæði og samræma framkvæmd og virkni alls kyns mikilvægra hluta sem við notum daglega. „Staðlar geta því bæði opnað nýja farvegi fyrir viðskipti, nýsköpun, traust, gæði og virkni en eru líka frábært smurefni með löggjöf.“

Sífellt meiri umhverfiskröfur

Niðurstöður rannsóknna á ítrekaðri framúrkeyrslu opinberra verkefna, benda til þess að notkun staðlaðra verkfæra, svo sem við áhættumat, eignastjórnun og almenna gæðastjórnun verkefna, geti breytt þeirri staðreynd. „Það er að minnsta kosti reynsla Norðmanna af staðlanotkun við undirbúning og framkvæmd opinberra verkefna sem með lögleiðingu krafna um gæðastjórnun við opinberar framkvæmdir skilar nú 80% þeirra innan tíma- og kostnaðaráætlana. Það eru því fjölmörg önytt tækifæri til staðlanotkunar á Íslandi í ýmsum greinum.“

Það færast svo í aukana að gerðar séu auknar umhverfiskröfur til alls kyns vara og má nefna að á komandi árum verða endurskoðaðir rúmlega 700 staðlar, sem segja til um kröfur til CE-merkingar byggingarvara. „Ætlunin er að bæta við kröfum á sviði umhverfismála, svo sem um endurnýtanleika, endingu, viðgerðarhæfi og

fleira. Þátttaka íslenskra hagaðila skiptir því mjög miklu máli þar til að virkni og ending endurspeglir íslenskar aðstæður.“

Vilja skila betra samfélagi

Það er því ljóst að Staðlaráði er fært óviðkomandi. „Bæði Evrópusambandið og Alþjóðaviðskiptastofnunin WTO leggja mikla áherslu á staðlanotkun til að samhæfa kröfur og öryggi yfir landamæri og til að brjóta niður viðskiptahindranir á milli landa.“

Í vefverslun Staðlaráðs má finna 70.000 staðla, þar af um 30.000 íslenska, sem viðkoma öllu milli himins og jarðar. „Staðlagerð er á fullu þar sem þróun er hröð, til dæmis vegna orkuskipta, stafrennar þróunar, gervigreindar og loftslagsmála. Við erum þátttakendur á þeim sviðum sem brýn eru fyrir íslenskt samfélag og erum staðráðin í að skila betra samfélagi til komandi kynslóða og gefum engan afslátt af þeim áformum.“ ■

Krónan hlýtur Hvatningarverðlaun jafnréttismála árið 2022

Krónan hlaut Hvatningarverðlaun jafnréttismála Samtaka atvinnulífsins og Háskóla Íslands árið 2022. Viðurkenninguna hljóta fyrirtæki sem sett hafa jafnrétti á oddinn og skapað góða fyrirtækjamenningu, þar sem jafnrétti og virðing fyrir fjölbreytileika samfélagsins er í hávegum höfð.

„Við erum afar stolt og þakklát fyrir hvatningarverðlaunin,“ segir Guðrún Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Krónunnar.

„Fjölbreytileiki skiptir svo sannarlega máli og við viljum gefa starfsfólki okkar tækifæri á að vaxa í starfi óháð kyni, kynþætti eða þjóðerni, kynhneigð, aldri, trú, skoðunum eða fötlun. Við vitum að jafnrétti gerist ekki sjálfkrafa og því er meðvitund um málið mikilvæg.“

Guðrún segir stjórnendur Krónunnar vera vakandi fyrir ómeðvitaðri hlutdrægni og einsetja sér að forðast einsleitni í ráðningum.

„Fjölbreytileiki leiðir af sér skapandi umræðu, aukið umburðarlyndi, skilning fyrir ólíkum sjónarmiðum og vísýnni mynd á áskoranir og tækifæri. Fjölbreytileiki eykur einfaldlega samkeppnishæfni. Við erum alls konar í okkar samfélagi og vinnustaðir eiga að endurspeglja það í ráðningum sínum.“

Krónan og Festi hafa sýnt gott fordæmi

Guðrún hóf störf í Krónunni í lok árs 2020, þá komin sex mánuði á leið með sitt annað barn.

„Tímarnir eru svo sannarlega



Frá vinstri: Guðrún Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Krónunnar, María Guðrún Jósepsdóttir, verslunarstjóri Krónunnar í Mosfellsbæ, og Ásthildur María Jóhannsdóttir, verslunarstjóri Krónunnar í Lindum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

að breytast og það er aukinn skilningur og sveigjanleiki fyrir því í atvinnulífinu að það þarf að ríkja ákveðið jafnvægi á milli vinnu og einkalífs. Það að vera kona á barneignaraldri á ekki að draga úr tækifærum þínum á að láta til þín taka í atvinnulífinu ef áhuginn liggur þar. Hér finnst mér Krónan og Festi sem móðurfélag sýna frábært fordæmi,“ segir

Guðrún og heldur áfram: „En það er auðvitað ekki nóg að jafna hlutföllin fyrir konur heldur þarf að taka tillit til allra hópa og tryggja að jöfn tækifæri séu til staðar.“

Krónan hefur í tæp tuttugu ár verið í samstarfi við Vinnuálagstofnun í verkefni sem kallast Atvinna með stuðningi.

„Þar fá einstaklingar sem búa við skerta starfsgegu þjálfun

í starfi og stuðning. Við hjá Krónunni erum einnig með skýra stefnu, tilgang og markmið í mál-efnum starfsmanna af erlendum uppruna þar sem við meðal annars bjóðum upp á fræðslu þar sem farið er yfir menningarmun og fjölbreytileika á vinnustað og hvernig það er að vera af erlendu bergi brotnu og á íslenskum vinnu- markaði,“ greinir Guðrún frá.

Fá fjölbreytt viðhorf og ólíka einstaklinga að borðinu

Að sögn Guðrúnar hefur náðst sýnilegur árangur á undanföllum tveimur árum.

„Kvenkyns verslunarstjórum, samkynhneigðum verslunarstjórum og verslunarstjórum af erlendu bergi brotnu hefur fjölgað í Krónunni. Einnig stýrir kona veltuhæstu einingu Krónunnar og almennt hefur konum fjölgað í starfsmannahópi Krónunnar,“ segir Guðrún og bætir við:

„Þetta er okkur mikilvægt og við ætlum svo sannarlega að halda áfram á þessari vegferð. Fyrir utan virði þess að fá fjölbreytt viðhorf að borðinu þá er líka bara skemmtilegra að vera í umhverfi þar sem ólíkir einstaklingar með mismunandi bakgrunn og skoðanir fá að njóta sín.“

Krónan sé eftirsóttur vinnustaður

Guðrún segir markmið Krónunnar að vera eftirsóttur vinnustaður.

„Við teljum ánægt starfsfólk vera lykilinn að því. Það er útgangspunktur okkar að starfsfólki líði vel í vinnunni og það hlakki til að mæta og takast á við verkefni dagsins. Það eru ýmsir þættir sem við litum til sem stuðla að þessu en í grunninn erum við til staðar fyrir hvert annað og ég held að fólk finni fyrir því þegar það hefur störf hjá okkur. Þetta, ásamt okkar einlæga vilja til að gera alltaf betur í dag en í gær, er hluti af okkar DNA og það skín í gegn.“ ■

Sjá allt um Krónuna á kronan.is

Gott að setja sér markmið og stefna hátt

Ásthildur María Jóhannsdóttir hefur alla tíð verið áhugasöm um verslunarstörf. Hún var ekki nema sextán ára þegar hún hóf störf hjá Nóatúni í JL-húsinu og var ung að árum þegar hún vann sig upp í að verða vaktstjóri.

„Síðan þá hef ég unnið öll störf innan verslunar, verið á kassa, í kjöti, grænmetinu og á lager. Það er einmitt fjölbreytileikinn sem gerir verslunarstörf svo skemmtileg,“ segir Ásthildur sem nú hefur sinnt verslunarstörfum í 23 ár.

„En auðvitað reikaði hugurinn í aðrar áttir. Ég lauk BS-námi í tannsmíði við HÍ og vann samhliða náminu í Nóatúni um helgar. Árið 2015 fékk ég svo tækifæri til að vinna í fullu starfi í Nóatúni, sem ég þáði. Það átti að vera í skamman tíma en verslunarstarfið er bara svo skemmtilegt að ég er hér enn,“ segir Ásthildur kát.

Að mati Ásthildar er enginn dagur eins hjá verslunarstjóra því starfið sé bæði mjög flæðandi og verkefni fjölbreytt. „Mér finnst mikilvægt að byrja hvern dag á að heilsa starfsfólkinu og bjóða góðan dag. Svo tekur við hringur um búðina til að athuga stöðuna og í stórri búð eins og Lindum er í mörg horn að líta. Verslunarstjóri ber ábyrgð á öllum rekstri og þarf að hafa umsjón með öllu sem viðkemur búðinni, allt frá því að ekki sé rusl á bílplani til þess að ekki vanti vörur sem viðskiptavinum vantar og svo mætti lengi telja.“

Ásthildur segir kaflaskipti hafi orðið þegar Ásta Fjeldsted, sem



nú er forstjóri Festi, var ráðin framkvæmdastjóri Krónunnar.

„Ásta kom inn með slíka orku að eftir var tekið og hún varð manni innblástur um að maður gæti stefnt hærra og þangað var stefnan sett.“

Ásthildur segir mikilvægt að konur fái tækifæri til jafns við karla því hæfni en ekki kyn eigi að stjórna því hvort einstaklingur sé hæfur stjórnandi. „Þegar ég var ung að hefja störf sem stjórnandi var þetta mjög karllægur bransi. Nánast allir verslunarstjórar voru karlmenn á miðjum aldri, konur voru frekar aðstoðarverslunarstjórar eða vaktstjórar. Hugafarið var á þá lund að viðvera verslunarstjóra væri það mikil að konur sem áttu börn og fjölskyldu gætu ekki með nokkru móti sinnt starfi verslunarstjóra, en með tilkomu nýrra stjórnenda og í anda Krónunnar er ég hér og var einstæð tveggja barna móðir þegar ég varð verslunarstjóri hjá Krónunni.“

Ásthildur segir Krónuna styðja vel við starfsþróun starfsfólks og að mikilvæguleikar séu fyrir þá sem vilja að ná langt. „Fyrir tilstuðlan Krónunnar er

ég nú í námi í viðskiptafræði og verslunarstjórnun á Bifröst. Þá sýndi Ólafur Rúnar, rekstrarstjóri Krónunnar, mér mikið traust þegar hann fól mér að stýra stærstu verslun Krónunnar í Lindum. Ég þurfti ekki að hugsa mig lengi um því ég er metnaðargjörn að eðlisfari og allt sem ég tek mér fyrir hendur geri ég af heilum hug. Ég stefni alltaf á að ná lengra og þróast í starfi.“

Ásthildur telur kyn verslunarstjóra ekki segja til um hvernig stjórnendur þeir eru. „En ég tel að konur hafi góða yfirsýn yfir rekstur verslunar sem er að mörgu leyti líkt því að reka heimili.“

Til að vaxa og dafna í starfi þykir Ásthildur mestu skipta að hafa eldmóð og áhuga á starfinu, og setja sér skýr markmið og stefna hátt. „Að hafa óbilandi trú á því sem maður gerir og standa óhrædd með ákvörðunum sem maður tekur. Það er ekki að ástæðulausu sem starfsaldur innan Krónunnar er hár. Samheldni og góður starfsandi er ríkjandi og unnið er markvisst að því að stuðla að velliðan starfsfólksins.“



Alltaf dreymt um að stýra verslun

María Guðrún Jósepsdóttir hóf störf í Krónunni á Reyðarfirði í febrúar 2018. Þar starfaði hún sem aðstoðarverslunarstjóri en í dag er hún verslunarstjóri Krónunnar í Mosfellsbæ.

Ætlaðir þú alltaf að verða verslunarstjóri?

„Já, það hefur alltaf verið markmiðið að vaxa í starfi. Ég byrjaði í verslunarbransanum 2006 en ákvað svo að breyta um starfsvettvang. Hugurinn leitaði hins vegar alltaf aftur í verslunarbransann. Ég hef alltaf átt draum um að stýra verslun og vera hluti af flottum hóp.“

Hvernig er venjulegur dagur hjá verslunarstjóra?

„Það er enginn dagur eins hjá okkur, en heilt yfir hefur verslunarstjóri yfirsýn og umsjón með daglegum rekstri verslunarinnar ásamt því að sinna þeim mörgu og fjölbreyttu verkefnum sem upp koma. Í þessu starfi er hægt að hafa jákvæð áhrif, hvort sem það við kemur rekstri verslunar eða samskiptum við viðskiptavinum og starfsfólk. Það höfðar

mikið til mín.“

Finnst þér mikilvægt að jafna kynjahlutföllin?

„Mér finnst mikilvægt að allir fái sömu tækifæri óháð kyni. Hæfni einstaklings ætti að ráð úrslitum þegar verið er að ráða inn fólk.“

Hvernig hefur Krónan stutt við þína starfsþróun?

„Krónan hefur hvatt mig til þess að þróast í starfi með ýmsum leiðum, meðal annars með því að bjóða upp á nám og námskeið. Ég er til dæmis núna í námi sem heitir Fagnám verslunar og þjónustu í Verzlunarskóla Íslands. Einnig hef ég verið í leiðtogabjálfun hjá KVAN.“

Hvað finnst þér skipta máli til að vaxa og dafna í starfi?

„Það skiptir máli að hafa stuðning og traust yfirmanns og til að vaxa og dafna í starfi þarf maður að sinna starfinu af áhuga. Sem verslunarstjóra finnst mér mikilvægt að ná vel utan um teymið og að við séum ein liðsheld. Við erum í þessu saman og þannig náum við árangri.“

Fallegur klæðnaður eykur sjálfsöryggi

Verslunin Belladonna hefur verið starfandi í tæp 19 ár og hefur fyrir löngu unnið sér sess hjá konum sem velja fallegan og vandaðan fatnað. Nú er vorlínan að streyma inn með spennandi nýjungum.

Stella Ingibjörg Leifsdóttir, eigandi Belladonna, segir að það sé alltaf gaman þegar vorlínan komi í verslunina. „Það verður sko hægt að dressa sig upp fyrir páskana og voríð hjá okkur,“ segir hún. „Það er margt spennandi að gerast með vorinu, fallegir litir og fjölbreytt tíska. Konur eru alltaf velkomnar til okkar í verslunina í Skeifunni 8 til að skoða og máta. Við tökum vel á móti viðskiptavinum okkar og veitum persónulega og faglega þjónustu,“ segir Stella.

Fatnaður hjá Belladonna er í stærðum frá 38–60, jafnt fyrir vinnuna eða viðburði. Þá eru einnig í boði fallegar yfirhafnir. „Það skiptir sköpum fyrir sjálfstraust og útgeislun kvenna að klæðast flikum sem fara þeim vel,“ segir Stella, en hún hefur mikla ástríðu fyrir vinnunni og verður alltaf jafnglöð þegar viðskiptavinir hennar ganga út með sælubros á vör eftir að hafa fundið réttu flikina eða hlutinn sem leitað var að.

Fjölbreyntin er í fyrirrúmi hjá Belladonna sem býður upp á mikið úrval af smart og vönduðum tískufatnaði og fylgihlutum. Vörurnar koma frá Danmörku, Hollandi og Þýskalandi. „Merkin eru ólík og henta fyrir mismunandi aldershópa, enda eru viðskiptavinir Belladonna á breiðu aldersbili. Litir og áferð passa við hverja árs-



Stella Ingibjörg segir að vorlínan sem nú fari að berast í verslunina verði glæsileg.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

tíð og allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Við leitumst við að bjóða upp á fjölbreytni, þægindi og góð verð,“ segir Stella og bætir við að mikill metnaður sé lagður í að láta þetta þrennt fara saman.

„Núna erum við á fullu að taka upp vorsendingar. Við leggjum áherslu á mikið úrval af vönduðum vörum en lítið magn af hverri gerð, því það þurfa ekki allir að vera eins,“ segir Stella. „Eins og nærri má geta með verslun sem er

með svo fá eintök af hverri tegund þá eru breytingar örvar í búðinni og nýjar sendingar eru teknar upp í hverri viku. Þessi ríka áhersla á einstaklingseðli kvenna hefur áhrif á innkaupastefnu verslunarinnar,“ segir Stella og hefur fundið ánægju viðskiptavina með þetta fyrirkomulag.

„Við erum með mikið úrval af fallegum og fágúðum sparifötum og eigum og eigum eftir að fá enn meira. Síðan eru það yfirhafnir,

fylgihlutir og allt þar á milli svo hægt er að raða saman heildarútlitinu, hver og ein eftir sínum stíl,“ segir Stella, sem nýtur þess að aðstoða viðskiptavini sína við að finna réttu flikina.

Netverslun hefur stóraukist hjá Belladonna en hún er opin allan sólarhringinn. „Það er ávallt hægt að versla á netinu, í vefversluninni getur þú skoðað þig um og verslað á þínum hraða þegar þér hentar og fengið vörurnar sendar heim sem

Merkin eru ólík og henta fyrir mismunandi aldurshópa, enda eru viðskiptavinir Belladonna á breiðu aldersbili.

sparar tíma og fyrirhöfn og hentar líka mjög vel fyrir viðskiptavini okkar á landsbyggðinni,“ segir Stella og bætir við: „Við leggjum mikla áherslu á basic vörur, því við þurfum jú allar að eiga góðan grunn fyrir alla daga, eins og buxur, boli, túníkur og leggings að ógleymdum sokkum og nærfatnaði. Síðan koma alls konar nýjar vörur inn, eitthvað nýtt og spennandi í hverri viku.“ ■

Opnunartími í Belladonna er klukkan 11-18 virka daga og klukkan 11-15 á laugardögum í Skeifunni 8, sími 517-6460. Sjá einnig belladonna.is, facebook.com/VersluninBelladonna og Instagram @verslunin_belladonna. Netverslun www.belladonna.is

Fínni línur án tímafrekra aðgerða

Kristín Tinna Aradóttir er framkvæmdastjóri og með-eigandi Wrinkles Schminkles Iceland og leiðir einnig gönguhópinn Fjalladrottningar sem starfar innan FKA.

Kristín Tinna er 34 ára og starfaði áður í 8 ár hjá Árvakri á auglýsinga- og markaðssviði áður en hún féll fyrir áströlskum húðvörum sem henni fannst Íslendingar eiga skilið að kynna.

„Wrinkles Schminkles eru ástralskar vörur sem vinna gegn ótímabærri öldrun húðar á náttúrulegan hátt. Við höfðum tekið eftir þessum vörum í vinsælum þáttum eins og Real housewives of Australia, Revenge Body með Khloé Kardashian og í Shark Tank svo eitthvað sé nefnt og vakti áhuga okkar og við þurftum að prófa. Árangurinn leyndi ekki á sér og var því farið í að flytja þetta til landsins,“ segir Kristín Tinna sem rekur fyrirtækið ásamt Alexöndru Eir Davíðsdóttur.

Wrinkles Schminkles Iceland var síðan stofnað í nóvember 2021. „Við byrjuðum rólega með okkar eigin vefverslun og inni á vel völdum snyrtistofum en núna erum við búnar að stækka töluvert, erum komnar í verslanir á borð við Hagkaup og Heimkaup og erum á leiðinni í stóra apótekakeðju ásamt því að vera enn á fjölmörgum snyrtistofum um land allt.“

Algjör tófravara

Hún segir vöruúrval Wrinkles Schminkles einar fjölbreytt. „Við erum með breitt úrval af hágæða vörum sem allar vinna á einn eða annan hátt gegn fínnum línum og auka ljóma húðarinnar. Ávaxtasýrumedferðir og örnálamedferðir



Kristín Tinna Aradóttir, með-eigandi og framkvæmdastjóri Wrinkles Schminkles Iceland.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

á snyrtistofum eru geysivinsælar en geta verið tímafrekar og stundum erfitt að finna tíma sem lendir ekki á vinnutíma eða tekur tíma frá þér frá börnunum svo dæmi séu tekin. Við erum því til dæmis með ávaxtasýrukúlta sem eru sérhannaðir fyrir andlit og aðra fyrir háls og bringu og tekur sú meðferð aðeins 2 mínútur heima í stofu. Sama með örnálamedferðir, við bjóðum upp á örnáplástra sem unnu einmitt til verðlaunanna Beauty Award 2022. Plástrarnir eru með 1.800 örmáum mikrónálum sem leysast upp í húðinni og spýta

góðum efnum inn í grunnlag húðarinnar. Þú einfaldlega sefur með þá svo þeir taka engan tíma frá þér.“ Kristín bendir enn fremur á að einnig er hægt að fá lífræna maska fyrir augu, andlit og bringu sem leysast upp í náttúrunni á aðeins átta vikum en augnmaskanum er oft líkt við „bótox á 15 mínútum“ og er algjör tófravara.

Hrukkur ekki neikvæðar

„Vinsælustu vörurnar okkar eru þó silíkonplástrarnir,“ heldur hún áfram og bætir við: „Þeir eru úr 100% hágæða silíkonu. Flestir kjósa

að sofa með plástrana og sjá mun á aðeins einni nóttu. Það er hægt að fá bótox í andlit og fylliefni en háls og bringa eru svæði sem erfitt er að dila við og eru oft konur með rennislétt andlit með hjálp en mun hrukkóttri húð á hálsi og bringu, til dæmis vegna sólarskemmda. Við erum því með silíkonplástra sem eru sérstaklega hannaðir fyrir þessi svæði. Þessir plástrar hjálpa ekki einungis með fínar línur heldur viðhalda þeir raka og auka kollagenframleiðslu húðarinnar. Og enn betra er að þeir eru margnota í allt að 20 skipti!“

Þessir plástrar hjálpa ekki einungis með fínar línur heldur viðhalda þeir raka og auka kollagenframleiðslu húðarinnar. Og enn betra er að þeir eru margnota í allt að 20 skipti.

Hún tekur fram að hrukkur séu ekki í eðli sínu neikvæðar. „Konur þurfa alls ekki að hafa áhyggjur af því að fá línur eða að vera með fínar línur. Þær geta bæði gefið sjarma og sýnt persónuleika, en fyrir þær sem vilja vinna á línunum er þetta ein leið án lýtalækninga,“ segir hún og bætir við: „Wrinkles Schminkles í Ástralíu er í sífelldri þróun og er von á nýrri vöru á markað innan skamms.“ Að lokum vill Kristín Tinna taka fram að út janúar eru ávaxtasýrukúlur að verðmæti 3.890 krónur í kaupauka með hverri sölu úr vefverslun. ■

Allar nánari upplýsingar má finna í vefversluninni www.wrinkles.is.

Gott starfsfólk er mesti auður fyrirtækis

Sonja G. Ólafsdóttir, markaðsstjóri Suzuki bíla hf. og Vatt ehf., segir að gott starfsfólk sé mesti auður hvers fyrirtækis. Suzuki bílar hf. hafa verið mjög farsælir frá stofnun fyrirtækisins, starfsmannaveltan er afar lág sem skapar traust á markaði.

Sonja segist vera í draumastarfinu og að hún sé óendanlega þakklát fyrir að geta unnið við það sem hún elskar. „Ég mæti í vinnuna alla daga full tilhlökkunar,” segir hún. „Ég er fædd og uppalin í Vestmannaeyjum og æska mín var full af gleði, hlýju og ævintýrum. Fluttist síðan til Reykjavíkur rúmlega tvítug, byrjaði að vinna í Suzuki 23 ára gömul og hef unnið þar síðan í hinum ýmsum störfum. Fyrir tíu árum dreif ég mig í markaðs- og sölunám en að því loknu bauðst mér staða sem markaðsstjóri Suzuki og hef verið í því draumastarfi síðan,” bætir hún við.

„Grunnur að góðum árangri er sterk liðsheild og lausnamiðað hugarfar. Í dag starfa 27 starfsmenn hjá Suzuki bílum hf. og fyrirtækið hefur frá upphafi verið rekið sem fjölskyldufyrirtæki með áherslu á jákvæða og persónulega þjónustu. Þrátt fyrir mikinn og góðan vöxt fyrirtækisins hefur tekist að viðhalda þeim sérkennum. Gott starfsfólk er stærsti auður hvers fyrirtækis, Suzuki bílar hf. hafa verið mjög farsælir frá stofnun fyrirtækisins, starfsmannaveltan er afar lág sem skapar traust á markaði. Við erum eins og ein stór Suzuki-fjölskylda.“

Enn betra og stærra fyrirtæki

„Árið 2008 juku Suzuki bílar hf. starfsemi sína með kaupum á Suzuki umboðinu ehf. (mótorhjól og utanborðsmótorar) sem þá var staðsett í Hafnarfirði en fluttist við kaupin í Skeifuna 17. Við kaupin voru bílar, mótor- og fjór hjól og utanborðsmótorar allt komið á sama stað, þar með talin öll þjónusta og sala á vara- og aukahlutum. Kaupin voru frábær viðbót og fyrirtækið stækkaði.

Suzuki-merkið er og hefur ávallt verið þekkt fyrir áreiðanleika og mjög lága bilanatiðni. Suzuki Vitara, Swift og Jimny hafa verið mjög vinsælir bílar síðustu áratugi sem og margar aðrar týpur af bílum, hjólum og utanborðsmótorum sem við erum að selja. Fyrsti Suzuki plug-in hybrid-bíllinn, Across 4x4 jeppi, kom á markað 2020, glæsilegur sportjeppi. Allir okkar bílar eru orðnir umhverfisvænir með strong hybrid eða plug-in hybrid-kerfi nema Jimny-töfvarinn.“

Traustir viðskiptavinir

„Ég er viss um að við eigum skemmtilegustu og lífsglöðustu viðskiptavinina. Ég stofnaði og sé um allar samfélagsmiðlasíður fyrir Suzuki á Íslandi. Facebook-síðan okkar er langstærsta Facebook-bílaumboðssíða á Íslandi en um 19 þúsund manns fylgja okkur þar. Facebook-síðan er mjög fjölbreytt, ég set þar inn myndir af bílum, hjólum, utanborðsmótorum, starfsmannafjöri og því sem við á hverju sinni. Það allra skemmtilegasta við síðurnar okkar er öll jákvæðnin sem kemur frá viðskiptavinum okkar, þeir senda okkur líka reglulega alls kyns Suzuki-myndir og fleira skemmtilegt sem við setjum inn á síðurnar og eru að „merkja“ okkur á myndir/myndbönd hjá sér. Við værum ekkert án okkar frábæru og traustu viðskiptavina,” segir Sonja.

Suzuki gerir lífið skemmtilegra

„Meðal viðburða er hinn árlegi



Sonja G. Ólafsdóttir, markaðsstjóri hjá Suzuki, segir að fyrirtækið standi fyrir mörgum skemmtilegum og vel sóttum viðburðum.

MYND/ÁSEND



Sonja segist vera í draumastarfinu en hún hefur unnið lengi hjá Suzuki.

Hjóladaður Suzuki í Skeifunni 17. Hayabusa-klúbburinn á Íslandi, Gaflarar, Raftarnir og fleiri mótorhjólaklúbbar mæta þá á svæðið með sín hjól, sum hver gömul Suzuki-hjól. Þegar sem mest eru um 40 mótorhjól á planinu og er stemningin gífurleg. Hjóladaður Suzuki hefur verið haldinn í yfir tíu ár,” bendir Sonja á.

„Fyrsta jeppa- og jeppingaférd Suzuki var haldin 2019. Þá söfnuðust eigendur slíkra bíla saman og óku Krísvíkurhringinn í Reykjanesfölkvangi í dásemdar veðri undir forystu starfsmanna

Suzuki. Mætingin var mjög góð og frábær stemning. Ókuleiðin er fær bæði jeppum og jepplingum. Á áfangastað, við Kleifarvatn, sá Grillvagninn um að elda gómsæta hamborgara og franskar ofan í þáttakendur í boði Suzuki. Í lok ferðar voru þáttakendur kvaddir með Suzuki-glaðningi. Þessi fyrsti jeppa- og jeppingadagur var svo vel heppnaður að þáttakendur hafa beðið í ofvæni eftir næstu ferð.“

Miðnæturhlaup Suzuki

„Suzuki-hlaup hefur verið haldið

á Jónsmessunótt undanfarin 29 ár í samstarfi við ÍBR og fleiri samstarfsaðila. Hlaupið nýtur mikilla vinsælda og er núorðið annað stærsta hlaup á Íslandi á eftir Reykjavíkurmarathoninu. Einnig hafa Suzuki bílar hf. verið styrktaraðili í Reykjavíkurmarathon Íslandsbanka í áratugi og sett þar árlega upp skemmtistöð með tónlist, góðgæti fyrir hlaupara og góða skapið alltaf í fyrirrúmi.

Þá má nefna „Suzuki Clean up campaign“ sem er spennandi og umhverfisvæn herferð sem Global Suzuki stendur fyrir um allan heim. Söluaðilar Suzuki utanborðsmótorar og starfsmenn þeirra fara saman og tina rusl á bökkum og í sjó á sínum heimaslóðum. Við erum mjög spennt að taka þátt í þessu flotta og mikilvæga verkefni næsta sumar. Covid-ástandið tók því miður af okkur öll völd síðustu tvö, þrjú ár, fresta þurfti sumum af þessum viðburðum en vonandi getum við endurvakið þá alla á ný 2023 með pompi og prakt. Það myndi gleðja okkur mjög og án efa einhverja fleiri.“

Vatt - umhverfisvænir bílar

„Í september 2020, í miðjum Covid-faraldri, var Vatt ehf. stofnað. Það var krefjandi tími til að opna nýja vörun á þannig tímum en líka afar lærdómsríkur. Vatt selur eingöngu 100% rafmagnsbíla og býður nú upp á þrjú mjög flott bilmerki: BYD, Maxus og Aiways, sem öll koma frá Kína. BYD er stærsti rafbílaframleiðandi í heiminum, SAIC Motors (Maxus) er stærsti bílaframleiðandinn í Kína. Aiways er frekar nýtt bilmerki en er að slá í gegn víða um

Swift og Jimny hafa verið mjög vinsælir bílar síðustu áratugi sem og margar aðrar týpur af bílum, hjólum og utanborðsmótorum sem við erum að selja.

heim. 100% rafmagnsbílar eru orðnir mjög vinsælir hér á Íslandi, þróunin að verða umhverfisvæn og grænn er mjög hröð hér á landi,” segir Sonja og heldur áfram:

„Þeim bílamerkjum sem við erum að selja í Vatt hefur verið tekið mjög vel og hefur fyrirtækið vaxið hratt. Það hefur verið ómetanlegt að fylgjast með góðum viðtökum og ævintýrlegum vexti Vatts sem nýs merkis á markaði í miðjum heimsfaraldri. Okkar mesta áskorun hefur verið sú sama eins og flest önnur umboð glíma við, það er bílaskortur í kjölfar Covid og er sú staða enn erfið víða um heim en við finnum þó að betri tímar eru fram undan. Eftirspurnin er mjög mikil og því miður fengum við ekki nærri því alla þá bíla sem við pöntuðum á Covid-tímum en það stefnir allt í að ástandið lagist með vorinu, þannig að við horfum björtum augum á framtíðina.“

Líf og fjör í Vatt

„BYD er nýjasta merkið í Vatt, það er hágæðamerki sem beðið hefur verið eftir. Við erum líka að fara að frumsýna Maxus-pallbíl á næstunni sem verður fyrsti 100% rafmagnaði pallbillinn í heiminum. Aiways er líka að bæta við sig nýrri týpu Aiways U6 sem er mjög spennandi. Vatt er einnig með eitt stærsta úrval Íslands af 100% rafknúnum atvinnubílum, það eru fáir með jafn mikil úrval og við í þeim flokki.“

Persónuleg og góð þjónusta

„Markmið Vatt og Suzuki eru þau sömu, að veita viðskiptavinum sínum persónulega, góða og faglega þjónustu á öllum sviðum. Einnig gildi fyrirtækjanna beggja: Virðing, samvinna, áreiðanleiki og persónulegt viðmót. Framtíðarsýn fyrirtækjanna er að viðhalda þeim góða árangri sem náðst hefur og byggja undir traust viðskiptavina á vörumerkjunum. Fram undan eru spennandi tímar með nýjum týpum af bílum í hinum ýmsu merkjum, 100% rafmagnaður Suzuki-jeppi mun mæta á svæðið í lok árs 2024 og margt fleira.“

Fjölbreytt og skemmtilegt

„Að vera markaðsstjóri Suzuki og Vatt er mjög fjölbreytt og skemmtilegt starf, þróunin er hröð og alltaf eitthvað nýtt og spennandi að gerast. Ég hef umsjón með allri auglýsingagerð, markaðs- og söluáætlunum og styrkjaumsóknum. Ég stýri einnig allri hugmyndavinnu, undirbúningi, uppsetningu og framkvæmd sýninga og viðburða á vegum fyrirtækjanna og ýmislegt fleira. Suzuki hefur átt stóran hluta af hjarta mínu frá minum fyrsta degi í fyrirtækinu og Vatt er svo sannarlega búíð að komast á þann stað líka. Það eru forréttindi að fá að taka þátt í frekari uppbyggingu á öllum vörumerkjunum okkar, sjá þau vaxa og dafna og halda áfram að þjónusta okkar góða viðskiptavinahóp.“ ■

Gott mótvægi við stjórnunarstarfið

Harpa Þrastardóttir er fær og reyndur ungbarnasundkennari, en að sögn hefur kvíði á háskólaárum gert henni kleift að verða enn betri í sínu fagi en ella.

Harpa Þrastardóttir er eigandi Sundskóla Hörpu í Mörkinni Reykjavík og í Suðurbæjarlaug í Hafnarfjarðar. Hún starfar einnig sem sviðsstjóri gagna og miðlunar hjá Hafrannsóknastofnun. Að sögn var hún nánast alin upp í Suðurbæjarlaug og því hafi sundkennslan legið vel fyrir henni. „Ég bjó í hverfinu og varð miklum tíma í lauginni og lærði að synda þar. Ég fór svo í Sundfélag Hafnarfjarðar og hélt áfram að sækja lauginna fram á unglingsárin,“ segir Harpa.

Mikilvægur félagskapur

Harpa er 37 ára gömul og er með meistaraáráðu í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands. Árið 2017 lauk hún einnig námi í ungbarnasundkennslu hjá Busla, félagi ungbarnasundkennara á Íslandi. Að sögn Hörpu er FKA félagskapurinn einstaklega gefandi og það er mikilvægt að hann sé í boði. „Nú kem ég inn í FKA með tvo ólíka bakgrunna og að mínu mati skiptir það ekki máli hvað kona gerir, það er alltaf gott að koma á fundi hjá FKA og kynna nýjum konum og því hvernig þær horfa á lífið og tilveruna. Oft spretta upp umræður sem leiða til nýrra hugmynda og

möguleika, hvort sem ráðist er í þau verkefni strax eða ekki.“

Lét leiðast út í sundkennarann

Harpa byrjaði að kenna sund á meðan hún var í námi. „Í háskóla var prófkvíði að trufla mig. Ég kaus að vinna frekar með námi en að treysta á námslán, því sú pressa jók enn á kvíðann. Á þessum tíma þjálfaði vinkona mín hjá SH og ég fór að þjálfva með henni. Eftir nokkur ár var ég komin með allt starfið í Suðurbæjarlaug.

Árið 2016 eignaðist ég dóttur mína. Með minn bakgrunn var ég spennt að fara með hana í ungbarnasund. Við byrjuðum hjá Erlu í Suðurbæjarlaug þegar dóttir mín var tveggja og hálf mánaðar gömul. Erla var í stjórn Busla og þegar félagið hélt kennaranámskeið 2017 hvatti hún mig til þess að skrá mig. Ég sló til og hef kennt síðan.“

Ólíkar laugar, ólík stemning

„Ég byrjaði á að kenna í Suðurbæjarlaug á laugardögum. Í upphafi Covid hætti ég að kenna hjá Sundfélagi Hafnarfjarðar og fór að kenna í Mörkinni, Suðurlandsbraut 64. Í dag kenni ég í báðum laugum. Ég er ein með sundskólann en fæ Rögggu og Heklu ljósmyndara reglulega í lauginna til okkar í kafmyndatökur.

Þrátt fyrir að námskeiðin í lauginum tveimur séu þau sömu þá myndast ólík stemning vegna þess hve ólíkar laugar eru. Í Mörk-



Harpa segist finna fyrir aukningu í því að sjúkráþjálfarar og læknar bendi foreldrum á að ungbarnasund geti hjálpað við að auka styrk barna.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Það er fátt skemmtilegra en að koma ofan í lauginna með öllum þessum fjölskyldum og krilum og njóta þess að vera í núinu með þeim.

inni er meiri nánd. Aðstaðan er minni og þar eru eingöngu ungbörn og foreldrar þeirra. Það myndast því ákveðin stemning í lauginni þegar kennsla er í gangi. Í Suðurbæjarlaug eru systkini velkomin með ofan í lauginna og þetta verður meiri fjölskyldustund.

Þótt það sé mjög skemmtilegt fyrir kennarann að leika við börnin þá er það betra til framtíðar fyrir fjölskyldurnar að foreldrarnir læri æfingarnar með börnunum og geti gert þær áfram af öryggi með barninu þegar námskeiði lýkur.

Í báðum laugum eru í boði námskeið fyrir tveggja mánaða til þriggja ára en í Suðurbæjarlaug eru einnig í boði námskeið fyrir 2-6 ára og hafmeyjusundnámskeið. Námskeið fyrir 2-6 ára hafa verið mjög vinsæl, líka fyrir vatnshrædd börn í grunnskóla. En reynsla mín af kvíða hefur gert mig að betri sundkennara þegar kemur að vatnshræðslu og kvíða barna.“

Nýtur þess að vera í núinu

Þetta er fimmtándi veturinn sem Harpa kennir í Suðurbæjarlaug og að sögn er hún ekki að hætta í bráð. „Það er fátt skemmtilegra en að koma ofan í lauginna með öllum þessum fjölskyldum og krilum og njóta þess að vera í núinu með þeim. Þetta gefur mér alls ekkert minna en þeim og þetta er líka gott mótvægi við stjórnunarstarfið.

Ungbarnasund er í boði á mörgum stöðum í heiminum í dag en það eru líklega fáir staðir, þar

sem jafnhátt hlutfall ungbarna fer í skipulagt ungbarnasund og hér á landi. Sund er stór hluti af menningu okkar og aðgengi okkar að almenningslaugum er einstakt.

Undanfarið hafa verið gerðar nokkrar íslenskar rannsóknir á áhrifum ungbarnasunds á krílin og foreldrar eru meðvitaðir um kosti þess. Reksturinn hefur gengið vel en við finnum fyrir samdrætti núna eins og fleiri í svipaðri þjónustu. Það er greinilegt að ungar fjölskyldur þurfa að horfa meira í krónurnar en oft áður. Það er enn þannig að menntaðir foreldrar eru líklegri til að koma með börnin sín á námskeiðin og koma á fleiri námskeið. Ég finn einnig fyrir því að það er að aukast að börn séu að koma í ungbarnasund vegna ábendinga lækna og sjúkráþjálfara. En ungbarnasundið getur hjálpað börnum að styrkjast og það er gaman að fylgjast með því,“ segir Harpa. ■

Alþjóðlegt fyrirtæki byggir á íslensku hugviti

Berglind Jónsdóttir hefur starfað sem hönnuður og sérfræðingur í markaðsmálum hjá Unimaze síðastliðið ár og hefur orðið vitni að hröðum og spennandi vexti fyrirtækisins á innlendum sem og erlendum mörkuðum.

Unimaze er spennandi íslenskt fyrirtæki sem býður upp á breitt vöruúrval af lausnum tengdum bókhalda og bókhaldskerfum. „Lausnir Unimaze byggja á skýjalausn sem aðstoðar notendur við að senda og móttaka rafræna reikninga og önnur stöðluð viðskiptaskjöl,“ segir Berglind Jónsdóttir.

Fjölbreytt starf í alþjóðlegum geira

Berglind er með menntun í „Advertising“ og „Art Direction“ frá Willem de Kooning Academie í Rotterdam og Istituto Europeo di Design í Barcelona. Hún hefur starfað við allt sem tengist markaðssetningu og hönnun í að verða ellefu ár. „Meðal annars var ég listrænn stjórnandi hjá dótturfyrirtæki fjölmiðlafyrirtækisins Conde Nast í Þýskalandi, tók þátt í að koma AD Design Award á laggirnar, starfaði sem hugmynda-smíður samfélagsmiðla fyrir Icelandair og Vodafone, og margt fleira,“ segir Berglind.

„Hjá Unimaze tek ég þátt í öllu sem tengist markaðssetningu fyrirtækisins. Ég sé um heimasíðuna, auglýsingahönnun og UX/UI á vefsíðunni, leitarvélabestun, hugmynda- og textavinnu, sé um samfélagsmiðlana, sölu, viðburði, almennatengsl, kynningarefni og tek þátt í stefnumótun.“

Unimaze er alþjóðlegt fyrirtæki með starfsstöðvar í tveimur Evr-

ópulöndum og með viðskiptavinum allan heim. „Við erum mjög þétt og samstillt teymi og þó við séum ekki stödd í sama landinu þá vinnum við vel saman. Það er ótrúlega gaman að vinna með svo fjölbreyttu teymi með mismunandi skoðaðnir og menningu og að læra um ólíkar áherslur í alþjóðlegri markaðssetningu. Ég hef unnið að markaðssetningu í Danmörku, Sviss, Bretlandi, Þýskalandi, Hollandi og Spáni áður en ég hóf störf hjá Unimaze. Nú fæ ég tækifæri til að sinna því enn víðar, í Serbíu og nærliggjandi löndum sem ég hef ekki fengið við áður.“

Kynjamál í réttum farvegi

„Rafræni viðskiptageirinn er ekki stór á Íslandi og líklega er ég eina eða ein af fáum konum sem vinn fyrir skeytamiðlun hér á landi. Hins vegar erum við þrjár konur í alþjóðlega teyminu sem spulum lykilhlutverk í að kynna Unimaze á erlendum mörkuðum. Ég kann ágætlega við það að vera „ein af strákonum“ hér heima þótt auðvitað vilji ég sjá fleiri konur í rafræna viðskiptageiranum á Íslandi. Hins vegar starfar hátt hlutfall af konum í bókhalda og fjármála-deildum sem ég á í tíðum samskiptum við í mínu starfi.

Sameiginlegt markmið mitt með viðskiptavinum mínum snýst um sjálfvirkni í fjármálateymi og bókhalda, góða og örugga þjónustu og að þróa nútímalegar lausnir, til dæmis notumst við mikið við gervigreind í vörubrunum. Rafrænar reikningar og bókhalda snýst um rökvísi, gæði og raunverulegan sparnað. Ef þú ert með góða vöru í höndunum þá skiptir engu máli hvort þú sért kona eða karl að kynna vöruna.

Sem kona í tæknigeiranum, þá hef ég séð jákvæðar breytingar



Berglind segir það heiður að starfa hjá fyrirtæki sem er jafn mikils metið á alþjóðavísu og Unimaze er.

MYND/MARÍA GUÐRÚN RÚNARSDÓTTIR

innan hans og konum fer fjölgandi. Þeir karlmenn sem ég starfa með eru meðvitaðir um mikilvægi þess að hafa jafnara kynjahlutfall á vinnustöðum og deila ábyrgðarstöðum jafnt. Karlmennt og konur eru bæði lík og ólík á margan hátt og við erum sífellt að læra að skilja styrkleika hvors annars, því öll kynin hafa margt fram að færa. Vonandi heldur sú þróun áfram að við lærum að meta styrkleika hvort annars í stað þess að líta á hvert annað sem ógn eða minni máttar. Þetta snýst um samvinnu, virðingu og betri samskipti.“

Einstök tækni á heimsvísu

Unimaze hefur þróað þessa tækni í tuttugu ár og hóf að láta vita af sér fyrir tæplega þremur árum. „Á stuttum tíma höfum við náð góðum árangri á erlendum mörkuðum og enn betri á íslenska markaðnum. Heimasiðan sem við settum í loftið í sumar, sem er og var mitt helsta verkefni, hefur sýnt 300 prósent aukningu á milli ára í heimsóknum og upplifun inni á síðu.

Þegar ég byrjaði hjá Unimaze fannst mér magnað að læra hve fátt hefur gerst í bókhaldsheim-

inum síðan árið 1985. Helsta breytingin er sú að bókhalda færðist yfir í tölvurnar. Í dag taka notendur eftir hraðri uppsveiflu með tilkomu rafræna reikninga og við sjáum ótrúlega jákvæðar sparnaðartölur fyrirtækja sem nýta sér okkar þjónustu. Einnig er þetta umhverfissvæni leið í bókhalda, en notendur eru almennt meðvitaðir um umhverfið í dag.“

Unimaze er á meðal topp fyrirtækja í heiminum sem bjóða upp á þessa þjónustu. „Við erum í hröðum vexti þessa stundina og gæði og framsetning á Unimaze kerfinu skiptir öllu máli. Við kappkostum að vera á undan kúrfunni við að þróa aðferðir til að straumlínulaga vinnuferli viðskiptavina okkar. Þessi metnaður leiðir til þess að stórir aðilar hafa samband við okkur að fyrria bragði.

Til dæmis má nefna að Microsoft hafði samband við okkur og það okkur um að þróa með þeim lausn til að bjóða upp á rafræna reikninga í Teams. Það að geta skoðað og rætt reikninga beint í gegnum kerfið er eiginleiki sem önnur fyrirtæki í heiminum, á borð við Unimaze, bjóða ekki upp á.“

Þjóðarstolt

„Unimaze byggir á íslensku hugviti og ég viðurkenni alveg að það hellist ákveðið þjóðarstolt yfir mig þegar ég er í vinnunni. Það er óneitanlega spennandi að vera með vöru í höndunum sem fær jafn mikla athygli erlendis og er talin með því besta sem er í boði í heiminum. Eitt það skemmtilegasta sem ég geri í vinnunni er að taka viðtöl við núverandi kúnna. Þá sé ég svart á hvítu hvað vanan sem við bjóðum upp á, breytir miklu fyrir fjármálateymi fyrirtækja í sparnaði, og hagræðingu.“ ■

Þar sem íslenska er kennd á íslensku

Tin Can Factory, Dósaverksmiðjan, er tungumálaskóli þar sem áhersla er lögð á íslenskukennslu fyrir útlendinga á íslensku, þó þar sé einnig kennd enska á ensku, ætluð meðal annars útlendingum og svo spænska.

Gígja Svavarsdóttir byrjaði að kenna í skólastofu í hruninu en hún hafði þá kennt íslensku sem annað mál lengi. Nemendur sem ekki hafa vestræna lettrið í móðurmáli sínu fá kennslu í því auk íslensku. Kennarar við skólann hafa útbúið námsefni fyrir þennan hóp. „Við erum með haug af námsefni en við höfum ekki fengið styrki til þess að gefa það út. Þetta þyrfti að koma út vegna þess að við vitum að það er mikil þörf á öllum skólastigum fyrir námsefni þar sem fólk lærir bæði vestræna lettrið og íslensku.“

Starfsmenn eru að jafnaði um 25. „Við erum með jafnlaunastefnu; það eru eiginlega allir á sömu launum hérna. Krafan er að kennarar séu háskólamenntaðir. Karlar og konur. Sama vinna, sama ábyrgð og svo er mikið lagt upp úr samvinnu. Við kennum í fjórar vikur á dagtíma og svo tökum við eina viku sem er bara endurmenntun, námsefnisgerð og fundir. Ég reyni að tryggja að kennarar fái líka að anda, þetta er svo mikið álag. Þetta er mjög krefjandi vinna. Ég fastræð fólk og með því náum við ákveðnu jafnvægi og mikilli faglegru vinnu. Oftast er fólk í verktakavinnu við þessa kennslu; ég er að reyna að búa til atvinnuöryggi innan þessa geira. Við söfnum með því reynslu og gæðum í kennslu. Kvöldkennslan er samt enn verktakavinna því þessi kennsla er ekki metin að verðleikum við úthlutun styrkja til hennar. Við erum að gera okkar besta í þjálfun kennara þar líka. Ég bið samt eftir betri tíð,“ segir Gígja Svavarsdóttir, framkvæmdastjóri og eigandi Tin Can Factory, sem á íslensku kallast Dósaverksmiðjan.

Samvinna starfsfólks og hlustun Hvað með stjórnunarstíl Gíju?

„Samvinna. Það er mikilvægt að skólinn sé ein heild og að við vinnum öll saman. Það á enginn að þurfa að finna upp hjólið. Við erum mikið í að miðla og læra saman nýjar aðferðir og nýjar nálganir. Líka að vinna með nemendahópnum, hlusta og finna leiðir til að vera sem oftast með nám við hæfi. Undirslagorð okkar er: „Ef við höldum að við vitum hvernig á að gera hlutina þá lokum við.“ Þá erum við hætt að hlusta og gerum allt eins og síðast. Framvinda náms og gæða er að vinna með nemendum, vinna saman, njóta og hlusta.“

Reynslumikill kennari

Gígja lærði heimspeki við HÍ en hefur starfað í áratugi við kennslu í íslensku sem öðru máli. Hún vann fyrst hjá Námsflokkum Reykjavíkur – við kennslu og námsefnisgerð. Hún vann líka í Lingua-verkefninu Braga, sem er námsefni á netinu, í samvinnu við Humboldt-háskóla í Berlín. Hún var með sinn eigin net-skóla. Skoli.eu, í átta ár þegar hún bjó á Ítalíu og einnig Íslenskuskólann, skóla á neti fyrir íslensk börn í útlöndum. Þegar hrúnið skall á var fjölskyldan nýkomin til Íslands og þá hófst kennsla í skólastofu og síðan hefur skólinn vaxið og dafnað. Námsefnisgerð og kennslufræði eru hennar megináhugamál. Gígja hefur gefið út mörg kennsluspil og bækur fyrir kennslu í Dósaverksmiðjunni en efnið er einnig nýtt í mörgum skólum á mörgum skólastigum.

Fjölbreytt starfsemi

Nemendur Dósaverksmiðjunnar



Gígja ásamt samstarfsmönnum, Aiste, Samira og Marya.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Gígja Svavarsdóttir kennari segir að framhaldsfræðslan snúi að menntun fullorðinna og kennarar séu sérhæfðir í að kenna íslensku sem annað mál og hafa verkefnið aukist með hverju ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Hluti náms-efnisins í Tin Can Factory eða Dósaverksmiðjunni, sem er tungumálaskóli.

voru rúmlega 2.700 í fyrra. „Kennsla hefst klukkan 9.30 og lýkur 22.15 á kvöldin. Við höfum alltaf kennt íslensku á íslensku og gert námsefni við hæfi. Það þarf ekki að kunna ensku til að læra íslensku. Við erum ekki með námskeið þar sem ekki er kennt á íslensku, þess þarf ekki ef námsefnið er gott og kennslan miðuð að því og því þjálfum við alla kennara í byrjun.“

Starfsemi er fjölbreytt. „Kennd eru átta stig og alls konar talnámskeið. Þá er netnámið alltaf vinsælt og vinnustaðanámsefnið fylgjast

mjög mikið og er gleðilegt að sjá að fyrirtæki sjá sér mikinn hag í að vera með nám fyrir sitt starfsfólk á vinnutíma.

Framhaldsfræðsla snýr að menntun fullorðinna og við höfum sérhæft okkur í að kenna íslensku sem annað mál og hafa verkefnið aukist með hverju ári. Útlendingar sækja vel í íslenskunám en hópurinn hefur breyst mjög mikið og má segja að verkefni framhaldsfræðslunnar nái yfir öll skólastig í dag. Til okkar kemur fólk sem þarf að læra íslensku en hefur



Gígja segir að mjög gott samstarf sé meðal kennara í skólunum.

sumt aldrei notið formlegrar skólagöngu, önnur hafa jafnvel margar háskólagráður.“

Sum lesa ekki vestrænt letur

Gígja segir að þriðjungur nemandanna þurfi að læra vestræna lettrið af því að móðurmál þeirra eru rituð á öðru lettri. „Við tókum ákvörðun um að sinna þessum hópi þó engir væru styrkir til. Þessi hópur er mjög fjölbreyttur. Þetta er fólk sem kemur oftast frá stríðs- hrjádum löndum og eins og áður sagði þá hafa sum aldrei gengið í skóla á meðan önnur eru mjög vel menntuð. En það breytir því ekki að þau hafa aldrei unnið með vestrænt letur. Þessi hópur var vanræktur mjög lengi og við hjá Dósaverksmiðjunni þurftum eiginlega að berjast fyrir því inni í kerfinu að fá að kenna þessum hópi vestræna lettrið og það væri viðurkennt sem fullgilt nám. Við erum núna komin með fimm stig í vestræna lettrinu en þetta skiptir miklu máli vegna þess að það er verið að fara betur með almannafé og tíma þessa fólks af því að það var áður sett á venjuleg íslenskunámsefni og enginn skildi af hverju því gekk svona illa að læra. Það var systematískt verið að brjóta þennan hóp niður með því að kanna ekki þörf á undirbúningsnámi við hæfi. Hlusta, við verðum að hlusta.“

Eins og áður segir er um fjölbreyttan hóp að ræða. „Sum eru

vissulega hælisleitendur en þetta er líka fólk sem er komið með kennitölu og fólk sem er búið að búa hér í fjölda ára, hefur verið á vinnumarkaði, en hefur aldrei fengið þessa þjónustu. Þau geta ekki lesið launaseðilinn sinn nema með hjálp.“

Gígja segir að í sumum tilfellum hafi sum innan þessa hóps aldrei lært að lesa. „Þau höfðu aldrei farið í gegnum þetta ferli, að færa hljóð yfir á bókstaf. Þau hafa því engin tæki til að læra sjálf af því að þau eru ekki læs á sitt eigið tungumál. Við höfum því námskeið fyrir þann hóp til að læra að lesa á sínu eigin tungumáli áður en það hefur formlegt nám í íslensku og það hefur skilað frábærum árangri.“

Þarf styrki

Gígja segir það hafa verið áskorun hjá Tin Can Factory í upphafi að kenna þessum hópi vestræna lettrið þar sem námsefni skorti til að kenna fullorðnum. „Við getum ekki notað sama námsefni og íslensk börn nota til þess að læra að lesa. Það gefur augaleið. En hér er mikill og góður kjarni af kennurum sem hafa þróað námsefni. Við erum með haug af námsefni en fáum ekki styrki til þess að gefa það út. Þetta þyrfti að bæta því við vitum að það er mikil þörf á öllum skólastigum á námsefni þar sem fólk lærir bæði vestræna lettrið og íslensku.“ ■



Eðlileg framþróun

Unnur Elva Arnardóttir er varaformaður FKA og situr í stjórn. Hún starfar bæði sem forstöðumaður hjá Skeljungi og sem „Senior Bunker and Fuel trader“, en það starf felur í sér sölu á vörum og eldsneyti á flutnings- og farþegaskipum. „Starfið mitt er í senn mjög skemmtilegt, fjölbreytt og jafnframt krefjandi þar sem ég bæti stöðugt í reynslubankann. Þá hef ég komið víða við, starfaði í bilaumboðinu Heklu í ellefu ár sem vöru- og sölustjóri Skoda-bifreiða, hjá fjar-skíptafyrirtækjunum Vodafone og svo hjá Símanum sem deildarstjóri viðskiptastýringar og sölu,“ segir Unnur.

„Ég hef verið í FKA í nær tíu ár og verið mjög virk innan félagsins enda setið í hinum ýmsu nefndum og deildum. Ég sat í viðskipta- og fræðslunefnd auk afmælisnefndar FKA þar sem við höldum upp á tuttugu ára afmæli í Hörpunni. Fyrir mér var það eðlileg framþróun að sækjast eftir stjórnarkjöri á sínum tíma, enda brenn ég fyrir öflugum félagsstarfi FKA og vil leggja mitt af mörkum til að gera það enn betra. Tækifærin eru óteljandi þegar kemur að jafnrétti og stöðu kvenna. FKA vinnur sem aldrei fyrr með aðilum á vinnumarkaðnum, styður konur í að sækja fram, til aukins sýnileika. Við eigum langt í land þegar kemur að jafnrétti en jafnt og þétt mjakast þetta í rétta átt.“



Konur þurfa að segja já

Sigrún Barðadóttir, stjórnarkona í FKA, er einn stofn- enda og formaður stjórnar Eimverks Distillery og stofnandi Teko vöruþróunar. Hún útskrifaðist með BA úr Concordia-háskóla í Montreal, Kanada, árið 2008, og master í stjórnun frá Háskólanum á Bifröst 2012. Hún hefur einnig setið í stjórn meðal annars Nýlistasafnsins, Samtaka sprotafyrirtækja í SI og Eimverks Distillery.

„Ég er spennit fyrir nýju ári, mikið hefur áunnist en það er eftir sem áður mikilvægt að við séum öll meðvitað um að við getum með ákvörðunum okkar stuðlað að fjölbreytni. Hún kemur ekki af sjálfu sér. Stjórnendur þurfa að taka meðvitaðar ákvarðanir um að auka fjölbreytni í stjórnun félaga, framkvæmdastjórnun og atvinnulífina almennt.“

Það er líka mikilvægt að við konur séum meðvitaðar, setjum okkur markmið, tökum af skarið, segjum já, „lean in“, og umfram allt aldrei hætta að þora.

Mér er einnig hugleikið hlutverk okkar í alþjóðasamstarfi, við erum fyrirmynd og getum haft áhrif, þróun erlendis hefur víða ekki verið í rétta átt, hér er mikilvægt að við á Íslandi höldum áfram að vera fyrirmynd og sýnum hvað er hægt. Þetta á bæði við um málefni jafnréttis í öðrum löndum en það er ekki síður mikilvægt að við sinnum vel því fólki sem er að setjast að á Íslandi.

FKA hefur gefið mér mikið og eflt mig síðan ég fyrst kom í félagið 2010. Frá þeim tíma hef ég sótt orku og þor í félagið, rætt við konur um hugmyndir, rekstur og allt sem viðkemur fyrirtækjum og atvinnulífi. Fyrir mér er heiður að fá nú að nýta mína reynslu á sviði stjórnar FKA. Það er lærdómur að vera í stjórn, krefjandi og gaman, ég hvet konur til að gefa kost á sér í stjórnir, segja: „Já, ég er með.“

Stjórnarkonur FKA

Félag kvenna í atvinnulífinu, FKA, er öflugt tengslanet kvenna úr öllum greinum atvinnulífsins um allt land. Félagið er leiðandi hreyfiafl sem eflir fjölbreytileika atvinnulífsins, styður kvenleiðtoga í að sækja fram og sameinar þær til aukins sýnileika og þátttöku. Félagið var stofnað árið 1999 sem Félag kvenna í atvinnurekstri en varð síðar félagsamtök fyrir konur í atvinnulífinu öllu. Hvort sem þú ert stjórnandi, leiðtogi, átt eða rekur þitt fyrirtæki – þá áttu heima í FKA.

Hvetjum konur til að vera sýnilegar

Dóra Eyland er ritari stjórnar FKA. Hún hefur starfað í bráðum tíu ár við þjónustu- og markaðsmál hjá Golfklúbbi Reykjavíkur en reynsla hennar er mest á því sviði. „Ég er með BA-próf í félagsvísindum frá Bifröst (HHS) og stunda núna meistaranám samhliða vinnu við Háskóla Íslands í þjónustustjórnun, svo það er nóg að gera.“

Dóra segir það hafa mikla þýðingu fyrir sig að sitja í stjórn FKA. „Við erum jafn ólíkar og við erum margar en vinnum allar að sömu markmiðum – að efla og tengja félagskonur. Stjórnarseta gefur mér einnig tækifæri til að kynna félagskonur og starfi félagsins betur, sem er dýrmætt. Sjálf tók ég þátt í undirbúningi Sýnileikadags FKA á síðasta ári og sit nú í Sýnileikanefnd sem fulltrúi stjórnar. Í gegnum þá vinnu hef ég fengið að kynna og mynda tengsl við frábærar félagskonur. Öll þátttaka í félaginu, hvort sem er í gegnum viðburði, nefnda- eða stjórnarstörf eru góð leið til að efla tengslanet sitt og veita okkur tækifæri til að hreyfa við hlutunum. Það er af nægu að taka innan FKA og mun félagið halda áfram að þjónusta atvinnulífið og vera vænlegur kostur fyrir þær konur sem vilja fjárfesta í sjálfum sér,“ segir hún.

Þegar hún er spurð um framtíð-

Konur eru alls konar

Katrín Kristjana Hjartardóttir er gjaldkeri stjórnar. Hún er framkvæmdastjóri Sambands íslenskra framhaldsskólanema (SÍF). „Ég starfaði í sex ár í flugrekstri og langar að fara aftur í flugið, seinna á lífskeiðinu, ég elska allt við flugið, þar er ég á heimavelli,“ segir hún. „Í dag er ég atvinnustjórnarkona, framkvæmdastjóri og stundakennari. Það er ótrúlega skemmtilegt blanda og eru engir dagar eins. Ég elska að vinna með ungu fólki, það heldur mér siungri og kennir mér að við, mannfólkið, erum í stöðugri þróun og þurfum að hlaupa hratt ef við ætlum að halda í við næstu kynslóðir,“ segir Katrín.

„Kennsla finnst mér vera það mikilvægasta í heiminum, ég held að ef allur heimurinn hefði jafnan aðgang að góðri menntun þá myndum við útrýma stríði, fátækt og ójöfnuði. Ég elska sjálf að læra, fór í húsmæðraskóla og barskóla í London, er stjórn málafræðingur, viðskiptafræðingur og hef menntað mig meðal annars í Ástralíu (þannig blandaði ég menntun og flugi saman). Ég stefni á frekara nám í framtíðinni og er núna að skoða doktorsnám, meira um það seinna.“

Katrín segir að engin kona sé eyland og til þess að jafnréttisbaráttan skipti máli þurfi konur og kvár að standa saman. „Ég vil að sonur minn búi í sanngjarnara samfélagi, til þess þarf ég markvisst að búa til þannig umhverfi og taka þátt í að efla konur á vinnumarkaði, ég tel að karlkynið mun njóta mun betur góðs af en er almennt talað um, að fá konur með inn í atvinnulífið. Þess vegna er ég í stjórn, til að vera hluti af



arþróun jafnréttis og stöðu kvenna á vinnumarkaði, svarar hún: „Ég hef trú á frekari framfarir og aukið jafnrétti hvað varðar stöðu kvenna á vinnumarkaði á komandi ári. Það væri gaman að sjá fleiri konur taka stjórnendasæti í fyrirtækjum á markaði. Við munum að minnsta kosti halda áfram að hvetja konur til að vera sýnilegar og sækja fram – með þeim hætti aukum við líkurnar á fleiri tækifærum og meira jafnrétti.“



hóp sem saman getur sett af stað umfjöllun sem þarf og minnt á að hér er mikil vinna framundan.

Ég held að við séum að sjá bakslag í jafnréttismálum líkt og annars staðar. Með nýjum forstjóra Festi og öðru sem vekur athygli. Þá halda margir að þetta sé komið gott og flott. En af tölfræði til dæmis Jafnvægisvogar (hreyfiaflsverkefni FKA) að sjá er lítil sem engin hreyfing á jafnari stöðu kvenna í efsta lagi stjórnenda. Ég held að stjórnendur, sérstaklega konur, þurfi að vera óhræddari við að ráða inn konur, að sjá aðra konu í framkvæmdastjórn sem styrk, en ekki ógn. Við konur þurfum líka að vera meðvitaðar um orðið leghafi, og að ekki allar konur hafa leg, að vera kona er alls konar. Við þurfum að opna lokaða kvennaklúbba og það er það sem biður FKA.“



Mikilvæg verkefni hjá FKA

Guðrún Gunnarsdóttir situr í stjórn FKA. Hún starfar hjá Fastus ehf., var einn stofnenda félagsins, og hefur starfað sem deildarstjóri heilbrigðisviðs alla tíð. Guðrún er tímabundið framkvæmdastjóri ásamt Arnari Bjarnasyni.

„Ég hef unnið við sölu og markaðssetningu hjúkrunar- og lækningatækja í 30 ár og tel mig því þekkja markaðinn ansi vel. Minn bakgrunnur er í viðskiptum, námi og diplóma í notkun sérhæfðra lækningatækja, og einnig í stjórnun og stjórnarmennsku,“ segir hún.

Guðrún er á fyrsta ári í stjórn FKA og segist hafa kynnst mörgum öflugum konum. „Ég fékk tækifæri til að vinna með þeim að flottum verkefnum eins og Jafnvægisvog FKA sem er mikilvægt verkefni. Einnig leiði ég starfið fyrir viðurkenningahátíðina okkar sem er árlegur viðburður. Það er bæði verðugt og mikilvægt viðfangsefni að hvetja konur til starfa í efstu lögum fyrirtækja svo og stjórnun.“

Árið 2023 verður ár breytinga eins og öll önnur ár. Að mörgu leyti eru Íslendingar framfarlega þegar kemur að jafnrétti á vinnumarkaðnum og hlutdeild kvenna á vinnumarkaðnum í stjórnunarstörfum vex jafnt og þétt. Það er mjög gleðilegt og er eitt aðalmarkmið starfsins hjá FKA. Það gleður mig að sjá konur fá tækifæri við að stýra mörgum stórum fyrirtækjum og stofnunum landsins. FKA á sinn sess í að þróa þessi mál áfram með jákvæðum hætti.“



Jafnrétti er val

Íris Ósk Ólafsdóttir situr í stjórn FKA. Hún starfar sem viðskipta- og verkefnastjóri hjá Advania þar sem hún sinnir viðskiptavinum í að nýta tæknilausnir og vöruframboð til að tryggja yfirsýn og einfalt aðgengi að upplýsingum um mannaúð þeirra. „Það skiptir mig miklu máli að vinna með flottu og öflugum teymi, hafa gaman af því sem ég er að gera ásamt því að læra eitthvað nýtt. Mér leiðist að gera sama hlutinn oft og fer því yfirleitt strax í að besta ferlið eða auka virðið á einhvern hátt, en þar liggur einmitt bakgrunnurinn minn. Ég lærði virðisdeðjustjórnun í Danmörku fyrir mörgum árum en það má segja að þar hafi ég verið heilapveginn í að koma auga á soun í rekstri, horfa á allt sem ferli til að skapa virði og muna að stöðugar umbætur eru lykillinn að framförum. Það hugarfar hefur fylgt mér alla tíð og var það mér því eðlislægt að leiðast út í upplýsingatækni, sem ég hef verið viðloðandi undanfarinn áratug.“

Ástæðan fyrir því að ég tek þátt í að móta FKA með stjórnarsetu er fyrst og fremst vegna þess að FKA er afl sem lætur sig málin varða og vinnur að þeirri framtíðarsýn sem ég trúi á. Ég er þannig úr garði gerð að til þess að geta tjáð mig óhindrað af öllu hjarta finnst mér best að setja mig inn í aðstæðurnar og finna á eigin skinni,“ segir hún.

„Eins og góð vinkona mín segir þá er jafnrétti val. Það skiptir máli að taka af skarið, hafa kjark, taka samtalið. Í dag eru geggjaðir tímar þar sem við höfum flottar fyrirmyndir úti um allt. Mér finnst mikilvægt að allir finni fyrirmyndir eða einhvern sem hægt er að tengja við.“

Ég er bara venjuleg „sveitastelpa“ sem vil vaxa og ná árangri. Ég finn að með því að stíga skrefið og bjóða mig fram til stjórnarsetu breytist samtalið við vinkonur, kunningjakonur og samstarfskonur. Ég tel það vera mikilvægt, ég er ekki háværust eða fremst en ég tel að samtalið þurfi að vera á öllum vígstöðvum og þess vegna þarf fjölbreytileika til að ná þeim árangri sem við viljum.“



Iða Brá Benediksdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs og aðstoðarbankastjóri hjá Arion banka, segir að því fylgi bæði kostir og gallar að reka banka á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Stafræn vegferð er stærsta breytingin

Iða Brá, aðstoðarbankastjóri Arion banka, segir undanfarin tíu ár hafa verið gríðarlega spennandi og krefjandi umbreytingatíma og þar spili stafræn vegferð bankans og viðskiptavina hans eitt stærsta hlutverkið.

Iða Brá Benediksdóttir tók nýlega við starfi aðstoðarbankastjóra Arion banka en hún er jafnframt framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs. Iða hefur verið viðlödandi bankageirann frá blautu barnsbeini. „Ég er 46 ára, fædd og uppalin í Vestmannaeyjum. Faðir minn var bankamaður og mér hefur alltaf þótt þetta áhugavert svið. Ég hef allan minn starfsferil starfað í banka og byrjaði þar ung í sumarstarfi með námi. Á tímabili var draumurinn að verða endurskoðandi en á síðasta ári mínu í háskóla tók ég nokkra fjármálakúrsum í viðskiptafræðinni sem kveiktu áhugann enn frekar á fjármálageiranum. Þetta lá vel við og mér hefur alltaf þótt þetta skemmtilegt,“ segir Iða.

Fjölbreytt verkefni

Bankastörf eru fjölbreytt og hefur Iða sinnt margvíslegum störfum innan bankans á ferlinum. „Ég hef lært mikið á leiðinni og er enn að læra, sem gefur starfinu ómetanlegt gildi. Í apríl í fyrra tók ég við stöðu aðstoðarbankastjóra og síðustu fimm ár hef ég starfað sem framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs, og held þeirri stöðu áfram.

Síðarnefnda staðan hefur verið afar gefandi og skemmtileg. Síðustu ár hef ég upplifað gríðarlega umbreytingatíma þar sem þjónusta bankans þróast frá því að byggja á heimsóknum viðskiptavina í bankaútibú, yfir í að verða nánast einvörðungu stafræn. Við höfum þróað mikinn fjölda

stafrænna lausna sem viðskiptavinir okkar kunna vel að meta og einfalda þeim að eiga samskipti við bankann. Nú er orðið svo að langstærstur hluti af samskiptum viðskiptavina við bankann fer fram í gegnum stafrænar leiðir, og þar af er stærsti hlutinn í gegnum appið. Eftir sem áður erum við með útibú – öfluga þjónustukjarna – í öllum landsfjórðungum.

Það hefur sjaldan átt sér stað jafn veigamikil breyting á bankastarfsemi og undanfarin tíu ár. Við vorum til dæmis fyrst til þess að bjóða upp á hlutabréfaviðskipti í appi bankans. Við viljum halda þeirri vegferð áfram og gera verðbréfamarkaðinn aðgengilegri. Einnig má nefna að í gegnum stafrænar leiðir bankans er nú hægt að sækja um íbúðalán eða bílalan á örfáum mínútum.

Næsta skref er að tengja starfsemi bankans við tryggingarnar, en Vörður og Arion samþættu starfsemi sína að miklu leyti í fyrra. Við viljum halda áfram að þróa starfsemi bankans og bjóða upp á alhliða fjármálaþjónustu, og verða tryggingarnar hluti af vörðurvali bankans. Sem aðstoðarbankastjóri nær starfs svið mitt til allra þátta í starfsemi bankans. Ég, ásamt öðrum stjórnendum og bankastjóra, ber ábyrgð á því að móta og framkvæma stefnu bankans. Mér er samstarfið við Vörð sérstaklega hugleikið þar sem ég er einnig varaformaður stjórnar Varðar trygginga.“

Leitað á ný mið

„Það aðgerinir Arion banka frá öðrum bönkum á Íslandi að við horfum nú í auknum mæli til norðurlóða, það er Grænlands, Færeyja, Alaska og Norður-Noregs. Þetta verða stöðugt mikilvægari landsvæði hvað varðar mikilvægari auðlindir, yfirstandandi orkuskipti og tengda starfsemi. Einnig

er mikil uppbygging fram undan á þessu svæði meðal annars í tengslum við aukna ferðamennsku. Með því að horfa einnig til norðurlóða aukum við fjölbreytileika okkar tækifæra til muna.“

Þjónusta sniðin að hverjum og einum

„Fjármál eru stór hluti af lífi okkar allra. Bankar koma því við sögu á mörgum af stærstu augnablikum í lífi fólks: við kaup á íbúð, fjárfestingum, námi, við stofnun fyrirtækja og fleira, og við hjá Arion banka viljum vera til staðar við þessi mikilvægu tímamót. Nú skiptir miklu að vera með öflugt starfsfólk í útibúum okkar. Útibúin munu alltaf skipta okkur og viðskiptavinum okkar miklu. Því munum við halda áfram að styrkja okkar kjarnaútibú á sama tíma og við vinnum í að efla stafræna þjónustuna fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki. Með því að auka vörðurval bankans með tryggingalausnum og betra aðgengi að verðbréfaviðskiptum og almennum bankaviðskiptum, viljum við bæta upplifun viðskiptavina. Okkar reynsla er að þeir kunni að meta þægindin og greiðan aðgang að upplýsingum þegar kemur að fjármálum. Það er óneitanlega þægilegt að hafa allt fjármálatengt á einum og sama staðnum. Með Verði tryggingum og sjóðstýringafyrirtækinu Stefni býður Arion núna upp á breiðasta þjónustuframboð fjármálafyrirtækja hér á landi.

Nýlega settum við svo af stað þjónustuleið sem við köllum Premiú. Hún hentar okkar umsvifamestu viðskiptavinum sem geta ekki reitt sig alfarið á stafrænar lausnir. Við komum til móts við þann hóp með sérniðinni persónulegri þjónustu sem vissulega er vel studd af okkar stafræna lausnum.“

Áskoranir smæðarinnar

Að sögn Iðu fylgja því nokkrar áskoranir að reka viðfæðma bankastarfsemi á landi sem er jafn lítið og Ísland er, og þar að auki með lítinn gjaldmiðil. „Bankarnir eru stórir í íslensku samhengi, en á sama tíma minnstu kerfislega mik-

ilvægu bankar í heimi. Það gilda þó sömu kröfur um okkur og um stóru bankana í nágrannalöndum okkar. Og í sumum tilfellum gilda meiri kröfur en annars staðar, til að mynda um eiginfjárlutfall.

Það eru bæði kostir og gallar við að vera með lítinn gjaldmiðil. Verðbólgan hér á landi í dag er annars eðlis en annars staðar í heiminum og ættum við að eiga auðveldara með að ná tökum á henni. Við erum um margt á betri stað en mörg önnur lönd varðandi húshitum og rafmagn, erum sjálfum okkur næg um eldsneyti og aðra orkugjafa og verðum því ekki fyrir þeim áhrifum hækkaðs orkuverðs sem löndin í kringum okkur upplifa núna.

Önnur áskorun sem við stöndum frammi fyrir er samkeppni við ríkisbanka annars vegar og lífeyrissjóði hins vegar, sem starfa ekki undir sama regluverki og bankarnir. Því fylgja bæði kostir og gallar. Kosturinn er til að mynda sá að við getum aðgreint okkur frá ríkissamkeppni. En það er samt sem áður sérstakt að samkeppni á markaðsgrundvelli sé að hluta til í ríkiseigu, og að mínu mati aldrei heppilegt.“

Mannréttinda- og sjálfbærnimál

Arion banki hefur sett skýra stefnu í umhverfis- og loftslagsmálum og býður upp á grænar lausnir í íbúðalánum, bílalanum, sparnaði og fyrirtækjalánum. „Við leggjum ríka áherslu á sjálfbærni í okkar starfsemi. Við komum vel út í þeim efnunum í samburði við erlenda banka og erum meðal þeirra sem alþjóðlega matsfyrirtækið Sustainability telur vera hvað fremst á heimsvísu. Einnig höfum við fengið framúrskarandi einkunn hjá Reitun, sem hefur nú í nokkur ár tekið út umhverfis- og félagslega þætti og stjórnarhætti í okkar starfsemi.

Við leggjum mikla áherslu á jafnrétti kynjanna innan bankans. Við vorum fyrsti bankinn til að fá jafnlaunavottun VR árið 2015, sem einfaldaði það fyrir okkur að fá jafnlaunamerki velferðarráðuneytisins árið 2018. Í dag er óútskýrður launamunur

” Við leggjum ríka áherslu á sjálfbærni í okkar starfsemi. Við komum vel út í þeim efnunum í samburði við erlenda banka.

Iða Brá

kynjanna hjá Arion banka undir 1%. Í viðhaldsúttekt á jafnlaunakerfinu sem framkvæmd var á árinu, var niðurstaðan 0,4% og voru konur hærri, samanborið við 0,1% launamunur árið 2021 en þá voru karlar örlítið hærri. Svo horfum við í dag sérstaklega til miðgildis heildarlauna karla og kvenna. Við höfum einsett okkur að minnka muninn þar á milli. Það er reyndar mjög áhugavert að eftir að við förum að gefa þeim samburði sérstakan gaum höfum við séð mjög jákvæða þróun. Við höfum náð að lækka þetta hlutfall sem er komið undir 1,3. Markmið er svo að lækka það enn frekar.

Arion banki er aðili að Jafnréttissáttmála UN Women og UN Global Compact og hefur verið til margra ára. Við erum jafnframt með skýra stefnu í jafnréttismálum og erum með aðgerðaáætlun í þeim efnunum. Markmið stefnunnar og áætlunarinnar er að skapa umhverfi þar sem fólk með samþættila menntun, starfsreynslu og ábyrgð býr við jöfn tækifæri og kjör, án tillits til kyns, kynvitundar, kynhneigðar, uppruna, þjóðernis, litarhafts, aldurs, fötlunar, trúar eða annarrar stöðu. Í aðgerðaáætluninni er aukin áhersla á að jafna kynjahlutföll innan bankans, ekki einungis á meðal stjórnenda heldur einnig innan starfaflokka, nefnda og starfseininga.

Svo erum við stolt af því að Arion banki var fyrsta fyrirtækið til að tilkynna um það að bjóða starfsfólki viðbótarstyrk í fæðingarorlofi þannig að launin nemi um 80% af föstum tekjum þess. Markmið okkar með þessu er að stuðla að auknu jafnrétti og því að karlar taki oft og lengra fæðingarorlof.“ ■

Mikill heiður að feta í fótspor móður minnar

Thelma Björk Norðdahl hefur fylgt móður sinni frá unga aldri í starfi hennar hjá Blómahönnun og stendur nú á tímamótum þar sem hún er að taka við rekstrinum af móður sinni. Thelma sér framtíðina bjarta og blómlega hér á landi og lætur verkin tala.

„Blómahönnun ehf. var stofnað af móður minni, Maríu Másdóttur, árið 2002 í gegnum frumkvöðla- verkefnið Auður í krafti kvenna sem var verkefni sem Háskólinn í Reykjavík var með á þeim tíma. En hún hefur verið í FKA frá stofnun Blómahönnunar, sem var þá Félag kvenna í atvinnurekstri. Tengslanet FKA er öflugt og það er gríðarlega mikilvægt félag sem hefur gefið konum í atvinnulífinu mikinn kraft og styrk,“ segir Thelma.

„Það er dýrmætt að hafa alist upp með mómmu, sem er sterk fyrirmynd um að konur geti allt og hefur það haft mikil áhrif á mig sem manneskju að hafa fengið að mæta með henni á viðburði FKA frá unga aldri og fylgjast með öllum þessum stórkostlegu, kláru og duglegu konum sem byggja upp sterkara atvinnulíf á Íslandi.“

Skreytti fyrir brúðkaup sænsku krónprinsessunnar

„Móðir mín hefur rekið fyrirtækið með miklum krafti frá byrjun og hef ég frá unga aldri fylgt henni í hennar starfi. Með árunum jókst áhugi minn á rekstri fyrirtækisins og hefur það verið heiður að vera lærlingur hennar í öll þessi ár. En

hún lærði af heimsfræga blómaskreytingameistararnum Tor Gundersen. Í gegnum hann var hún m.a. valin að skreyta fyrir brúðkaup sænsku krónprinsessunnar Victoriu. Nú er komið að tímamótum hjá okkur í Blómahönnun þar sem ég er að taka við rekstrinum. Það er mér mikill heiður og verður spennandi og stórt verkefni að feta í fótspor móður minnar.“

Blómahönnun hefur í gegnum árin unnið sér inn orðspor erlendis fyrir faglegar og nýstárlegar skreytingar. „Á meðal verkefna sem ég hef hannað eru skreytingar fyrir t.d. Gucci, Michael Kors, Tom Cruise, Netflix, Canada Goose, True North, Pink Iceland, Hús og hóbýli og fleiri stór nöfn. Ísland er heitur áfangastaður fyrir alls konar stórt erlend fyrirtæki og ferðamenn, og er mikilvægt fyrir okkar þjód sem býður m.a. upp á heimsklassa mat, hótél, kvikmyndafyrirtæki svo fátt sé nefnt að bjóða upp á blómaþjónustu á sama mælikvarða. Ég stefni hátt í þessum geira og hef mikinn metnað og áhuga fyrir því að verða stærri og betri með árunum líkt og mamma hefur gert,“ segir Thelma.

„Blómaskreytingabransinn er skemmtilegur og gefandi en í honum fær maður mikið traust viðskiptavina sinna til að gera gleði og sorgarstundir fallegar með blómum. Við þjónustum einnig mörg fyrirtæki með áskriftum á blómaskreytingum og potta-plöntum.“

Í Blómahönnun er boðið upp á alhliða blómaþjónustu. „Þar sem við þjónustum veislurnar frá a til ö. Við eigum gríðarlegt magn



Thelma Björk Norðdahl stendur nú á tímamótum þar sem hún er að taka við rekstrinum á Blómahönnun af móður sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Blómaskreytingabransinn er skemmtilegur og gefandi en í honum fær maður mikið traust viðskiptavina sinna til að gera gleði og sorgarstundir fallegar með blómum.

af fallegum vösum, undirlögum, kertastjökum, fjöðrum og ýmis skreytiefni sem við leigjum út með blómaskreytingunum. En veglegt og fallegt undirlag kemur blómaskreytingum á hærra plan og getur skipt sköpum fyrir glæsileika lokaútkomunnar. Við lánum alla vasa og undirlög frítt undir allar blómaskreytingar sem við gerum. Hvort sem það er skírn, brúðkaup, útför, árshátíð eða annað tilefni.

Við erum einnig að flytja inn dásamlega fallegar, einstakar og vandaðar vörur sem við veljum af mikilli kostgæfni. Vörurnar veljum við vel og veljum gæðavörur sem endast lengi.“

Blómaverð er hærra vegna tolla

„Ég sé framtíðina bjarta og blómlega á Íslandi og vegna þess stofnaði ég Hagsmunahóp blómaverslana hjá SVÞ og sit þar í stjórn að reyna að leggja niður gríðarháa verndartolla sem leggjast á öll innflutt blóm. Verndartollarnir leggjast ekki einungis á blómategundir sem eru ræktaðar hérlendis heldur á flestallar blómategundir sem fluttar eru inn hérlendis. Þessir tollar er orsök þess að blómaverð á Íslandi er miklu hærra en í öðrum löndum og veldur því að við getum ekki sem þjód boðið upp á samkeppnishæft verð á blómaskreytingum miðað við aðrar þjóðir.“

Starf Thelmu er yfirgripsmikið og verkefnið fjölbreytt. „Ég vinn mikið úti um allt land fyrir viðburðafyrirtæki á borð við Pink Iceland, True North, Saga Film o.fl. sem selja ferðamönnum að koma að gifta sig eða halda stóra viðburði á Íslandi og tel ég mikilvægt að við sem þjód getum boðið upp á samkeppnishæft verð á blómaskreytingum samanborið við löndin í kringum okkur. Ég vona að sigur muni nást í tollabaráttunni þar sem það myndi hafa gríðarleg áhrif á íslenska ferðabransann líkt og íslenska blómabransann sem myndi stækka töluvert með þeirri breytingu,“ segir Thelma með bjartsýnina að vopni. ■



HÓTEL REYKJAVÍK GRAND FYRSTA FLOKKS RÁÐSTEFNU- OG FUNDARAÐSTAÐA

Við bjóðum upp á 11 glæsilega sali fyrir ráðstefnur, fundi námskeiðahald, sýningar og margt fleira.

HÓTEL REYKJAVÍK GRAND ÓSKAR FKA TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN

HÁTEIÐUR

BJARTUR

GLÆSILEGUR

STÍLHREINN

27 M² BREIÐTJALD



HÓTEL
REYKJAVÍK
GRAND

KYNNIÐ YKKUR MÁLIÐ

islandshotel.is/fundir | fundir@islandshotel.is



ÍSLANDS
HÓTEL

Úrið hélt að ég væri að hamast í líkamsrækt

Guðrún Valdís Jónsdóttir, öryggisstjóri Syndis, var nýlega útnefnd risandi stjarna ársins á Nordic Women in Tech Awards. Hún segir netöryggisbransann verulega spennandi.

„Mér þykir ótrúlega vænt um að hafa hlotið þessa viðurkenningu. Ég bjóst alls ekki við því, enda komu margar flottar og frambærilegar konur til greina. Stór dómnefnd af norrænu tæknifólki valdi sigurvegara út frá tilnefningum frá öllum Norðurlöndunum. Það var því mjög mikill heiður að vera tilnefnd til verðlaunanna, hvað þá að vinna.“

Þetta segir Guðrún Valdís Jónsdóttir sem nýlega hlaut viðurkenninguna „Rising Star of the Year“ á Nordic Women in Tech Awards í Gautaborg. Viðurkenninguna hlýtur kona sem hefur sýnt framúrskarandi hæfni og frumleika í tæknigeiranum og þykir hafa til að bera það sem þarf til að verða einn af leiðtogum framtíðarinnar.

„Viðburður sem þessi er frábær vettvangur til að vekja athygli á og kynna norrænum tæknikonum. Ég hef reynt að setja mér markmið og stefna nákvæmlega þangað sem mig langar, burtséð frá staðalmyndum eða viðhorfum samfélagsins, og taka virkan þátt í að auka sýnileika kvenna í tækni. Mér þykir ótrúlega vænt um að fá staðfestingu á að það sé að skila sér,“ segir Guðrún Valdís.

Ævintýri í Princeton

Guðrún Valdís er fædd og uppalin á Akranesi. Þar spilaði hún fótbolta, eins og góðum Skagamanni sæmir, og átti yndislega æsku með fjölskyldu og vinum. Í dag býr hún í Reykjavík með kærasta og kisu, sem hún segist elska meira en edlilegt getur talist.

„Ég fékk ekki áhuga á netöryggismálum fyrr en í háskóla. Í grunnskóla elskaði ég stærðfræði, efnafæði og edlisfræði, og vissi alltaf að ég færi í raungreinir. Á fyrsta árinu í Princeton-háskóla tók ég svo af einskærri forvitni grunnáfangi í tölvunarfræði og þá small eitthvað í hausnum á mér.“

Siðprúðir hakkarar gera eiginlega það sama og óprúttir hakkarar nema löglega og í samráði við fyrirtækin sem verið er að hakka.



Guðrún Valdís Jónsdóttir er netöryggisráðgjafi og öryggisstjóri Syndis.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ég ákvað því að leggja tölvunarfræðina fyrir mig og í náminu tók ég netöryggisáfangi þar sem ég heillaðist gjörsamlega af viðfangsefnum. Í framhaldinu vann ég þrjár annir að rannsóknarverkefnum tengdum öryggismálum, sem juku áhuga minn enn frekar, og þá var orðið borðleggjandi fyrir mig að sækja um vinnu í þeim geira,“ segir Guðrún.

Eftir stúdentspróf við Fjölbautaskóla Vesturlands á Akranesi langaði hana til náms í útlöndum og sótti um skólavist í tveimur bandarískum háskólum.

„Mér þótti alltaf skemmtilegt í skóla og gekk vel í námi þannig að ég vissi að mig langaði í háskóla sem gerði miklar akademískar kröfur. Ég endaði á að komast inn í báða skólana en valdi á endanum Princeton. Það var ekki sérstaklega erfið ákvörðun enda einn besti háskóli í heimi. Mér fannst líka heillandi að Princeton er

tíltölulega lítill skóli á amerískan mælikvarða, háskólasvæðið er ævintýralegt og lítur út eins og klippt út úr Harry Potter-mynd, allar byggingar í gotneskum stíl. Í Princeton eru um 8.000 nemendur í grunnnámi og tæp 3.000 í framhaldsnámi. Það þýðir að nemendur í grunnnámi fá aðgang að öllum fremstu prófessorum skólans, Turing- og Nóbelsverðlaunahöfum, sem er mun óalgengara í skólum með mikinn fjölda nemenda í framhaldsnámi,“ greinir Guðrún frá.

Hún segist hafa vaxið og þroskast gríðarlega þau fjögur ár sem hún stundaði nám við Princeton, bæði sem manneskja og nemandi.

„Það sem ég tók einna helst með mér úr náminu er að ég er fær um svo miklu meira en ég hélt áður, og að öll erfið og krefjandi verkefni stækka þægindarammann aðeins meira og gera næstu erfiðu verkefni mun viðráðanlegri. Það varð

mér líka mjög skýrt hversu mikilvægt er að umvefja sig skemmtilegu og styðjandi fólki.“

Siðprúðir hakkarar

Eftir útskrift frá Princeton fékk Guðrún Valdís vinnu sem hakkari hjá Aon í New York.

„Hakkari er nú ekki lögverndað starfsheiti og oft erum við kölluð „öryggisráðgjafar“ eða álíka óspennandi. Við í Syndis höfum líka reynt að markaðssetja hugtakið „siðprúðir sniðgengill“ en við frekar dræmar undirtektir. Siðprúðir hakkarar gera eiginlega það sama og óprúttir hakkarar, nema löglega og í samráði við fyrirtækin sem verið er að hakka. Við reynum að komast í viðkvæmar upplýsingar fyrirtækja eða annarra notenda, og misnota virkni kerfa okkur í hag, til dæmis með því að sleppa að borga fyrir vörur ef við erum að prófa netverslanir. Þegar ég starfaði sem hakkari var ég langmest

í að hakka heimasíður og snjallforrit en við hökkum líka netkerfi fyrirtækja og framkvæmum raunlægar öryggisprófanir þegar við brjótumst inn í byggingar og fleira,“ útskýrir Guðrún.

Ein fyrsta minning hennar frá því að vinna sem hakkari er frá Bandaríkjunum.

„Þá fann ég mjög alvarlegan öryggisgalla við prófun á heimasíðu. Sá veikleiki leyfði hverjum sem var á internetinu að sækja persónuupplýsingar og kortaupplýsingar viðskiptavina fyrirtækisins. Ég var þá nýbyrjuð og aðstoðaði reyndari aðila við að hakka þessa heimasíðu. Þar sem ég var að fíkta og prófa mig áfram fann ég þennan öryggisgalla eiginlega alveg óvart, en tilfinningin er eftirminnileg. Þetta var svo ótrúlega spennandi og skemmtilegt og adrenalíníð fór á fullt. Úrið mitt titraði því það hélt að ég væri í líkamsrækt vegna þess hve hjartslátturinn jókst mikið,“ segir Guðrún og hlær.

Í dag er hún starfandi öryggisstjóri Syndis, sem felur í sér ábyrgð á öryggismálum fyrirtækisins.

„Grundvallarhæfnin í starfið er að hafa góða yfirsýn yfir verkefni og eiga gott samband við fólk. Ég er heppin að starfa í netöryggisfyrirtæki þar sem starfsfólk hefur mikinn áhuga og skilning á mikilvægi öryggis og það gerir mitt starf óneitanlega töluvert einfaldara. Hjá Syndis vinn ég líka með mörgum reynsluboltum sem eru duglegir að deila þekkingu sinni og reynslu. Karlar eru enn í miklum meirihluta í netöryggisgeiranum og staðalmynd netöryggisráðgjafa er klárlega enn mjög karllæg. Ég hef upplifað nokkur ansi myndin augnablik á þessum fimm árum sem ég hef starfað í netöryggi – viðskiptavinir sem beina ítrekað öllum tæknilegum spurningum að karlkyns verkefnastjóra – þótt ég svari þeim öllum, eða óþarflega ítarlegar útskýringar á grundvallaratriðum netöryggis frá forritunum, sem ég skil líklega töluvert betur en þeir sjálfir. En þá setur maður bara hausinn undir sig og lætur verkin tala. Þá komast þeir fljótt yfir þetta,“ segir Guðrún glettin. ■

Þekktust fyrir að vera hakkarar

Netöryggisfyrirtækið Syndis býr yfir framúrskarandi hökkurum af báðum kynjum en kallar eftir enn fleiri konum í sitt lið.

„Syndis fagnaði á dögunum tíu ára afmæli sínu. Við erum þekktust fyrir að vera „hakkarar“ sem reyna að brjótast inn í fyrirtæki og höfum frá fyrstu tíð stuðlað að auknu upplýsingaöryggi fyrir íslensk og erlend fyrirtæki. Þetta hefur þó breyst því Syndis býður einnig upp á sólarhringsvöktun árið um kring á kerfum viðskiptavina, ráðgjöf þegar kemur að ferlum og hlítum, ásamt því að stunda rannsóknir og þróun á sviði upplýsingaöryggis.“

Þetta segir Hörn Valdimarsdóttir, mannauðsstjóri Syndis. Hún bætir við að þótt Syndis sé þekktasta fyrirtækið í þessum geira á Íslandi hafi upplýsingaöryggi engin landamæri. Því séu verkefnið alþjóðleg og starfsfólk Syndis komi víða að.

„Netöryggismál eru í gifurlegum vexti, bæði á Íslandi og á heimsvísu. Þar af leiðandi fjölga ört í starfsmannahópum fyrirtækja innan geirans og hefur starfsfólki Syndis fjölgað úr níu í 48 á aðeins tveimur árum. Slíkri aukningu



Hörn Valdimarsdóttir er mannauðsstjóri Syndis.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

fylgja alltaf einhverjir vaxtarverkir en í mínum huga er allra mikilvægast að skapa sálfræðilegt öryggi á vinnustaðnum. Ég tel það sérstaklega mikilvægt í þessum bransa vegna þess að netöryggi og tækni breytist nú á ógnarhraða. Því er nauðsynlegt á vinnustað eins og Syndis að starfsfólk sé óhrætt við að tjá skoðanir sínar, spyrja erfiðra spurninga og koma með nýjar hugmyndir. Það gerir okkur svo miklu betri og sam-

keppnishæfari á markaði sem breytist nær daglega.“

Hlutfall kvenna fer hækkandi

Í dag starfa sex konur hjá Syndis, en það er 50 prósentu aukning á tveimur árum, þegar ein kona starfaði hjá fyrirtækinu.

„Sannleikurinn er þó sá, þegar við skoðum heildaraukningu í starfsmannahópnum, að hlutfall kvenna er nánast það sama og þegar Guðrún Valdís var eina

konan. Þá var hlutfall kvenna hjá Syndis 11 prósent en í dag er það 12,5 prósent. Ég fagna því auðvitað að hlutfallið hafi hvorki staðið í stað né minnkað en það má klárlega gera betur og Syndis stefnir að því að auka hlutfall kvenna enn frekar á næstu árum,“ segir Hörn.

Hún segir lágt hlutfall kvenna í starfi haldast í hendur við hlutfall útskrifaðra kvenna úr tæknigreinum háskólanna.

„Það hlutfall hefur sorglega lítið breyst síðastliðinn áratug. Mér finnst þó núna eins og samfélagið allt, og sérstaklega upplýsingatæknisamfélagið á Íslandi, sé að taka við sér. Það hefur verið mun meiri umræða um flottar konur í tæknigeiranum og ég trúir því einlæggt að öll slík umræða skipti máli. Þetta snýst um að kynna flottar fyrirmyndir fyrir ungu fólk í dag og leyfa því að sjá að það er hægt að vera annað en lögfræðingur eða læknir þegar maður er orðinn stór.“

Konurnar í Syndis eru snillingar

Konurnar hjá Syndis starfa í mismunandi deildum.

„Þrjár konur tilheyra stjórnunarlegu öryggisteymi, ein er verkefnisstjóri vöktunarteymisins, önnur sinnir nýju og spennandi teymi

sem snýr að þróun, rannsóknum og nýsköpun og sjálf sé ég um mannauðsmálin. Segja má að öll störfin séu þau sömu eða svipi til starfa sem karlar hjá Syndis sinna, en þessi dreifing sýnir okkur að það eru ótrúlega fjölbreytt störf innan netöryggis og ekkert ákveðið box sem konur passa betur í en annað. Þetta er persónubundið og konurnar í Syndis eru snillingar í því sem þær gera; svoleiðis hver neglan á eftir annarri,“ segir Hörn.

Spurð hvort eitthvað einkenni konur umfram karla í þessum geira, svarar Hörn:

„Nei, í rauninni ekki. Konurnar hjá Syndis starfa á breiðu sviði og okkur vantar bara fleiri konur til að fylla hin teymi af aðeins meira estrógeni,“ segir Hörn og hlær. „Hæfni er einstaklega persónubundið og í raun enginn einn hæfnisþáttur sem mér finnst eiga eingöngu við um konurnar í fyrirtækinu. Strákarnir okkar eru nefnilega líka frábærir og ótrúlega færir í því sem þeir gera. Því finnst mér hæfni og áhugi birtast alveg óháð kyni innan Syndis.“ ■

Syndis er í Borgartúni 37. Sími 415 1337. Netfang syndis@syndis.is. Nánar um Syndis á syndis.is

Það sækir þig enginn út í horn

Eva Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri og eigandi Podium ehf., segir að enn sé langt í land með að ná markmiði lagaákvæða um 40% kynjahlutfall í stjórnnum.

Eva segir að konur séu 5% forstjóra skráðra félaga á heimsvísu, 13% forstjóra skráðra félaga á Íslandi og 24% allra framkvæmdastjóra hér á landi. „Heilt yfir þá eru stjórnarmenn 27%, stjórnarformenn 24,7% og framkvæmdastjórar 23,9% konur,“ segir hún.

„Hægt þókast því í jafnréttisátt í þessu jafnréttasta landi heims.“ segir Eva sem er ráðgjafi og eigandi Podium ehf., ráðgjafafyrirtækis sem fæst við stjórnendaráðgjöf, stefnumótun og breytingastjórnun. Fyrirtækið var formlega stofnað árið 2015. Á árunum sem liðin eru síðan hefur Podium aðstoðað fjölda fyrirtækja, stórra sem smárra, við að móta stefnu með sjálfbærni að leiðarljósi. Podium hefur sérhæft sig í stefnumótun þar sem Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru í aðalhlutverki og leitt stór verkefni á sviði Heimsmarkmiðanna með sveitarfélögum, haldið fyrirlestra og tekið þátt í ýmsum verkefnum.

Bládamennska og almannatengsl
Bakgrunnur Evu liggur frá blaðamennsku á DV og ritstjórn helgarblaðs í ráðgjöf í almannatengslum auk þess sem hún starfaði sem talsmaður og forstöðumaður almannatengsla hjá Símanum til fjölda ára. Þá tók hún við stöðu í framkvæmdastjórn Milu þar sem hún leiddi stefnumótun, mörkunarvinnu, sölu og þjónustu hjá



Eva Magnúsdóttir leggur sig fram um að hvetja konur til að þróast í starfi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

fyrirtækinu eftir að það var skilið frá Símanum.

„Að finnst kona einhvers virði er mikilvægt til að halda sjálfs-traustinu og því þurfa konur að komast áfram. Þegar ég sjálf var í tilvistarkreppu á vinnumarkaði og fannst ég hvorki komast aftur á bak né áfram sagði þáverandi yfirmaður minn við mig þessa setningu: „Það sækir þig enginn út í horn.“ Setningin skilaði mér því að ég fór að sækjast meira eftir því sem mig langaði í. Þessa setningu nota ég enn þá og hef ávallt hvatt

konur til þess að þróast í starfi og sækja fram, þær verða að rétta sjálfar upp hönd. Takk, Heiðrún Jónsdóttir,“ segir Eva.

Jafnrétti er ákvörðun og við missum af mannaúði

„Ég var fyrsti verkefnisstjóri Jafnvægisvogar FKA þegar því skemmtilega verkefni var hrundið af stað og kom því á koppinn ásamt góðu fólki hjá FKA, fyrirtækjum og forsætisráðuneytinu. Við höldum á lofti þeirri staðreynd að jafnrétti væri ákvörðun. Í jafnvægisvoginni

fór saman áhugi og ósk um að taka þátt í að byggja upp samfélag þar sem dætur þessa lands geta átt sömu tækifæri og synir þess. Að mínu mati er mjög mikilvægt að fjölga konum í stjórnnum og framkvæmdastjórnnum þar sem vinnumarkaðurinn missir annars af þeim mikla mannaúði sem liggur í konum og þeirra menntun. Kynjahlutfall brautskráðra úr háskólum hefur verið svipað frá 1995 þar sem konur eru frá 62%-66% brautskráðra nemenda. Þetta sýnir að vinnumarkaðurinn er að

” Að finnst kona einhvers virði er mikilvægt til að halda sjálfs-traustinu og því þurfa konur að komast áfram.

missa af þeim mikla mannaúði sem liggur í konum og langskóla-menntun þeirra. Þessu til viðbótar langar mig til þess að benda á að val í stjórnir þar sem einhæf þekking er í aðalhlutverki er heldur ekki af hinu góða og oft er t.d. sérstakur skortur á sjálfbærniþekkingu í stjórnnum fyrirtækja,“ segir Eva.

Konur sem drifkraftar sjálfbærni

„Konur eru víða drifkraftar sjálfbærni en sjálfbærni drifur áfram viðskipti og nýsköpun líkt og rekstrarlega skilvirkni. Hvar sem ég hef komið að ráðgjöf í sjálfbærnimálum þá hafa konur verið í leiðtogahlutverkum sem sjálfbærni- eða sveitarstjórar. Mörg fyrirtæki og sveitarfélög nota Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna til þess að keyra áfram verkefni á sviði sjálfbærni og flest eru þau að vinna eftir Heimsmarkmiði 5 um jafnrétti kynjanna. Ef allar konur í FKA sameinast um að vinna með sjálfbærni að leiðarljósi munum við byggja upp betri heim.“ ■

Lognið á eftir storminum

Sara Dögg Davíðsdóttir Baxter stofnaði LOGN Bókhald í maí síðastliðnum og aðsóknin hefur farið fram úr hennar björtustu vonum. Markmið hennar er að sýna að bókhald getur verið skemmtilegt og mjög mikilvægur þáttur í rekstri einstaklinga og fyrirtækja.

Sara Dögg heldur úti Instagram-síðu með fróðleik um rekstur og bókhald á mannamáli. Hún lærði bókarann á árunum 2019 til 2020 og fékk í kjölfarið vinnu sem nemi á bókhaldsstofu þar sem hún lærði betur á starfið.

„Með tímanum fór ég að vinna sem verktaki hjá bókhaldsstofunni og tók að mér einn og einn kúnna. Það var svo í maí á síðasta ári, eftir að ég kláraði fæðingarorlof, sem ég ákvað að gera meira úr þessu og stofna eigið fyrirtæki,“ segir Sara.

Það má með sannri segja að líf Söru hafi tekið gjörólíka stefnu frá því sem áður var, en hún er fördunarfræðingur og stílisti og vann í þeim geira áður.

Sara segir fyrirtækið hafa stækkað mun hraðar en hún bjóst við á þessum stutta tíma, en hún hefur sinnt hátt í 100 fyrirtækjum og einstaklingum síðan í maí. Hún segir það vera enn þá sætara hvað gengur vel vegna þess að hún hefur séð um allt sjálf hvað varðar markaðssetningu, vefsíðu- og logo-gerð, hugmyndafræðina og fleira.

„Verandi ung í þessum rekstri hefur það komið mér á óvart hvað

” Mér finnst gaman að kenna og býð upp á kennslu og ráðgjöf. Mig langar að nýta þekkingu mína til að kveikja áhuga fólks á bókhaldi.

tengslanetið hefur stækkað hratt. Ég hef kynnst fullt af kvenkynsbókum sem ég get leitað til með ráð. Það er mikil vöntun á bókunum og ég finn ekki fyrir öfundsyki eða samkeppni á milli okkar. Við hjálpumst allar að.“

Instagram laðar að

Eitt af því sem hefur laðað viðskiptavinina að er Instagram-síðan lognbókhald. Þar hefur Sara birt glærur með ýmiss konar gagnlegum upplýsingum um rekstur og bókhald sem settar eru fram á mannamáli.

„Mér finnst gaman að kenna og býð upp á kennslu og ráðgjöf. Mig langar að nýta þekkingu mína til að kveikja áhuga fólks á bókhaldi. Margir halda að bókhald sé leiðinlegt, en það getur verið ótrúlega skemmtilegt. Flest sem við skiljum ekki er leiðinlegt og að afla upplýsinga um bókhald á mannamáli er erfitt, þess vegna trassa margir þennan part sem fylgir rekstri. Það skiptir líka miklu máli að það sé gert rétt, að fólk viti hvað það er að gera og af hverju það er að greiða



Sara Dögg söðlaði um og stofnaði eigin bókhaldsstofu fyrir tæpu ári síðan. Síðan þá hafa viðskiptin blómstrað.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

þennan og hinn kostnaðinn. Ég byrja alltaf á að fræða fólk þegar það kemur í viðskipti til mín. Mér finnst svo mikilvægt að fyrirtæki og einstaklingar hafi smá innsýn í hvernig bókhald virkar. Þess vegna varð Instagram-síðan til. Það hafa nokkrir viðskiptavinir sagt við mig, eftir að þeir fóru að skoða glærurnar, að þeir séu komnir með áhuga á bókhaldi. Það er besta hrósið sem ég fæ, því það er tilgangurinn með fræðslunni.“

Sara segir að Instagram-síðan sé reyndar orðin það vinsæl að hún getur varla póstað þar lengur. Í hvert sinn sem hún deilir nýrri glæru fyllist innhólfid hjá henni og hún hefur ekki undan að svara fyrirspurnum.

„En núna er ég búin að ráða starfsmann, svo kannski get ég farið að bæta meiru inn á síðuna. Mér

finnst erfitt að vísa fólki frá og vil því ekki miðla upplýsingum en geta ekki aðstoðað umfram það,“ bætir hún við.

Aðspurð að því hvort þessi áhugi á Instagram-síðunni sýni ekki að vöntun sé á miðlun upplýsinga hvað varðar rekstur og bókhald, svarar Sara að sannarlega sé vöntun á slíkri miðlun.

„Ég hef heyrt af því að sumir bókaraar útskýri ekki nógu vel fyrir viðskiptavinunum eða segi þeim hvað þarf að passa upp á. Mér finnst það eiginlega vera skylda að upplýsa viðskiptavinina og það á mannamáli. En það er auðvitað misjafnt hverju fólk sérhæfir sig í og leggur áherslu á, en það sem mér finnst svo skemmtilegt við þetta er að fræða viðskiptavinina um mikilvægi bókhalds og hverju þurfi að standa skil á og af hverju,“ segir hún.

Ró yfir bókhaldinu

Nafnið LOGN segir Sara að hafi poppað upp í hugann á henni eitt kvöldið þegar hún var að fara að sofa.

„Nafnið vísar til þess að fá ró yfir bókhaldið. Bókhald getur verið kvíðavaldandi fyrir marga, sérstaklega ef fólk skuldar ríkinu pening eða óreiða er á bókhaldinu. En við leggjum áherslu á að laga það og útskýrum fyrir viðskiptavinunum hvernig þeir geta fengið sem mest út úr rekstrinum. Það er það góða við bókhald, það er alltaf hægt að laga. Með aukinni þekkingu og innsýn færast ró yfir bókhaldið. Margir viðskiptavina minna segja að nafnið hafi gripið þá. Þau hafi viljað koma yfir í lognið, enda er þetta LOGN-ið á eftir storminum en ekki LOGN-ið á undan storminum.“ ■

Árangur verður ekki til á einni nóttu

Inga Tinna Sigurðardóttir stofnaði Dineout árið 2017. Í upphafi var hugmyndin að þróa lausn fyrir borðabókanir á veitingastöðum, en þegar heimsfaraldurinn skall á þurfti hún ásamt teyminu sínu að hugsa út fyrir boxið.

Inga Tinna stofnaði Dineout ásamt bróður sínum, Magnúsi Birni Sigurðssyni. Hún er verkfræðimenntuð í grunninn og útskrifaðist úr rekstrarverkfræði árið 2010. Ári fyrir útskrift byrjaði hún að vinna í eignastýringu í banka. Þar segist hún hafa eflt tengslanetið sitt og fengið ómetanlega reynslu sem hún býr að í dag.

„Ég starfaði þar í nokkur ár og fíkraði mig upp metorðastigann eins og gengur og gerist. Þar kynntist ég frábæru samstarfsfólki sem margir hverjir eru góðir vinir mínir í dag. En með hverju árinu fór innri röddin að óma herra og herra og ég fann það betur og betur að vettvangurinn var ekki að uppfylla þá þörf sem ég hafði fyrir að skapa eitthvað sjálf. Eins og sönnum verkfræðingi sæmir átti Excel að leysa þetta verkefni svo að sjálfsögðu var hafist handa við að lista upp kosti og galla þess að segja starfinu lausu,“ útskýrir Inga Tinna.

Hún segir að niðurstaðan hafi verið afgerandi. Excel mælti alls ekki með því að segja starfinu lausu, sérstaklega þar sem hún hafði ekki hugmynd um hvað hún ætlaði að gera í staðinn. En að lokum lét Inga Tinna innsæið ráða og sagði upp. Hún fór að vinna sem flugfreyja, sem hún hafði gert samhliða náminu, til að gefa sér góðan tíma til að ákveða næstu skref.

„Í flugfreyjustarfinu var maður oft spurður að því hvaða veitingastaðir væru góðir á Íslandi ásamt því hvað væri sniðugt að gera. Ég fór að gefa þessu gaum og úr varð að ég stofna fyrirtækið Icelandic Coupons árið 2015. Ég byrja að gefa út afsláttarbækling fyrir ferðamenn sem innihélt leiðarvísi að vinsælum veitingastöðum og afþreyingu. Í þessari vinnu hitti ég oft veitingahúsaeigendur og á fundum mínum með þeim var oft mikil trúflun því þeir voru stanslaust að svara símanum og taka við bókunum sem þeir skrifuðu niður í stílabækur eða excel forritið góða,“ segir Inga Tinna, en þannig kviknaði hugmyndin að Dineout.

„Til að gera langa sögu stutta þá stofna ég Dineout árið 2017 og í dag á ég, ásamt bróður mínum Magnúsi Birni Sigurðssyni, meirihluta fyrirtækisins. Hann kláraði rekstrarverkfræði og tölvunarfræði og er snillingur lífs míns. Í upphafi flökkudum við á milli kaffihúsa ásamt því að heimilið mitt var skrifstofan okkar þar sem við unnum hörðum höndum frá morgni til kvölds,“ segir hún.

„Ekkert af því sem orðið er hefði orðið nema fyrir það ótrúlega flotta og magnaða fólk sem starfar hjá Dineout. Hópurinn samanstendur í dag af 14 einstaklingum. Hver og einn þessara einstaklinga skipar mikilvægan sess í framþróun fyrirtækisins. Andinn í hópnum er frábær og vinnustaðurinn í takt við það.“

Skortir kvenkyns fyrirmyndir Þar sem Inga Tinna er kona og eigandi hugbúnaðarfyrirtækis hefur hún oft verið fengin til að halda fyrirlestra um konur í hugbúnaðargeiranum. Hún hefur kynnt sér vel stöðu kvenna í þeim geira og í frumkvöðlastarfi, en staðreyndin er að þar eru konur í miklum minnihluta.

„Það hafa mýmargar rannsóknir



Inga Tinna Sigurðardóttir stofnaði Dineout ásamt bróður sínum. Hún segir að það vanti kvenkynsfyrirmyndir í frumkvöðlastarfi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

” Að baki hverju fyrirtæki sem gengur vel og er í vexti er blóð, sviti og tár ásamt fórnunum.

verið gerðar á þessari staðreynd. Niðurstöður eru margþættar en rauði þráðurinn virðist vera sá að ímynd nýsköpunar og frumkvöðlastarfsemi tengist áhættu. Um helmingur fyrirtækja sem stofnuð eru deyr innan fimm ára. Karlar eru í eðli sínu áhættusæknari en konur og eiga því auðveldara með að taka ákvörðun um að feta þessa leið. Vissulega er áhætta fólgin í nýsköpun en eins og fræðin segja er jákvæð fylgni á milli áhættu og væntrar ávöxtunar. Ef hugmyndin reynist góð er áhættan svo sannarlega alltaf þess virði,“ segir Inga Tinna með áherslu.

„Önnur ástæða fyrir skorti á konum í frumkvöðlaheiminum er að þar skortir kvenkyns fyrirmyndir. Mannskepnan er hjárðýr þannig að því fleiri reynslusögur sem koma frá konum og því fleiri áberandi kvenfyrirmyndir, því líklegri er að konur nái að spegla sig og horfa á þennan vettvang sem tækifæri.“

Inga Tinna segist oft fá spurningar um hvernig það er að vera kona í nýsköpunarheiminum, hvort hann sé ekki meira fyrir karla. Hvort hægt sé að eignast börn í þessu starfi og hvort hún eigi sér eitthvað líf.

„Vissulega eru þetta allt spurningar sem eiga rétt á sér og sumar hverjar hitta beint í mark. Að baki hverju fyrirtæki sem gengur vel og er í vexti er blóð, sviti og tár ásamt fórnunum. En við höfum öll val um hvernig við nýtum tímann okkar

og hvernig við forgangsroðum hlutum. Það er sorglegt að verja tíma sínum og orku í það að passa inn í einhverja ákveða ímynd sem samfélagið hefur búið til. Númer eitt er að upplifa sannlega að maður sé að gera hluti sem veita manni fyllingu og gleði, hvort sem það er nýsköpun eða eitthvað annað. Vera óhræddur við að lifa. Það að vera að sinna því sem í daglegu máli kallast vinna er eitthvað sem ég horfi á sem áhugamál. Það eru ákveðin forréttindi.“

Skrápurinn þykkari

Síðastliðin ár hefur Inga Tinna fundið fyrir breytingu í áherslum á frumkvöðlastarfsemi og þar nefnir hún sérstaklega að stjórnvöld hafi markvisst búið til góða umgjörð fyrir fólk í nýsköpun.

„Til dæmis er því líkt flott setur og vettvangur fyrir nýsköpun í húsi Grósku, breyttir lagarammar og áherslur styrkveitinga. Það eru ótal fleiri tækifæri og nú höfum við titlaðan nýsköpunarráðherra sem er atorkumikil og ofuröflug kona sem lætur verkin tala,“ segir Inga Tinna. Hún bætir við að til að komast áfram í nýsköpunarheiminum þurfi fjóra hugsun, góða hugmynd, óbilandi trú á að hugmyndin leysi þörf eða vandamál, gott og öflugt teymi, mikið keppnisskap, mikla þolinmæði og sterkan skráp.

„Svo er gulls ígildi að hafa góðan ráðgjafa og klappstýru sem hægt er að leita til og fá lánaða dómgreind frá. Faðir minn á klappstýrutitilinn skuldlausan. Hann er minn helsti ráðgjafi og á heidurinn af því að blása hita til mín. Það sem er svo fallett við nýsköpun er að hún spyr ekki hvernig manna þú ert, hvaða menntun þú hefur eða stöðu í samfélaginu. Þú sérð alfarið sjálf eða sjálfur um að skapa þá veröld sem þú hefur trú á,“ segir hún.

„Út frá minni reynslu er ekkert til sem heitir heppni. Árangur verður ekki til á einni nóttu. Þetta snýst allt um að taka fyrsta skrefið, taka svo næsta rétta skref og svo næsta rétta skref. Vera viðbúin því að hlutirnir munu alls ekki þróast nákvæmlega eins og þú leggur upp með í byrjun og það er margt sem mun koma á óvart. Ekki horfa

” Í dag erum við líka komin með allar lausnir sem veitingastaður þarf til að hægt sé að starfrækja hann.

of mikið í baksýnispegilinn eða hugsa um hvað aðrir eru að gera og ekki láta höfnun draga úr þér,“ heldur hún áfram.

„Hlutir eru hættir að koma mér á óvart eins og þeir gerðu fyrir einhverjum árum og skrápurinn orðinn töluvert þykkari. Það er ekki hægt að gera ráð fyrir því að fólk hugsi eins og maður sjálfur, það er ekki hægt að gera ráð fyrir því að allir séu heiðarlegir, það er ekki hægt að gera ráð fyrir því að utanaðkomandi þættir spili með þér. En það sem mestu máli skiptir er að þú missir ekki sjónar á trú þinni og gildum. Það eina maður getur haft áhrif á er maður sjálfur og hvernig maður bregst við í ákveðnum aðstæðum.“

Hugsuðu út fyrir boxið

„Þegar heimsfaraldurinn skall á, veitingastöðum var lokað og takmarkanir voru alveg gríðarlegar, þá var borðabókunarkerfið eina varan okkar og hún varð óvirk þegar engir gátu bókað borð. Þá var ekkert annað í stöðunni en að annað hvort sitja og bíða af okkur storminn eða rísa upp og þróa fleiri lausnir. Við völdum seinni kostinn,“ segir Inga Tinna.

„Nýjasta varan okkar, rafræn gjafabréf, leit dagsins ljós í nóvember síðastliðnum. Gjafabréfin má nota á fjölda veitingastaða og hefur því sá sem fær gjöfina val um hvar hentar að nota inneignina. Þú getur verið með gjafabréfið rafrænt í farsímaveski eins og Google

Wallet og Apple Wallet, fengið það sent í tölvupósti eða fengið það útprentað. Gjafabréf slógu alveg í gegn fyrir jólin.“

Lausnin er afar einföld að sögn Ingu Tinnu. Fólk fer einfaldlega inn á dineout.is og smellir á tengil sem heitir „Gjafabréf“ efst á forsiðunni til að kaupa gjafabréf. Þau eru svo send í tölvupósti en viðskiptavinir geta hakað við að þeir vilji fá gjafabréfið í gjafaöskju.

„Við erum komin með um 95% markaðshlutdeild á Íslandi þegar kemur að borðabókunum. Í gegnum dineout.is og Dineout appið getur fólk séð, út frá þeim fjölda sem ætla saman út að borða, degi og tíma dags, hvaða veitingastaður er með er laust borð og bókað það á staðnum,“ segir Inga Tinna.

„Í dag erum við líka komin með allar lausnir sem veitingastaður þarf til að hægt sé að starfrækja hann, hvort sem þar er borðabókunarkerfi, matarpöntunarkerfi, kassakerfi eða rafræn gjafabréf. Við höfum líka búið til vefsíður fyrir veitingastaði og erum með viðburðakerfi. Í viðburðakerfinu er meðal annars verið að selja aðgang að pitsuskóla, vinsmökkunarnámskeiðum og fleira og fleira. Við tengjum öll þessi kerfi til almenningis í gegnum dineout.is og Dineout appið. Þannig tala veitingastaðirnir og almenningur auðveldlega saman.“

Hagræðingin í þessu, að sögn Ingu Tinnu, er að veitingarekstraraðilar geta núna sýslað með allan sinn rekstur í einu og sama kerfinu. Hún segir það einnig mikla hagræðingu fyrir starfsfólk að þurfa ekki að læra á mörg kerfi.

„Þess má geta að 680.000 manns settust til borðs í gegnum Dineout í nóvember síðastliðnum og í sama mánuði varð 10 milljónasta flettingin í gegnum dineout.is frá upphafi. Tugir þúsunda hafa aðgang að Dineout appinu, en þar er mjög auðvelt að sjá laus borð og bóka þau. Þannig að þetta er orðið stærsta markaðstorg fyrir veitingastaði á Íslandi og fer ört vaxandi. Það virðist vera komið inn í vöðvaminni landans að fara inn á markaðstorgið og bóka þaðan.“ ■

Persónubundin þjónusta fyrir aldraða

Halla Thoroddsen tók við sem forstjóri Sóltúns heilbrigðisþjónustu og dótturfélögum 1. nóvember sl. Hún stýrði áður Sólvangi hjúkrunarheimili og Sóltúni Heima.

Halla, sem kemur úr banka-geiranum, segir stöðugt verið að byggja upp ný úrræði fyrir aldraða og fjölskyldur. „Sóltún heima heimaþjónusta var stofnuð 2017 og Sóltún heilsusetur var stofnað síðasta haust, sem er skammtímaendurhæfing fyrir aldraða skjólstæðinga heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu. Við erum ávallt að leita að nýjum tækifærum og lausnum fyrir okkar skjólstæðinga og að mínu mati er þetta gríðarlega spennandi og áhugaverður starfs-veitvangur þar sem verkefnið eru ærin,“ segir Halla.

Hjúkrunarrýmum fjölgað

Sóltún er einkarekið fyrirtæki. „Félagið byggir á grundvelli fyrsta einkarekna hjúkrunarheimilisins á landinu, Sóltúni í Reykjavík, sem var stofnað fyrir 21 ári og síðan þá höfum við verið að fjölga þjónustuúrræðum eftir þörfum skjólstæðinga okkar. Í dag rekum við tvö hjúkrunarheimili, Sólvang í Hafnarfirði með 71 íbúa og Sóltún í Reykjavík með 92 íbúum en þar stefnum við á að fjölga um 60 rými. Sóltún heilbrigðisþjónusta og dótturfélög skera sig úr því við erum ein um það á landinu að bjóða upp á alhliða þjónustu fyrir aldraða, frá því að þeir þurfa aðstoð við dag-



legt líf í sjálfstæðri búsetu þangað til þeir þurfa sólarhringsþjónustu á hjúkrunarheimili,“ útskýrir Halla.

„Sóltún heima er heimaþjónustan okkar, en þar aðstoðum við aldraða við athafnir daglegs lífs og léttum undir með fjölskyldum við umönnun þeirra á heimili þeirra. Einnig erum við með einstaka styrktarþjálfun, Sóltún heima-hreyfingu, þar sem leiðbeinandi mætir heim tvisvar í viku og leiðbeinir við markvissar og sér-sniðnar æfingar í dönsku æfingakerfi sem heitir DigiRehab sem er ætlað að draga úr byltuhættu, notkun á hjálpartækjum og bæta styrk og hefur verið notað víða í dönskum sveitarfélögum við frá-

bæran árangur og í okkar þjónustu frá 2017,“ segir hún enn fremur.

Endurhæfing mikilvæg

Hlutfall aldraðra á næstu árum mun aukast gríðarlega og það þýðir aukið álag á heilbrigðiskerfið ef ekkert er að gert, að sögn Höllu. „Á árunum 2022 til 2050 munu einstaklingar 90 ára og eldri fjórfaldast og verða tæplega 8.000 en eru 2.200 í dag og einstaklingar 80 ára og eldri þrefaldast og verða rúmlega 33.000 frá 11.000 í dag. Þarfir og kröfur aldraðra eru að breytast með árunum og meðal annars þarf að bregðast við fjölgun aldraðra með því að fjölga hjúkrunarrýmum fyrir þá sem

Halla Thoroddsen er forstjóri Sóltúns heilbrigðisþjónustu. Hún segir margt spennandi á döfinni á næstunni, meðal annars fjölgun hjúkrunarrýma.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

þjónustu en aðrir og þess vegna er endurhæfing mikilvæg. Við förum bæði heim til fólks með heima-hreyfinguna okkar en einnig erum við með skammtímaendurhæfingu á Sóltúni heilsusetri á Sólvangi fyrir aldraða.

Sérhæfð dagþjálfun

Þá erum við við með félagslega dagdvöl og sérhæfða dagþjálfun fyrir heilabilaða á Sólvangi í Hafnarfirði sem er mjög eftirsótt þjónusta. Einnig getum við aðstoðað aldraða og fjölskyldur þeirra á heimilum eða hjúkrunarheimilum í gegnum Sóltún heima. Þjónusta Sóltúns heima er algjörlega sniðin eftir þörfum einstaklingsins og fjölskyldunnar. Þjónustan er persónubundin og sniðin eftir því sem fólk vill og þarfnast. Við finnum út saman hvað hentar hverjum og einum, sumir þurfa félagslegt innlit eða viðveru, aðrir aðstoð við matmálstíma, styrktarþjálfun, fylgd til læknis eða aðstoð við böðun svo eitthvað sé nefnt.

Á haustdögum 2022 opnuðum við á Sólvangi skammtímaendurhæfingarúrræði fyrir aldraða í samstarfi við heilbrigðisyfirvöld. Þar geta skjólstæðingar heima-hjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu komið í 4-6 vikur í alhliða endurhæfingu algjörlega niðurgreitt af Sjúkratryggingum. Markmiðið er að styrkja einstaklinginn svo hann þurfi síður á dýrari þjónustuúr-ræðum að halda og dæmi eru um að skjólstæðingar hafa þurft færri innlit heimahjúkrunar í kjölfar dvalarinnar og orðið félagslega virkari,“ segir Halla. ■

” Einnig erum við með einstaka styrktarþjálfun, Sóltún heimahreyfingu, þar sem leiðbeinandi mætir heim tvisvar í viku og leiðbeinir við markvissar og sér-sniðnar æfingar.

Þess þurfa en einnig draga úr eftirspurn eftir dýrari úrræðum, svo sem hjúkrunarrýmum og spítalaþjónustu. Hrumt og veikburða fólk þarf oftast en ekki meiri heilbrigðis-

FYRIRTÆKI ÁRSINS

Jafnrétti er lykilpáttur

VR

FYRIRTÆKI
ÁRSINS 2023

Nánar á vr.is/2023 ➔



★ SÓLARMEGIN Í LÍFINU ★



Lifðu þínu besta lífi í Spánarsólinni

WWW.SPANAREIGNIR.IS

GLÆSILEGAR EIGNIR Á LAS COLINAS

Einum besta golfvelli Evrópu, þar sem hægt er að spila golf í góðu veðri allt árið.

- ALLAR ÍBÚÐIR ERU MEÐ STÓRUM SUÐURSVÖLUM.
- MÖGULEIKI Á SÉR GARÐI EÐA SÉR ÞAKVERÖND.
- STÆÐI Í BÍLAKJALLARA.
- GLÆSILEGUR SUNDLAUGARGARÐUR.
- FALLEGT & GRÓIÐ UMHVERFI.

Bjóðum upp á einkafundi á skrifstofunni okkar í Reykjavík til að fara yfir eignirnar, kaupferlið ofl. Hafið samband og bókið tíma.

Nánari upplýsingar veitir Aðalheiður Karlsdóttir, löggiltur fasteignasali.

HÓLMGARÐI 34, 108 REYKJAVÍK | S. 893 2495 | ADALHEIDUR@SPANAREIGNIR.IS


SPÁNAREIGNIR
Traust þjónusta frá 2001



Markmiðið að auka vinnugetu og lífsgæði

Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK, segir VIRK gegna mikilvægu hlutverki, og vaxandi, í forvörnum sem hafa það að markmiði að bæta heilsu og líðan í samfélaginu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Frá því að VIRK Starfsendurhæfingarsjóður hóf starfsemi fyrir næstum 15 árum hafa tugþúsundir einstaklinga nýtt sér þjónustuna og náð að koma sér aftur í virkni og inn á vinnumarkaðinn. Starfsemi VIRK hefur því gríðarlega þýðingu fyrir samfélagið, einstaklinga og fyrirtækin í landinu.

Vigdís Jónsdóttir hefur verið framkvæmdastjóri VIRK frá upphafi, varð fyrsti starfsmaður starfsendurhæfingarsjóðsins haustið 2008, en það ár stóðu aðilar vinnumarkaðarins að stofnun VIRK, sem er sjálfseignarstofnun fjármögnuð af atvinnulífinu, lífeyrissjóðum og ríki. Í dag eru starfsmenn og ráðgjafar VIRK um 110 talsins, starfsemin er dreifð um allt land en höfuðstöðvarnar eru í Borgartúni 18 í Reykjavík.

Vigdís segir kjarnastarfsemi VIRK snúa að því að veita þeim 2.400 þjónustuþegum sem á hverjum tíma eru í starfsendurhæfingu á vegum VIRK, markvissa og góða þjónustu.

„Hjá VIRK veitum við einstaklingsbundna þverfaglega starfsendurhæfingaráætlun og ráðgjafa þjónustu sem sniðin er að þörfum og aðstæðum hvers og eins einstaklings. Hver einstaklingur fær sína eigin starfsendurhæfingaráætlun og ráðgjafa sem fylgir þjónustunni eftir. Starfsendurhæfingin er veitt um allt land og fjöldi þjónustuaðila sem VIRK kaupir þjónustu af fyrir einstaklingana í starfsendurhæfingu tekur þátt í henni.“

VIRK gegnir mjög mikilvægu hlutverki í velferðarkerfinu, að hennar sögn. „Yfir 20 þúsund einstaklingar hafa leitað til VIRK undanfarin 15 ár og um 15 þúsund einstaklingar hafa lokið þjónustu. Um 80% einstaklinga sem ljúka þjónustu eru í virkni við lok



Pórey Edda Heiðarsdóttir, sviðsstjóri mats og rýni, Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK, Ásta Sölvadóttir, sviðsstjóri úrræða, og Jónína Waagfjörð, sviðsstjóri ráðgjafar og atvinnutengingar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

þjónustu, það er annað hvort í vinnu eða námi.“

Auðveldari endurkoma til vinnu
Undanfarin ár hefur VIRK lagt aukna áherslu á atvinnutengingu í starfsendurhæfingu, það er hvernig auðvelda megi þjónustuþegum VIRK endurkomu inn á vinnumarkaðinn með því að útvega einstaklingum störf við hæfi – og fyrirtækjum gott starfsfólk.

„Ráðgjafar VIRK hafa alltaf verið í góðu samstarfi við atvinnulífið og flestir einstaklingar sem ljúka þjónustu VIRK eiga greiða leið aftur út á vinnumarkaðinn með aðstoð ráðgjafa. Hins vegar er allt af hátt þess að þeir hafa verið við þannig heilsubrest að þörf er á meiri og sérhæfðari aðstoð við að finna störf við hæfi. Hér hefur VIRK komið inn með þjónustu sérhæfðra atvinnulífstengla.“

Atvinnulífstenglar VIRK vinna að því að byggja upp samstarf og tengsl við fyrirtæki og stofnanir með það að markmiði að fjölga

störfum fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu. Markmiðið er að valdefla þjónustuþegana svo þeir geti staðið á eigin fótum, en þessi hópur þarf töluverðan stuðning og eftirfylgni til þess. „Þessi þjónusta hefur verið í stöðugri þróun hjá okkur undanfarin ár og sífellt bætast við fleiri og fleiri fyrirtæki og stofnanir sem samstarfsaðilar í þetta mikilvæga verkefni með okkur.“

Rannsóknir sýna að úrræði sem tengjast vinnustaðnum eru oft árangursrík og að vinnan sjálf getur oft verið besta úrræðið í starfsendurhæfingunni. Í ljósi þessa hefur VIRK lagt aukna áherslu á starfsendurhæfingu samhliða vinnu undanfarin misseri og hafa margir þjónustuþegar nýtt sér þennan kost.

Þá hefur forvarnasvið VIRK búið upp á nýja þjónustu – Velvirk í starfi – sem miðar að því að efla starfsfólk og stjórnendur í starfi. „Um er að ræða aukinn stuðning fyrir starfsmenn og stjórnendur í

Ráðgjafar VIRK hafa alltaf verið í góðu samstarfi við atvinnulífið og flestir einstaklingar sem ljúka þjónustu VIRK eiga greiða leið aftur út á vinnumarkaðinn með aðstoð ráðgjafa.

Vigdís Jónsdóttir

atvinnulífinu með það að markmiði að auka velliðan í starfi og koma í veg fyrir brotthvarf af vinnumarkaði. Bæði stjórnendur og starfsmenn geta sent inn fyrirspurnir og hringt í sérfræðinga VIRK til að nálgast viðeigandi upplýsingar og ráðgjöf.“

Öflugt forvarnastarf

Vigdís segir VIRK gegna mikilvægu hlutverki, og vaxandi, í forvörnum sem hafa það að markmiði að bæta heilsu og líðan í samfélaginu og minnka mögulega brottfall af vinnumarkaði. Vitundarvakningar eins og „Það má ekkert lengur“ og „Er brjáladað að gera?“ eru hluti af verkefnum forvarnasviðs VIRK.

Það má ekkert lengur auglýsingin sem flestir hafa tekið eftir er hryggjarstykkið í vitundarvakningu um kynferðislega áreitni á vinnustöðum, sem VIRK stendur fyrir í samstarfi við auglýsingastofuna Hvíta húsið. Markmið vitundarvakningarinnar er að beina sjónum að þessu þjóðfélagsmeini, vekja upp umræðu og vísa fólki inn á gagnlegt efni og upplýsingar á velvirk.is.

„Í könnun sem EMC Rannsóknir gerðu kemur fram að það má ekkert lengur auglýsingin hefur vakið mikla athygli og vakið fólk til umhugsunar um kynferðislega áreitni á vinnustöðum. Nærri 9 af hverjum tíu aðspurðra telja til dæmis að hún vekir athygli á mikilvægu málefni.“

Þessu tengt ákvað stjórn VIRK í desember síðastliðnum að veita sérstaka styrki til sex úrræða um allt land. „Styrkirinn veita þolendum kynferðisofbeldis þjónustu auk þess að árlegum jólastyrk VIRK var að þessu sinni veitt til verkefnisins „Heimilisfríðar“ sem er meðferðar- og þekkingarmiðstöð um ofbeldi í nánnum samböndum.“

Samstaða um VIRK

Vigdís segir starfsemi VIRK hafa þróast stöðugt og breyst í takti við áherslur og þarfir samfélagsins á hverjum tíma. Skilningur á mikilvægi markvissrar starfsendurhæfingar fyrir samfélagið fari vaxandi sem og jákvæðni gagnvart starfsemi VIRK.

Könnun sem Maskína gerði á síðasta ári sýndi að 81% svarenda taldi að VIRK hefði mikla þýðingu fyrir íslenskt samfélag og nær átta af hverjum tíu aðspurðra voru jákvæðir gagnvart VIRK. Einnig kom fram í könnuninni að um 8% landsmanna höfðu leitað til VIRK og sex af hverjum tíu þekktu einhvern sem hefur leitað til VIRK.

„Aðilar vinnumarkaðarins sýndu mikla framsýni þegar þeir stofnuðu VIRK og stóðu vörð um starfsemina á erfiðum fyrstu árum. Í dag eru öll stóru samtökin á vinnumarkaði stofnaðilar VIRK og mikil samstaða hefur verið meðal þessara ólíku aðila um starf og framgang VIRK þar sem markmiðið er að auka vinnugetu og lífsgæði einstaklinga um allt land. Í þessari samstöðu liggur mikill styrkur.“ ■

FELDUR

VERKSTÆÐI



VERSLUN — SNORRABRAUT 56 — FELDUR.IS — INFO@FELDUR.IS — 588 0488

Ráðin í nýtt starf komin fimm mánuði á leið

Guðlaug A. Guðmundsdóttir er fjögurra barna móðir og forstöðumaður viðskipta- lausna á sviði eignastýring- ar og miðlunar hjá Lands- bankanum.

Hún útskrifaðist með B.S. gráðu í fjármálaverkfræði frá Háskól- anum í Reykjavík og hefur starfað í Landsbankanum í 11 ár, fyrst í úthringiveri samhliða námi.

„Eftir útskrift hóf ég störf í Áhættustýringu og svo á Einstakl- ingssviði. Í vinnu minni hjá bank- anum hef ég fengið að taka þátt í mjög skemmtilegum verkefnum, ég tók þátt í innleiðingu á öryggis- kerfi netbankans, snertilausum greiðslum í snjalltækjum og Spara í appi,“ segir Guðlaug.

„Starfið mitt í dag er mjög fjöl- breytt og krefst samskipta við mismunandi svið bankans. Til að mynda vinn ég daglega með starfs- mönnum á upplýsingatæknisviði, er í miklum samskiptum við lög- menn bankans, markaðsdeild og fleiri. Verkefni geta verið þróun og innleiðing á nýjum vörum, rekstur á núverandi vörum ásamt því að fylgja eftir regluverki.“

Guðlaug segir að til að allt þetta gangi upp, þ.e. heimili og vinna, þurfi fólk að vera vel skipulagt og muna að gefa sjálfu sér tíma til að sinna áhugamálum og félagslífi. „Það sem mér finnst best að gera er að byrja daginn snemma og taka stutta jógaæfingu og skella mér í göngutúr með hundinn áður en börnin vakna og allt fer í gang. Með þessu fer ég endurnærð inn í skemmtilegan og annasaman dag.“



Guðlaug A. Guð- mundsdóttir segir verkefni vera fjölbreytt og fara þvert á flest svið Lands- bankans.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

”Ég gerði mér ekki miklar vonir um að hljóta stöðuna þar sem ég bjóst alveg eins við því að óléttan myndi hafa áhrif á ákvörðun bankans um ráðningu. Það reyndist ekki raunin og ég var ráðin í starfið gengin fimm mánuði.

Guðlaug var komin þrjá mánuði á leið og sá auglýsta stöðu innan bankans sem hún hafði áhuga á og vildi ekki láta renna sér úr greipum. „Eftir samræður við manninn minn tók ég þá ákvörðun að sækja um starfið og tók fram í umsókn að ég væri ófrísk og ætti von á barni eftir 6 mánuði. Á þeim tímabili hafði ég aðeins tjáð mínum yfirmanni að ég væri ófrísk en ekki samstarfsfélögum.

Ég gerði mér ekki miklar vonir um að hljóta stöðuna þar sem ég bjóst alveg eins við því að óléttan myndi hafa áhrif á ákvörðun bank-

ans um ráðningu. Það reyndist ekki raunin og ég var ráðin í starfið gengin fimm mánuði. Bankinn leggur áherslu á að allir njóti sömu tækifæra og sérstök áhersla hefur verið á að jafna hlutföll í hópum stjórnenda. Það hefur verið mjög jákvæð þróun í þeim efnunum og konur í stjórnendastöðum komið sterkar inn sem virkir talsmenn bankans.“

Þegar Guðlaug tók til starfa var Covid-faraldurinn í miðjum klíðum og mikið um heimavinnu. „Það var óneitanlega frekar skritin tilfinning að taka við nýrri og

spennandi stöðu á þessum tíma- punkti en tæpum fjórum mánu- dum eftir að ég hóf störf fæddist dóttir mín og ég fór í fæðingarorlof. Á þeim tíma sem ég byrjaði í fæðingarorlofi setti bankinn ný viðmið um viðbótarstyrk til starfs- fólks í fæðingarorlofi. Ákveðið var að tryggja fastráðnu starfsfólki 80 prósent af launum í fæðingaror- lofi með viðbótarstyrk á móti fæðingarorlofssjóði í samræmi við reglur sjóðsins sem kom sér mjög vel fyrir okkur,“ segir Guðlaug A. Guðmundsdóttir forstöðumaður hjá Landsbankanum. ■

Vilt þú hrinda góðu verkefni í framkvæmd?

Svanni – lánatryggingasjóður kvenna veitir lánatryggingar til fyrirtækja í meirihlutaeigu kvenna. Sjóðurinn er í samstarfi við Landsbankann um lánafyrirgreiðslu.

Sótt er um á atvinnumalkvenna.is.

atvinnumalkvenna.is

atvinnumalkvenna@atvinnumalkvenna.is

531 7080



SVANNI
LÁNATRYGGINGA-
SJÓÐUR KVENNA



Skapaði tækifæri til að láta drauminn rætast

Ljósmeðurnar Embla Ýr Guðmundsdóttir og Emma M. Swift opnuðu í haust Fæðingarheimili Reykjavíkur. Þær segja miklu hafa munað um styrk frá AMK og lán frá Svanna, lánatryggingasjóði kvenna.

„Fæðingarheimilið er draumur sem rættist hjá okkur báðum. Þegar við kynntumst sáum við fljótt að við áttum mikla samleið í hugmyndum og styrkurinn sem við fundum í hvorri annarri gerði að verkum að við trúðum því strax frá byrjun að við gætum, með góðri hjálp, skapað stað sem við getum verið stoltar af.“

Þetta segja ljósmeðurnar Embla Ýr Guðmundsdóttir og Emma M. Swift á Fæðingarheimili Reykjavíkur.

Áður en þær stofnuðu Fæðingarheimilið höfðu báðar starfað á fjölbreyttum vettvangi við ljósmóðurstörf og fengið tækifæri til að sjá það sem virkar vel en líka það sem betur mætti fara. Þær kenna líka við Háskóla Íslands þar sem þær hafa tekið þátt í og leitt rannsóknir.

„Við kennslu í ljósmóðurfræðum leggjum við sérstaka áherslu á mikilvægi þess að starfa eftir bestu getu og nýjustu þekkingu. Í því samhengi er mikilvægt að skoða hvaða þjónustuform skila bestri útkomu fyrir fjölskyldur sem eiga von á barni, sem og ljósmæður í starfi. Þetta eru hugtök eins og samfelld þjónusta, yfirseta ljósmóður, eðlileg fæðing, upplýst val kvenna og mikilvægi þess að gefa ítarlega og hlutlaus fræðslu,“ útskýrir Embla.

Hún segir skjóta skökku við að þegar komið er út í raunveruleikann séu fá tækifæri fyrir ljósmæður að sinna fjölskyldum í samfelldri þjónustu, og að þjónustuforum sem lagt hafi áherslu á eðlilegt fæðingarferli, svo sem fæðingarheimili, MFS eða Hreiðrinu, hafi ítrekað verið lokað.

„Við ákváðum því að bretta upp ermar og búa til fæðingarheimili þar sem veitt er þjónusta sem við vitum að er góð og samkvæmt því sem vitað er að skiptir fjölskyldur máli. Við lögðum áherslu á að skipuleggja alla þjónustu samkvæmt gagnreyndri þekkingu en einnig því sem ljósmóðurstörf hafa kennt okkur í gegnum árin, og nú þegar fæðingarheimili Reykjavíkur hefur opnað erum við



Embla Ýr Guðmundsdóttir og Emma M. Swift á Fæðingarheimili Reykjavíkur eru reynslumiklar ljósmæður og kennarar í ljósmóðurfræðum við Háskóla Íslands. FRÉTTA BLAÐIÐ/ERNIR



Séð inn í fæðingarstofu Fæðingarheimilisins en þar er líka baðkar til fæðinga.

afskaplega ánægðar með að hafa látið verkin tala. Við sjáum strax hversu mikil þörf var á þessum valkosti og finnum fyrir miklum meðbyr.“

Gríðarlega þakklátar

Embla Ýr og Emma fengu styrk frá Atvinnumálum kvenna (AMK) og lán frá Svanna lánatryggingasjóði til þróa hugarfóstur sitt sem var Fæðingarheimili Reykjavíkur.

„Að hljóta slíkan styrk skipti gríðarlega miklu máli. Þegar hugmynd er bara á blaði og óvissan er mikil getur meðbyr frá AMK og Svanna orðið til þess að efla með manni kjark og tækifæri til að láta drauminn rætast. Það varð raunin hjá okkur. Styrkurinn frá AMK og lánið frá Svanna varð í raun til þess að við létum slag standa og fórum

af stað með húsnæðisleit, og í kjölfarið allar framkvæmdir á húsnæðinu. Fyrir það erum við gríðarlega þakklátar,“ segir Emma.

Viðtökurnar fóru fram úr þeirra björtustu vonum.

„Þegar við opnuðum Fæðingarheimilið í lok september fór starfsemin strax vel af stað. Við höfðum fundið fyrir miklum meðbyr í samfélaginu og fjöldi skjólstaðinga sem sækja til okkar þjónustu er meiri en við reiknuðum með. Samfélagið okkar stækkar ört,“ segir Emma.

Markmið þeirra Emblu var að Fæðingarheimilið yrði vettvangur fyrir fjölbreytta þjónustu við konur og fjölskyldur þeirra.

„Í dag erum við til dæmis með brjóstgafarádggjafa, ljósmæður sem sinna ráðgjöf um breytinga-

Við trúðum því strax frá byrjun að við gætum, með góðri hjálp, skapað stað sem við getum verið stoltar af.

Embla Ýr og Emma

skeið og fjölskylduráðgjöf, námskeið, meðgöngu- og mömmujóga. Við erum mjög áhugasamar um að halda áfram að skapa vettvang fyrir fagaðila með sérþekkingu, svo sem ljósmæður sem hafa bætt við sig námi og brenna fyrir starfi sínu, eða aðra sérfræðinga sem hafa sérhæft sig í málefnum kvenna eða fjölskyldna. Fæðingarheimili Reykjavíkur er heimili fyrir það,“ segir Emma.

Gaman að sjá heimilið blómstra

Embla Ýr og Emma mættu ýmsum áskorunum þegar þær hófu vegferð sína í átt að Fæðingarheimili Reykjavíkur.

„Helsta áskorunin hefur líklega verið sú að mörg verkefni sem snúa að skipulagi og opnun fæðingarheimilis eru mjög ólík ljósmóðurstörfum. Við höfðum ekki mikla þekkingu af rekstraráætlunum, framkvæmdum á húsnæði né markaðssetningu, en við höfðum

leitað til sérfræðinga og lært heilmikið á þessari leið, ekki síst að treysta á innsæi okkar og að leyfa okkur að hugsa stórt og láta hlutina virka,“ greinir Embla frá.

Eftir að starfsemi Fæðingarheimilisins fór af stað hafa áskoranir verið af svipuðum toga.

„Auk þess að sinna fjölbreyttum ljósmóðurstörfum erum við í öllum öðrum verkefnum sem falla til, svo sem framkvæmdastjórn, bókhaldi og daglegum rekstri. Sem betur fer þykir okkur það allt mjög skemmtilegt og sjáum hvernig þetta nær strax að blómstra. Stærsti lærdómurinn er því líklega að hafa trú á sjálfum sér til að takast á við ný verkefni en um leið að þekkja sín mörk og fá sérhæfða einstaklinga til að leida ákveðin verkefni þegar þörf krefur,“ segir Embla.

Fagleg þjónusta og fræðsla

Fæðingarheimili Reykjavíkur er til húsa í Hlíðarfæti 17, í nýju hverfi í nágrenni Valsheimilisins, Háskóla Íslands og Landspítala. Þar starfar teymi ljósmæðra sem hefur að markmiði að veita góða fræðslu og faglega þjónustu á meðgöngu og í fæðingu.

„Við ákváðum að finna strax húsnæði sem gæti rúmað alla þjónustu sem við sjáum fyrir okkur og lögðum mikið upp úr því að Fæðingarheimilið yrði heimilislegt og að þar sé gott að vera. Okkur finnst það hafa tekist vel. Við sjáum mikil sóknarfæri í að auka enn frekar við þjónustuna og stefnum að því að bjóða ráðgjöf um getnaðarvarnir, sem mikill áhugi er fyrir hjá skjólstaðingum okkar. Einnig viljum við stækka teymi sérfræðinga sem leigir aðstöðu hjá okkur og vonumst sérstaklega eftir sjúkrahjálfa, næringarfræðingi og sálfræðingi sem hafa sérhæft sig í málefnum kvenna á barneignaraldri. Þá væri gaman að bjóða upp á enn fleiri og fjölbreyttari námskeið í salnum,“ segja þær Embla Ýr og Emma.

„Við sjáum fyrir okkur að geta tekið á móti enn fleiri börnum á næstu árum og stækkað ljósmæðrateymið svo hægt sé að sinna fleiri skjólstaðingum á þann hátt sem við teljum mikilvægt. Við teljum tækifæri til aukinnar þjónustu bæði raunhæf og mikilvægt og finnum fyrir miklum áhuga ljósmæðra á að vinna í samfelldri þjónustu á fæðingarheimili eins og okkar.“ ■

Vill flýta fyrir grænu umbyltingunni

Þegar Ragna Sara Jónsdóttir stofnaði hönnunarfyrirtækið FÓLK Reykjavík segir hún lán frá Svanna hafa skipt verulegu máli.

„Ég hafði búið í Danmörku og fylgst með norrænu nýbylgjunni í innanhúshönnun, vörumerkjum eins og Muuto og Normann Copenhagen verða til. Þegar ég svo flutti heim árið 2008 tók ég eftir tvennu. Í fyrsta lagi að miðað við gróskuna í hönnun hér á landi, enduðu fá hönnunarverkefni sem söluvara í verslunum. Í öðru lagi vildi ég geta verslað vörur sem voru hannaðar og framleiddar á samfélagsábyrgan og sjálfbæran hátt. Ég fór því að kanna hvað þyrfti til til að auka framboð af sjálfbærri, íslenskrri hönnun og endaði með því að stofna vörumerkið FÓLK.“

Þetta segir Ragna Sara Jónsdóttir, eigand hönnunarfyrirtækisins FÓLK Reykjavík sem þróar, hannar og selur íslenska hönnun fyrir heimili og fyrirtæki.

Það er mikil verðbólga í því hvernig fyrirtæki tala um sjálfbærni og mikill grænþvottur í gangi.

„Markmið okkar er að flýta fyrir grænu umbyltingunni. Að þróa vörur út frá hugmyndafræði sjálfbærni, þar sem vörur eru úr endurunnum eða náttúrulegum hráefnum, hafa langan líftíma og er hægt að taka í sundur og endurvinnna að líftíma loknum,“ greinir Ragna Sara frá.

Við uppbyggingu FÓLKs Reykjavík segir Ragna Sara hafa munað um styrk frá Atvinnumálum kvenna (AMK) og lán frá Svanna lánatryggingasjóði.

„Við fengum styrk frá AMK



Ragna Sara Jónsdóttir er eigandi FÓLK Reykjavík. MYND/SAGA SIG

fyrir nokkrum árum sem hjálpaði okkur að fara á aðjódlega sýningu, og á tímabili í vexti fyrirtækisins fengum við lán frá Svanna sem skipti verulegu máli.“

Í dag starfa þrjár hjá fyrirtækinu og nýlega var opnað skrifstofa í Kaupmannahöfn sem sér um sölumál og vörubrún.

„Á Hönnunarverðlaunum Íslands í nóvember vorum við valin Besta fjárfestingin í íslenskrri hönnun og á haustmánuðum fengum við inn íslenska og erlenda fjárfesta. Við erum að byggja upp FÓLK Reykjavík sem alþjóðlegt vörumerki og hlökkum til að sýna nýja hönnun á alþjóðlegu vörusýningunni Stockholm Furniture Fair nú í febrúar,“ segir Ragna Sara.

Mikil samkeppni er á markaði sem FÓLK Reykjavík starfar á og ekki síst ríkir samkeppni um að koma upplýsingum til neytenda.

„Það er mikil verðbólga í því hvernig fyrirtæki tala um sjálfbærni og mikill grænþvottur í gangi. Við leggjum okkur fram um að gera virðisbætur okkar sýnilega svo neytendur geti sjálfir metið sögur á bak við vörurnar okkar. Við framleiðum eingöngu í Evrópu og margt af því sem við framleiðum er úr úrgangshráefnum eða endurunnum hráefnum sem annars væri hent,“ upplýsir Ragna Sara.

Hvar liggja tækifærin fyrir FÓLK Reykjavík?

„Tækifærin felast í því að hjálpa neytendum að byggja sér heimili sem eru sjálfbærari og umhverfisvænni. Mikið af hlutum sem eru framleiddir í dag voru hannaðir á þeim tíma þegar við sem samfélag höfðum ekki miklar áhyggjur af þeirri mengun sem framleiðsla hluta og húsgagna skapaði. Það er hægt að hanna og framleiða hluti sem hafa mun minni umhverfisáhrif en margt sem er gert í dag. Til hagsbóta fyrir neytendur og umhverfið.“ ■



Gunnur Sveinsdóttir, fræðslu- og starfsmannastjóri Bónuss. „Ég hef ávallt trúað því að ef maður er duglegur og fær í því sem fengist er við muni tækifærin koma og þá er bara að grípa þau.“

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

Við konur getum þetta allt

Bónus rekur 31 verslun á landsvisu. Alls sjö konur gegna störfum verslunarstjóra hjá fyrirtækinu. Gunnur Sveinsdóttir, fræðslu- og starfsmannastjóri fyrirtækisins, er spurð hverju þurfi að breyta í samfélaginu að hennar mati til að konur hasli sér frekari völl í stjórnunarstöðum.

Gunnur segir að sér finnist konur hafa getuna og tækifærin til að ná langt. „Það þarf metnað og viðkomandi þarf að velta fyrir sér hvaða markmið hún er með. Ég held að það sé nóg af tækifærum til þess að koma sér áfram ef maður bara einsetur sér að ná markmiðum sínum. Hjá Bónus hafa allir tækifæri til þess að þróa sinn starfsferil og við fögnum fjölbreytileikanum,“ segir Gunnur.

„Ég tel að grunnhugmyndin með jafnlaunavottun sé ágæt nálgun fyrir fyrirtæki varðandi að innleiða og vakta jöfnuð hjá sér en svo getur maður líka spurt sig hverju þetta er búið að skila í ákveðnar stéttir en ég held að það sé enn óréttlæti í launum hjá ákveðnum stéttum innan samfélagsins; það er viðlödandi að vinnan hjá svokölluðum hefðbundnum kvenna-stéttum sé enn þá talin minna virði en hjá karlastéttum. Þennan mun þurfum við sem samfélag að halda áfram að skoða.“

Starfsmenn Bónuss eru 968 á launaskrá í 410 stöðugildum. Konur eru 42% þeirra. „Ég hef ekki haldbæra skýringu á því hvers vegna ekki fleiri konur sækja um þau störf sem eru í boði hverju

” Bónus er oft fyrsti vinnustaður ungs fólks þannig að það er mikilvægt að við getum tekið vel á móti því svo að starfsfólk nái að vaxa og dafna í starfi og taki gott verklag með sér áfram í starfi.

sinni en það er ávallt gætt jafnræðis í öllu.

Hjá okkur er algennt að okkar fólk vinni sig upp í þessar stöður og við hvetjum fólk til að sækja um – karla sem konur.

Við erum búin að vera dugleg að ráða fólk með fjölbreyttan bakgrunn og það hefur gengið mjög vel. Einnig erum við í samstarfi með Vinnuálastofnun varðandi verkefnið „Atvinna með stuðningi“ og erum að reyna að leggja okkar af mörkum og ráða fólk með skerta starfsgetu.“

Ellefu manns starfa á skrifstofu Bónuss og þar af eru sex konur, eða um 55% af heildinni. „Þetta er faliðaður og samheldinn hópur fólks og flestir með margra ára reynslu af störfum hjá Bónus. En fagleg stjórnun og metnaður fyrir því að bjóða viðskiptavinum okkar sem lægst verð hverju sinni er það sem svifur yfir vötnum. Við erum ákaflega stolt og ánægð með starfsfólkið okkar í heild. Við erum öll að vinna að sama markmiði.“

Það þarf metnað

Gunnur er spurð hverju þurfi að breyta í samfélaginu að hennar mati til að konur hasli sér frekar völl í stjórnunarstöðum. „Mér finnst við konurnar alveg hafa tækifærin til að ná langt. Það þarf metnað og viðkomandi þarf að velta fyrir sér hvaða markmið hún er með. Ég held að það sé nóg af tækifærum til þess að koma sér áfram ef maður bara einsetur sér að ná markmiðum sínum.

Ég hef ávallt trúað því að ef maður er duglegur og fær í því sem fengist er við muni tækifærin

koma og þá er bara að grípa þau. En það er grundvallaratriði að hafa stuðning frá baklandinu sínu, maka og fjölskyldu. Að eiga sér fyrirmyndir er líka mikilvægt – þannig að ég hef horft á þau og speglað mig í þeim: „Þau fóru svo að þessu“.

Maður lærir líka af því að spyrja hvernig viðkomandi komst í stöðuna og hvaða leið hún eða hann fór. Ég tel að við konur séum alltaf að verða betri í að hafa trú á okkur og þar hjálpar að sjá aðrar konur sem hafa náð langt.“

Fræðslumálin mikilvæg

Gunnur segir að í starfi sínu sem fræðslu- og starfsmannastjóri felist alls konar áskoranir.

„Ég hóf störf hjá Bónus í fyrra-umar og er búin að vera að koma mér inn í hlutina og hefur aðaláherslan hjá mér verið að einblína á fræðslumálin en fræðsla og upp lýsingaflæði eru mikilvægir þættir þegar allir eru að vinna að sömu markmiðum.

Að starfsfólk viti hvers er ætlast til af því er mikilvægt bæði fyrir starfsánægju starfsfólks og fyrirtækið. Bónus er oft fyrsti vinnustaður ungs fólks þannig að það er mikilvægt að við getum tekið vel á móti því svo að starfsfólk nái að vaxa og dafna í starfi og taki gott verklag með sér áfram í starfi.

Ég fer í reglulegar heimsóknir út í verslanir Bónuss til að hlusta á starfsfólkið. Þannig heyrir ég hvernig allt gengur og þá í framhaldinu finnpússa ég hluti til sem má enn bæta.

Í þessu erum við ekki bara að sjá hvernig fólk finnur sig í starfi

heldur viljum við að okkar fólk sé meðvitað um réttindi sín og þau gildi sem Bónus stendur fyrir.“

Gunnur lærði tækniteikun á sínum tíma og útskrifaðist rétt fyrir hrun og segir að í kjölfar þess hafi fái verið að ráða tækniteiknara. Hún hóf síðan störf hjá Actavis sem skráningarfulltrúi. „Mig langaði að þróast í starfi og spurði yfirmann minn hvað ég þyrfti að gera til þess að verða verkefnastjóri. Hún sagði mér að innan Actavis þyrfti maður að vera með háskólagráðu.“

Gunnur ákvað að fara í háskólanám og læra líftækni við Háskólann á Akureyri. Að námi loknu fékk hún vinnu hjá líftækni-fyrirtækinu Saganatura og vann þar sem gæðastjóri. Árið 2019 fékk hún starf sem gæðastjóri hjá Kjöt- kompaní og þaðan lá síðan leiðin til Bónuss.

Ánægja með sjálfsafgreiðslu

Gunnur segir að það séu spennandi og krefjandi tímar fram undan í Bónus. „Við erum alltaf að leita leiða til að bæta þjónustuna án þess að það hafi áhrif á verð hjá okkur. Stafræn þróun hefur verið viðfangsefni hjá okkur, líkt og hjá öðrum verslunum.

Þá erum við búin að setja upp sjálfsafgreiðslu í nær allar verslanir sem hefur gefist mjög vel og eru viðskiptavinir ánægðir með þessa breytingu.

Bónus er að skoða nýjar tæknilausnir á þessu ári og það verður gaman sjá hvernig það mun falla í kramið hjá okkar viðskiptavinum. Það er forgangsríki hjá okkur að hafa hagsmuni kunnans að leiðarljósi.“ ■



Konurnar í framkvæmdaráði Banana. Þær eru frá vinstri: Guðbjörg Helgadóttir fjármálastjóri, Steingerður Þorgilsdóttir gæðastjóri, Jóhanna Þorbjörg Jónsdóttir framkvæmdastjóri og Embla Grétarsdóttir mannauðsstjóri.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hjartað í lýðheilsu Íslendinga

Stefna Banana er að vera hjartað í lýðheilsu Íslendinga. „Með því að bjóða upp á holla og góða vöru á sanngjörnum verðum leggjum við okkar af mörkum til þess að stuðla að aukinni neyslu, bættri lýðheilsu og velferð samfélagsins.“ segir Jóhanna Þorbjörg Jónsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Banana eru eitt stærsta innflutnings- og dreifingar fyrirtæki á landinu þegar kemur að fersku grænmeti og ávöxtum. Jóhanna Þorbjörg Jónsdóttir tók við sem framkvæmdastjóri fyrirtækisins haustið 2021 og síðan þá hefur reksturinn gengið í gegnum miklar breytingar.

„Fyrsta starfsárið mitt hjá Bónunum hefur verið mjög viðburðaríkt.“ segir Jóhanna. „Ég var svo lánsóm að fá góðar móttök hjá samstarfsaðilum mínum, sem hefur verið ómetanlegt. Hjá fyrirtækinu starfar mjög fjölbreyttur hópur starfsmanna með mikla þekkingu og gott samband við viðskiptavinum félagsins.“

Jóhanna segir að eitt af fyrstu verkefnum sínum í starfinu hafi verið að taka félagið í gegnum stefnumótun þar sem meðal annars hlutverk fyrirtækisins, gildi og áherslur voru uppfærðar. Niðurstaða þeirrar vinnu var að í stað þess að takmarka félagið við að vera innflutnings- og dreifingar fyrirtæki þá vilja starfsmenn

setja lýðheilsu landsmanna sem leiðarljós í starfsemi. „Banana, hjartað í lýðheilsu Íslendinga, er okkar nýja slagorð og mantra.“

Starfsemi Banana er víðamikil og kaupir fyrirtækið vörur alls staðar að úr heiminum. „Hraðinn er mikill í starfsemi þar sem lykilatriði er að koma vörum okkar sem hraðast í gegnum aðfangakeðjuna enda eru vörurnar okkar ferskvörur og hafa þar af leiðandi mjög takmarkaðan líftíma. Með samstilltu og kraftmiklu starfsfólki tekst okkur að viðhalda frábæru þjónustustigi til viðskiptavina okkar.“

Við innkaup þurfum við að vera meðvituð um aðstæður í heiminum hverju sinni og getur til dæmis veðurfar spilað stórt hlutverk og haft veruleg áhrif á gæði uppskerunnar. Við þurfum að vera tilbúin að bregðast við og leita nýrra birgjasambanda ef uppskerubrestur verður. Órofin kælikeðja frá ræktendum um allan heim til okkar, oft í bylmingssjó yfir Atlantshafið, getur haft mikil áhrif á gæði varanna. Þessar áskoranir kalla oft á lausnamiðaða hugsun og yfir henni búa starfsmenn Banana svo sannarlega.“

Tækni spilar lykilhlutverk Jóhanna segir tæknilausnir spila mikilvægt hlutverk í fyrirtæki eins og Banónum.

„Við höfum verið að marka okkur skýra stafræna stefnu fyrir næstu árin þar sem tækni kemur

til með að gegna veigamiklu hlutverki í okkar rekstri. Fyrirtækið var komið í talsverða tækniskuld og erum við að uppfæra grunnkerfin okkar ásamt því að innleiða fjölda nýrra kerfa sem auðvelda okkur meðal annars birgðastýringu, gæðastjórnun, þjálfun og mælingar á ánægju starfsmanna. Einnig erum við að innleiða róbóta í innkaupa- og fjármálaferlum ásamt vinnslu gagna.“

Við erum einnig að hefja vinnu við smíði á vefverslun fyrir veitingamarkaðinn sem opnar vonandi á þessu ári. Hún mun bæta þjónustu okkar verulega þar sem við verðum þá opin allan sólarhringinn fyrir pöntunum, sem er orðin sjálfsgöð krafa viðskiptavina okkar.“

Samfélagsleg ábyrgð

Jóhanna segir að samfélagsleg ábyrgð sé starfsmönnum fyrirtækisins hugleikin „enda erum við þjódhagslega mikilvæg þegar kemur að því að sjá landsmönnum fyrir hollum ávöxtum, grænmeti og berjum. Um 30% af framleiddum mat í heiminum í dag er hent. Banana leggja mikla áherslu á að lágmarka söun í innkaupum og birgðastýringu og þannig höfum við bein áhrif á matarsöun í heiminum. Við höfum markað okkur stefnu í sjálfbærni og felast meginstöðirnir í að draga úr vöru- og matarsöun í aðfangakeðjunni, rækta gott og fjölbreytt starfsumhverfi með áherslu á jafnrétti á

” Við metum fólk eftir framlagi, hæfni og getu en ekki kyni eða uppruna.

Embla

vinnustað og tryggja að stjórnarhættir séu ávallt til fyrirmyndar og í samræmi við lög og reglur.“

Allir starfsmenn eiga jafna möguleika

Embla Grétarsdóttir, mannauðsstjóri Banana, segir Banana vera alþjóðlegan vinnustað þar sem áhersla sé lögð á jafnrétti hvort sem það sé á milli kynja, þjóðerna eða annarra þátta.

„Banana hafa verið með jafnlaunastefnu í nokkur ár og við förum reglulega í jafnlaunavottun. Við viljum tryggja að allir eigi jafna möguleika í starfi og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Jafnframt leggjum við áherslu á að allir hafi sömu tækifæri til starfsþróunar, náms og fræðslu. Fyrirtækið hefur líka skýra eineltis-, ofbeldis-, áreitnis- og áreitistefnu og aðgerðaáætlanir

til að bregðast við ef slík tilfelli koma upp á vinnustaðnum.“

Fjölbreyttur vinnustaður

Hjá Banónum starfa um 100 starfsmenn og eru um 30% þeirra konur. Í söludeild og vöruhúsi fyrirtækisins starfa nær eingöngu karlmenn en aðrar deildir hafa jafnari kynjahlutföll. Í framleiðsludeildinni er hæsta hlutfall kvenna eða 60% starfsmanna. Á skrifstofu fyrirtækisins eru um 40% starfsmanna konur og sama hlutfall er í framkvæmdaráði fyrirtækisins.

„Við erum mjög meðvituð um að reyna að jafna kynjahlutföllin í fyrirtækinu en stundum getur það verið áskorun hreinlega vegna eðli starfanna. Einn mesti styrkleiki Banana eru starfsmenn fyrirtækisins sem leggja sig fram við að skapa góðan starfsanda sem einkennist af samvinnu, virðingu og fjölbreytni.“

Embla segir konur og karla hafa jafna möguleika til starfsframa innan fyrirtækisins. „Við metum fólk eftir framlagi, hæfni og getu en ekki kyni eða uppruna. Við erum með fjölmörg dæmi þess að góðir starfsmenn hafi fengið möguleika til að þróast í starfi og jafnvel fengið stjórnendastöður í fyrirtækinu. Við horfum ekki sérstaklega til kyns í ráðningum þar sem við veitum öllum sömu tækifæri en að sjálfsgöðu væri gaman að ná að jafna kynjahlutfallið í framtíðinni.“ ■

Starf verslunarstýru er alltaf líflegt

Jafnfrétti og jafnlaunastefna er í hávegum höfð í verslunum Hagkaups úti um allt land. Elin Valgerður Gautadóttir, verslunarstjóri Hagkaups í Garðabæ og Hagkaups í Smáralind, og Guðbjörg Pálsdóttir, verslunarstjóri Hagkaups í Spönginni, segja góða samvinnu vera lykilinn að árangri.

„Ég hvet konur til að vera óhræddar við að sækjast eftir millistjórnenda- eða stjórnendastöðum. Ef fólk hefur trú á sjálfu sér um að geta staðið undir starfinu þá á að láta vaða,“ segir Elin Valgerður.

Guðbjörg segir að konur eigi að hafa fulla trú á sjálfum sér og stefna að því sem þær langar til að gera af því að þær blómstri í því sem þær hafa áhuga á. „Það er svo auðvelt að stíga það skref að sækja í það sem maður hefur áhuga á og telur sig vera góðan í. Þá gerir maður hlutina 100% ef ekki meira.“

Hagkaup leggur ríka áherslu á framgang kvenna í fyrirtækinu og er stolt af því að hlutfall kynja í stjórnendastöðum innan félagsins er yfir 50% konur. Hjá Hagkaup er lögd áhersla á að stuðla að starfsánægju og góðum starfsanda til að laða að hæft og traust starfsfólk sem er svo hvatt til að taka þátt í mótun meginmarkmiða samfélagsábyrgðar. Lögd er áhersla á þjónustulund og áreiðanleika og er nýliðabjálfun og símenntun starfsfólks mikilvægur þáttur í að tryggja framúrskarandi þjónustu yfir lengri tíma. Starfsmönnum er ekki mismunad vegna kyns, trúarbragða, skoðana, kynþáttar, kynhneigðar, litarháttar, efnahags, ætternis, fötlunar, aldurs og stöðu að öðru leyti. Þá er jafnlaunastefnunni ætlað að tryggja öllum starfsmönnum sem starfa hjá fyrirtækinu jöfn tækifæri eins og kveðið er á um í lögum og stjórnarskrá um jafna stöðu og jafnan rétt einstaklinga.

Hagkaup leggur áherslu á að starfsfólk eigi kost á þjálfun og fræðslu sem eykur hæfni og ánægju þeirra í starfi. Áhersla er lögd á móttöku og þjálfun nýliða. Starfsmenntasjóður Hagkaups er virkur og getur starfsfólk sótt um styrk þangað til náms og tómstunda

Láta vaða

„Ég legg áherslu á að vinna með fólkinu í staðinn fyrir að vera mikið að skipa fyrir; ég er meira þannig þenkjandi að ef ég er ekki til í að vinna vinnuna af hverju ætti starfsfólkið þá að gera það? Ég veigra mér ekkert við því að gera það sem þarf að gera og þá er starfsfólkið miklu viljugra til þess að gera það,“ segir Elin.

Elin er með stúdentspróf frá Fjölbraitaskóla Norðurlands vestra frá viðskipta- og hagfræðibraut auk þess sem hún er viðurkenndur bókari. Hún hóf störf hjá Hagkaup árið 2009 og tók við verslunarstjórastöðu í Garðabæ 2018 og tók við stöðu verslunarstjóra í Smáralind samhliða Garðabæ 2021.

Hvernig var að taka við sem stjórnandi?

„Ég tók við Garðabæ í byrjun desember 2018, fimm mínútur í jólatörninna. Þetta var stór áskorun og á þeim tímabili tók ég ákvörðun um að ég myndi ráða við þetta.“

Elin segir að helstu verkefni sín yfir daginn séu að fara yfir stöðu í öllum deildum verslunarinnar og leiðbeina deildarstjórum varðandi hvar þurfi að laga til og leggja áherslu á. „Ég hef heildarsýn yfir öllum deildum og sé hvar áherslur liggja í hverri deild fyrir sig á hverjum degi sem getur verið mismunandi á milli daga. Svo fer



Elin Valgerður Gautadóttir er verslunarstjóri í Hagkaups í Garðabæ og í Smáralind.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Guðbjörg Pálsdóttir er verslunarstjóri Hagkaups í Spönginni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ég yfir tímaskýrslur, söluskýrslur og rýrnunarskýrslur, þessa algengustu rekstrarhluti.“

Um 115 manns vinna hjá Hagkaup í Garðabæ og um 130 í Hagkaup Smáralind og er kynjahlutfall nokkuð jafnt. „Við erum meðvitund um kynjahlutfallið í verslunum bæði hjá fastráðnum starfsmönnum og þeim sem eru í hlutastarfi. Við leggjum ekki bara áherslu á jafnt kynjahlutfall heldur einnig að gefa öllum tækifæri til þess að vaxa í starfi. Það eru margvísleg tækifæri til starfsþróunar í verslun og legg ég mikla áherslu á að hvetja fólk áfram til vaxtar í starfi.“

Hagkaup er með jafnlaunastefnu og jafnlaunavottun. „Við greiðum öllum jöfn laun fyrir jafn verðmæt störf.“

Að reka stóra verslun á Íslandi er heilmikil áskorun en hlutfall kvenna sem verslunarstjóra er enn þá of lágt. Ég hvet konur til þess að vera óhræddar við að sækjast eftir stjórnendastörfum í verslun og hvetja aðrar konur til þess að gera slíkt hið sama.“

Þá gerir maður hlutina 100%

„Það eru allir jafnir og það skiptir ekki máli kyn, þjóðerni eða annað. Það eru allir metnir á sama grundvelli og ráðið bara eftir hæfni í hvert starf fyrir sig,“ segir Guðbjörg Pálsdóttir, verslunarstjóri Hagkaups í Spönginni.

Um 75 manns starfa í versluninni og þá er átt við bæði fastráðna sem og lausráðna starfsmenn. Guðbjörg hefur lengi unnið við verslunarstörf. „Ég var í Nóatúni eins og maður segir í gamla daga og í ræstingum. Ég byrjaði hjá Hagkaup árið 2003 eftir að ég var búin í barneignarleyfi með yngri soninn.“

Guðbjörg segir að auglýst hafi verið laust starf í barnadeild Hagkaups í Smáralind og að þegar hún fékk starfið hafi hún ekki ætlað að vinna þar lengi þar sem hana hafi langað til að vinna við eitthvað annað en verslunarstörf.

„En ég er hér enn og ég var fljót að vaxa innan fyrirtækisins og var komin í stjórnunarstöðu eftir 18 mánuði. Svo er ég búin að vera verslunarstjóri í Spönginni í tæp

fimm ár.“ Guðbjörg stundaði verslunarfagnám við Verslunarskóla Íslands sem voru þrjár annir með vinnu. Hún segir þáverandi starfsmannastjóra Hagkaups hafa boðið henni að fara í námið sem hún þáði og hefur námið hefur komið sér vel í hennar starfi.

Að gera okkar besta

Guðbjörg er beðin um að lýsa sér sem stjórnanda. „Ég held ég sé bara mjög góð í því. Sumir myndu kannski segja að ég sé aðeins of mild en mér finnst það ekki því ég fæ fólkið til að vinna með mér. Ég er ekki stífur stjórnandi sem skipar fólki fyrir. Ég er ósérhlífur og vinn á gólfinu með fólkinu. Ég læt það ekki bara sjá um að vinna störfin eitt.“

Mér hefur haldist mjög vel á fólki og tel að það eigi auðvelt með að vinna með mér. Við erum ein heild. Við erum eins og ein lítill fjölskylda sem er að huga að heimili okkar. Við erum á vinnustaðnum í átta tíma á dag ef ekki lengur og við stefnum öll í sömu átt; að gera okkar besta.“

Allt hægt

Guðbjörg er spurð hvort henni finnst vanta að konur sækji fram og sækji um stjórnendastöður.

„Ég held að þær hafi stundum ekki nógu mikinn kjark til þess eða hafi ekki nógu mikla trú á sjálfum sér. Fyrst hugsaði ég með mér að ég gæti aldrei sótt um verslunarstjórastar af því að ég er ekki með stúdentspróf en svo sýndi maður sig í starfi. Ef maður hefur áhuga og er tilbúinn að læra þá er allt hægt. Laus störf eru auglýst innan fyrirtækisins þannig að það geta allir sótt um.“

Ég held að við konur höfum ekki nógu mikla trú á okkur sjálfum til að stíga fyrsta skrefið. Við eigum að hafa fulla trú á sjálfum okkur og stefna að því sem okkur langar til að gera af því að við blómstrum í því sem við höfum áhuga á, þannig að við skulum alltaf líta til þess sem okkur finnst gaman að.

Það er svo auðvelt að stíga það skref að sækja í það sem maður hefur áhuga á og telur sig vera góðan í. Þá gerir maður hlutina 100% ef ekki meira.“

”

Hagkaup leggur ríka áherslu á framgang kvenna í fyrirtækinu og er stolt af því að hlutfall kynja í stjórnendastöðum innan félagsins er yfir 50%.

Elin Valgerður

”

Ég er hér enn og ég var fljót að vaxa innan fyrirtækisins og var komin í stjórnunarstöðu eftir 18 mánuði.

Guðbjörg



Halldóra Skúladóttir, forstöðumaður Eignastýringar Íslandssjóða, nýtur sín í starfi sem er yfirgripsmikið og fjölbreytt. Hún segir stjórnunarstöðuna hafa dýpkað starfið enn frekar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fjölbreyttar áskoranir í síbreytilegu umhverfi

Halldóra Skúladóttir er svo heppin að starfa við það sem hún hefur áhuga á og nýtur sín í starfi. Hún hefur verið iðin við að þróa sig og efla í starfi með því að auka við sig menntun í gegnum tíðina.

Halldóra starfar sem forstöðumaður Eignastýringar Íslandssjóða. Hún lauk cand.oecon-gráðu í viðskiptafræði af fjármálasviði frá Háskóla Íslands árið 2000 og hefur sú gráða nýst henni vel í hennar vinnu. „Til að efla mig enn frekar og þróa mig hef ég auk þess lokið nokkrum áföngum í Háskóla Íslands á meistarastigi. Að auki hef ég lokið löggildingu í verðbréfavíðskiptum en sú löggilding er forsenda þess að geta unnið á verðbréfamörkuðum. Ég er svo heppin að starfa við það sem ég hef áhuga á en ásamt vinnunni eru áhugamálin golf, skíði, ferðalög og útivist,“ segir Halldóra.

Starfið er lifandi

Segðu aðeins frá starfi ykkar í Eignastýringu Íslandssjóða og hvað það var sem laðaði þig að því að starfa í þessum geira?

„Við í Eignastýringu Íslandssjóða sjáum um að stýra fjármunum fyrir einstaklinga,

Það er þessi fjölbreytileiki sem veldur því að ég hef gaman af því að starfa á fjármálamarkaði.

lögáðila og lífeyrissjóði. Starfið er yfirgripsmikið og krefst þess að fylgjast með þróun fjármálamarkaða hérlendis og erlendis. Það felst í því að greina þróunina og tækifærin og hafa skoðun á þeim eignaflokkum sem við fjárfestum í. Markmið okkar er alltaf að ná sem bestri áhættuleiðréttri langtímaávöxtun fyrir viðskiptavini okkar. Það eru margir þættir sem hafa áhrif á ávöxtun, eins og vextir, verðbólga, afkoma fyrirtækja, aðgerðir seðlabanka og ríkisstjórna og stada heimsmála og margt fleira.

Covid og innrásin í Úkraínu eru nýleg dæmi um meiri háttar atburði sem höfðu mikil áhrif á ávöxtun og mikil ófyrirséð áhrif á fjármálamarkaði. Á sama hátt og það er mikilvægt að fylgjast með afkomu einstakra fyrirtækja og hagkerfa er ekki síður mikilvægt að fylgjast með breytingum á þjóðfélagsgerðum og pólitískri þróun í löndum sem skipa stóran sess í heimshagkerfinu,“ segir Halldóra og er ávallt jafn ánægð í starfi sínu.

„Það er þessi fjölbreytileiki sem veldur því að ég hef gaman af því að starfa á fjármálamarkaði. Starfið er lifandi og áhugavert og tengist inn í flest svið samfélagsins. Maður veit aldrei hvernig dagurinn mun þróast.“

Hefur þú ávallt haft brennandi áhuga á því að vera í stjórnunarstöðu?

„Árið 2010 var mér fyrst boðið að leiða eignastýringateymið og var ég þá í miðju fæðingarorlofi. Ég hef frá þeim tíma leitt teymið með einum eða öðrum hætti. Í raun hafði ég ekki sóst eftir stjórnunarstöðu þegar mér bauðst hún en ég þurfti ekki að hugsa mig lengi um og tók stöðunni þegar hún bauðst. Að vera í stjórnunarstöðu hefur vikkað enn frekar starf mitt og dýpkað það og hefur áhugi minn á stjórnun því aukist mikið með árunum.“

Aðspurð segir Halldóra að Íslandssjóðir séu með öflugan mannaútsafningu og mikil áhersla hafi verið lögð á að laða konur til starfa. „Mikil áhersla hefur verið lögð á að jafna hlutföll kvenna og karla síðustu ár hjá Íslandssjóðum og er staðan mun betri en almennt gerist á fjármálamarkaði. Kynjahlutföllin eru nokkuð jöfn eins og staðan er í dag en konur eru 40% starfsfólks Íslandssjóða.“

Mikilvægt að vera sífellt á tánum

Verkefnin og áskoranirnar í eignastýringu eru fjölbreytt og stöðugt ný verkefni að takast á við. „Það er mikilvægt í eignastýringu að vera sífellt á tánum, þróast og læra. Það

er í raun það sem gerir starfið svo skemmtilegt og spennandi. Því meiri reynslu sem maður öðlast þeim mun öflugri verður maður á þessu sviði.

Ég hef til dæmis upplifað mjög fjölbreyttar áskoranir á mörkuðum á þeim tæpu 23 árum sem ég hef starfað á þessum fjármálamarkaði. Í hvert sinn lærir maður eitthvað nýtt sem nýtist manni til að verða enn betri í þessu starfi.

Ég væri eflaust löngu hætt ef það væri ekki raunin, það er mjög mikilvægt að geta alltaf verið að læra og þróast.

Síðustu árin hafa ábyrgar fjárfestingar orðið mjög fyrirferðarmiklar á sviði eignastýringar og hefur verið mikil áskoranir að þróa aðferðafræði á því sviði. Við erum þó rétt að byrja og ljóst að það á eftir að verða mikil þróun á þessu sviði á næstu árum.“

Getur þú gefið konum góð ráð til að ná settum markmiðum og ná langt í atvinnulífinu?

„Það er mikilvægt að hafa trú á sjálfum sér og að vanmeta sig ekki. Ekki hika við að sækja um starf sem þú hefur áhuga á þó þú teljir þig aðeins uppfylla hluta af skilyrðunum í starfsauglýsingum. Síðan er að sjálfsögðu mikilvægt að leggja sig fram í starfi og láta verkin tala en einnig er, myndi ég segja, áriðandi að byggja upp gott tengslanet.“ ■

Starfið er lifandi og áhugavert og tengist inn í flest svið samfélagsins.



Berskjöldun og hlátur góð verkfæri

Verkfræðistofan Lota er verkfræðistofa með sögu sem nær allt aftur til ársins 1960. Í dag er Lota framfarlega í orkumálum og iðnaði með áherslu á rafmagn, lýsingu, hönnun, verkefnastjórn, eftirlit og fleira.

Árið 2020 var ráðist í gagngerar breytingar á innra skipulagi fyrir-tækisins og áhersla lögð á að fá konur meira að borðinu í ákvarðanatöku. Í dag er framkvæmdastjórn skipuð þremur konum og einum karli. Þau Ásta Logadóttir verkfræðingur og sviðsstjóri, Erlen Björk Helgadóttir mannauðsstjóri, Ólöf Helgadóttir verkfræðingur og sviðsstjóri, og Trausti Björgvinsson framkvæmdastjóri eru sammála um að einkar vel hafi tekist til við breytingar á framkvæmdastjórn og að kynblönduð stjórnun sé lykillinn að farsælum stjórnarháttum. Enn í dag virðist erfitt að fá konur til starfa á verkfræðistofum, svo við byrjum á að spyrja verkfræðingana í hópnum af hverju þær völdu verkfræðina.

Ólöf: „Mér fannst stærðfræði og eðlisfræði skemmtilegustu fögin í menntaskóla, við fengum kynningu frá rafmagns- og tölvu- verkfræði inn í stærðfræðitíma og það virkaði áhugavert þannig að ég ákvað að prófa. Það sem heillaði var samt félagsskapurinn í náminu en ekki námið sjálft, til

að byrja með. En síðan fékk ég að vinna í háspennu með skóla og þá komst ég að því hvað rafmagn er skemmtilegt.“

Ásta: „Ég ætlaði að verða flugmaður, en það er yfirleitt minna að gera í fluginu á veturna þannig að ég sá að ég myndi þurfa eitthvað varastarf til að sinna á veturna og valdi verkfræði. Svo sá ég að verkfræðin hentaði mér bara þrýðilega.“

Ólöf: „Konur eru í miklum meirihluta í verkfræðinámi en ekki í starfi á verkfræðistofunum. Okkur gengur erfiðlega að ná stelpunum í vinnu eftir námið. Ég hugsa að þar ráði mestu gamlar mýtur um mikið álag og yfirvinnu á verkfræðistofum og að þær séu ekki fjölskylduvænir vinnustaðir, en staðan er allt önnur í dag. Verkfræðistofan okkar er frábær staður fyrir konur og við erum að vinna í því að fá fleiri konur til starfa til dæmis með því að bjóða þeim í starfsnám. Verkfræðistofur eru frábær starfsvettvangur fyrir konur ef þær bara opna á það.“

Ásta: „Í Lotu höfum við lagt til atlögu við þetta vandamál með því að setja konur í stjórnunarstöður og vonast til þess að þær séu fyrirmyndir fyrir ungar konur úr verkfræðingastétt sem eru á leið út á vinnumarkaðinn.“

Erlen: „Að undirlagi Trausta, núverandi framkvæmdastjóra, voru gerðar breytingar árið 2020. Þá var sviðum fækkað úr fjórum í tvö og þeim stjórna tvær konur, Ásta og Ólöf, en áður voru það karlar sem stýrðu sviðunum fjórum. Það var svo gaman að það voru allir mjög til í þessar breytingar, líka karlarnir og það studdu okkur allir í þessu.“

Trausti: „Með þessu er ekkert endilega verið að segja að konur séu almennt og alltaf betri yfirmenn en ég tel að fjölbreytileikinn sé mjög mikilvægur. Verkfræði-

Okkur gengur erfiðlega að ná stelpunum í vinnu eftir námið. Ég hugsa að þar ráði mestu gamlar mýtur um mikið álag og yfirvinnu á verkfræðistofum og að þær séu ekki fjölskylduvænir vinnustaðir en staðan er allt önnur í dag.

Ólöf Helgadóttir

geirinn hefur orð á sér fyrir að vera karllægur bransi og hann hefur alveg verið það en er það ekki lengur og til að breyta viðhorfum þarf að breyta til. Og það er það sem við viljum gera. Það er ekkert í eðli starfs verkfræðinga sem segir að því þurfi að vera sinnt af karlmönnum.“

Fjölbreyttur hópur betri

Hver er kosturinn við að hafa jafnhlutfall kynja á vinnustað?

Trausti: „Mín reynsla er sú að ef þú hleypir konum að borðinu þá fer út af borðinu þetta neikvæða karllæga sem hefur verið ráðandi í áratugi á atvinnumarkaði. Karlar eru líklegri til að vera kurteisari og orða hlutina öðruvísi í blönduðum teymi sem breytir dýnamíkinni og það koma aðrir vinklar fram heldur en ef það væru bara karlar eða kannski bara konur, það er heldur ekki endilega betra. Það er betra að hafa þetta blandað þannig að allir eiginleikar og sjónarmið komi að borðinu. Við erum að vinna dálítið með berskjöldun og

hlátur sem er betra að ná fram í blönduðum hóp.“

Erlen: „Sem mannauðsstjóri þá sé ég mikla kosti í því að vera með fjölbreyttan hóp starfsmanna og ekki síður stjórnenda. Við erum 13 konur á stofunni af 48 starfsmönnum og við höfum verið að reyna að hækka það hlutfall. Við reynum til dæmis að fá stelpur í sumarstörf sem vonandi skila sér svo til okkar þegar þær útskrifast.“

Ólöf: „Mér finnst stundum að ég hafi fengið tækifæri innan verkfræðigeirans af því að fólk hefur verið opið fyrir því að fá fleiri konur. Konur eru enn í minnihluta í verkfræðistörfum, sérstaklega í rafmagninu, og í náminu í háskólanum, þannig að mér finnst þarna vera tækifæri fyrir fullt af stelpum.“

Minni yfirvinna og færri tarnir Af hverju haldið þið að konur séu ekki að skila sér úr náminu inn á stofurnar?

Ásta: „Ég hreinlega veit það ekki. Ég fór sjálf úr akademiunni inn á stofu af því mér fannst meira spennandi verkefni þar. En þetta var ekki eitthvað sem við stelpurnar vorum að ræða í skólanum, vorum ekki búnar að ákveða að við vildum ekki fara á stofur frekar en eitthvað annað.“

Ólöf: „Mér fannst praktíkin tölud niður þegar ég var í náminu og þess vegna var ég ekki að horfa á að fara á stofu. Ég held að þar hafi kennararnir verið að hugsa um akademíuna sem þeim fannst eina rétta leiðin, fara alla leið í námi og fara svo að kenna einhverjum öðrum. Sem endar kannski ekki vel ef allir mennta sig til að kenna öðrum en enginn fer síðan út í praktíkina.“

Trausti: „Ég held líka að þetta séu leifar frá fyrri tíð þegar var mikil yfirvinna á stofunum og langar og miklar tarnir. Núna er

Framkvæmdastjórnarteymið hjá Lotu leggur áherslu á hlátur og berskjöldun í samskiptum. Frá vinstri: Erlen Björk Helgadóttir mannauðsstjóri, Ásta Logadóttir sviðsstjóri, Ólöf Helgadóttir sviðsstjóri og Trausti Björgvinsson framkvæmdastjóri. **FRÉTTA BLAÐIÐ/ERNIR**

starfsumhverfið hjá okkur orðið annað og við til dæmis höfum lagt mikla áherslu á það á okkar vinnustað að vera ekki mikið í yfirvinnu og með því opnum við tækifæri fyrir starfsfólk, hvort sem það eru karlar eða konur, að vera með jafnvægi í vinnulífi og einkalífi.“

Ólöf: „Við erum með sveigjanlegan vinnutíma hjá Lotu og hvetjum líka fólk til að vinna heima ef að hentar og mér finnst það eiginlega vera frekar karlarnir hjá okkur en konurnar þeirra sem fara heim til veikra barna ef svo ber undir. Af því vinnustaðurinn býður upp á það. Við lærðum fullt af Covid um að vinna heima, og þó það hafi ekkert endilega verið mjög til í að snúa aftur í hefðbundna vinnuviðveru þá er mjög gott að geta boðið upp á það.“

Ásta: „Og svo kemur fólk stundum með börnin sín í vinnuna og gæludýrin líka og það er ekkert mál, mjög yndislegur staður til að vera á.“

Leyfi til að hlæja að mistökum

Eitt af þeim tækjum sem notuð eru á Lotu til að bæta líðan starfsfólks er berskjöldun eða „vulnerability“ sem felur í sér að fólk viðurkenni og ræði opinskátt um líðan sína og þau mistök sem óhjákvæmilega eiga sér stað einhvern tíma. *Hvernig virkar að vinna með berskjöldun á verkfræðistofu?*

Trausti: „Ég lenti í veikindum fyrir tveimur árum og mín leið út úr þeim var mikil berskjöldun og að tengjast sjálfum mér og öðrum á annan hátt. Þetta hefur gagnast mér svo mikið að ég held að það hljóti að gagnast öðrum og vinnuumhverfinu. Berskjöldun gefur til dæmis leyfi til að hlæja að vitleysunni í sjálfum sér sem verður þá ekki eins alvarleg. Það er mín upplifun að fólk dafnar miklu betur ef það leyfir sér að vera eins og það er.“

Ásta: „Við erum að æfa okkur í að viðurkenna þegar við gerum mistök sjálf og gefa þannig gott fordæmi. Við gerum öll mistök og það sem við ætlum að gera er að læra af þeim og koma í veg fyrir að þau gerist aftur. Og það er meira að segja kominn ákveðinn vinnustaðahúmor í kringum þetta sem skapar stemningu og dregur úr pressu og streitu á vinnustaðnum.“

Erlen: „Við leggjum áherslu á hrein og bein samskipti, ef þarf að ræða við einhvern þá ræðum við beint og opið við viðkomandi frekar en að koma skilaboðum eftir krókaleiðum. Við erum bara eins og við erum og við leysum vandamál strax þegar þau koma upp.“

Trausti: „Við ræðum á starfsmannafundum hvað sé berskjöldun fyrir okkur og hvað þarf að vera til staðar í umhverfinu til að við leyfum okkur að fara þangað, þannig að allir starfsmenn séu í takt. Og viðbrögðin eru undantekningalaust jákvæð. Við vitum það verkfræðingarnir að já, við höfum gott af því að vera ekki alveg pottþétt alltaf. Hjá Lotu starfar fólk á öllum aldri sem tekur þátt í því og kann að meta haginn í því að koma fram eins og maður er.“

Berskjöldun skilar betri vinnuanda

Er þessi berskjöldunarvinna að skila sér í betri verkfræðistofu?

Erlen: „Já, ekki spurning!“

Ólöf: „Við höfum farið í gegnum alls konar rekstraráskoranir í fyrirtækinu, lentum í erfiðum dal fyrir nokkrum árum síðan og höfum verið að byggja upp starfsandann síðan. Nú erum við með góðan hóp, erum mikil liðsheild og finnum svo vel fyrir því í öllu sem við erum að gera. Við erum að ráða inn fólk þessa dagana og fyrsta þælingin er: Hvernig fellur við-



Erlen Björk Helgadóttir mannaútsstjóri: „Sem mannaútsstjóri þá sé ég mikla kosti í því að vera með fjölbreyttan hóp starfsmanna og ekki síður stjórnenda.“



Ólöf Helgadóttir sviðsstjóri: „Konur eru enn í minnihluta í verkfræðistörfum þannig að mér finnst þarna vera tækifæri fyrir fullt af stelpum.“



Trausti Björgvinsson framkvæmdastjóri: „Það er ekkert í eðli starfs verkfræðinga sem segir að því þurfi að vera sinnt af karlmönnum.“



Ásta Logadóttir sviðsstjóri: „Markþjálfun er verkfæri sem kom mér mjög á óvart.“

komandi inn í hópinn? Og það er að minnu mati af því að við höfum verið í þessari vinnu.“

Trausti: „Starfsfólkið hefur líka sagt, og mér þykir vænt um það, að það sé ekki nein höfðingjamening í Lotu. Og það hefur þau áhrif að fólk þorir að berskjalda sig, því það veit að það verður ekki dæmt eða þurfi að passa inn í einhverja staðlaða ímynd til að fá framgang í starfi eða eitthvað svoleiðis og það held ég að hafi líka góð áhrif.“

Erlen: „Og þessi vinna skilar sér líka í betri vináttu milli starfsfólks. Við erum með ýmsa klúbba starfandi innan fyrirtækisins, göngu-klúbb, sjósund og hlaupaklúbb, sem reyndar hefur ekki verið mjög virkur í vetur og það taka allir þátt, sama á hvaða fagsviði þeir eru. Við erum með mjög öflugt starfsmannafélag og svo erum við með áhugabruggara sem bjóða upp á heimabruggaðan bjór í starfsmannaherberginu okkar. Það þarf aldrei að kalla eftir neinu frumkvæði, það kemur bara af sjálfu sér.“

Markþjálfun í vinnunni

Trausti: „Varðandi berskjöldunina þá má líka koma fram að þrjú okkar í stjórnendateyminu eru að klára markþjálfanám og við nýtum okkur það í starfinu.“

Erlen: „Markþjálfanám er svo magnað, það kennir manni meðal annars að hlusta upp á nýtt. Það á að vera svo einfalt, en að hlusta af alvöru athygli og hjálpa fólki að komast að sínum kjarna þarfnast þjálfunar.“

Trausti: „Starfsfólkið er mjög viljugt að koma til okkar í markþjálfun og deila alls konar hlutum sem fólk á mörgum öðrum vinnustöðum væri ekkert endilega til í að deila. Við erum svo þakklát fyrir að það sé svona mikið traust til staðar.“

Ásta: „Ég var með mjög mikla fordóma gegn markþjálfun og vissi ekki hvað það var, fannst að fólk ætti bara að geta fundið markmiðin sín sjálf. En svo var Trausti kominn í námið og bauð okkur líka og ég fann hvað þetta hjálpaði ótrúlega mikið. Svo núna þegar við erum að skipuleggja fundi notum við aðferðir markþjálfunar, til dæmis til að spegla sig og finna út hvað manni finnst vera rétt, og í staðinn fyrir að nenna varla á fundi þá hlakka ég til að skipuleggja fundinn þannig að fólk komi orkumikið út af fundinum og til í slaginn. Og það gerir vinnudaginn svo miklu skemmtilegri. Þannig að þetta er verkfæri sem kom mér á óvart og ég þurfti að éta ofan í mig fordómama.“

Starfsánægja er lykilatriði

Ólöf: „Það er líka magnað að hvetja hóp af verkfræðingum til að tala um veikleika sína og vinna með þá. Í staðinn fyrir að fela veikleikana og trodast áfram í því sem þau eru að gera þá erum við að vinna með þá og gripa fólk áður en það er til dæmis komið í kulnun.“

Erlen: „Og það þurfa heldur ekki endilega að vera veikleikar, bara ef fólk er fast í einhverju fari og sér ekki leiðina út, vantar samtál um leiðina áfram og hvert það vill stefna. Og ekki bara um vinnuna heldur líka persónulega hagi, það er mikið traust. Við gerum vinnustadakönnun árlega og þar kemur fram að það er mikil starfsánægja hjá okkur. Fólk verður að líða vel í vinnunni, ef þér líður ekki vel í vinnunni þá þarf að byrja á að tala opinskátt um það og við sem vinnustaður að hafa hugrekki til að skoða það.“ ■

”
Markþjálfanám er svo magnað, það kennir manni meðal annars að hlusta upp á nýtt.

Erlen Björk

Forðumst meðvirkni og tókum skýra afstöðu

Hjá Lífi og sál er unnið náð með einstaklingum, fyrir-tækjum og stofnunum víðs vegar um landið og telja eigendur stofunnar sig mjög lánsama hvað varðar tengingu og innsýn í íslenskt atvinnulíf.

Katrín Kristjánsdóttir og Vigdís Ásgeirsdóttir eru sálfræðingar og ráðgjafar í mannauðsmálum hjá stofunni Lífi og sál. Þær segja að í ljósi þess hversu fjölbreytt mannleg flóra er sé margt sem komi inn á borð sálfræðinganna hjá Lífi og sál. „Það er í eðli okkar flestra að vilja öðrum vel, vilja stuðla að vellíðan fólksins í kringum okkur og síst viljum við lenda upp á kant við annað fólk. Sú tilhneiging getur auðveldlega leitt til meðvirkni, hvort sem er í vinnunni eða í einkalífinu,“ segir Katrín og heldur áfram:

„Annað og alls ekki óskytt fyrirbæri ratar gjarnan inn á okkar borð og það er skortur á ákveðni. Sérú ákveðin í samskiptum við annað fólk hjálpar það bæði þér og þeim sem þú átt í samskiptum við. Það þýðir að þú getur sagt skoðanir þínar og hlustar á skoðanir annarra, setur hegðun og framkomu annarra sem þú telur neikvæða skýr mörk, gagnrýnir á uppbyggilegan hátt, talar beint við fólk í stað þess að baktala, svo fátt eitt sé nefnt. Sérú skýr og ákveðin í samskiptum, þá ertu oftast nær ekki meðvirk,“ útskýrir Katrín og bætir við: „Fólk veit hvar það hefur þig og veit að þú ert manneskja sem segir hlutina eins og þeir koma þér fyrir sjónir, án þess að vera með yfiringang.“

Að vera ákveðin í samskiptum er



Katrín Kristjánsdóttir og Vigdís Ásgeirsdóttir eru sálfræðingar og ráðgjafar í mannauðsmálum hjá stofunni Lífi og sál.

MYND/ADSEND

ekki það sama og að vera frekja eða yfiringangssæggur. Það sem konur og annað fólk óttast oft mest, ætli það að temja sér aukna ákveðni í samskiptum, er að annað fólk telji það frekt, og það þykir okkur ekki þægilegt að heyra. Því höfum við margar lært að oft sé best að segja ekki neitt og bera skoðanir okkar eða harm í hljóði og þola yfiringang annarra. Önnur birtingarmynd er sú að við verðum ólíklegri til

að taka skýra afstöðu í málum og höfum okkur þá ekki í frammi,“ segir Vigdís.

„Það er sérlega gefandi fyrir okkur sem sálfræðinga að aðstoða skjólstaðinga okkar í að setja skýrari mörk, vinna með aukna ákveðni og þar með minnka meðvirkni. Hugsanleg leið til að jafna hlut kvenna í atvinnulífinu er að yta undir þessa umræðu enn frekar. Að fólk af öllum kynjum, hvort sem

er starfsfólk, mannauðsfólk eða atvinnurekendur, geri sér betur grein fyrir neikvæðum afleiðingum meðvirkni og skorts á ákveðni. Þá getur meðvirkni og skortur á ákveðni haft mjög slæm áhrif á líðan starfsfólks og samskiptamenningu vinnustaða,“ segja þær.

„Það fylgir því mikil ábyrgð að vera stjórnandi og því mikilvægt að geta speglað í fullum trúnaði þau mál sem upp koma á

vinnustaðnum með utanaðkomandi fagaðila sem hefur engra hagsmuna að gæta annarra en þeirra að vinna vinnuna sína vel,“ segir Vigdís.

Við sjáum í okkar starfi að konur, kvár og auðvitað líka karlar, mega gjarnan vera óhræddari við aukna ákveðni í samskiptum, að sjálf-sögðu með jákvæð samskipti og vellíðan okkar sjálfra og annarra að leiðarljósi,“ segir Vigdís. ■

Sterk rödd er lífsgæði í lífi og starfi

Þórey Sigþórsdóttir leikkona veit mjög vel hversu mikilvægt verkfæri röddin okkar er og býður einstaklingum og fyrirtækjum upp á raddþjálfunarnámskeið.

„Röddin er lykilatriði í samskiptum og góð raddbeiting skapar góða nærveru,“ segir hún um ástæðu þess að hún hóf að halda námskeiðin, sem njóta mikilla vinsælda. „Í dag er sú krafa gerð, sama nánast við hvaða fag þú vinnur, að þú getir staðið fyrir máli þínu. Kynnt sjálfa þig og hugmyndir þínar af öryggi, rökrætt hugmyndir þínar og annarra, og haft þá færni sem þarf til að kynna niðurstöður verkefna. Ef þú ert kennari, með hlaðvarp, leiðtogi í verkefni eða fyrirtæki, leiðsögumaður eða leikari, þá er það auðvitað ekki spurning að það skiptir máli að sinna þessu atvinnutæki.“

Hún segir að fólk geri sér almennt ekki grein fyrir möguleikum þess að þjálfna röddina. „Það þekkir ekki mátt hennar af því að það hefur aldrei upplifað þá tilfinningu. En ef við upplifum það oft að finna kökk í hálsinum, ótta við að tala og tilfinninguna af því að treysta sér ekki til að tjá sig, þá er það mjög valdeflandi að styrkja röddina. Að hafa sterka rödd í lífi og starfi eru lífsgæði sem við eigum öll rétt á því að njóta.“

Mikilvægt fyrir konur að skapa eigin tækifæri

Þórey hefur starfað sjálfstætt árum saman, ýmist sem verktaki eða launþegi. „Starfið mitt, ólík verkefni hjá ólíkum fyrirtækjum, kallar á það að ég reki mig sem fyrirtæki,“ segir hún og bætir við



Þórey Sigþórsdóttir, leikkona og markþjálfari. „Min ástríða er að valdefla konur í gegnum raddþjálfun, skapandi starf og sjálfstyrkingu.“

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

” Ef þú ert kennari, með hlaðvarp, leiðtogi í verkefni eða fyrirtæki, leiðsögumaður eða leikari, þá er það auðvitað ekki spurning að það skiptir máli að sinna þessu atvinnutæki.

Þórey Sigþórsdóttir

að starfsumhverfi einyrkja sé ekki einfalt. „Flækjustigin eru mörg, til dæmis varðandi fyrirtækjarekstur og réttindi, barnseignarleyfi, lífeyrisréttindi og fleira. Fyrirbæri sem er freistandi að horfa fram hjá en nauðsynlegt að setja sig inn í.“ Meðal annars þess vegna hefur henni reynst mikilvægt að vera í FKA. „Ég fæ innsýn í það sem aðrar konur eru að gera, mynda tengslanet og það er valdeflandi í sjálfa sér. Ég var líka að viðurkenna það fyrir sjálfri mér með því að ganga í þessi samtök að ég er atvinnurekandi.

Staðreynd sem í mínum huga var alltaf svo fjarlæg því að vera listamaður. Ég vinn sem leikkona, leikstjóri, höfundur, fyrirlesari, kennari, heilari, leiðsögumaður og menningarmiðlari. Störf sem eiga það sameiginlegt að miðla menntun, menningu og skapa list. Þegar þú vinnur sjálfstætt sem listamaður, framleiðir eigin verk og sýningar, þá verður þú um leið atvinnurekandi. Það er mjög praktískt að átta sig á þeirri staðreynd.“

Þórey segir mikilvægt fyrir konur að skapa sér sín tækifæri

sjálfar. „Í sjálfstæða geiranum eru margar mjög öflugar konur og ásamt listinni er það ástríða mín að valdefla konur í gegnum raddþjálfun, skapandi starf og sjálfstyrkingu.“ Næsta námskeið RÆKTADU RÖDDINA hefst 7. febrúar. Einnig má finna upplýsingar um sérniðin námskeið eða fyrirlestra fyrir fyrirtæki og stofnanir á heimasíðu Þóreyjar. ■

Nánari upplýsingar um námskeiðin má finna á thoreysigthors.com

 númer eitt®

GRUNNUR AÐ GÓÐU JAFNVÆGI Á BESTA ALDRI



Í HVADA BOX TIKKAR ÞÚ?



Gæði innihalds bætiefnanna í boxunum byggja ævinlega á nýjustu rannsóknum og eru bætiefnin framleidd úr hreinum og sjálfbærum innihaldsefnum.

Umhverfissvænar og endurvinnanlegar pakkningar, minni sóun og meiri gæði!

Öll bætiefnin í boxunum frá Númer Eitt eru glúten- og mjólkurlaus. Vörurnar innihalda engin erfðabreytt innihaldsefni.

Skannaðu kóðann og taktu bætiefnaprófið!



Fæst í flestum apótekum, Heimkaup, Hagkaup, Fræinu Fjarðarkaup og Heilsuhúsinu Kringlunni.



Tinna Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri verslanasviðs Húsasmiðjunnar, segir mikla áherslu lagða á jafnrétti innan fyrirtækisins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Guðrún Tinna Ólafsdóttir er með meistaraáráði í fjármálum með áherslu á stefnumótun frá HÍ. Jafnframt tók hún diplómanám frá Listaháskóla Íslands og Háskólanum á Bifröst með áherslu á fræðigreinar lista og heimspeki.

Guðrún Tinna hóf störf hjá Húsasmiðjunni fyrir rúmum tveimur árum sem framkvæmdastjóri verslanasviðs. Samhliða því starfi situr hún í stjórn Regins fasteignafélags og er stjórnarformaður Svanna, lánatryggingasjóðs kvenna.

„Ég gæti ekki verið heppnari með störf þar sem mér finnst fátt jafn gefandi og að finna leið til að uppfylla þarfir viðskiptavina á sama tíma og hlúð er að starfsfólki, takast á við ólíkar áskoranir innan aðfangakeðjunnar og tryggja arðsemismarkmið eigenda í sátt við samfélagið,“ segir Tinna. „Í dag er mikil krafa um traust, mannaudsmál, upplýsingagjöf, stafræna þjónustu, gagnvirk markaðsstarf og samfélags- og umhverfismál. Þetta eru allt spennandi verkefni sem ég fæ að sinna með sterku teymi samstarfsmanna um land allt.“

Reksturinn og mannaudsmál

Hjá Húsasmiðjunni, Blómavali og Ískraft starfa rúmlega 500 manns með fjölbreyttan bakgrunn, reynslu og þekkingu í 14 verslunum Húsasmiðjunnar um land allt og sjö Blómavalsverslunum, auk fjögurra útibúa frá Ískraft. Rekstur fyrirtækisins gekk mjög vel á síðasta ári og jókst veltan umtalsvert á milli ára. Að sögn Tinnu var einkaneyslan góð á sama tíma og gríðarlega mikill kraftur var hjá verk tökum og í opinberum framkvæmdum. „Við erum með ólíkan hóp viðskiptavina, allt frá einstaklingum sem kaupa til dæmis blóm, heimilistæki, fá litarráðgjöf fyrir heimilið og timbur fyrir pallinn sinn, yfir í stærstu byggingarverktaka landsins þar sem þjónusta og tilbodsgerð í stál, plötur og timbur skipar stóran sess. Þetta hefur mikillar breiddar

Landamæri milli verslana og stafræns heims hverfa hratt

í vöruúrvali og þjónustu, þótt í grunninn sé ávallt sama leiðarljósið – að eiga í góðu sambandi við viðskiptavininn.

Tinna segir mannaudsmál vera lykilatriði í rekstri góðs fyrirtækis og að öflugur starfsmannahópur hafi gert Húsasmiðjunni kleift að halda uppi frábæru þjónustustigi við viðskiptavininn fyrirtækisins síðustu tvö árin þannig að ánægja viðskiptavina jókst milli ára þrátt fyrir afar krefjandi aðstæður í aðfangakeðjunni vegna Covid, bæði varðandi vöruframboð, verðhækkningar og flutning til landsins. „Það sem er ekki síður ánægjulegt er að starfsánægja jókst líka milli ára hjá okkur, þrátt fyrir erfiðar ytri aðstæður, sem sýnir okkur hversu öflugur starfsmannahópurinn er, enda er hann hryggjastýrkið í fyrirtækinu. Einn liður í ánægju starfsmanna er öflugur Húsasmiðjuskóli sem hefur verið starfræktur frá 1998 og býður upp á yfir 300 námskeið á ári.“

Að sögn Tinnu er mikil áhersla lögð á jafnrétti innan fyrirtækisins. „Þar sem oft hefur verið rætt um að byggingargeirinn sé karllægur geiri þá get ég sagt með stolti að innan til dæmis Verslanasviðs Húsasmiðjunnar eru fjórar konur stjórnendur rekstrareininga af 14 verslunum, öflug kona er rekstrarstjóri þungavöruhúss Húsasmiðjunnar og tvær konur eru í framkvæmdastjórn fyrirtækisins. Í heildina eru konur um 30 prósent starfsmanna. Það er mjög erfitt að finna sambærilegt hlutfall í okkar nágrannalöndum. Jafnframt vorum við fyrsta fyrirtækið á byggingarvörumarkaði sem fékk jafnlaunavottun, í upphafi árs 2019.“

Umhverfis- og samfélagsmál

Mikil áhersla er lögð á sjálfbærni

„Flestir okkar ferlar eru orðnir stafrænir að fullu eða hluta, sem skiptir lykilmáli fyrir skilvirkni og afköst.

og umhverfismál, að sögn Tinnu, bæði inn á við í öllum rekstri Húsasmiðjunnar en ekki síður í vöruframboði og þjónustu við viðskiptavininn. „Við erum mjög meðvitund um þá ábyrgð sem hvílir á okkur við val á því vöruframboði sem Íslendingum gefst kostur á að velja úr hér á landi, til bygginga og til heimilis, í samspili við náttúru okkar og jörð.“

Hjá Húsasmiðjunni starfar öflugur sérfræðingur í umhverfismálum sem ávallt er hægt að leita til. Lykilmarkmið sjálfbærnistefnu Húsasmiðjunnar að vera fyrsti valkostur fyrir grænar byggingarvörur og byggingar á Íslandi, og Tinna segir markvisst unnið að því alla daga, bæði innan starfseminnar með til dæmis bestun ferla og lágmörkun úrgangs, auk þess sem stöðugt sé unnið að auknu vöruframboði grænna og vistvænna vara.

„Breeam og Svansvottun eru mest notuðu umhverfissvottanir fyrir byggingar eða byggingarferla á Íslandi. Við veitum viðskiptavinum okkar ráðgjöf varðandi þessar vottanir og á heimasíðu okkar er hægt að finna yfir fjögur þúsund vottaðar vörur undir „Grænar vörur“. Má til dæmis nefna að

meirihluti þeirra málningar sem við seljum er Svansvottuð. Á örfáum árum eru almennir viðskiptavinir orðnir mun upplýstari um þessi mál en áður. Ég er ótrúlega stolt af því að Húsasmiðjan sjálf hóf þessa vegferð upp úr árinu 2007 þegar fyrirtækið fór að kaupa timbur úr sjálfbærum skógum, sem er einn stærsti vöruflokkurinn okkar, og er langstærsti hluti þess timburs sem við seljum í dag frá vottuðum skógum. Jafnframt má segja að meirihluti seldra vara okkar í dag til stærstu viðskiptavinnanna, það er verktakanna, séu grænar vörur, vottaðar eða leyfilegar í vottuð verkefni.“

Þróun verslunar

Viðskiptavinir standa frammi fyrir gríðarlegum möguleikum í dag við val á fyrirtækjum til að eiga viðskiptasamband við og hvernig viðskiptasambandinu er háttað. Tinna segir landamæri milli hefðbundinna verslana og hins stafræna heims hverfa hratt. „Við sjáum skýrt að viðskiptavinir vilja eiga samskipti við okkur í gegnum ólíka miðla á sama tíma og þeir vilja upplifa sömu þjónustu, vöruframboð og afgreiðsluleiðir, óháð því hvar og hvernig viðskiptin eiga sér stað. Við í Húsasmiðjunni höfum staðið mjög framarlega í stafrænni vegferð síðustu misserin. Flestir okkar ferlar eru orðnir stafrænir að fullu eða hluta, sem skiptir lykilmáli fyrir skilvirkni og afköst. Jafnframt kynntum við í fyrria Húsasmiðjuappið sem er bæði sjálfsafgreiðsluapp og þjónustuapp. Þar getur viðskiptavinur okkar til að mynda fengið greiðsludreifingu, stýrt lánsheimildum þar sem umsóknarferlið er að fullu rafrænt og notað sín afsláttar- og viðskiptakjör.“

Samhliða stafrænni vegferð

uppfærir Húsasmiðjan verslanir sínar. Á síðasta ári var opnuð ný og glæsileg 5.000 fermetra verslun á Akureyri og í lok þessa árs verður opnuð sambærileg ný verslun á Selfossi. „Við höfum vandað sérlega vel til verka og búðirnar eru hannaðar út frá þörfum viðskiptavina. Báðar þessar verslanir hafa öflugri málningardeild, vegleg sýningarrými fyrir til dæmis heimilistæki, gólfefni og hreinlætistæki, stærri Blómavalsverslun, auk þess sem timbursalan er orðin enn stærri og með „drive-through“. Verslanirnar eru byggðar með umhverfis staðla í huga, eins og LED-lýsingu og hússtýringakerfi til að lágmarka orkunotkun. Jafnframt erum við með hleðslustöðvar fyrir bæði viðskiptavininn og starfsmenn, en við höfum þá vegferð í fyrria að setja upp hleðslustöðvar við verslanir okkar um land allt. Í vor munum við svo taka í gegn stærstu Blómavalsverslun okkar í Skútuvogi sem allflestir Íslendingar á höfuðborgarsvæðinu þekkja mjög vel,“ segir Tinna.

Félag fagkvenna

Tinna segist ekki geta látið hjá líða að nefna frábært samstarfsverkefni milli Húsasmiðjunnar og Félags fagkvenna sem hófst á síðasta ári. „Þar sem við erum einn stærsti byggingarvörusöluaðili hér á landi, og eigum í samstarfi við meirihluta iðnaðarmanna á Íslandi, berum við líka ábyrgð á því að auka hlut kvenna sem stunda iðnnám og vinna við iðngreinar. Við erum í dag bakhjarl félagsins og förum því í öflugan ferð með Félagi fagkvenna með það að markmiði að efla vitundarvakningu um konur í iðngreinum. Og vá, hvað þetta er öflugur og flottur hópur af konum! Og þeim hefur farið ört fjölgandi á síðustu þremur árum í greinum á borð við pípuलग्नir, húsasmiði, rafvirkjun og svo framvegis. Það er gríðarlega mikilvægt að konur eigi sér fyrirmyndir í greininni. Við í Húsasmiðjunni erum að hjálpa til við að gera þessar fyrirmyndir enn sýnilegri,“ segir Guðrún Tinna Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri verslanasviðs Húsasmiðjunnar. ■




Við erum hérna, það eru konur sem vinna iðnaðarstörf

Margrét Halldóra Arnarsdóttir, rafvirki



FÉLAG
FAGKVENNA





Jónína Birgisdóttir, María Elísabet Ástudóttir og Berglind R. Guðmundsdóttir starfa allar í stjórnunarstöðum hjá ELKO og sitja jafnframt í framkvæmdastjórn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ELKO er eftirsóknarverður vinnustaður

ELKO er stærsta raftækja-verslun landsins, en hjá fyrirtækinu starfa 255 manns á mörgum starfsstöðvum. ELKO rekur fimm verslanir staðsettar í Lindum, Granda, Skeifu, Akureyri og á Keflavíkurlflugvelli, ásamt því að vera með eina öflugustu vefverslun landsins. Að auki er vörulager ELKO staðsettur á Bakkanum, Skarfagörðum.

Berglind R. Guðmundsdóttir, María Elísabet Ástudóttir og Jónína Birgisdóttir starfa allar í stjórnunarstöðum hjá ELKO og sitja jafnframt í framkvæmdastjórn. Berglind er forstöðumaður innkaupa- og vörustýringarviðs og stýrir öflugri deild vörustjóra, vörupplýsingafulltrúa, tollafulltrúa og bókhaldsfulltrúa. María Elísabet Ástudóttir er forstöðumaður sölu- og verslanarviðs og undir hana heyrir allt verslunarsvið og fyrirtækjaþjónusta ELKO, þar af leiðandi sinnir hún verkefnum af ýmsum stærðargráðum. Jónína Birgisdóttir er forstöðumaður þjónustuviðs og ber ábyrgð á þjónustu og þjónustustéfnu ELKO, það er, þjónustuupplifun, þjónustusölu, eftirkaupaþjónustu og vörudreifingu. Undir hana heyrir þjónustuver, vefverslun ELKO, þjónustusala og öll eftirkaupaþjónusta.

Berglind bendir á að innan ELKO starfi fjölbreyttur hópur einstaklinga þar sem öll fái jöfn tækifæri til starfsþróunar og til að vaxa í starfi. Mikid sé lagt upp úr því að styrkleikar hvers og eins fái að njóta sín.

María tekur undir og segir að fyrirtækið stuðli einnig að öflun menntunar og bættri velferð starfsfólks sem styrki þar með stöðu einstaklingans og geri viðkomandi kleift að nýta hæfileika sína í starfi og auka þar með velliðan og bæta starfsanda. Hún

segir ELKO bjóða starfsfólki sínu upp á velferðarpakka með það að markmiði að stuðla að bættri andlegri og líkamlegri heilsu. Einnig bjóði fyrirtækið upp á fjölda námskeiða hjá Stjórnvísí, Dokkunni og Akademias.

Jónína segist sammála og tekur fram að ELKO sé eftirsóknarverður vinnustaður, enda séu mörg tækifæri fyrir starfsfólk til að vaxa, bæði í starfi en líka sem einstaklingar því hægt sé að fá svo mörg töl til að vinna með og nýta í formi námskeiða eða undir hatti velferðarpakkans.

Vilja fleiri kyn til starfa

„Kynjahlutfall starfsfólks mætti vera betra og við viljum fá fleiri kyn til starfa. Raftæki eru nefnilega ekki bara fyrir eitt kyn. Þau sem hefja störf hjá ELKO fá góða fræðslu og fá leiðbeinanda í verslun til að leita til. Við viljum gjarnan stuðla að fjölbreytileika starfsfólks og auka hlut allra kynja,“ segir Berglind. „ELKO er vinnustaður fyrir öll kyn, þar sem öll fái jöfn tækifæri og tryggt er að starfsfólki sé ekki mismunað vegna kyns, aldurs, uppruna, trúar eða annarra þátta. Við reynum að hanna atvinnuauklýsingarnar þannig að þær höfði til allra og hvetjum öll kyn til þess að sækja um auglýst störf hjá okkur. Einnig höfum við breytt vaktafyrirkomulagi í verslunum til þess að reyna að ná til breiðari hóps og bjóðum þar með upp á sveigjanlegri vinnutíma en áður,“ bætir María við.

Umhverfismál í forgrunni

Að sögn Berglindar hefur ELKO lagt aukna áherslu á umhverfismál í rekstrinum og tekið fjölmörg skref til þess að minnka kolefnissporið. ELKO hefur komið upp snyrtilegum endurvinnsluskápum í öllum verslunum á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri, þar sem

tekið er við smærri raftækjum, rafhlöðum, blekhyllkjum, gló- og flúorperum. „Viðskiptavinir geta því losað sig við alla þessa hluti sem eiga það til að safnast upp á heimilinu og komið þeim í ábyrga endurvinnslu án þess að þurfa að gera sér sérstaka ferð á stærri endurvinnslustöðvar. Við kaupum einnig eldri raftæki af viðskiptavinum þar sem hægt er að koma með gömul raftæki til okkar og ELKO sér svo um að koma eldri tækjum í ábyrgt endurvinnslu-kerfi.“

ELKO er auk þess alltaf að leita leiða til þess að gera enn betur í umhverfismálum, að sögn Jónínu. „Við tókum stórt skref þegar við hættum að prenta út allar pantanir og reikninga í vöruhúsinu okkar. Þess í stað bjóðum við viðskiptavinum okkar að sækja allar kaupnótur rafrænt í gegnum „mínar síður“ á vefsíðunni okkar.“

Traust viðskiptasamband til framtíðar

ELKO á í samstarfi við stóra erlenda birgja til að tryggja hagkvæmt vöruverð og fjölbreytt úrval, segir Berglind. „Fyrir rúmum tveimur árum hóf ELKO að birta verðsögu vara en með birtingu verðsögunnar vill ELKO auka gegnsæi og stuðla þannig um leið að traustu viðskiptasambandi við viðskiptavinina sína til framtíðar.“ Viðskiptavinir eru ávallt á tánum varðandi réttindi sín og ósjaldan skapast þarfar umræður um verðbreytingar á einstökum vörum. „Þessi umræða er yfirleitt hvað hæst í kringum útsölu eða aðra tilboðsdaga þegar mikið er pantað inn af nýjum vörum og verðbreytingar eru örur. Því er verðsagan tæki sem viðskiptavinir geta treyst.“

Traustir ráðgjafar

Þá segir María eitt stærsta verkefni

ELKO er á virkilega spennandi vegferð þar sem allt kapp er lagt á að veita framúrskarandi þjónustu og eru þarfir viðskiptavina okkar alltaf í fyrsta sæti. Loforð okkar er „það sem skiptir þig máli, skiptir okkur máli“ og höfum við þetta loforð að leiðarljósi í öllu sem við gerum.

Jónína Birgisdóttir

ársins í fullum undirbúningi, en stefnt er á endurbætur á verslun ELKO í Lindum síðar á árinu. „Endurbætur og framkvæmdir eru ansi stórt verkefni sem tekur tíma, en markmiðið með þeim er að lyfta upp útliti verslunarinnar líkt og við gerðum þegar við fluttum ELKO í Skeifunni í nýtt húsnæði, sem opnaði um mitt síðasta ár. Sú framkvæmd gekk mjög vel og það er frábæru starfsfólki að þakka.“

Hún segir mikla samstöðu ríkja innan fyrirtækisins og að starfsfólk hafi lagt á eitt við flutninga og breytingar. „Hjá ELKO starfar nefnilega fjölbreyttur og kraftmikill hópur sem leggur heldur betur sitt á vogarskálarnar. Við erum stolt af verslunum og starfsfólki okkar og leggjum mikið upp úr reglulegri þjálfun innanhúss, sem og fræðslu um nýjar vörur. Það skilar sér svo beint til viðskiptavina okkar í formi ráðlegginga og upplýsingagjafar.“

Til að viðhalda þekkingu og styrkja tengslin við framleiðendur

er hópur starfsfólks sendur út á hverju ári á ráðstefnu sem haldin er á vegum Elkjúp. „Þar koma saman allir stærstu raftækjaframleiðendurnir til að kynna nýjustu vörurnar, tæknina og aukahlutina sem eru í sölu eða á leiðinni á markað. Þannig er hægt að miðla fræðslu og þekkingu áfram innan fyrirtækisins og ýta undir að starfsfólk ELKO séu traustir ráðgjafar í raftækjum.“

Viðskiptavinurinn í fyrsta sæti

„ELKO er á virkilega spennandi vegferð þar sem allt kapp er lagt á að veita framúrskarandi þjónustu og eru þarfir viðskiptavina okkar alltaf í fyrsta sæti. Loforð okkar er „það sem skiptir þig máli, skiptir okkur máli“ og höfum við þetta loforð að leiðarljósi í öllu sem við gerum,“ segir Jónína.

„Ólíkar kröfur viðskiptavina um aukna og bættu þjónustu er sífellt að aukast og því fylgja nýjar áskoranir og spennandi verkefni. Við höfum til að mynda lagt mikið í stafræna þróun og erum með tiltölulegan nýjan vef, mjög öflugan leitarvél og vorum fyrst á Íslandi til að bjóða upp á myndsimtöl við sölufulltrúa í verslun. Þar erum við í raun að færa persónulega verslunarpplifun beint til viðskiptavina, hvar sem þeir eru staddir.“

Jónína segir að þar fyrir utan hafi ELKO lagt mikla áherslu á áframhaldandi uppbyggingu þjónustuvæðis. „Til dæmis er opið til nýju á kvöldin í netspjalli hjá okkur og hefur það reynst gífurlega vel. Allar þessar lausnir auðvelda viðskiptavinum okkar, óháð búsetu eða aðstæðum, að sækja þjónustu til ELKO. Þetta eru allt lausnir sem hafa verið innleiddar til þess að eiga ánægðustu viðskiptavinina á raftækjamarkaði og við munum halda áfram að betrumbæta þær og leita nýrra leiða til þess að þróa þær áfram.“ ■

Marianna Magnúsdóttir er leiðtogi breytinga hjá Landsneti. Hún segir tímabært að konur fái að vera þær sjálfar með öllu því sem þeim fylgir.

„Mín ástríða felst í því að hjálpa fólki að vera hamingjusamt í lífi og starfi. Eg hef sterka tengingu við æðri tilgang og það mótaði mig að bróðir minn fyrirfor sér þegar ég var unglingur. Það er ástæða þess að hamingja og lífsgæði eru svo stór hluti af mér.“

Þetta segir Marianna Magnúsdóttir, leiðtogi breytinga hjá Landsneti. Leiðtogahæfileikar hennar komu snemma fram og hún hefur verið umbótasinni síðan á barnsaldri.

„Ég er alltaf í umbótahugsun, ég vil gera gott enn betra, laga og skilja við hlutina betur en ég kem að þeim,“ segir Marianna.

Þrífst í fjölbreytileika

Marianna er fædd árið 1985 og hefur lengst af búið austan megin við Elliðaárnar.

„Ég er uppalin í Árbænum fyrir utan sex ár í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum þar sem pabbi var forstjóri Iceland Seafood. Þegar við fluttum heim lauk ég skyldunáminu í Árbæjarskóla og stúdentsprófi frá náttúrufræðibraut FB. Eftir það tók ég mér ársleyfi til að temja hesta og reka bú í sveitinni, rétt eins og maður gerir þegar maður er tvítugur,“ segir Marianna og skellir upp úr.

„Ég æfði handbolta og fótbolta með Fylki þar til hestamennskan náði yfirhöndinni. Hún er í blóðinu en eftir að ég eignaðist krakka er ég aðallega í henni andlega. Eg hef alltaf verið sjálfstæð, fylgin minni ástríðu og dugleg að redda mér. Eg er mikill dýravínur og fáir vita að ég ætlaði mér að verða dýralæknir en þegar til kastanna kom hugnaðist mér ekki tilhugsunin um að afmarka mig við eina starfsgrein. Eg er í tvíburamerkinu og þrífst í fjölbreytileika og ákvað í staðinn að læra rekstrarverkfræði við HR til að halda sem flestum dýrum opnum.“

Leiðtogi breytinga

Marianna segir Landsnet vera langt á undan sinni samtíð. Hún tók við sem leiðtogi breytinga í byrjun árs 2022. Í starfinu felst að ná árangri í starfseminni og byggja um leið upp hamingjusöm teymi í vinnuumhverfi sem fær fólk til að blómstra.

„Það er til fyrirmyndar hjá Landsneti að vera með leiðtoga breytinga í sínu liði. Síðan ég útskrifaðist úr háskóla fyrir um áratug hef ég unnið við sem breytingarafl og ávallt heyrð undir framkvæmdastjóra. Hjá Landsneti heyrir ég hins vegar beint undir forstjóra og hef umboð til athafna,“ segir Marianna.


Það er jákvæð vitundarvakning í gangi og skilningur í fyrirtækjum er að aukast fyrir hlutum sem þessum.

„En það flækist fyrir mörgum með hvaða hætti unnið er með fólk. Til að þróa fólk þarf að skapa umhverfi og traust til að skapa tilfinningalegt öryggi. Það þarf að sýna fólki einlægán áhuga, með viðveru og virkri hlustun. Einnig að yta undir virðissköpun hvers og eins, að finna út hvað nærir viðkomandi,“ útskýrir Marianna, en hjá Landsneti starfa rúmlega 150 manns.

Allt starfsfólk er dýrmætt

Leiðtoga breytinga geta ýtt undir hamingju starfsfólks á vinnustað.

„Það skiptir öllu máli að fólki líði vel. Það er algjör grunnforsenda að við horfum á styrkleika hvers og eins, nýtum hugvitið og drifkraftinn; hvað það er sem nærir okkur og lætur okkur tikka. Hver einasti starfsmaður er dýrmætur og þess vegna skiptir persónuleg þróun



Vil að fólk sé hamingjusamt í lífi og starfi

svo miklu, því teymi er safn af einstaklingum,“ greinir Marianna frá.

Hún segir breytingar koma öllum í fyrirtækinu við.

„Þetta er margslungið verkefni, en til að byrja með þarf að mæta fyrirtækjameningunni sem er til staðar, hverju einasta teymi og einstaklingi. Fyrst og fremst snýst þetta um að vera meðvituð um leiðtogahæfni okkar, stjórnun og verkefnastýringu. Erfiðast er svo að breyta út af vana, en það sem hefur áunnist hjá Landsneti er að nú er komin ný stefna og hefur stuðningur við innleiðingu hennar verið mitt helsta hlutverk.“

Menning innleiðir stefnu

Tölfræði breytingaverkefna hefur hingað til ekki verið áreinnileg, þar sem allt að 80 prósent þeirra hefur misheppnast.

„Maður heyrir gjarnan frasa eins og „menning étur stefnu í morgunmat“ og mér líður stundum eins og fólk andi léttar við að slíkir frasar séu til. Þá skilur það hvers vegna þeim hefur ekki tekist betur upp. Eg vil bjóða fólki að vera meðvitað um að velja breytingar og breyta þessu hlutfalli,“ segir Marianna og heldur áfram:

„Af hverju samþykkjum við að þetta sé bara svona? Til þess að virkja hugvit starfsfólks þurfum við að setja okkur markmið um að sækja þann eldmód og kraft sem býr í hverjum og einum. Þannig virkjum við áhuga, nýsköpun, framfarahugsun og helgun starfsfólks. Það er fyrir mér A) frábært fyrir fyrirtækið að fá fólk með huga, hendur og hjarta til starfs, og B) það eykur lífsgæði fólks að líða vel og þykja gaman í vinnunni.“

Hún segir húmaníska nálgun og umhyggju fyrir mannaúði mikinn styrk hjá Landsneti.

„Ef við hlúum ekki að þessum þáttum mætir fólk bara með

höfuðið eða hendur til vinnu. Það felst mikil soun í því að nýta ekki kraftinn og hugvitið sem býr í mannauðinum.“

Meðvituð stjórnun

Marianna er stolt af Landsneti og hefur trú á að fleiri vinnustaðir taki sambærileg skref.

„Það fyllir mig stolti að Landsnet sé tilbúið að fara í menningarvegferð, sem og skilningur stjórnenda á þörfinni fyrir hana. Hér eru allir með það á hreinu, jarðvegurinn er frjór og meðbyrinn mikill. Landsnet hefur verið með umbótahugsun, verið að bæta verkferla, strúktúr, tækni og allt þetta týpíska í stefnu fyrirtækisins, en það var eitthvað sem vantaði. Þá var kveikt á perunni um að hugafars- og viðhorfsbreyting þyrfti að eiga sér stað til að komast þangað sem við viljum fara,“ upplýsir Marianna.

Hún segir það forréttindi að tilheyra mannaúði Landsnets.

„Fyrirtækið fjárfestir nú í þjálfun stjórnenda og býður öllu sínu starfsfólki í markþjálfun og fræðslu. Það leynir sér ekki að það hefur orðið breyting á fólki og það er enn skemmtilegra í vinnunni. Við viljum að starfsfólkið upplifi sig mikils virði, að það sé metið að verðleikum, og að það fái verkefni við hæfi en til þess þarf meðvitaða stjórnun.“

Eitt af þremur lykilmarkmiðum Landsnets er einmitt að auka helgun starfsfólks.

„Mér finnst fallegt að helgun starfsfólks sé í brennidepli. Við viljum að fólkinu okkar líði vel og mæti til leiks í öllu sínu veldi, um leið og við sjökum eftirsóknarverðan vinnustað. Við viljum að horft sé til Landsnets og hugsað: „Mig langar að vinna hjá Landsneti.“ Við erum í samkeppni við alla vinnustaði á Íslandi og í heiminum um hæfileikaríkt fólk. Við erum að skapa okkur ímynd, sérstöðu og vinnustað þar sem hlúð er að öllum og fengist er við krefjandi og skemmtileg verkefni.“

Grjóthörðu málin

Marianna segir eftirsóknarvert að vera leiðtogi breytinga.

„Hvert einasta fyrirtæki ætti að hafa leiðtoga breytinga í sínu liði. Stundum eru samskipti og tilfinningar sögð vera mjúku málin í fyrirtækjarekstri en að mínu mati

eru þau grjóthörðu málin. Hvers vegna eru erfið starfsmannamál ein helsta hindrun leiðtoga? Hvers vegna er búið að sýna fram á að menning vinnustaða, eða mannlegi þátturinn, er helsta ástæða þess að breytingaverkefni heppnast ekki? Það er nefnilega grjóthörð viðskipta- og rekstrarákvörðun að setja mannrækt og tilfinningar markvisst í starfsemi fyrirtækja. Það sýnir sig að fyrirtæki sem hlúa að mannaúði sínum með þessum hætti skila betri rekstrarniðurstöðu, meiri framleiðni, færri veikindadögum, minni slysatíðni og meiri helgun í starfi.“

Þegar kemur að konum í stjórnun kallar Marianna eftir viðhorfsbreytingu.

„Það er mikilvægt að breyta því viðhorfi að konur sem taki pláss séu athyglisjúkar. Við erum fullfærar um að reka fyrirtæki og taka ákvarðanir þótt við gerum það með öðrum hætti en karlmenn. Við þurfum ekki að verða eins og karlar heldur eignum við að mæta til leiks, fyllilega við sjálfar og láta ljós okkar skína, því þannig nýtum við hæfileikana best. Það er kominn tími til að mega vera við sjálfar með öllu því sem okkur fylgir.“

Er minn eigin leiðtogi

Þegar vinnu sleppir ver Marianna mestum tíma með fjölskyldunni og börnunum fimm sem eru á aldrinum fjögurra til ellefu ára.

„Ég hef yndi af því að vera úti í náttúrunni, í útivist, fjallgöngum og á skiðum. Eg legg jafnframt mikla áherslu á andlega rækt og vinn með lífsorkuna með hugleiðslu og heilun. Eg gef því pláss á hverjum degi til að halda mér í jafnvægi,“ segir Marianna.

„Ef einhver ætti að lýsa mér væri það örugglega opin, hress og mannblendin, og það er ég svo sannarlega, en það vita ekki margir að ég þarf minn tíma til að hlaða mig andlega til að gera mitt besta á hverjum degi. Ef streita leynist í kerfinu er ég ekki að mæta heil til leiks. Eg er minn eigin leiðtogi og skapa mér umhverfi sjálf til að geta þróast sem manneskja.“ ■

Landsnet er að Gylfahlöf 9 í Reykjavík. Sími 563 9300. Sjá meira um Landsnet á www.landsnet.is

Marianna Magnúsdóttir er leiðtogi breytinga hjá Landsneti. Í starfinu felst að ná árangri í starfseminni og byggja upp hamingjusöm teymi í vinnuumhverfi sem fær fólk til að blómstra.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

” Landsnet er langt á undan sinni samtíð. Það er til fyrirmyndar hjá fyrirtækinu að vera með leiðtoga breytinga í sínu liði.

Sjálfbærni er ákvörðun



F.v. eru Hulda Júlíana Jónsdóttir, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs, Jóna Guðrún Kristinsdóttir, verkefnastjóri fyrir vistvottanir og vistvænt vöruframboð og Sveinborg Hafliðadóttir mannaúdsstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Samfélagið gerir skýra kröfu til þess að fyrirtæki héraendis taki afstöðu til samfélagslegra málefna. Því hefur BYKO sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Umhverfisvitund hefur fylgt BYKO frá stofnun, þegar stofnfé félagsins var aflað með garðrækt í Guðmundarlundi í Kópavogi. BYKO hefur byggt upp stóran skóg í landi Drumboddsstaða þar sem gróðursett hafa verið yfir 130.000 tré af eigendum, starfsfólki og fjölskyldum þess, en áætluð binding hans er um 1200 tonn CO2 árlega næstu tíu árin segir Jóna Guðrún Kristinsdóttir, verkefnastjóri á Framþróunarsviði. „Það er mikill vilji og metnaður innan félagsins til að vera leiðandi í sjálfbærni og taka virkan þátt í þeirri þróun sem á sér stað í byggingariðnaði til að sporna við losun og draga úr umhverfisáhrifum bygginga.“

Hulda Júlíana Jónsdóttir, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs, segir BYKO hafa einsett sér að taka virkan þátt og hafa áhrif. Krafa frá samfélaginu sé mjög skýr um að fyrirtæki taki afstöðu til samfélagslegra málefna og því hafi BYKO sjálfbæra þróun að leiðarljósi. „Við getum ekki lengur leyft okkur að halda umræðunni til hliðar í litlum afmörkuðum hópi því þetta snertir okkur öll. Við þurfum að mæta þörfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða, því þurfum við að auka efnahagsleg verðmæti á sama tíma og við eignum mannréttindi og viðhöldum gæðum náttúrunnar.“

Hugtakið sjálfbærni tengir einmitt saman grunnstarfsemi fyrirtækja og þá hugsun að búa til virði til langs tíma, bætur Sveinborg Hafliðadóttir mannaúdsstjóri við. „Því erum við stanslaust að greina hvaða áhrif starfsemi BYKO hefur á umhverfið, félagslega þætti, menningarlega þætti, siðferði og rekstur. Við vitum að byggingar eru ábyrgar fyrir 40% af orkunotkun og 1/3 af losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu og



Í nóvember bauð BYKO konum sem starfa í mannvirkjageiranum í fræðsluferð til Lettlands. MYND/BYKO

því verður byggingariðnaðurinn að leggja sitt af mörkum með því að auka sjálfbærni og draga úr loftslagsáhrifum með aðgerðum.“

Vistvænar byggingar og okkar ábyrgð

Þær segja starfsfólk BYKO hafa lagt mikla áherslu á að skapa sér þekkingu á vistvottunarkerfum bygginga, ásamt því að greina vöruframboð fyrirtækisins og safna þeim gögnum sem framvísa þarf til að tryggja vottun. „Samhliða þessu höfum við sett saman söluteymi fagaðila af öllum sviðum, sem sér til þess að eiga mikilvægt samtal á markaðnum til að tryggja að við höfum yfirsýn yfir þróun, lærum af markaðnum og tryggjum þessi mikilvægu tengsl við alla aðila,“ segir Jóna Guðrún. „Þetta teymi hefur einnig staðið fyrir fræðsluerindum, boðað aðila á kynningar, heimsótt fyrirtæki með fræðsluerindi og virkjað þetta mikilvæga samtal.“

„Við viljum leggja okkar af mörkum til að lágmarka kol-efnisspor bygginga,“ bætir Hulda Júlíana við. „Enda erum við hluti af þessari virðiskeðju og gerum okkur grein fyrir því að við berum ábyrgð sem slík. Það var því alveg ljóst í okkar huga þegar kom að því að reisa nýjar höfuðstöðvar á Breiddinni að fylgja eigin ráðum og sannfæringu og byggja vistvænt. Nú rísa því um 2000 m² höfuðstöðvar og ætlunin er að byggingin fái BREEAM Excellent

vottun. Þetta ferli styrkir okkur enn frekar þegar kemur að ráðgjöf og vali á byggingarefnum.“

Sjálfbærni fyrsta skrefið

Sveinborg segir það skipta miklu máli að starfsfólk upplifi BYKO sem góðan vinnustað og lögd sé mikil áhersla á jafnréttis- og fjölbreytileikamál. „Árið 2019 skilgreindi BYKO fimm af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem kjarnamarkmið fyrir félagið og hóf innleiðingu ári síðar, en eitt þeirra markmiða var jafnrétti kynjanna. Þessi vinna markar upphafið í jafnréttisvegferð BYKO sem stýrt er af jafnréttisnefnd félagsins.“

Síðan þá hefur markvisst verið unnið að því að hafa áhrif innan sem utan félagsins, að sögn Sveinborgar. „Rík áhersla hefur verið lögd á fjölbreytileika þar sem við trúum því að með fjölbreyttari hóp náum við betri árangri. Eitt af því sem BYKO hefur framkvæmt sem hluta af jafnréttisvegferð sinni er að styrkja starfsfólk fjárhagslega til töku á fæðingar- og foreldraorlofi. Gögn okkar sýndu fram á að karlar voru ólíklegri til að taka orlof og ef þeir fóru þá var það alla jafna í stuttan tíma. Með þessu erum við að hvetja öll kyn til þess að nýta sér sinn rétt til fæðingar- og foreldraorlofs.“

Lærdómsrík ferð

Í nóvember síðastliðnum bauð BYKO konum sem starfa við eða

„Það er mikill vilji og metnaður innan félagsins til að vera leiðandi í sjálfbærni og taka virkan þátt í þeirri þróun sem á sér stað í byggingariðnaði.“

Jóna Guðrún Kristinsdóttir

í kringum mannvirkjageirann í fræðsluferð til Lettlands. Markmið ferðarinnar, að sögn Huldu Júlíönu, var að efla tengslanetið og kynna starfsemi BYKO Lat, systurfélags BYKO, á sama tíma og fyrirtækið reynir að styðja við þátttöku kvenna í byggingariðnaðinum. „Þetta var gríðarlega vel heppnuð ferð. Það var svo gaman að sjá hvað það er sem situr eftir, enn meiri samvinna hefur skapast, þekkingarmiðun og vinskapur. Við höfum farið reglulega í svona ferðir en alltaf með hóp karlmanna enda byggingariðnaðurinn mjög karllægur. Þetta er í fyrsta sinn sem við buðum eingöngu konum og rímar það vel við jafnréttisvegferðina sem við erum á.“

Stöðugt hugað að umhverfismálum

Þær eru sammála því að BYKO sé stöðugt að huga að umhverfismálum og að nýta náttúruauðlindir með ábyrgum hætti. „Það gerum

við með því að velja umhverfisvænar vörur í rekstri, við drögum úr magni sorps með aukinni flokkun og stefnum á pappírslausan rekstur innan skamms.

Á sama tíma vilja stjórnendur BYKO hvetja viðskiptavinum til að gera það sama og bjóða upp á lausnir með þessa þætti í huga,“ segir Hulda Júlíana. „Á síðasta ári byrjuðum við að taka við rafrænum beiðnum í gegnum Siminn Pay í stað gömlu góðu pappírshandbókanna. Þetta hljómar eins og eitt lítið skref en þegar við tókum saman öll þessi litlu skref þá komumst við áfram. Við viljum gera allt sem við getum til að veita sem besta þjónustu og sem hluta af því veitum við fræðslu í þróun á vistvænum byggingarefnum og aðstoðum viðskiptavininn við að auka skilvirkni og að verða umhverfisvænni.“

Gerum þetta saman

Að þeirra sögn verður áskorun ársins 2023 þriðja stoð sjálfbærinnar, eða birgjar fyrirtækisins. „Til að geta náð markmiðum um sjálfbærni verðum við líka að skoða aðfangakeðjuna og hafa áhrif á birgja okkar. Þetta snýr ekki einungis að vöruframboði heldur vinnu- og mannréttindum og því mikilvægt að fyrirtæki setji sér síðareglur og geri kröfur á birgja sína,“ segir Jóna Guðrún. „Einnig munum við fara af stað með þróunarvinnu varðandi hringrásarhagkerfið og hvað við getum gert til að tryggja hringrás sem efnissali og aðili á byggingamarkaði. Þetta munum við vinna út frá fjölmörgum tillögum og ábendingum sem við höfum fengið frá viðskiptavinum okkar ásamt því að horfa til þess sem aðilar um allan heim eru að gera í þessum málum.“

Sveinborg segir þetta því ósköp einfalt í huga starfsfólks BYKO. „Félög þurfa að taka meðvitaða ákvörðun um sjálfbærni, setja sér stefnu, innleiða hana og fylgja eftir. Það er auðvelt að skrifa stefnuna en fyrirtæki þurfa að sýna í verki að þeim sé alvara með vegferðinni.“ ■



DACIA



HONGDI
— since 1958 —



INVICTA

Mesta

rafbílaúrvalið

er á bl.is



ENNEMM / SIA / NM014642

B|L



Að finna sinn eigin kjarna og drifkraft

Guðný Reimarsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Virkri vitund, er með mikla frumkvöðlabakteríu og veit ekkert skemmtilegra en að finna nýja vinkla og þróa verkefni áfram.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Það sem einkennir Guðnýju Reimarsdóttur umfram annað er að hún er mikil fjölskyldumanneskja, með mikla frumkvöðlabakteríu og veit ekkert skemmtilegra en að finna nýja vinkla og þróa verkefni áfram. Guðný er framkvæmdastjóri hjá Virkri vitund ehf.

Guðný útskrifaðist sem sjúkraliði 1983, tók síðan viðskiptafræði í Háskóla Íslands í framhaldi af því og lauk MBA-námi frá HR 2008 þar sem hún lagði sérstaka áherslu á frumkvöðlafræði og frumkvöðlafjármál. Árið 2012 fór hún síðan í nám hjá Íslandsstofu sem heitir Útflutningur og hagvöxtur, til að kynna sér markaðssetningu á erlendum mörkuðum. Frá árinu 2013 og til dagsins í dag hefur Guðný verið að kynna sér sérstaklega afleiðingar álags og streitu á stjórnendum, með áherslu á að finna hvað geti komið í veg fyrir að þær/þeir kikni undan álagi og brenni út.

Elskar að lesa

Guðnýju hefur tekist vel upp að samtvinna fjölskyldulíf og vinnu þar sem hún hefur náð að rækta áhugamál sín af natni. „Ég elska að lesa og les helst bækur sem hafa eitthvað með manlegt edli að gera. Raf- og hljóðbækur finnast mér algjör snilld, því þá get ég tekið með mér bókasafnið hvert sem ég fer. En auk þess er ég alltaf með eina góða bók í takinu um heimspeki. Gönguferðir í nátt-

”

Það sem maður sér of oft er hve álag og streita er gegnumgangandi og alltumlykjandi.

úrinni með fjölskyldunni og hundinum okkar er eitt af því sem ég virkilega nýt þess að gera, en þegar við náum því ekki erum það ég og Loki sem göngum saman.“

Hefur þú alltaf haft brennandi áhuga á því að vera í stjórnunarstöðu?

„Ég hef verið framkvæmda- og fjármálastjóri frá því að ég byrjaði minn starfsferil og ýmist stofnað mín eigin fyrirtæki eða stofnað fyrirtæki í félagi við aðra. Inn á milli hef ég starfað sem fjármálastjóri fyrir ýmis fyrirtæki og komið að breytingastjórnun og endurskipulagningu rekstrar hjá þónokkrum.“

Segðu okkur aðeins frá starfi þínu hjá Virkri vitund og hvað það var sem laðaði þig að því að starfa í þessum geira?

„Ég hef unnið í fjölda ára með stjórnendum sem stýra litlum frumkvöðlafyrirtækjum og upp í að vinna með stjórnendum alþjóðlegra stórfyrirtækja, bæði hér á landi, annars staðar í Evrópu og í Asíu. Það sem maður sér of oft er hve álag og streita er gegnumgangandi og alltumlykjandi. Frá 2013 og til dagsins í dag hef ég verið að kynna mér sérstaklega afleiðingar álags og streitu á stjórnendum, með áherslu á að finna hvað geti komið í veg fyrir að þær/þeir kikni undan álagi og brenni út.“

Markmiðið hefur verið að finna hvað hefur afgerandi áhrif umfram annað og hvaða aðferðafræði er best til að koma í veg fyrir, eða snúa við, áhrifum óhóflegs

álags. Í dag er lögd mikil áhersla á leiðtogafærni stjórnenda en þá þurfum við líka að geta verið góðir leiðtogar fyrir okkur sjálf, en það vill gleymast eða mæta afgangi. Síðan 2018 hef ég verið að sannreyna og fínþessa þá aðferðafræði sem hefur skilað mestum árangri og skipuleggja námskeið hjá Virkri vitund sem hefjast nú í febrúar.“

Atferlisfjármál sérstaklega mikilvæg

Er Virk vitund með öflugan mannauðsstefnu sem laðar konur til starfa og hvetur þær áfram á framabrotinni?

„Sú rannsóknar- og þróunarvinna sem hefur verið í gangi hjá Virkri vitund hefur ekki krafist annars vinnuframlags en ég hef innt af hendi ásamt samstarfsfólki í öðrum fyrirtækjum. En í öllum þeim stjórnendastörfum sem ég hef sinnt, hef ég alltaf haft það að markmiði að gefa af mér og þjálfva starfsfólk mitt og samstarfsfólk í að finna hvar því líður vel og hvernig það getur náð lengra.“ Aðspurð segir Guðný að markhópur þeirra sé fólk í ábyrgðarstöðum og þau notfæri sér fyrst og fremst stafræna markaðssetningu og samfélagsmiðla til að ná til fólksins.

Virk vitund hefur undirbúið verkefnið á nýju ári vel og boðið verður upp á nýjungar í takti við tíðarandann til að styrkja fólk í ábyrgðarstöðum enn frekar.

„Það sem er nýtt og við ætlum að leggja sérstaka áherslu á er: Atferlisfjármál, Frumkvöðlafjár-

mál og námskeiðið Okkar eigin leiðtogar,“ segir Guðný. „Atferlisfjármál eru sérstaklega mikilvæg vegna þess að það skiptir ekki endilega máli hvort viðkomandi einstaklingur eða fyrirtæki hafi nauman eða rúman fjárhag. Hugsunarháttur okkar, tilfinningar og umhverfi hefur meiri áhrif á ákvarðanatöku okkar en við gerum okkur grein fyrir þegar við erum að taka fjárhagslegar ákvarðanir.“

Það er lögd mikil áhersla á frumkvöðlastarfsemi og hversu mikilvæg hún er fyrir frumkvöðlana og þjóðfélagið í heild. En 70–80% ná ekki árangri. Hverjar eru afleiðingarnar af því? Hvernig má komast hjá því að lenda þar eða ná mjúkri lendingu, svo það sé hægt að hefja sig aftur til flugs. Námskeiðið Okkar eigin leiðtogar byggir á aðferðafræði sem leggur til grundvallar að þú finnur þinn eigin kjarna og drifkraft og þú færð verkfærakistu með tólum og tækni til að þjálfva upp færni til að mæta álagi og áföllum og minnka líkur á að lenda í kulnun.“

Getur þú gefið konum góð ráð til að ná settum markmiðum og ná langt í atvinnulífinu?

„Margar konur ná langt í atvinnulífinu en of margar brenna út eða hætta löngu áður en karlkyns félagar okkar gera. Við þurfum að staldra við og gefa okkur tíma til að skilja hver er kjarninn í okkur og hvort sú framabrot sem við veljum hverju sinni sé í samræmi við okkar innri þarfir.“ ■

Myllu heilkornabrauð
LÍFSKORN
 Lífskorn færir þér máltíð af akrinum



LÍFSKORN, HEILT
 HVEITIKORN OG
 RÚGUR

LÍFSKORN,
 TRÖLLAHAFRAR
 OG CHIA-FRÆ

LÍFSKORN,
 SÓLBLÓMAFRÆ
 OG HÖRFRÆ


Nýtt

LÍFSKORN, D+
 D-vítamínríkt og joðgjafi
 - steinefni, heilkorn og
 graskersfræ

LÍFSKORN,
 KOLVETNASKERT

LÍFSKORN,
 SJÓ TEGUNDIR
 AF FRÆJUM OG
 KORNUM
 - ekkert ger
 - ekkert hvítt hveiti

Veldu þitt Lífskorn - heilkorna fjölskylda af hollustu



- Lífskorn er næring fyrir heilsuræktina

Lífskorn er góð hugmynd að vellíðan og hluti af heilsurækt þinni. Í Lífskorni finnur þú góðu frækorn, trefjarnar, próteinin og bragðgæðin.

Lífskorn er trefjagjafi þinn - fræsafn þitt og heilsurækt - hefur hátt hlutfall heilkorns, með lágt fituhlutfall og inniheldur lítið af joðbættu salti.

Lífskorn inniheldur B- og E-vítamín og steinefni sem líkaminn þarfnast. **Núna bætist nýtt heilkorna Lífskorn á lista joðgjafa og D-vítamínríkra fæðutegunda.** Smakkaðu.

Þú finnur plöntuefni, prótein og kolvetni heilkornsins í Lífskorni og undirbýrð þig þannig fyrir heilsuræktina. Lífskorn færir þér máltíð af akrinum, hollustu og orku fyrir heilsuræktina. Bragðaðu öll brauðin og veldu þitt uppáhalds Lífskorn. Lífskorn er vegan!

Ræktaðu huga og líkama
Fáðu þér Lífskorn heilkornabrauð frá Myllunni - strax í dag



Mikilvægt er að lítið samfélag okkar Íslendinga geti treyst á sjálfstæða innlenda framleiðslu. Myllan er ferskvöruframleiðandi sem skilur að samfélagið þrífst best á fjölbreyttri matarmenningu. Stöðug vöruþróun Myllunnar skilar okkur íslensku úrvali af ferskvörum í besta gæðaflokki. Skoðaðu hvaðan maturinn kemur - leitaðu eftir Myllu-merkinu! Myllan, þaðan sem nýtt kemur.

> **Skoðaðu vöruúrvalið á: myllan.is**



Alltaf útbakað síðan 1959

Græn fasteignasala í skýinu

Ásdís Ósk Valsdóttir löggiltur fasteignasali er stofnandi og eini eigandi fasteignasölnnar Húsaskjól.

Ásdís hefur starfað við fasteignasölu í 20 ár. Hún er menntaður kerfisfræðingur, með BA-gráðu í spænsku og sagnfræði og hefur einnig tekið fjölda námskeiða í markaðsmálum og markaðssetningu á samfélagsmiðlum.

„Við erum leiðandi á mörgum sviðum,“ segir Ásdís og bætir við: „Við sem störfum hér erum öll í skýinu og erum að vinna heima. Við erum stafrænt þjónustufyrirtæki og á tveimur árum höfum við farið úr því að vera hefðbundin fasteignasala í það að vera græn fasteignasala í skýinu,“ segir Ásdís.

Covid neyddi okkur í breytingar

„Covid-faraldurinn neyddi okkur til að fara aðrar leiðir og þegar allir voru sendir heim til að vinna áttuðum við okkur á því að það hentaði okkur miklu betur að vinna heima heldur en að vera niðurnjörvuð á stórri skrifstofu með viðveru. Fasteignasala er tarnavinna og vinnan er að mestu unnin utan skrifstofunnar. Við hjá Húsaskjól vorum mjög samstíga hvað þetta varðar og í dag er samningadeildin með skrifstofu þar sem við höldum kaupsamninga og afsöl og einnig er skrifstofuherbergi til staðar ef fólk er orðið leitt á því tímabundið að vinna heima. Við nýtum okkur Zoom-fundi fyrir verðmöt og hittumst að minnsta kosti einu sinni í viku á stefnumótunarfundum eða tökum sameiginlegan hádegismat,“ segir Ásdís.

Ásdís Ósk segir að Húsaskjól hafi aðeins verið byrjað á þessari veg-



Ásdís Ósk Valsdóttir, eigandi fasteignasölnnar Húsaskjól, hannaði heildarupplýsingakerfi fyrir Húsaskjól sem á sér enga hliðstæðu á íslenskum fasteignamarkaði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ferð. „Það var hjá mér ungur lögfræðingur, Ólafur Þorri. Hann hafði frumkvæði að því að við förum að nota rafrænar undirritanir og við vorum langfyrsta fasteignasalan til að nýta okkur þær. Einnig setti

hann upp fyrsta rafræna upplýsingabæklinginn okkar.“

Heildarupplýsingakerfi

Ásdís Ósk hefur hannað heildarupplýsingakerfi fyrir Húsa-

„Við erum eina fasteignasalan sem er með sjálfstæða greiningardeild og sendum frá okkur reglulegar greiningar um fasteignamarkaðinn.“

Ásdís Ósk Valsdóttir

skjól sem á sér enga hliðstæðu á íslenskum fasteignamarkaði. Kaupendur bóka sig í tíma í opið hús og fá sendan upplýsingabækling. Þar er hægt að stýra hversu margir koma í opið hús á sama tíma og það eru því aldrei stórir hópar í einu. „Kaupendur eru mjög ánægðir með þetta fyrirkomulag þar sem þeir fá mun meira næði til að skoða eignina. Þeir geta líka skoðað upplýsingabæklinginn áður en þeir mæta í opið hús og eru því mun upplýstari um ástand eignarinnar.“

Seljendur sjá hversu margir eru bókaðir í opið hús og hversu margir mættu og fá upplýsingar um hvernig kaupendum leist á eignina. Öll samskipti á milli seljanda og fasteignasala fara þarna í gegn og því auðvelt að hafa yfirsýn yfir söluferlið.“

Húsaskjól býður upp á fjóra mismunandi sölupakka þar sem seljendur geta valið sér það þjónustustig sem þeim hentar. Gullpakki Húsaskjól er langvinsælasti sölupakkinn. Það er gífurlega mikil þjónusta og markaðssetning innifalin í honum og hann hentar einnig mjög vel þeim sem eiga eftir að kaupa þar sem kaupendaþjónusta er innifalin í þeim sölupakka.

„HomePin er kaupendaþjónustukerfið okkar. Þarna geta kaupendur haldið utan um allar þær eignir sem þeir hafa áhuga á að skoða, sett inn athugasemdir, vistað niður skjöl sem tengjast eigninni og átt í samskiptum við sinn fasteignasala hjá Húsaskjól um eignina og fengið ráðgjöf með kaupverð og kauptilboð.“

Nýjasta kerfið okkar er Verðsaga. Þetta er leitarvél í öllum þinglýstum kaupsamningum frá 2006. Allir geta nýtt sér hana og hægt er að leita eftir póstnúmerum, eignategund, byggingarári og stærð. Það er síðan hægt að framreikna alla kaupsamninga til að sjá hvað til dæmis eign sem seldist fyrir þremur árum hefur hækkað í verði,“ segir Ásdís.

Eru virk á samfélagsmiðlum

Ásdís segir að Húsaskjól sé stöðugt að bæta við kerfin og markmiðið er að gera fasteignaviðskipti gegnsærri og skilvirkari.

„Við erum eina fasteignasalan sem er með sjálfstæða greiningardeild og sendum frá okkur reglulegar greiningar um fasteignamarkaðinn og einnig erum við mjög virk á samfélagsmiðlum og setjum inn fróðleiksmola um fasteignamarkaðinn og góð ráð fyrir bæði kaupendur og seljendur.“

Við hjá Húsaskjól teljum það vera okkar samfélagslegu ábyrgð að miðla öllum þeim upplýsingum sem við megum áfram til kaupenda og seljenda til að gera fasteignaviðskipti skiljanlegri og gegnsærri og auðveldla öllum í fasteignaviðskiptum að taka upplýstar ákvarðanir. Við viljum taka giskið út úr fasteignaviðskiptum,“ segir Ásdís. ■

Alltaf svigrúm til að bæta reksturinn

Ráðgjafarfyirtækið Poway ehf. var stofnað árið 2009 þegar Ásta Björk Matthíasdóttir, annar eigandi félagsins, var í mastersnámi í Kaliforníu og bjó í borginni Poway.

Poway ehf. byggir á áratuga reynslu af fjármálum, stjórnun, rekstri og endurskipulagningu fyrirtækja.

„Við trúum því að það sé alltaf svigrúm til að bæta reksturinn,“ segir Ásta Björk og bætir við að áherslan sé á litil og meðalstór fyrirtæki. „En annars eru allir velkomnir.“

Ein aðalþjónusta Poway er í formi Fjármálastjóra til leigu í lengri eða styttri tíma. „Slík þjónusta hentar margs konar fyrirtækjum sem vilja nýta sér þekkingu reynds fjármálastjóra en hafa ekki tök á að hafa slíkan starfsmann í fullu starfi,“ segir Ásta.

„Fyrirtæki geta nýtt sér þjónustu okkar og fengið fjármálastjóra í hlutastarf og/eda tímabundna ráðgjöf og þá er fyrirtækið komið með 100 prósentu þekkingu í hlutastarf eða tímabundið.“

Poway veitir fjölbreytta ráðgjöf á sviði rekstrar og fjármála. „Það er alltaf gott að fá utanaðkomandi aðila til að skoða reksturinn og koma með tillögur að úrbóta- verkefnum og jafnvel fylgja þeim eftir,“ segir Ásta.

„Við sjáum ekki um að færa bókhald, en hjá okkur er mikil þekking á færslu bókhalds sem við nýtum til þess að fara inn í fyrirtæki og skoða hvort ekki sé hægt að einfalda reksturinn eða



Ásta Björk Matthíasdóttir er annar eigandi Poway sem var einmitt stofnað í borginni Poway í Kaliforníu. MYND/ÆSEND

gera tölurnar aðgengilegri fyrir stjórnendur.

Við tökum einnig að okkur að þjálfa bókara í að gera stjórnendaskýrslur, en oft innihalda kerfin sem unnið er með ýmiss konar gagnleg mælaborð sem eru lítið sem ekkert notuð. Það er mikilvægt að ædstu stjórnendur hafi tölurnar um reksturinn ávallt uppfærðar svo hægt sé að grípa inn í um leið og tölurnar öskra á athygli.“

Fjölbreytt ráðgjöf

En þjónusta Poway nær yfir stærra svið. „Við höfum mikla reynslu af innleiðingu nýrra tölvukerfa og getum veitt ýmiss konar aðstoð og þjálfun starfsmanna í innleiðingarferlinu. Einnig höfum við tekið að okkur að þjálfa starfsfólk sem hefur ekki fengið nægilega kennslu á tölvukerfi og/eda tekur við af starfsfólki sem ekki nýtti kerfin nægilega vel vegna vanþekkingar.“

Þá getur Poway líka aðstoðað við birgðastjórnun.

„Eitt af því sem fyrirtæki verða að veita meiri athygli er birgðir og birgðastýring, það er mikil fjárbinding í birgðum svo samsetning þeirra verður að vera í lagi. Framlegðin er annar þáttur sem þarf að vera í lagi í rekstrinum. Við höfum verið að gera greiningar og komið með úrbætur sem geta aðstoðað stjórnendur í að hafa betri yfirsýn.“ Fyrir utan allt þetta veitir Poway

„Umfram allt er best að halda þessu öllu einföldu og ekki vera að flækja málin. Stjórnendur gera það sem þeir eru bestir í og við hjálpum þeim með hitt.“

Ásta Björk Matthíasdóttir

ráðgjöf við gerð fjárhagsáætlana og aðstoðar við að gera kynningarefni og samskipti vegna fjármögnunar. „En umfram allt er best að halda þessu öllu einföldu og ekki vera að flækja málin. Stjórnendur gera það sem þeir eru bestir í og við hjálpum þeim með hitt,“ segir Ásta Björk að lokum.

Nánari upplýsingar má nálgast á www.poway.is



Glæsilegar þýskar innréttingar



Verið velkomin í sýningarsalinn að Suðurlandsbraut 26

INN
lifun

Suðurlandsbraut 26 Sími 587 2700

Opið 11-18 virka daga, 11-16 laugardaga.

innlifun.is



Starfsemi Orkuklasans hefur að sögn Rósbjargar sjaldan eða aldrei verið mikilvægari en nú, en klasinn fagnar 10 ára afmæli í ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

Rósbjörg Jónsdóttir er viðskiptafræðingur að mennt með sérhæfingu á sviði samkeppnishæfni greininga, klasastjórnunar og samfélagslegrar ábyrgðar.

Rósbjörg hefur víðtæka og árangursríka starfsreynslu úr íslensku atvinnulífi. Til að mynda var hún framkvæmdastjóri Ráðstefnuskrifstofu Íslands 2000–2005 og markaðsstjóri Hótel Holts 2005–2010. Á árunum 2011–2016 starfaði Rósbjörg sem ráðgjafi hjá Gekon og á þeim tíma sérhæfði hún sig á sviði klasastjórnunar og gagnkvæms virðisauka (shared value).

Rósbjörg kortlagði og mótaði Íslenska ferðaklasann (2012–2016), lagði grunninn að alþjóðlegum ráðstefnum sem hafa stutt og eflit íslenskt samfélag, þar á meðal Iceland Geothermal Conference 2013 og 2016 og What Works in Social Progress. Þá leiddi Rósbjörg umsókn Íslands um að fá til landsins WGC2020.

„Ég hef stýrt mínu eigin ráðgjafarfélagi, Cognitio, frá 2016. Cognitio hefur jafnframt haft veg og vanda af framsetningu Framfaravogarinnar sem metur stöðu sveitarfélaga út frá félagslegum og umhverfislegum þáttum og segir til um hvernig staðan er á þeim svæðum sem skoðuð eru.“

Rósbjörg er fulltrúi SPI, Social Progress Imperative, á Íslandi, en SPI gefur árlega út vísitölu félagslegra framfara (social progress index) á heimsvísu.

Hún sat í stjórn Festu 2016–2018 og situr í stjórn faghóps Stjórnvísu um samfélagsábyrgð og er stjórnarmaður í Kolvíði.

Rósbjörg tók við sem framkvæmdastjóri Orkuklasans vorið 2022.

Að sögn Rósbjargar fagnar Orkuklasinn tíu ára starfsafmæli í ár. „Hann var formlega stofnaður 2013, fyrst sem jarðvarmaklasi en útvikkaði fókussinn 2018–19 og horfir til jarðhita, vatnsafls, vinds og rafeldsneytis. Orkuklasinn hefur verið brautryðjandi á sviði orkumála þar sem horft er til þverfaglegs samstarfs og haft mikil áhrif, ekki síst þegar horft til þess að byggja upp Ísland sem sýningarglugga

Orkuklasinn þverfaglegur klasavettvangur atvinnulífs



Vel sótt námskeið í vinnustofu Orkuklasans í húsnæði Akademias fyrir í þessum mánuði.

MYND/ADSEND

Tilgangur klasavettvangsins er:

- Stuðla að aukinni nýsköpun, stofnun sprotafyrirtækja, rannsóknum og þróun
- Styrkja imynd Íslands sem lands endurnýjanlegrar orku
- Stuðla að aukinni verðmætasköpun, þekkingu og færni aðildarfélaga
- Stuðla að þróun og útflutningi sérhæfðrar vöru og þjónustu og verndun hugverka
- Efla tengslanet og upplýsingaflæði milli orkugeirans, stjórnvalda og samfélagsins

fyrir endurnýjanlega orku.“

Orkuklasinn er þverfaglegur samstarfsvettvangur atvinnulífs, háskólaumhverfis, opinberra aðila, fjárfesta/fjármögnunaraðila og frumkvöðla, sem eiga hagsmuna að gæta varðandi framleiðslu, nýtingu og dreifingu orku og orkutengdrar starfsemi og nær til allrar virðis-keðjunnar.

Að sögn Rósbjargar er leiðarljós vettvangsins að stuðla að aukinni samvinnu, þekkingarmiðlun og framþróun. Með margvíslegum uppákomum, viðburðum og fræðslu skapi Orkuklasinn félögum sínum aukin tækifæri til frekari verðmætasköpunar með beinum og óbeinum hætti.

„Það er mikilvægt að huga að jafnvægi kynjanna,“ segir Rósbjörg. „Öflugar konur hafa verið að hasla

sér völl á sviði orkutengdrar starfsemi og fögnum við því og hvetjum ungar konur til að skapa sér atvinnutækifæri innan greinarinnar því hér eru gríðarleg tækifæri sem eru án landamæra.“

Starfsemi Íslenska orkuklasans hefur að sögn Rósbjargar sjaldan ef nokkurn tímann verið jafn mikilvæg, enda klasasamstarf birtingarmynd nýsköpunar og þróunar þar sem ávinningur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi.

„Klasasamstarf er talið ein áhrifaríkasta leiðin til að knýja áfram framþróun og aukna verðmætasköpun samfélaga og því viljum við sem að þessum vettvangi stöndum leggja okkar af mörkum þegar við tökumst á við áskoranir framtíðarinnar,“ segir Rósbjörg Jónsdóttir hjá Orkuklasanum. ■

Margþættur ávinningur

Framtíðarsýn:

Orkutengd starfsemi er grunnur velferðar á Íslandi. Með ábyrgri stjórnun viðheldur og eflir greinin þau lífsgæði sem hér ríkja og tryggir efnahagslegar, samfélagslegar og umhverfislegar framfarir.

Virðisauki Orkuklasans:

Íslenski orkuklasinn gegnir lykilhlutverki í því að viðhalda lífsgæðum og stuðlar að aukinni samkeppnishæfni félaga sinna með verkefnadrifnu samstarfi þar sem þekking, samvinna og framþróun eru höfð að leiðarljósi.

Með því að draga félaga saman þvert á virðis-keðjunna og á atvinnugreinar er stuðlað að þekkingaryfirfærslu í báðar áttir þar sem tilgangurinn er að stuðla að aukinni framþróun. Framþróun innan félaga, atvinnugreinar og samfélags.

Lykilstarfsemi og markmið:

Hlutverk Orkuklasans er að efla samvinnu þvert á félaga og greinar og hraða mikilvægum úrbótum og breytingum til aukinnar framþróunar í orkutengdri starfsemi. Miklar kröfur eru gerðar á greininna til að ná stórum og mikilvægum markmiðum á sviði loftslagsmála. En þar gegna orkumálin stóru hlutverki. Á sama tíma og áskoranir eru miklar, skapast alla vega tækifæri og mikilvægt að leggja saman á áramnar þar sem þess er þörf. Með það að leiðarljósi leggur Orkuklasinn áherslu á þrjár víddir í sinni starfsemi á komandi misserum sem allar leiða til aukinnar samvinnu, þekkingar og framþróunar:

- Nýsköpun og framþróun
- Alþjóðasamskipti og samvinnu
- Fræðslu og þjálfun

Sinnir fréttum á landsbyggðinni

Ólöf Rún Erlendsdóttir fréttamaður hóf störf hjá RÚV á Akureyri í september en hafði áður starfað á fréttastofunni í Efstaleiti og var því enginn nýgræðingur. Hún flutti norður til að prófa eitthvað nýtt.

„Ég er Breiðhyltingur í húð og hár og þetta er í fyrsta skipti sem ég bý utan Reykjavíkur,“ segir hún. „Ég á hins vegar rætur hér fyrir norðan og hef eytt miklum tíma þar. Móðir mín er Dalvíkingur og það var yfirleitt hápunktur sumarsins hjá okkur fjölskyldunni að heimsækja ömmu og afa á Dalvík. Bróðir minn flutti svo til Akureyrar fyrir nokkrum árum og ég á frændfolk hérna úti um allt, svo það vantar ekki tengingarnar,“ bætir hún við.

„Ég flutti í rauninni bara vegna þess að mér bauðst þetta frábæra starf og skoraði á sjálfa mig að prófa eitthvað nýtt. En það hjálpaði klárlega að ég og unnusti minn fundum okkur strax draumaíbúðina á Akureyri, eftir að hafa boðið í margar, margar íbúðir í Reykjavík, án árangurs,“ segir Ólöf Rún.

Þegar hún var spurð hver væri munurinn á starfinu fyrir norðan og í Efstaleitinu svarar hún: „Munurinn liggur náttúrulega helst í áherslunni á landsbyggðina. Okkar hlutverk hjá RÚV á landsbyggðinni er fyrst og fremst að fjalla um mál utan borgarinnar, þótt við séum að sjálfsögðu líka hluti af fréttamannateyminu í Efstaleiti og fjöllum líka um málefni sem snerta landið allt.

Er að venjast sjónvarpinu

Ég hafði hins vegar sjálf mjög lítið unnið fréttir fyrir sjónvarp



Ólöf Rún starfar ásamt tveimur öðrum fréttamönnum hjá RÚV á Akureyri. Hún segir fréttir frá norðurhluta landsins.

„Ég flutti í rauninni bara vegna þess að mér bauðst þetta frábæra starf og skoraði á sjálfa mig að prófa eitthvað nýtt. En það hjálpaði klárlega að ég og unnusti minn fundum okkur strax draumaíbúðina á Akureyri.“

áður en ég kom norður svo það er kannski stærsta breytingin fyrir mig. Mér líður vel fyrir framan hljóðnemann í útvarpinu en að vera andlit í sjónvarpi er eitthvað sem ég er enn að venjast. Þetta er ótrúlega skemmtilegt starf – bæði hér og í Reykjavík. En það er ekki spurning að það getur verið mjög skemmtilegt að vera fréttamaður á landsbyggðinni. Það verður til sterk tenging við samfélagið og ég nýt þess mjög mikið að hafa frelsi til þess að vinna skemmti-

legar fréttir meðfram því að sinna þyngri fréttamálum,“ segir hún.

„Sem dæmi þá vann ég þunga frétt um álag á læknum á landsbyggðinni í síðustu viku, en daginn eftir heimsótti ég tvo ótrúlega hressa fuglaá hugamenn á Akureyri, sem kenndu mér allt sem þarf um fôðrun smáfugla. Það er svo ótrúlega gott fyrir sálina að hafa svona jafnvægi, vera ekki alltaf í þunga málunum, þótt þau séu almennt ofar í forgangsröðuninni,“ segir Ólöf Rún, sem segist aldrei vita nákvæmlega hvernig næsti dagur verði. „Ég get mætt í vinnuna með einhver verkefni í huga, en hálf tíma seinna verði komin með mikkrofón í hönd einhvers staðar uppi á heiði að segja frá atburði sem ég vissi ekki af þegar ég lagði af stað til vinnu. En effjölskyldan mín yrði spurð þá er það óvænasta líklega það að ég skyldi flytja mig úr borginni og hingað norður með litlum sem engum fyrirvara,“ segir hún.

Tíu starfsmenn starfa hjá RÚV á Norðurlandi, þar af þrjú fréttamenn. „Ég, Amanda Guðrún Bjarnadóttir og Ágúst Ólafsson, sem er jafnframt ritstjóri landsbyggðarfréttanna. Hjá fréttastofunni hér fyrir norðan vinnur svo einn tókumaður, Sölvi Andrason. Ég segi fyrst og fremst fréttir frá norðurhluta landsins en stekki líka í verkefni víðar um landið, eftir því sem þarf,“ segir Ólöf Rún, en fréttamannsstarfið hafði lengi blundað í henni áður en hún hóf störf hjá RÚV.

Með stjórnur í augunum

„Ég hef alltaf verið ákveðin og haft mikið að segja, krafðist þess til dæmis að vera ritstjóri skólablaðsins í grunnskóla og

einn kennarinn minn kallaði mig oft Ólöfu fréttakonu. Að hluta til af því ég talaði út í eitt og var alltaf að segja hinum krökkunum nýjustu fréttir, en auðvitað líka vegna nöfnu minnar, Ólafar Rúnar Skúladóttur, sem var áberandi í fréttunum á þessum árum. Mér leiddist sá samburður nákvæmlega ekki neitt. Það var frekar sýrrealískt að vera svo ráðin sem fréttamaður hjá RÚV tuttugu árum síðar, á sama tíma og nafna mín Skúladóttir kom aftur til starfa á fréttastofunni. Ég var með stjórnur í augunum í svona mánuð eftir að ég var ráðin, enda alger heiður að vinna með öllum þessum úrvals fréttamönnum.“

Ólöf Rún er með BA-próf í félagsráðgjöf og er hálfnuð með MA í blaða- og fréttamennsku. „Ég hef unnið við ýmislegt í gegnum tíðina, en ekki fundið mína hillu fyrr en núna. Ég hef til dæmis verið forstöðumaður á frístundaheimili, aðstoðað við kennslu í HÍ, sinnt umönnun á hjúkrunarheimili og afgreitt í verslunum.“

Eru einhverjar breytingar fyrirhugaðar eða nýtt að gerast á nýju ári hjá þér?

„Það eru engar stórar breytingar í kortunum eins og er, ég er í rauninni enn að koma undir mig fótunum á nýjum stað. Þegar kemur að starfinu vinn ég auðvitað stöðugt að því að verða öflugri fréttamaður, mig langar alltaf að verða betri penni og betri í að rýna í samfélagið. Ég er almennt lítið fyrir áramótaheit, en ég setti mér það markmið að lesa minnst 20 bækur á árinu. Það er það eina sem er niðurneglt eins og er! Svo er innan sviga að drekka minna kaffi og borða oftar grænkal. En ég gleymi því líklega

Útbýr fréttir fyrir samfélagsmiðla

Ingunn Lára Kristjánsdóttir hóf störf á RÚV fyrir ári til að sinna og þróa fréttamiðlun á samfélagsmiðlum. Hún einblínir á yngri kynslóðir og segist ánægð með viðtökur þeirra.

„Ég einblíni fyrst og fremst á að ná til yngri lesenda, kynslóðarinnar sem hvorki horfir á línulega dagskrá né les blöðin. Ég geri fréttir í myndbandsformi sem henta símanum. Þetta er knappt form en í grunninn bara hefðbundin fréttamennska. Ég skrifa fréttir, tek upp myndbönd, klippi efnið og birti það,“ segir Ingunn.


Hún segir viðbrögðin hafa verið jákvæð. „Það er augljóst að ungt fólk hefur ekki síður áhuga á fréttum en eldri kynslóðir, fréttamiðlar hafa bara ekki lagt nógu mikla áherslu á að nálgast þetta fólk á þess grundvelli. Mér þótti ótrúlega vænt um að heyra frá grunnskóla- og framhaldsskólakennurum að nemendur þeirra viti meira um málefni liðandi stundar þökk sé fréttamönum á miðlum eins og TikTok. Auðvitað eru áhyggjuraddir um að nota TikTok, miðillinn safnar miklum upplýsingum um notendur sína og er í eigu kommúnistaflokksins í Kína. Kenningar eru uppi um að miðillinn ritstýri efni, eins og til dæmis með svokölluðu „shadow-ban“, þannig að ákveðin myndbönd fá minna áhorf en önnur. Ég fylgist grannt með þessu og stefni líka á

að færa efni í þessu formi í auknum mæli yfir á vef RÚV í framtíðinni svo maður þurfi ekki að reida sig á milliliði,“ upplýsir Ingunn og bætir við að þetta sé sannkallað draumastarf.

„Alveg frá því að ég byrjaði í fjölmiðlum hef ég haft áhuga á framtíð blaðamennskunnar á stafrænum tímum. Lesendur og áhorfendur verða sífellt eldri og upplýsingaóreiða í hyldýpi samfélagsmiðla kallar á breyttar áherslur. Neysla fjölmiðla hefur breyst gríðarlega og það á ekki að hræða okkur. Að miðla fréttum á TikTok er ekki róttæk hugmynd, í raun erum við frekar eftir á miðað við aðra miðla í Evrópu. En þetta er vandmeðfarið og mikilvægt fyrir fréttastofur að halda í sjálfstæði sitt og reida sig ekki of mikið á aðra miðla,“ bendir hún á.

Staða Ingunnar er ný og hún hefur verið að þróa hana í samstarfi við fréttastjóra. „Sjálfr er ég menntaður leikari, með bachelorgráðu í amerískri leikhúsfræði frá Rose Bruford-leiklistarskólanum í London og með mastersgráðu í ritlist og tók þar aukaáfangi á fréttamennsku. Það þarf fjölmiðlareynslu, þekkingu á samfélagsmiðlum og að geta klippt efni og miðlað því.“

Ingunn starfaði áður sem blaðamaður á Fréttablaðinu í rúm þrjú ár og var síðan nýmiðlastjóri þar sem hún þróaði fréttamiðlun á samfélagsmiðlum Fréttablaðsins. „Ég stofnaði TikTok-síðu fyrir



Fjölmiðlar verða að aðlaga sig breyttum tímum og einblína ekki bara á afburða rannsóknarvinnu heldur einnig bestu mögulegu miðlunina, að sögn Ingunnar Láru.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Það sem kom mér virkilega á óvart var þegar María Sigrún fréttakona varð allt í einu „viral“ á mexíkóskum miðlum.

Fréttablaðið og skrifaði bæði á vef og í blað, fór yfir fréttir á Fréttavaktinni á Hringbraut og klippti myndbönd. Þar fyrir utan hef ég starfað sem leikari, leikstjóri og handritshöfundur. Ég skrifaði og leikstýrði óperu um Twitter, #bergmálaklefinn, með Alþýðu-óperunni og Aequitas Collective og talaði inn á nýjan og spennandi tölvuleik hjá Myrkur Games svo fátt eitt sé nefnt,“ segir Ingunn Lára sem er dóttir hins kunna fréttamanns á Stöð 2 Kristjáns Más Unnarssonar.

Ingunn segist geta nýtt þekkingu og reynslu úr fjölmiðlum, óperunni og samfélagsmiðlum til að þróa þessa nýja stöðu. „Það er eins og þessi reynsla hafi leitt mig hingað, hér get ég lagt alla mína orku í eitt stórt og spennandi verkefni.“

Þegar hún er spurð um eitthvað óvænt í starfinu, svarar hún: Það sem kom mér virkilega á óvart var þegar María Sigrún fréttakona varð allt í einu „viral“ á mexíkóskum miðlum. Ég byrjaði á að birta létt efni á föstudögum á TikTok til að sýna bak við tjöldin á fréttastofunni. Fréttamenn eiga til að gira sig upp fyrir tíufréttirnar með því að spila hressandi lög í myndverinu rétt fyrir útsendingu. Ég fann skemmtilegt myndband af Maríu Sigrúnu að syngja með lagi eftir Ice Cube. Ég birti það með leyfi hennar og það fékk svo mikið áhorf að ég fékk næstum áfall,“ segir Ingunn hlajandi, en hún starfar á fréttastofu RÚV en er

sú eina sem starfar á þessum vettvangi. „Ég fæ innblástur frá samstarfsmönnum mínum, reynsluboltum sem hafa þrjáðislegan áhuga á alls konar fréttamennsku.

Þetta starf er í stöðugri þróun þannig að ég held að ég muni seint staðna í þessu. Ég fylgist mikið með VJ-starfi (e. video journalism) fréttamiðla á Norðurlöndum og í Þýskalandi. Ég er á leið til Berlínar, vonandi til Deutsche Welle, í nokkrar vikur til að sérhæfa mig í þessu formi. Þar sem ég er eini fréttamaðurinn á Íslandi sem einblínir á þessa miðlun þá er mikilvægt að ég leiði þetta vel. Þjóðverjar hafa stúderað þetta mikið og eru mjög harðir á hvernig fréttamiðlar nota samfélagsmiðla. Fjölmiðlar verða að aðlaga sig breyttum tímum og einblína ekki bara á afburða rannsóknarvinnu heldur einnig bestu mögulegu miðlunina. Ég ætla að leggja áherslu á þetta á nýju ári, að vanda mig og þora.“ ■



Guðrún Ólafía við eina af byggingunum sem GG Verk er að reisa í Gufunesinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hafa tekið ákvörðun um jafnrétti

Guðrún Ólafía Tómasdóttir starfar sem mannauðsstjóri hjá GG Verki. Hún er ein sú fyrsta til að gegna þeirri stöðu hjá fyrirtækinu og verkefnið er margvíslegt, öll með það að markmiði að gera góðan vinnustað betri.

„Það sem fyrst og fremst vakti áhuga minn við GG Verk var það einstaklega góða fólk sem hér starfar, það heillaði mig fyrst upp úr skónum, en að sama skapi var þetta tækifæri fyrir sjálfa mig að læra á mannvirkjageirann sem er mjög áhugaverður, og vaxa sjálf, það finnst mér hafa verið mjög skemmtileg áskorun,“ segir Guðrún um ástæðu þess að hún sóttist eftir starfi hjá GG Verki.

Síðasta ár hefur einkennst af miklum vexti hjá fyrirtækinu og Guðrún segir að það hafi verið mikið líf og fjör á vinnustaðnum.

„Það er reyndar alltaf skemmtilegast þannig, þegar hægt er að keyra sig í gegnum verkefnalista að minni mati og hafa nóg fyrir stafni, en það er sér í lagi út af hröðum vexti. Við erum að vinna í nokkrum fjölbreyttum verkefnum viðs vegar á höfuðborgarsvæðinu um þessar mundir og samhliða traustri verkefnastöðu og auknum verkefnum hefur starfsmannafjöldinn vaxið mjög hratt hjá okkur,“ segir hún.

„Á árinu hefur helsta breytingin verið sú í mannauðsmálunum að við erum að leggja meiri áherslu á eigið starfsfólk í okkar verkefnum fremur en undirverktaka. Það gefur okkur ákveðið forskot bæði

”

Það sem fyrst vakti áhuga minn við GG Verk var það einstaklega góða fólk sem hér starfar.

hvað varðar stýringu, gæði og svo sömuleiðis áreiðanleika, en það er eitt af okkar gildum og þessi breyting styður við það.“

Guðrún hóf störf sem mannauðsstjóri í júní í fyrra og segir að með ráðningu mannauðsstjóra sé félagið að einsetja sér að gera enn betur í mannauðsmálum og tryggja að þau mál séu í góðum farvegi á meðan það er í vexti.

„Við höfum svo sannarlega staðið við það. Við höfum lagt áherslu á að efla alla umgjörð í kringum folkið okkar með markvissum hætti og gera stöðugt betur í þeim efnunum, eins og með bættri nýliðamóttöku, áherslum í ráðningum, meiri formfestu í mannauðsstefnu og sömuleiðis öllu verklagi. Í grunninn erum við fjölskyldufyrirtæki og viljum áfram halda í þær rætur, þó svo að við séum í vexti, svo það hefur verið áherslan sömuleiðis að halda í þá menningu. Við leggjum áherslu á að gera mjög vel og erum stöðugt að bæta okkur. Gæði eru í fyrirrúmi,“ segir hún.

„Mín verkefni eru að halda vel um mannauðsmálin í fyrirtækinu í samvinnu við mitt teymi. Okkar helstu verkefni eru stuðningur við stjórnendur og starfsfólk, að tryggja góð samskipti og að upplýsingaflæði sé gott um það sem er að gerast og er fram undan hjá okkur. Við höfum umsjón með fræðslu og starfsþróun og þar höfum við til dæmis verið að bjóða upp á föstudagsfræðslu, sem hefur gefist mjög vel. Við erum einnig að byggja upp fræðsluáætlan svo það er margt

” **Við höfum innleitt viðurkenningar til starfsfólks en okkur er mikilvægt að viðurkenna og þakka fyrir framlag hvers og eins. Við metum það mikils að vera með gott samstarfsfólk og hér starfar kröftugt til sem er að gera sitt allra besta á hverjum einasta degi.**

spennandi fram undan í fræðslu á árinu.

Guðrún segir að mannauðsdeildin sjái einnig um ráðningar og móttöku nýliða. Hún segir mikilvægt að nýtt starfsfólk fái góðar móttökur og þau styðji við það ferli fyrstu mánuðina en séu auðvitað til staðar allan starfsferilinn.

Öll fá jöfn tækifæri

GG Verk er heilsueflandi vinnustaður og unnið er markvisst að aðgerðum þar að lútandi.

„Við erum stödd í miðri heilsuáskorun sem dæmi um þessar mundir, þar sem starfsfólk er ýmist að leggja áherslu á hreyfingu, andlega heilsu eða mataræði. Við höfum innleitt

viðurkenningar til starfsfólks og munum áfram leggja áherslu á það en fyrir okkur er mikilvægt að viðurkenna og þakka fyrir framlag hvers og eins. Við metum það mikils að vera með gott samstarfsfólk og hér starfar mjög kröftugt lið sem er að gera sitt allra besta á hverjum einasta degi,“ segir Guðrún. Hún bætir við að þau hjá GG Verki finni fyrir aukinni starfsánægju innan fyrirtækisins sem kemur einnig fram í nýlegri starfsánægjukönnun.

„Þannig að starfsandinn hjá okkur er mjög góður. Á undanförunum mánuðum höfum við einnig náð að hafa nokkra viðburði utan vinnustaðarins sem skapar góðan vettvang fyrir starfsfólkið til að kynna betur í öðru umhverfi og byggja upp vináttu, en það hefur alltaf jákvæð áhrif á starfsandann,“ segir Guðrún og heldur áfram:

„Hjá okkur fá öll jöfn tækifæri og við erum einstaklega áhugasöm um að fá fleiri konur til starfa hjá okkur, sér í lagi í framleiðslunni þar sem við erum með karlmenn í meirihluta starfa eins og staðan er í dag. En við höfum verið að skoða þessi mál sérstaklega og myndum gjarnan vilja fá fleiri konur upp á fjölbreytileikann í teyminum. Við bjóðum öll velkomin. Gott dæmi um jöfn tækifæri hjá okkur er að nýlega fengum við viðurkenningu Jafnvægisvogar FKA fyrir jafnt hlutfall kynja í efsta lagi stjórnunar. Jafnrétti er ákvörðun og hér er sannarlega búið að taka ákvörðun um jafnrétti.“ ■

Virk hlustun, virðing og velliðan í starfi

Helga Stefánsdóttir, Hildur Sigþórsdóttir og Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir eiga það allar sameiginlegt að vera öflugir og metnaðarfullir stjórnendur og fulltrúar Hafnarfjarðarbæjar á sviði umhverfis- og skipulagsmála, fjármála og dagvistunar- og menntamála.

Helga og Jenný hafa starfað hjá sveitarfélaginu til fjölda ára og búa að gríðarlegri reynslu og þekkingu, en Hildur er nýr og ungur stjórnandi sem ber með sér ferska vinda og sér tækifæri til umbóta og vaxtar í hverju horni og þá ekki síst á sviði stafrænnar þróunar.

Árið 2019 skrifaði Hafnarfjarðarbær undir viljayfirlýsingu um að vinna að markmiðum Jafnvægisvogar FKA og árið 2022 hlaut sveitarfélagið viðurkenninguna eftir að hafa náð þeim árangri að jafna hlutfall kynja í efsta lagi. „Það er stefna Hafnarfjarðarbæjar að jafna hlutfall kynjanna í störfum hjá bænum og að vinnustaðir bæjarins endurspegli fjölbreytileika samfélagsins. Hæfasti einstaklingurinn er ráðinn hverju sinni óháð kyni, en þegar hæfnin er sú sama þá gæti kyn haft áhrif ef það hallar á annað kynið í geiranum. Það var þó ekki tilfellið hjá mér enda konur í miklum meirihluta í minni deild. Ég var einfaldlega hæfust.“ segir Hildur Sigþórsdóttir, deildarstjóri launadeildar hjá Hafnarfjarðarbæ, og hlær.

Hjá bænum starfa um 2.200 starfsmenn á 73 starfsstöðvum. „Fjölbreytileikinn í þjónustu sveitarfélagsins er mikill, stéttarfélagin mismunandi, kjarasamningar ólíkir og störfin fylgja kjarasamningum. Starfið mitt kallar á góða yfirsýn, þekkingu og skilning og kannski ekki síst á hæfni í mannlegum samskiptum og áhuga á fólki.“

Hildur, sem er viðskiptafræðingur að mennt, tók við núverandi starfi í lok árs 2022 en var búin að vera ráðgjafi innan launadeildar síðan 2021. „Ég er enn að koma mér inn í starfið. Ég þekki teymið mitt vel og aðlögunin gengur frammar vonum. Við vorum fyrir með frábæran deildarstjóra sem var duglegur að miðla af reynslu sinni og þekkingu. Við sem teymi búum vel að því og ég er dugleg að leita í reynslubrunn þeirra sem lengi hafa starfað hjá bænum.“

Hafnarfjarðarbær innleiddi nýlega mannaúts- og launakerfið Kjarna og tók Hildur í sínu nýja starfi meðal annars við því kefli að vera potturinn og pannan í þeirri innleiðingu. Kjarni hefur opnað á ný tækifæri og möguleika og verið mikilvægur hlekkur bæði í stafrænni vegferð sveitarfélagsins og við innleiðingu á jafnlaunastaðli sem kallar á reglubundna úttekt á launum og kjörum. „Kjarni frá Origo er frábært heildstætt kerfi sem heldur utan um öll mannaúts- og launamál. Kerfið er einstaklega notendavænt og sú staðreynd hefur skipt sköpum fyrir árangursríka innleiðingu sem kallar á þátttöku allra stjórnenda Hafnarfjarðarbæjar,“ segir Hildur.

Við erum að efla og mennta fulltrúa framtíðarinnar

„Mikilvægur grunnur og vegvísir barna okkar til framtíðar er lagður innan leikskóla landsins með faglegu og skapandi starfi,“

Það er stefna Hafnarfjarðarbæjar að jafna hlutfall kynjanna í störfum hjá bænum og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

Hildur Sigþórsdóttir

segir Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir, þróunarfulltrúi leikskóla hjá Hafnarfjarðarbæ. Jenný vann sem leikskólakennari og leikskólalæstur og er nú tengiliður leikskólalæstjóra og starfsfólks 16 leikskóla í bænum við miðlægan stuðning á sviði mennta og lýðheilsu. „Ég á í miklu og virku samtali og samstarfi við kollega á sviðinu og meðal annars þar kvikna hugmyndir að framþróun, lausnum og leiðum sem eru málaflöknum til framdráttar. Hafnarfjarðarbær er leiðandi á svo mörgum sviðum og þar held ég að þessi virka hlustun skipti miklu máli og að láta verkin tala.“

Hafnarfjarðarbær kynnti nýlega tímamótaskref í eflingu og þróun á leikskólastarfi sveitarfélagsins með ákvörðun um aukinn sveigjanleika og aukid samræmi milli fyrstu skólastiganna. Þannig hefur leikskólastarfið verið fært nær starfi grunnskólanna bæði í skipulagi skólaársins og vinnutíma. „Það liggur að baki mikil vinna við útfærslu aðgerða með öllum hlutaðeigandi aðilum, þar með talið Félagi leikskólakennara. Þegar samþykkt var árið 2019 að eitt leyfisbréf gildi til kennslu á bæði leik- og grunnskólastigi þá fórum við að upplifa flutning á milli skólastiga og fækkun á fagfólki innan leikskólanna. Við höfum um árabíl veitt styrki og stuðning til réttindanáms í faginu og eru margir búnir að nýta sér þann möguleika. Það hefur hjálpað mikið en það er ljóst að mikilvægt var að stíga enn stærri skref til að snúa þróuninni við. Nú hefur þetta skref verið stigið í Hafnarfirði og munu næstu vikur og mánuðir bera vitni um árangur aðgerða. Ég er mjög bjartsýn,“ segir Jenný.

Markmiðið með aðgerðum sveitarfélagsins er að fjölga fagfólki í leikskólum bæjarins og jafna starfsaðstæður í leik- og grunnskólum. Frá 1. janúar 2023 hefur bærinn einnig boðið upp á heimgreiðslur til foreldra barna sem hafa náð 12 mánaða aldri og eru ekki hjá dagforeldrum eða í leikskóla auk þess að bjóða upp á stofnstyrk til dagforeldra og hærri niðurgreiðslu. „Ég hef lifað og hræst í málaflökki leikskólamála í áratugi og brenn fyrir framgangi starfsfólks, þróun starfsins og eflingu þess í takti við þarfir samfélagsins hverju sinni. Ég fæ að atast og blómstra í mínu starfi og fyrir það er ég þakklát.“

Áhugi kvenna á tæknigreinum virðist vera að aukast

„Á mínu sviði starfa mun fleiri karlar en konur en mér finnst hér ríkja jafnræði þegar horft er til launa, aðbúnaðar og framgöngu í starfi. Rík áhersla er lögð á jafnrætti og jöfn laun kynjanna fyrir sambærileg störf,“ segir Helga Stefánsdóttir,



Helga Stefánsdóttir, forstöðumaður á umhverfis- og skipulagssviði Hafnarfjarðarbæjar.



Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir, þróunarfulltrúi leikskóla hjá Hafnarfjarðarbæ.



Hildur Sigþórsdóttir, deildarstjóri launadeildar hjá Hafnarfjarðarbæ.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Við höfum um árabíl veitt styrki og stuðning til réttindanáms í faginu og eru margir búnir að nýta sér þann möguleika.

Jenný Dagbjört

forstöðumaður á umhverfis- og skipulagssviði Hafnarfjarðarbæjar. „Kynjahlutföllin eru smám saman að jafnast samhliða því að aukin og fjölbreyttari þjónusta hefur færst undir sviðið auk þess sem áhugi kvenna á tæknigreinum virðist vera að aukast. Á tímabili var ég eina konan í um 40 manna hópi en þetta hefur breyst mjög mikið með árunum.“

Helga sem er verkfræðingur og skipulagsfræðingur að mennt, talar um að fleiri konur fari í nám í tæknigreinum en áður og að ekki eigi að láta kyn eða umhverfi hafa áhrif á val sitt til náms eða starfa. Helga hóf störf hjá bænum fyrir 25 árum við úttektir hjá byggingarfulltrúa en er í dag staðgengill sviðsstjóra og forstöðumaður framkvæmda hjá bænum.

„Sviðið okkar telur í dag um 50 starfsmenn og ber mín deild ábyrgð á öllum verklegum framkvæmdum á vegum sveitarfélags-

ins og rekstri, hvort sem það eru götur, húsnæði eða opin svæði,“ segir Helga, sem þekkir vel alla uppbygginguna sem er að eiga sér stað í Hafnarfirði þessa dagana, bæði í nýjum hverfum og þéttingu byggðar.

Helga kemur einnig að skipulagsmálum sveitarfélagsins og fleiri spennandi verkefnum sem hafa áhrif á allt samfélagið. „Við veltum nokkrum milljörðum á ári í tengslum við þessar framkvæmdir.“

Vinnudagarnir geta verið ansi langir, áreitið mikið og ákvarðanirnar stórar með tilheyrandi keðjuverkandi áhrifum. Ég er mjög skipulögð að eðlisfari, rökföst og vil að allt mitt starfsfólk fái að njóta sín í sínum verkefnum. Þannig vinnast hlutirnir best.

Teymið mitt er öflugt, verkefnaskipting skýr, starfsandinn góður og það er alltaf gaman að mæta í vinnuna.“ ■

Fullnýting auðlinda hjá HS Orku

Dagný Jónsdóttir og Lilja Magnúsdóttir gegna mikilvægum störfum hjá HS Orku sem deildarstjóri Auðlindagarðs og yfirforðafræðingur. Í störfum þeirra beggia er rík áhersla lögð á að nýta auðlindir HS Orku sem allra best.

HS Orka er stærsti orkuframleiðandi á Íslandi í einkaeigu og leiðandi í framleiðslu endurnýjanlegrar orku. Nýsköpun hefur ætíð verið hluti af starfsemi fyrirtækisins og er grunnurinn að Auðlindagarðinum. Þar leggur fyrirtækið áherslu á að allir auðlindastraumar séu nýttir.

Störf í orkugeiranum eru almennt séð fremur karllæg en HS Orka hefur náð verulegum árangri í að jafna kynjahlutfall í efsta lagi stjórnunar. Stjórn félagsins er með jafnt kynjahlutfall og yfirstjórn skipa 40% konur. HS Orka var viðurkenningarhafi Jafnvægisvogarinnar á síðasta ári og er stefna fyrirtækisins að halda áfram á þessari vegferð og tryggja fjölbreytta samsetningu starfsfólks, fyrirtækinu til heilla.

Óhefðbundinn bakgrunnur

Dagný Jónsdóttir starfar sem deildarstjóri Auðlindagarðs HS Orku. „Ég endaði eiginlega alveg óvart í orkugeiranum. Ég er með frekar óhefðbundinn bakgrunn í mitt starf enda lögfræðingur að mennt, með BA og ML í lögfræði frá HR. Í kjölfarið fór ég í Master of Management í Duke University í Bandaríkjunum og útskrifaðist 2016.

Eftir útskrift fékk ég starf hjá Landsvirkjun og starfaði þar í markaðs- og samskiptamálum, viðskiptaþróun og síðast í nýsköpun. Ég vann að verkefnum tengdum þróun grænna iðngarða og var afar spennt þegar mér bauðst að vinna að uppbyggingu Auðlindagarðs HS Orku sem er sterkasti vísirinn að grænum iðngarði á Íslandi í dag.

Það sem kom hvað mest á óvart þegar ég byrjaði að starfa í orkugeiranum var hvað hann er skapandi og býr til mörg tækifæri til að hafa bein áhrif á samfélagið,“ segir Dagný.

Áhugi á verkfræði

Lilja Magnúsdóttir er yfirforðafræðingur hjá HS Orku. „Það lá lengi fyrir að ég færi í verkfræði og lá áhugi minn helst í verkfræðilegri hönnun og bestun við ákvarðanatöku með líkanagerð að vopni. Mér hefur alltaf fundist spennandi að herma eftir raunverulegum kerfum með því að beita verkfræðilegum aðferðum og reiknilíkönum, hvort sem ég er að greina varmaþenslu, álag og spennur í hlutum eða streymi og hitastig vökvva sem flæðir í gegnum heilu jarðhitageymanu.

Í meistaranámi í vélverkfræði frá HÍ bauðst mér styrkur til að vinna meistaraverkefni tengt þessu. Ég hafði tekið ýmis námskeið í skólanum tengd jarðhita sem kveiktu áhuga minn á orkugeiranum og urðu til þess að ég sótti um styrk til doktorsnáms í jarðhitahóp orkuverkfræðideildar Stanford-háskóla í Bandaríkjunum, þaðan sem ég útskrifaðist með doktorsgráðu 2013.

Næst lá leiðin í nýdoktorsstöðu hjá Lawrence Berkeley National Laboratory. Eftir það fór ég að vinna hjá sólarrafhlöðudeild Tesla í Kaliforníu. Hlutverk mitt var að finna nýjar lausnir varðandi hönnun, efnisval og allt framleiðsluferli sólarpanelanna, og leiddi ein hönnun mín til einkaleyfis. Ég fékk að kynna rekstri þekktis fyrirtækis þar sem hlutirnir



Lilja Magnúsdóttir (t.v.) og Dagný Jónsdóttir gegna báðar draumastöðu hjá HS Orku.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Við erum einnig vakandi fyrir nýjungum eins og nýtingu gervigreindar í jarðhitnum og höfum náð góðum árangri með að tengja framleiðslulíkön við forðafræðilíkönin.

Lilja Magnúsdóttir

gerast hratt og nauðsynlegt er að taka skjótar ákvarðanir við krefjandi aðstæður.

Að auki hef ég unnið með gervigreind í rannsóknnum við Háskóla Íslands. Árið 2020 flutti ég til Íslands og fór að vinna hjá HS Orku. Ég er einnig að ljúka í vor diplómanámi í verkefnastjórnun og leiðtogaferni hjá Endurmenntun Háskóla Íslands og svo er ég varaformaður í stjórn Jarðhitafélags Íslands,“ segir Lilja.

Samfélag án sóunar

Dagný tók við nýrri stöðu deildarstjóra Auðlindagarðs í nóvember 2021. Þar sinnir hún fjölbreyttu starfi í markaðs- og kynningarmálum fyrir garðinn auk viðskipta- og iðnaðarþróunar. „Þetta er draumastaða enda vildi ég alltaf starfa í alþjóðlegu umhverfi og fá tækifæri til að taka þátt í að byggja upp innlend og erlend fjárfestingaverkefni,“ segir Dagný. „Auðlindagarðurinn er samfélag fyrirtækja sem eiga það sameiginlegt að nota bæði raforku og aðra strauma beint frá jarðvarmavirkjunum HS Orku. Nú eru yfir tíu fyrirtæki í Auðlindagarðinum og fleiri að bætast í hópinn. Auðlindagarðurinn er samfélag án sóunar því við

búum til verðmæti úr því sem sóað er í jarðvarmavinnslu.

Við vinnslu jarðvarma verða til ýmsir auðlindastraumar sem vanalega fara til spillis. Í okkar tilfelli eru það auk raforku: heitt vatn, kalt vatn, jarðsjór, ylsjór, varmaorka/gufa og koltvísýringur. Þessa auðlindastrauma má þó nýta, eins og fyrirtækin í garðinum gera. Hringrásarhugsunin er ávallt hluti af heildarmynd Auðlindagarðsins og því höfum við í huga hvernig fyrirtækin passa inn í garðinn. Hvort hægt sé að nýta úrgang sem aðföng í starfseminu og enn fremur hvort úrgangur frá þeim bjóði upp á tækifæri til enn annarrar framleiðslu.

Stærsta verkefnið okkar núna er uppbygging Auðlindagarðsins. Framtíðarsýnin er sú að þarna verði fyrsta hringrásarhagkerfið á Íslandi í svokölluðum „grænum iðngarði“ þar sem úrgangur bæði frá virkjun og viðskiptavinum verður að verðmætum fyrir annan rekstur. Í dag er ekki til nein fyrirmynd að hringrásargarði byggðum á jarðvarma svo þetta er skemmtileg og skapandi þróunarvinna sem krefst þess að hugsa út fyrir kassann.

Mitt starf snýst ekki bara um að selja Auðlindagarðinn sem aðlaðandi kost, heldur einnig Ísland. Ég sinni samskiptum og samningum við erlenda og innlenda viðskiptavini, en það er mikil vitundarvakning um sjálfbæra framleiðslu um allan heim. Stöðugir langtímasamningar um raforku verða líka sífellt eftirsóttari, sérstaklega eftir óstöðugleika raforkumarkaða í Evrópu í vetur. Viðskiptaþróun í orkugeiranum er langhlaup og það getur tekið mörg ár þar til samningar nást við fyrirtæki og verkefni kemur til framkvæmda. Starfið krefst því mikillar þrautseigju og þolinmæði.

Í ljósi þess að við erum á leið í

Framtíðarsýnin er sú að þarna verði fyrsta hringrásarhagkerfið á Íslandi í svokölluðum „grænum iðngarði“ þar sem úrgangur bæði frá virkjun og viðskiptavinum verður að verðmætum fyrir annan rekstur.

Dagný Jónsdóttir

þriðju orkuskiptin, með allri þeirri hröðu þróun og nýsköpun sem þeim fylgja, er orkugeirinn á fullri ferð og það er virkilega spennandi að taka þátt í þeirri vegferð,“ segir Dagný.

Hugmynda- og reiknilíkön fyrir hagkvæmari jarðhitavinnslu

Lilja var ráðin inn hjá HS Orku sem sérfræðingur í forðafræði árið 2020 og var orðin yfirforðafræðingur innan við ári síðar. „Mitt fyrsta verkefni sem yfirforðafræðingur var að hanna nýtt reiknilíkan frá grunni af jarðhitakerfinu á Reykjanesi. Vel tókst til og var dýrmætt að fá reiknilíkan innanhúss með góðri samsvörun við mælingar af svæðinu. Nú leiði ég öflugt teymi í þróun hugmyndalíkana og reiknilíkana innan deildar Auðlinda-stýringar.

Til að vinna orku úr jarðhita eru boraðar holur ofan í jörðina til að sækja bæði heitt vatn fyrir hitaveitur og gufu sem knýr áfram hverfla til að framleiða rafmagn. Jarðhitinn er endurnýjanleg auðlind en mikilvægt er að meta framleiðslugetu hverju sinni svo hægt sé að stuðla að sjálfbærari vinnslu. Erfitt er að vita hvað er að gerast 2-3 kílómetrum undir yfirborði

jarðar en til að fá innsýn í jarðhitageyminn eru notuð líkön.

Hjá HS Orku er metnaður til að nýta auðlindirnar sem allra best og eru þessi líkön forsenda þess að hægt sé að besta nýtingu svæðanna í sátt við umhverfið. Þau gera okkur kleift að skilja betur hvernig jarðhitakerfið bregst við ákveðinni vinnslu og hvernig þróunin mun verða í framtíðinni. Þannig stuðla þau að því að hægt sé að taka réttar ákvarðanir við rekstur virkjananna.

Fram undan eru spennandi verkefni tengd borun nýrrar holu á Reykjanesi og ferilefnaprófunum þar sem ferilefnum verður dælt niður í holu og mælingar á ferilefninu gerðar í öðrum nærliggjandi holum. Þannig er hægt að meta samband á milli holanna sem nýtist inn í reiknilíkönin til að besta niurdælingu á svæðinu. Við erum einnig vakandi fyrir nýjungum eins og nýtingu gervigreindar í jarðhitnum og höfum náð góðum árangri við að tengja framleiðslulíkön við forðafræðilíkönin. Markmiðið er að hámarka notagildi líkananna til að stuðla að hagkvæmari jarðhitavinnslu.“

Björt framtíðarsýn

Framtíðarsýn HS Orku er björt og er næst á dagskrá að auka raforkuframleiðslu í Svartsengi með því að skipta út nokkrum eldri vélum fyrir nýjan hverfil sem nýtir orkuna betur. „Við erum einnig að ljúka stækkun Reykjanesvirkjunar þar sem jarðhitavökvinn sem unninn er fyrir háþrýstihverfla virkjunarinnar er áframnýttur í nýjum lágþrýstihverfli til að auka afkastagetu vökvans sem tekinn er upp úr jörðinni,“ segir Lilja. „Hvað lýtur að Auðlindagarðinum þá er framtíðarsýnin að bæta við viðskiptavinum og byggja upp hringrásarhagkerfi í garðinum,“ segir Dagný. ■

Miklar breytingar fram undan í flugstöðinni

Jófríður Leifsdóttir deildarstjóri hefur starfað hjá Isavia frá því um mitt ár 2014. Hún er með BS í viðskiptafræði. Nú standa yfir miklar framkvæmdir og stækkun á Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

„Hjá mér liggur meðal annars rekstur ýmissa þjónustusamninga við verktaka sem gerðir eru að undangengnum útböðum, svo sem um ræstingu í flugstöðinni, vetrar- og sumarþjónustu á lóð, sorphirðu og fleira, svo mín daglegu verkefni snúa mikið að rekstri og samningastjórnun. Það er einnig mikil samvinna á milli deilda og sviða, hvort sem það snýr að framkvæmdaverkefnum, upplifun og þjónustu við farþega eða öðru og einnig samskipti við ytri aðila sem starfa á Keflavíkurflugvelli,“ útskýrir hún.

Jófríður segir að þetta sé yfirgripsmikið verkefni. „Já, ég myndi segja það. Deildin mín fellur undir svið þjónustu og samhæfingar, sem er ábyrgt fyrir þjónustu við farþega og samhæfingu rekstrar á Keflavíkurflugvelli. Það eru því fjölmargir snertifletir í daglegum rekstri. Samningur um ræstingu er einn af umfangsmestu þáttunum í rekstri deildarinnar, en sá samningur var nýlega boðinn út og urðu Dagar þar hluskarpastir.

Sjálfbærni og umhverfisvæn stefna

Ein nýjungin í því útböði var aukin áhersla á umhverfisþætti í valforendum, en hún tók til 30 prósent útböðsins, sem er mögulega hæsta hlutfall af umhverfisþáttum í útböði á Íslandi. Þar er verið að meta eldsneytisnotkun og þar með kolefnisspor, umhverfisvæna efnanotkun og ISO 14001 vottun. Þessar áherslur eru í skýru samræmi við sjálfbærnistefnu okkar hjá Isavia, en við ætlum að verða kolefnislaus í okkar eigin rekstri árið 2030.

Við erum að auka sjálfbærni í flugvallarsamfélaginu á Keflavíkurflugvelli og viljum virkja alla sem þar starfa með okkur í þá vegferð,“ segir Jófríður, en auk hennar starfa átta umsjónarmenn eigna og búnaðar í hennar deild. Þessir starfsmenn sinna ýmiss konar eftirliti og viðbragðsverkefnum auk þjónustufulltrúa í brottfarasal. „Síðan hef ég nýlega ráðið í stöðu sérfræðings sem hefur störf á næstu vikum.“

Spennandi þróun

Talsverðar breytingar eiga sér stað í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli sem farþegar munu sjá á næstunni. „Breytingar sem farþegar munu helst geta orðið varir við á næstu vikum og mánuðum eru opnun nýrrar landamæraþyngingar og einnig eru fyrirhugaðar breytingar á bílastæðum umhverfis flugstöðina á næstu mánuðum. Einnig er í framkvæmd stækkun um 22.000 fermetra en breytingar verða meðal annars í komuverslun Friðhafnar og töskuafhengingu í komusal.

Áhrifin að loknum framkvæmdum munu skila sér í auknum afköstum og betri aðstæðum, en þau eru einnig nokkur á meðan á framkvæmdum stendur. Við leggjum áherslu á samstarf og gott skipulag á milli framkvæmda-eininga og rekstrarhlutans til að lágmarka bein áhrif á farþega á framkvæmdatíma. Yfirstandandi framkvæmdir við bygginguna eru eins og stendur nokkuð aðskildar frá þeim hluta sem er í fullum rekstri og það dregur úr því að gestir verði fyrir áhrifum,“ segir Jófríður og bendir á að ýmsar nýjungar séu fram undan.

„Nú stendur yfir innleiðing á



Jófríður Leifsdóttir og Gunnhildur Erla Vilbergsdóttir eru ánægðar í starfi hjá Isavia á Keflavíkurflugvelli.

FRÉTTABLAÐID/ERNIR

77 Framkvæmdir við stækkun flugstöðvarinnar munu standa yfir næstu árin og það verður spennandi að sjá þær taka á sig mynd, undirbúa okkur fyrir umfangsmeiri rekstur á næstu árum, en á sama tíma viðhalda góðum árangri.

Jófríður Leifsdóttir

nýjum innritunarlausnum og verið er að uppfæra farangurskerfið, breytingar sem munu auka afkastagetu þess til muna,“ bætir hún við.

Jófríði finnst starfið bæði fjölbreytt og skemmtilegt. „Fyrir mig persónulega skiptir máli að fá tækifæri til að sinna fjölbreyttum verkefnum og takast á við nýjar áskoranir. Umhverfið er mjög kvíkt og mér finnst gott að sinna ekki sömu verkefnum dag eftir dag og að suma daga þarf að hlaupa hraðar en aðra, en svo gefst betra næði til að sinna verkefnum þess á milli. Við störfum líka í nokkuð alþjóðlegu umhverfi, erum í samstarfi við flugvelli erlendis og alþjóðlega ráðgjafa, sem víkkar oft sjóndeildarhringinn í verkefnum.“

Fjölbreytt starf og margar áskoranir

Þegar hún er spurð hvort eitthvað hafi komið henni á óvart í starfinu, svarar hún: „Ég þekkti ekki til starfseminnar á Keflavíkurflugvelli þegar ég hóf þar störf, ég hef verið búsett í Reykjanesbæ frá árinu 1993 og er því ekki alin upp á Suðurnesjum og hafði því ekki reynslu af til dæmis sumarstörfum þar, eins og margir hér hafa, svo það var auðvitað ýmislegt sem kom á óvart í upphafi. Á þessum árum sem ég hef starfað hjá Isavia höfum við gengið

í gegnum bæði mikinn og hraðan vöxt en líka erfiða tíma þar sem þurfti að draga saman seglin og bregðast við ýmsum áskorunum, svo maður er kannski orðinn ýmsu vanur og reynslunni ríkari,“ segir hún.

„Samfélagið á Keflavíkurflugvelli er heilt yfir lifandi og það má alltaf gera ráð fyrir einhverjum nýjungum. Það má kannski frekar segja að fram undan séu mjög áhugaverðir tímar. Framkvæmdir við stækkun flugstöðvarinnar munu standa yfir næstu árin og það verður spennandi að sjá þær taka á sig mynd, undirbúa okkur fyrir umfangsmeiri rekstur á næstu árum, en á sama tíma viðhalda góðum árangri. Þar held ég að mörg spennandi tækifæri og áskoranir liggja, meðal annars í því að hugsa í snjallari lausnum og að vera opin fyrir þróun og nýjungum en ekki festast í að gera hlutina nákvæmlega eins og við gerum þá í dag. Það sem virkar í dag hentar kannski ekki best eftir fimm eða tíu ár.“

Breytingar í takti við þarfir Gunnhildur Erla Vilbergsdóttir hefur starfað hjá Isavia síðan í nóvember 2013. Ábyrgðarsvið hennar deildar er að hámarka tekjur innan flugstöðvarinnar af verslunar- og veitingasvæðum, auglýsingum og viðbótarþjónustu. Gunnhildur stýrir níu manna teymi sérfræðinga og verkefnastjóra.

Gunnhildur er fædd og uppalin í Reykjanesbæ og er viðskiptafræðingur BS og MBA. „Flugstöðin er dýnamísk og alltaf að breytast í takti við þarfir viðskiptavina; flugfélaga, farþega og viðskiptafélaga. Fram undan eru miklar breytingar sem farþegar mun verða varir við. Seint á þessu ári munum við taka í notkun 20 þúsund fermetra stækkun með stækkuðu farangurskerfi, stærri töskusal, stærri komufriðhöfn, nýjum brottfarahlíðum og veitingasvæði,“ upplýsir hún og bætir við að á næsta ári hefjist stærsta framkvæmd sem

faríð hefur verið í, þegar um 25 þúsund fermetrar verða byggðir við hjarta flugstöðvarinnar.

„Við ætlum að verkið taki um 5 ár en verði algjör bylting á þjónustu við farþega og undirstaða þess að geta svo fjölgað hliðum og auknið afkastagetu flugvallarins,“ segir Gunnhildur og bætir við: „Núverandi verslunar- og veitingasvæði er að taka breytingum á þessu ári til þess að við getum veitt farþegum góða þjónustu á meðan á framkvæmdatímanum stendur. Hluti af núverandi svæðum mun lokast sökum framkvæmda og flæði farþega milli bygginga mun breytast.“

Jómfrúin og Elda í flugstöðinni

Gunnhildur segir að í vor verði tveir nýir veitingastaðir opnaðir. „Það eru Jómfrúin og Elda, nýr bistrostaður, sérhannaður að þörfum flugstöðvarinnar. Með þessum tveimur nýju stöðum erum við að svara þörfum farþega um meira úrval, meiri þjónustu og aukin gæði í veitingum. Hægt verður að panta mat frá sætinu sínu í gegnum símann og fá þjónustað til borðs til að sleppa við raðir og báðir staðir verða með úrval rétta sem hægt verður að fá afgreidda á 15 mínútum,“ greinir hún frá og bætir við að ný og nútímaleg gleraugnaverslun Eyesland verði einnig opnuð í vor í flugstöðinni. „Þar verður mikið úrval af vinsælustu merkjum í sjöngleraugum, sólgleraugum og ípróttagleraugum sem dæmi. Hægt verður að skoda og fyrirframpanta á heimasíðu verslunarinnar og í verslunum innanlands til að fá sem hröðustu þjónustuna og einnig munu þau framleiða sjöngleraugu jafnóðum á staðnum.

Útböði á þremur nýjum kaffihúsum með breiðu veitingaúrvali lýkur nú í febrúar og munu þeir staðir opna næsta haust á mismunandi stöðum í flugstöðinni. Þar ætlum við að þjónusta sérstaklega vel þá sem eru á hraðferð en vilja gæðamat og drykki til að borða á staðnum eða taka með sér um

borð. Við hlökkum mikið til að sjá niðurstöður í þessu útböði en samkeppnin er sterk og við erum viss um að farþegar verði mjög ánægðir með þessa nýju viðbót.

Meiri fjölbreytni í vor

Á næstu tveimur mánuðum munum við opna útbót á verslunum með gjafavörur og úti-vistarfatnað, fjármálaþjónustu og tveimur stórum matarmörkuðum. Þessar þjónustur munu opna á þessu ári og á því næsta.

Lögum samkvæmt eru öll stór verslunar- og veitingatækifæri boðin út á Evrópska efnahags-svæðinu. Okkur er heimilt að semja án úboðs um skemmir tækifæri sem við höfum verið að gera með pop-up svo sem hjá Epal, Kormáki og Skildi, Jens og Maikai og við munum áfram leitast eftir að gera slíkt enda frábært tækifæri til að prófa nýjungar og bjóða farþegum upp á fjölbreytni,“ segir Gunnhildur en fjöldi brottfarar- og komufarþega er orðinn sambærilegur og árið 2019.

„Við gerum reglulega mælingar á ánægju með þjónustu í flugstöðinni og þar hefur verslunar- og veitingaþjónustan komið mjög vel út í samanburði við aðrar flugstöðvar sem hvetur okkur áfram til góðra verka og við viljum gera enn betur þarna,“ segir Gunnhildur.

Hún var spurð hvort starfið væri skemmtilegt og það stóð ekki á svari: „Ég hélt alltaf að ég væri svona týpa sem myndi ekki endast lengur en 5 ár í sama starfi því ég þrífst á að takast sífellt á við nýjar áskoranir. Ég er núna á tíunda starfsári og ég er enn með mikinn eldmód fyrir starfinu enda starfa ég í sífelldri nýsköpun og þróun. Teymið mitt er mjög metnaðarfullt og samstillt og verkefnið skemmtileg, krefjandi og gefandi. Vinnudagurinn getur orðið mjög langur en við munum eftir að halda upp á litlu sigrana sem þá stóru, erum jákvæð og hvetjandi við hvert annað.“ ■

Breyta heiminum í gegnum viðskiptavinini sína

Sigrún B. Gunnhildardóttir verkfræðingur starfar sem framkvæmdastjóri vöruþróunar hjá AGR. Hún segir að fyrirtækið sé í miklum vexti og því séu tækifærin mörg fyrir starfsfólk sem vill vaxa í starfi.

AGR var stofnað árið 1998 út frá meistaraverkefni í verkfræðideild Háskóla Íslands og frá upphafi hefur fyrirtækið ráðið til sín mikið af ungu fólki í gegnum samstarf við háskólana. AGR er með skrifstofur í Danmörku, Svíþjóð, Norgei, Bretlandi og Bandaríkjunum en höfuðstöðvarnar eru á Íslandi.

„Ég kynntist AGR í gegnum nám mitt í HR. Þá var mikið um gestakennara í HR sem störfuðu hjá AGR en við höfum farið reglulega inn í verkfræði- og tölvunarfræðideildir háskólanna með fyrirlestra. Einnig höfum við tekið á móti nemendum í starfsnám, stutt við lokaverkefni og meistaraverkefni og fleira. Þannig sækjum við mikið af okkar tæknimenntaða starfsfólki, í vöruþróun og ráðgjöf,“ útskýrir Sigrún.

„Margar af ungu konunum sem við höfum ráðið inn beint að loknu námi eru í leiðtogahlutverkum hjá okkur í dag. Við viljum skapa umhverfi sem gerir metnaðarfullu fólki kleift að finna sína hillu og taka þátt í að drífa vöxt fyrirtækisins til framtíðar. Hjá okkur starfar töluvert af konum meðal annars við forritun, ráðgjöf og verkefnastjórnun, einnig erum við með jafnt kynjahlutfall í stjórnunarstöðum. Það er eftir okkur tekið á erlendri grundu en það þykir frekar óvenjulegt hvað við erum bæði með hátt hlutfall af ungu starfsfólki í ábyrgðarhlutverkum og jafnt kynjahlutfall.“



Sigrún Gunnhildardóttir leiðir nýþróun á hugbúnaði AGR.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hluti viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar tvö ár í röð

AGR hlaut viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar í fyrra, annað árið í röð, vegna vinnu við að jafna kynjahlutföll innan fyrirtækisins.

„Í gegnum tíðina höfum við ráðið þrjá til fimm nýtskrifaða nemendur árlega, en við höfum unnið markvisst að því á síðustu fimm til sex árum. Þannig höfum við jafnað kynjahlutfallið jafnt og þétt. Nú erum við með jafnt kynjahlutfall á íslensku skrifstofunni en 40% starfsfólks fyrirtækisins í heild eru konur,“ segir Sigrún.

„Ég er framkvæmdastjóri vöruþróunar (CPO) og leiði nýþróun

á hugbúnaðinum okkar. Um það bil 20 manns starfa í vöruþróun, langflestir á Íslandi og 80 hjá fyrirtækinu í heild. Eitt af slagordum AGR er að þú getur skapað þín eigin örlög. Allir hafa tækifæri til að koma sínu á framfæri og þróast í þá átt sem styrkleikar þeirra og áhugasvið liggja. Við brennum fyrir vörunni og þeim áskorunum sem hún leysir fyrir viðskiptavinina. Við erum heppin að fólk stoppar almennt lengi hjá okkur og vex í starfi með fyrirtækinu.“

Útrýma soun í aðfangakeðjunni
Aðalmarkmið AGR er að útrýma soun í aðfangakeðjunni. Til að

ná markmiðinu hefur fyrirtækið þróað hugbúnað sem reiknar út áætlað magn af vörum sem viðskiptavinurinn selur og segir honum út frá því hversu mikið hann á að panta inn af vörunni.

„Við erum í raun að besta innkaupamagn viðskiptavinanna svo þeir panti rétt magn á réttum tíma inn á rétta staði. Auk þess að gefa yfirsýn og auðveldu stýringu aðfangakeðjunnar sparar tæknin flutningskostnað og birgðahaldskostnað, losar fjármagn bundið í birgðum og sparar tíma við innkaup og áætlanagerð. Kerfið er í raun viðbót við viðskiptakerfi fyrirtækja. Þetta er innkaupahug-

búnaður sem byrjað var að þróa árið 1998, upphaflega í samstarfi við Aðföng og Húsasmiðjuna. Fyrstu árin störfuðum við eingöngu á íslenskum markaði, en í dag koma 90% af okkar tekjum erlendis frá, það má því segja að við séum í útflutningi á íslensku hugviti,“ útskýrir Sigrún.

Ávinningur af nýrri tækni

Nýlega fékk AGR styrk frá Rannís til að bæta spáaferðir sínar og bæta gervigreind inn í þær.

„Við reynum stöðugt að bæta kerfið fyrir viðskiptavinum okkar og höfum fjárfest yfir 20% af okkar veltu í þróun síðastliðin ár. Við hjálpum viðskiptavinum okkar að lækka óþarfa birgðir. Að meðaltali minnkum við birgðir hjá viðskiptavinum okkar um 15% frá því þeir koma í viðskipti við okkur með tilheyrandi sparnaði í flutningskostnaði, minni birgðasoun og minni fjárfestingu í birgðum. Það er töluverður ávinningur af því að nota tækni eins og okkar,“ segir Sigrún.

„Með því að spá betur fyrir um sölu á þínum vörum og stýra birgðunum vel má ná betri tókum á aðfangakeðjunni, við leggjum einnig ríka áherslu á að sjálfvirknivæða innkaupferla til að spara tíma við innkaup og áætlanagerð.“

Stór hluti íslenskra heild- og smásala eru viðskiptavinir AGR í dag en erlendis má nefna Söstrene Grene, Toys'R'Us, Ferm Living og Didrikson.

Sigrún segir að nýlega hafi fyrirtækið fengið fjárfestingasjóðinn Vex inn í fyrirtækið sem hefur gert þeim kleift að umbreyta hugbúnaðinum svo innleiðingartími hans verði styttri. Fleiri fyrirtæki geta því nýtt sér tæknina sem AGR býður upp á og viðskiptavinum fjlgar ört. ■

Hágæða heilsuvörur frá Arctic Star

Sandra Yunhong She er eigandi og framkvæmdastjóri Arctic Star, sem selur hágæða heilsuvörur sem unnar eru úr íslenskum sæbjúgum.

„Við höfum sérhæft okkur í að framleiða og selja afurðir úr sæbjúgum og Arctic Star sæbjúgnahylkin eru framleidd úr íslenskum hágæða sæbjúgum. Okkar markmið er að framleiða, markaðssetja og selja hreinar og ómengaðar heilsuvörur sem eru aðallega framleiddar úr hreinu og ómengduðu hráefni,“ segir Sandra, en sæbjúgu hafa oft verið nefnd „ginseng hafsins“ enda innihalda þau fjöldann allan af gagnlegum efnunum.

Sandra segir að það séu þrjár tegundir af sæbjúgnahylkjum sem eru komnar á markað, en starfsemi Arctic Star hófst árið 2015.

„Í fyrstu vorum við bara með sæbjúgnahylki en nú erum við einnig komin með Marine Collagen sem inniheldur líka kollagen og sæbjúgnahylki, +D3 innihalda líka D-vítamín,“ segir Sandra.

Innihalda mikið prótein

Spurð hvað sé svona hollt og gott við sæbjúgun segir Sandra: „Sæbjúgun innihalda mikið prótein og innihalda mörg næringarefni, steinefni, aminosýrur og vítamín. Efnin í sæbjúgunum eru mjög góð fyrir þá sem eru með liðverki og sæbjúgnahylkin henta þeim vel sem eru að fást við gigt, slitverki, bakverki og fyrir þá sem eru með veikt ónæmiskerfi. Þá auka þau blóðflæðið í líkamanum



Sandra Yunhong She, eigandi og framkvæmdastjóri Arctic Star, sem selur hágæða heilsuvörur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

og þau hafa reynst sumum konum hjálpleg sem glíma við ófrjósemi,“ segir Sandra, sem sjálf segist hafa afar góða reynslu af taka inn sæbjúgnahylkin.

„Ég var með mjög veikt ónæmiskerfi og var oft lasin og fékk gjarnan flensu. Eftir að ég fór að taka inn sæbjúgnahylkin að staðaldri árið 2013 hef ég sjaldan orðið veik. Á Covid-tímanum voru margir að veikjast en ég fann aldrei fyrir neinum einkennum,“ segir

Sandra. Hún er fædd í Anshan í Kína og ólst þar upp áður en hún færði sig til Dalian í Norðaustur-Kína áður en hún flutti til Íslands árið 2002.

Sandra segir að sæbjúgun sé veidd í Atlandshafinu við strendur Íslands. „Við notum eingöngu íslensk sæbjúgu í okkar framleiðslu og við fáum nóg af þeim til að framleiða hylkin. Sæbjúgun eru ekki öll eins en þau íslensku innihalda meiri virk efni heldur en

þau sem eru í Asíu. Til dæmis er próteinmagnið í þeim íslensku 70 prósent á móti 30 frá Asíu,“ segir Sandra, en sæbjúgu hafa í langan tíma verið þekkt sem heilsufæði með ríkan lækningamátt í löndum eins og Kína, Japan og í Indónesíu.

Góð viðbrögð frá viðskiptavinum

Sandra segir að viðtökurnar á sæbjúgnahylkjunum hér á landi hafi verið mjög góðar.



Arctic Star selur sæbjúgnahylki sem eru framleidd úr íslenskum hágæða sæbjúgum. Marine Collagen inniheldur líka kollagen og C-vítamín og Sæbjúgnahylki+D3 innihalda líka D-vítamín.

„Íslendingar hafa tekið mjög vel í sæbjúgnahylkin. Salan hefur verið stöðug á þeim og í fyrra bættust á markaðinn kollagen sæbjúgnahylkin og sæbjúgnahylkin+D3. Við höfum fengið virkilega góð viðbrögð frá okkar viðskiptavinum enda eru þetta frábærar heilsuvörur.“

Arctic Star Marine Collagen eru framleidd úr Atlandshafsporskröði og sæbjúgum sem eru veidd í Norður-Atlantshafinu. Kollagen er þekkt fyrir að seinka öldrun húðarinnar, bæta háráðaslítkerfi, stuðla að frásogi kalsíums, kalsíumuppbótar og styrkja ónæmiskerfið.

Arctic Star sæbjúgnahylki+D3 eru framleidd úr sæbjúgum en nýjar rannsóknir sýna að D3 gegnir hlutverki í hjarta- og æðastarfsemi og styður heilbrigða bólgusvörun. ■

Vörur frá Arctic Star er hægt að nálgast í vefversluninni arcticstar.is, en þær eru einnig fáanlegar í flestum apótekum, heilsuþúðum og í Hagkaupi og Fjarðarkaupum.



Heiða Halldórsdóttir er markaðsstjóri Orkusölnnar.

MYNDIR/ELISABET BLÓNDAL

Mikil starfsánægja í orkugeiranum

Orkusalan hefur undanfarin ár styrkt könnun félagsins Konur í orkumálum þar sem líðan kvenna í orkugeiranum hefur verið könnuð.

Á dögnum voru birtar niðurstöður úr þriðju könnun félagsins Kvenna í orkumálum, KÍO, en sú breyting var í henni að svarendur voru öll kyn innan tólf stærstu orku- og veitufyrirtækja landsins.

Heiða Halldórsdóttir er markaðsstjóri Orkusölnnar en hjá fyrirtækinu starfa 27 einstaklingar með fjölbreyttan bakgrunn og er hlutfall kvenna og karla í framkvæmdastjórn þess jafnt.

Hvers vegna var byrjað að kanna líðan kvenna í orkugeiranum?

„Konur í orkumálum er félag þeirra sem starfa í orku- og veitugeiranum á Íslandi eða hafa áhuga á honum en félagið var stofnað árið 2016. Síðustu þrjú ár hefur félagið staðið fyrir könnun um líðan starfsfólks og stöðu jafnréttismála í orku- og veitugeiranum. Orkusalan hefur styrkt þessa könnun frá upphafi en Orkusalan leggur mikla áherslu á starfsánægju og jafnréttismál,“ segir Heiða og bætir við:

„Ástædan fyrir því að fyrsta könnunin var gerð var í raun almenn upplýsingaöflun. Fyrstu tvö árin var áhersla lögð á að kanna líðan kvenna í orkugeiranum en það hefur hallað á konur í geiranum og því er mikilvægt að taka stöðuna og kanna þeirra upplifun. Með könnuninni hefur KÍO stigið mikilvægt og þarft skref í upplýsingaöflun um geirann í heild sinni.“

Við höfum séð að starfsánægja í fyrri könnunum hefur mælst há og niðurstöður í ár staðfesta enn frekar hversu gott er að starfa í orku- og veitugeiranum.

Heiða Halldórsdóttir

Ánægjulegar niðurstöður

Í síðustu könnun var svo könnuð líðan allra í geiranum. Var það krafa frá körlunum að fá að vera með?

„Í síðustu könnun var ákveðið að kanna líðan alls starfsfólks óháð kyni þar sem eitt af markmiðunum var að skoða mun á milli kynja. Það er bæði áhugavert að fá samanburðinn, hvort það er munur á upplifun kynjanna af starfi sínu og starfsumhverfi, og eins sá félagið tækifæri til að fá yfirsýn yfir heila starfsgrein. Svarhlutfall í könnuninni var mjög hátt og ætti því að gefa góða mynd af stöðunni,“ segir Heiða.

Hver er líðan fólks og hafa orðið einhverjar breytingar hjá konunum á milli ára?

„Niðurstöðurnar eru heilt yfir mjög ánægjulegar. Það sem stendur upp úr er hversu mikil starfsánægja er meðal starfsfólks miðað við markaðinn í heild sinni, en 90% segjast vera ánægð í starfi. Við höfum séð að starfsánægja í fyrri könnunum hefur mælst há og niðurstöðurnar í ár staðfesta enn frekar hversu gott er að starfa í orku- og veitugeiranum. Ég mæli



Frá vinstri eru: Elisabet Yr Sveinsdóttir, Jóhanna Baldursdóttir, Sunneva Árnadóttir, Lilja Sóley Pálsdóttir, Hrafnhildur Gísladóttir og Áslaug Sól Sigurðardóttir. Þær starfa allar á fjármálasviði Orkusölnnar.

með að fólk kynni sér könnunina enn betur á kio.is,“ segir Heiða.

Mikil starfsánægja mælist hjá Orkusölnni

„Við hjá Orkusölnni höfum síðustu tvö ár verið með mannauðsmælingar innanhúss til að fá enn skýrari mynd af eigin starfsemi. Sú könnun kemur mjög vel út og er í góðu samræmi við könnun KÍO. Við sjáum í okkar könnunum að það sem skiptir starfsfólk miklu máli er sveigjanlegur vinnutími og möguleiki á fjarvinnu. Það skiptir einnig miklu máli að það ríki góð liðsheild innan fyrirtækisins og hvatning frá stjórnendum yfir undir starfsánægju,“ segir Heiða.

„Við sjáum líka að sjálfstæði til ákvarðanatöku er stór áhrifaþáttur og kröfur um árangur er eitthvað sem starfsfólk kallar eftir. Við erum stöðugt að mæla og það skiptir gríðarlega miklu máli að við rýnum í niðurstöður og komum auga á hvar við getum

bætt okkur. Við verðum að setja okkur háleit markmið þegar kemur að líðan starfsfólks og vinna stöðugt að úrbótum.“

Jafnlaunavottun frá Jafnréttisstofu

Orkusalan hlaut í fyrria jafnlaunavottun frá Jafnréttisstofu.

„Jafnlaunavottun er mikilvægur þáttur í okkar velferð og er stefna Orkusölnnar að allt starfsfólk, óháð kyni, njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf, þannig að enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar. Við hjá Orkusölnni erum stolt af þessum góða árangri í jafnréttismálum og fögnum því að vera komin í hóp fyrirtækja sem hafa stigið þetta mikilvæga skref í átt að auknu jafnræði í íslensku samfélagi,“ segir Heiða.

Fjölbreyttur hópur starfsmanna

Heiða segir að mikilvægt sé að starfsemi Orkusölnnar hafi á að

skipa fjölbreyttum hóp starfsmanna, þar á meðal þegar kemur að kynjaskiptingu.

„Það skiptir okkur miklu máli að hafa fjölbreyttan hóp starfsmanna með ólíkan bakgrunn og reynslu. Fjölbreytni eykur þekkingu fyrirtækisins sem hjálpar okkur að auka samkeppnishæfni og ná markmiðum fyrirtækisins,“ segir Heiða.

Orkusalan var stofnuð árið 2006 og er eina söluvirkni raforku hér á landi sem hefur kolefnisjafnað eigin framleiðslu. Rafmagn Orkusölnnar er eingöngu framleitt með vatnsafla og er því allt rafmagn fyrirtækisins framleitt með 100% endurnýjanlegum orkugjöfum. Það tekur aðeins eina mínútu að skipta yfir til Orkusölnnar en Orkusalan selur rafmagn um allt land. ■

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðunni orkusalan.is

Fjölbreytileiki og samfélagsábyrgð hjá Nóa Síriusi

Ein stærsta vertið ársins er fram undan hjá Nóa Síriusi, tímabilið þegar páskeggjaframleiðslan fer fram. Gríðarlegur fjöldi eggja rennur af færíböndunum yfir þann tíma því fyrirtækið framleiðir rúmlega eitt páskaegg fyrir hvern Íslending á ári hverju.

Starfsmenn Nóa Síriusar eru um 130, þar af helmingurinn konur.

„Við leggjum mikið upp úr fjölbreytileika en hjá okkur starfar fólk af yfir tíu þjóðernum. Starfsaldur er almennt hár og starfsánægja mælist mikil,“ segir Harpa Þorlákssdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs hjá Nóa Síriusi. „Enda eru það forréttindi að fá að vinna með vörur eins og okkar. Það sést vel á áhuga almennings á starfinu hér, flestir vilja komast í hinn fræga bragðpanel sem er hópur fólks sem sér um að smakka fyrir okkur nýjungar,“ bætir Helga Beck markaðspróunarstjóri við. „Það spillir sannarlega ekki fyrir,“ segir Harpa og brosir.

„Við leggjum mikla áherslu á fjölbreytileika í sinni víðustu mynd og leggjum okkur fram um að mæta fólki á þeim stað sem það er stutt á hverju sinni. Við þurfum breiðan starfsmannahóp sem endurspeglar margbreytileika viðskiptavina okkar. Til þess að ná háleitum markmiðum okkar um vöxt þurfum við að ná til eins breiðs hóps og mögulegt er. Með fjölbreyttum starfsmannahópi aukum við möguleikana á að mæta kröfum sem flestra. Þar fyrir utan er svo miklu skemmtilegra að vinna í fjölbreytilegum hópi fólks því þannig víkkar maður sjóndeildarhringinn og verður betri manneskja.“

Áhersla á samfélagslega ábyrgð

Þó að Nói Sírius hafi verið samferða þjóðinni í rúma öld þýðir það ekki að fyrirtækið fylgi ekki stefnum og straumum. „Páskaeggjaframleiðslan okkar er gott dæmi um samfélagslega vitund en við höfum reynt að gera hana umhverfisvænni undanfarið ár,“ segir Helga. „Við viljum fjarlægja allt óþarfa plast og því er plast utan um nammi innan í egginu í algjöru lágmarki. Að auki hefur flestum plastfígúrum verið skipt út fyrir ætar kanínur. Svo breyttum við ytri kóssum eggjanna og fjarlægðum millispjöld sem sparaði umtalsverðan papp í þeim rúmlega 18.000 kóssum sem við sendum frá okkur.“

Allt súkkulaði frá Nóa Síriusi ber Cocoa Horizons-vottun sem tryggir betri lífsgæði fyrir kakóæktarsamfélögin þaðan sem kakóið kemur. „Síðan 2013 höfum við eingöngu keypt kakóhræfni sem bera þessa vottun en það er okkur mikilvægt að mannréttindi séu höfð að leiðarljósi í gegnum alla virðisdeilduna.“

Með Cocoa Horizons er verið að stuðla að aukinni menntun bænda, vinna með valdeflingu kvenna og efla skólagöngu barna. Að auki eru samfélögin frædd um ræktunaraðferðir til að koma í veg fyrir eyðingu skóga og ofræktun lands, sem skiptir miklu máli í baráttunni við loftslagsvána,“ segir Helga.

„Svo má bæta við að þar sem við erum íslenskt fyrirtæki þá reynum við að sjálfsögðu að versla sem mest við innlenda birgja. Einn þeirra er Örvir starfsþjálfun sem sér um framleiðslu á páskaeggjaformunum sem notuð eru til að steypa eggin,“ bætir Harpa við.

Stórt hlutverk kvenna og aukin tækifæri til starfsþróunar

Ein fyrsta konan til að gegna stjórnarformennsku í íslensku fyrirtæki



Helga Beck markaðspróunarstjóri og Harpa Þorlákssdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs, leggja mikið upp úr fjölbreytileika innan starfsmannahóps fyrirtækisins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Sylwia Malgorzata Lichy verkstjóri og Marjule Oquino Miano hópstjóri leiða páskaeggjaframleiðsluna sem er komin í fullan gang enda framleiðir Nói Sírius meira en eitt páskaegg á hvern landsmann ári hvert.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skemmtileg páskavertíð

Páskaeggjaframleiðsla Nóa Síriusar er að miklu leyti drifin áfram af sterkum konum en framleiðslan er mannaflisrefek, því hvert egg er handgert. Sylwia Malgorzata Lichy verkstjóri og Marjule Oquino Miano hópstjóri leiða hópinn í páskaeggjaframleiðslunni en þær hafa báðar starfað hjá fyrirtækinu í 10 ár.

„Það verða allir að vinna saman ef við ætlum að ná að framleiða öll eggin í tæka tíð og þá er nú gott að hafa alla þessu öflugu vinnufélaga í framleiðslunni,“ segir Sylwia. „Það er alltaf gaman þegar páskavertíðin hefst og skemmtileg stemning sem fylgir henni,“

bætir Marjule við en þær Sylwia vinna náið saman.

„Það er gott að vinna hjá Nóa Síriusi og vel haldið utan um starfsfólkið, enda vinna flestir hérna lengi,“ segir Marjule og tekur fram að það sé gefandi að vinna hjá fyrirtæki þar sem starfi jafn fjölbreyttur hópur fólks. „Og öll fáum við að njóta okkar á eigin forsendum,“ bætir hún við. Sylwia nefnir að það sé frábært að hafa möguleika á að vinna sig upp og vaxa í starfi. „Svo er auðvitað mjög gaman að taka þátt í framleiðslu á vöru sem býr til páskastemninguna,“ bætir hún brosandí við að lokum.

Við leggjum mikla áherslu á fjölbreytileika í sinni víðustu mynd og leggjum okkur fram um að mæta fólki á þeim stað sem það er stutt á hverju sinni.

Harpa Þorlákssdóttir

var Ingileif Bryndís Hallgrímsdóttir sem tók við sem stjórnarformaður Nóa Síriusar árið 1954 og gegndi þeirri stöðu allt til ársins 2004 þegar dóttir hennar, Áslaug Gunnarsdóttir, tók við. „Það er mikil hefð innan fyrirtækisins fyrir stóru hlutverki kvenna í starfsemi og óslitin stjórnarformennska kvenna í rúm 65 ár er gott dæmi um það,“ segir Harpa.

Líkt og fjallað var um í fréttum var Nói Sírius seldur til fjárfestingasjóðsins Orkla árið 2021. Harpa segir fyrirtækið hafa notið góðs af stuðningi Orkla og það skapi mikil tækifæri til starfsþróunar fyrir starfsfólk, jafnvel á erlendri grundu. Það séu miklir möguleikar fyrir fólk að geta sótt námskeið erlendis og sinnt endurmenntun hjá afar þekkingarmiðuum eigendum. ■

Mayenburgþrífleikurinn



Þ.T. Mbl

„heimsviðburður“

SJ. Fbl.

„leikhópurinn
virkilega sterkur“

EHG. RÚV

„æsandir kvöldstund“

Þ.T. Mbl.

Eiðnab.

Mayenburgþrífleikurinn I

Frumskýning 28. janúar!

EX.

Mayenburgþrífleikurinn II

Þjóð
leik
húsið

Ekki missa af mögnuðum sýningum!

leikhusid.is

Í útrás með íslensk fæðubótarefni

Ólöf Rún Tryggvadóttir er stofnaði vörulinnunnar Eylíf. Hún kom fyrstu vörum sínum á markað árið 2020. Eylíf framleiðir fæðubótarefni úr hágæða íslenskum hráefnum frá sjálfbærum auðlindum. Vörur hennar hafa fengið frábærar viðtökur.

Ólöf Rún var lengi eini starfsmaðurinn hjá Eylíf en bætti við sölufulltrúa fyrir skömmu. Fyrirtækið er staðsett í Sjávarklasunum á Granda. Hún segir frábært að vera staðsett þar vegna þess hversu góð samvinna sé meðal fólksins. „Það er góður andi í húsinu og góðar tengingar. Mörg frábær tækifæri hafa skapast og ég hef tekið þátt í ýmsum verkefnum og kynningum, hér opnast mörg tækifæri. Sömuleiðis er gott tengslanet og ég er sannarlega á réttum stað.“

Upphaflega fór ég út í þessa framleiðslu því ég sá tækifæri á markaði til að nýta íslensk hráefni í vörur sem hafði ekki verið gert áður. Það eru til sérstakar vörur úr þessum íslensku hráefnum en þeim hefur ekki verið blandað saman fyrr,“ segir Ólöf, sem alltaf hefur haft mikinn áhuga á heilsu og betri líðan.

Ólöf rak lengi fyrirtækið Iccare áður en hún fór að framleiða fæðubótarefni úr íslenskum auðlindum. „Áhuginn er það sem drífur mann áfram,“ segir hún. „Það hefur gengið vel að fá fyrirtæki til samstarfs. Hráefnisframleiðendur um allt land skaffa hráefnið,“ bætir hún við. „Vissulega tók ferlið að þróa vörurnar tíma, en þá var mikilvægt að vera í samstarfi með sérfræðingunum hjá Mátis. Ég kaupi sérfræðipjónustu hjá Mátis, sem tekur þátt í vörubrúun á heilsuvörunum, vali á hráefnum, stýrir innihaldslýsingum og sér um að stilla upp næringarinnihaldi,“ segir hún.

Ánægðir viðskiptavinir

Í fyrstu var Ólöf með tvær fæðubótartegundir frá Eylíf. Þeim fjölgaði fljótt í fimm. „Vörunum hefur verið sérlega vel tekið og þá sérstaklega Active Joints. Fólk er mjög ánægt með þá vöru og margir hringja í mig og segja mér hversu vel varan virkar. Active Joints er bólguhamlandi, en það eru einmitt bólgur sem hrjá oft fólk. Það er ekki til fæðubótarefni sem byggir upp brjósk, en Active Joints hefur hjálpað fólki varðandi líðavandamál. Það er gaman að segja frá því að viðskiptavinir Eylífar nota margir fleiri en eina vöru. Það eru bæði kynin sem láta vel af Active Joints frá Eylíf,“ segir hún.

Fékk góðan styrk

„Ég hef frá upphafi fjármagnað allt sjálf og spara mikið í yfirbyggingu með því að kaupa sérfræðipjónustu eftir þörfum, úthýsa verkefnum svo sem dreifingu, en það gerir mér kleift að láta dæmið ganga upp,“ segir hún, en nýverið fékk Ólöf loks styrk frá Matvæla-sjóði upp á 10 milljónir króna sem hún segir koma sér afar vel. Hún hefur hug á að færa út kvíarnar og er stefnan tekin á breska og þýska markaði. Auk styrks frá Matvæla-sjóði eru vörur frá Eylíf loksins að fara í sölu á Amazon.com, eftir 33 mánaða vinnu og bið. „Salan mun fara í sölu á Amazon á næstu mánuðum. Það er áhugavert að í Þýskalandi er allt íslenskt í hávegum haft og talið að allar vörur frá Íslandi séu mjög hreinar og góðar. Hvað varðar breska markaðinn, þá er hann líkur okkar markaði, það má segja að edlilegt sé að stiga skrefin inn á þann markað með



Ólöf Rún hefur byggt upp fyrirtæki sitt Eylíf sem hefur vaxið og dafnað á skömmum tíma.

MYND/ADSEND



Vörulínan frá Eylíf samanstendur af fimm tegundum af mismunandi fæðubótarefnum.

breskum dreifingaraðilum.“

Ólöf segir að það hafi verið stefnan frá upphafi að koma vörum Eylíf á markaði erlendis. Vörurnar hafa fengið frábærar móttökur hér á landi. „Fyrsta árið seldum við lagerinn jafnan upp og tókum því stórt stökk inn á íslenska markaðinn.“

Vöxturinn var mikill á milli fyrstu tveggja áraanna, eða 100%, en núna er salan orðin stöðug og ætli vöxturinn verði ekki 10–15% í ár sem er edlilegra,“ segir hún. „Ég hef núna skráð vörumerkið

í 30 löndum og stefni á frekari útflutning, jafnt til Evrópu og Bandaríkjanna,“ segir hún.

„Þegar salan hefst erlendis mun ég þurfa að ráða starfsfólk í viðskiptaprúun á erlendum mörkuðum, með það fyrir augum að auðvelda ferlið og kynninguna út fyrir landsteinana.“

Með hæfum skrefum er best að stefna á sölu erlendis, því þetta eru stórir markaðir og mjög dýrt að skala sig upp, sérstaklega með tilliti til þess að ég ætla að stefna á að vera áfram eini eigandinn.“

Frábært samstarf

„Samstarfsaðilar mínir á Grenivík, sérfræðingarnir hjá Pharmarc-tica, eru algerlega ómetanlegir í þessu ferli með mér. Þau taka þátt í þróuninni með sérfræðingum frá Mátis, gera formúleringar og prufulotur auk þess að standa í framleiðslunni sem er algerlega í þeirra höndum. Framleiðslan hjá þeim er undir GMP-gæðastaðli sem mér finnst mjög mikilvægt fyrir Eylíf vörurnar. Þórunn I. Lúthersdóttir er í fararbroddi í þróun og samsetningum á Eylíf

„Ég hef núna skráð vörumerkið í 30 löndum og stefni á frekari útflutning, jafnt til Evrópu og Bandaríkjanna.“

Ólöf Rún Tryggvadóttir

vörunum hjá þeim,“ heldur hún brosandí áfram.

„Ég hef átt einstaklega gott samstarf við þau á Grenivík. Sérfræðingar þar taka líka þátt í vörubrúun. Hráefnið kemur jafnt frá sjó og landi. Þangað sækir ég líka nafnið á fyrirtækinu, það táknar lífið á eyjunni til eilífdar. Ég auðvelda almenningi aðgengi að þessum frábæru hráefnum sem til eru hér heima. Ég kem með aðeins aðra nálgun að hráefnunum en margir aðrir. Ég blanda til dæmis saman efnum sem aðrir hafa ekki verið að blanda saman, eins og kalkþörungum, smápörungum, íslenskum jurtum og kísli sem kemur frá heitavatnsaffallinu á Hellsisheiði, og geri með því virkni þeirra jafnvel enn þá öflugri,“ útskýrir Ólöf.

„Auk náttúrulegra hráefna sem vaxa hér á landi styrkir ég blönduna með til dæmis C- og D-vítamíni. En hugsunin er að nota þessi hreinu, íslensku, frábæru hráefni frá sjálfbærum auðlindum til að bæta heilsu fólks. Að geta boðið upp á vöru sem fólki líður vel af er mjög gefandi starf. Öll hráefnin hafa staðfesta verkun. Þess vegna vel ég þau. Mig langar að selja hugmyndafræðina um að Ísland sé gott og hreint land og að efnið sem þaðan koma séu góð og kröftug. Jurtirnar hér á landi hafa bara um 3–4 mánuði til að vaxa og blómstra, þær þurfa að lifa af harðan vetur og þegar þær blómstra þá eru þær mjög kröftugar.“


Gott tengslanet í FKA

Þegar Ólöf er spurð hvort hún sé virk í FKA, svarar hún: „Ég er frekar áhorfandi. Mér finnst gagnlegt að vera í félaginu og ég vil fylgjast með hvað er að gerast. FKA hefur nýst mér sem tengslanet. Það er hægt að setja inn fyrirspurn á síðuna hjá þeim og spyrja til dæmis hvort þær þekki einhverjar sem taka hin og þessi verkefni að sér. Ég hef nýtt mér það svolítið. Tengingar eru öflugt tól hjá þeim,“ segir hún.

„Það er svolítið sérstakt fyrir Ísland,“ segir hún. „Grunnstöðir heilsu; svefn, næring, hreyfing og hugarfar, er eitthvað sem skiptir mig miklu máli. Ég vil leggja áherslu á þetta og hjálpa fólki að geta hjálpað fólki að finna lausn á sínum málum.“

Vörurnar frá Eylíf eru unnar úr hreinum íslenskum hráefnum og er framleiðslan á Íslandi. Margra ára staðfestar rannsóknir eru að baki öllum hráefnunum. „Við hjá Eylíf vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og landi. Við notum hreinar íslenskar náttúruafurðir, náttúruleg og hreint hráefni sem ekki eru erfðabreytt og eru vörurnar án allra aukaefta,“ segir frumkvöðullinn Ólöf. ■

KONUR! KLÍFUM HÆRRA!



Jöfnum kynjahlutföll í raf- og tæknigreinum!

Raf- og tæknigreinar er starfsvettvangur
fram tíðarinnar sem hentar öllum kynjum

RAFIÐNADARSAMBAND ÍSLANDS ER STOLTUR BAKHJARL

AÐILDARFÉLÖG RAFIÐNADARSAMBANDSINS





Nova-liðið þegar tekið var á móti Íslensku ánægjuvuginni 14. árið í röð.

FKA hefur undanfarin ár staðið fyrir Jafnvægisvuginni, mikilvægu verkefni þar sem tilgangurinn er að auka á jafnvægi kynja í efsta lagi stjórnunar fyrirtækja í íslensku viðskiptalífi.

Markmið Jafnvægisvogarinnar er að árið 2027 verði hlutfallið á milli kynja að minnsta kosti 40/60 í framkvæmdastjórn fyrirtækja á Íslandi, og að virkja íslenskt viðskiptalíf til að verða að fyrirmynd jafnréttis fyrir aðrar þjóðir. Yfir 200 fyrirtæki tóku þátt í verkefninu í ár og af þeim hlutu 76 viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar.

„Ég hef stundum verið spurð um jafnvægisvöguna og hvort þetta sé verkefni sem þörf er á. Að mínu mati er jafnvægisvögin mikilvægur þáttur í því að vekja fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög til umhugsunar um virði fjölbreytileika og jafnvægis með auknum jöfnuði kynja í stjórnunarstöðum,“ segir Margrét Tryggvadóttir, skemmtana- og forstjóri Nova.

„Konur eru til dæmis aðeins forstjórar í þremur af þeim 27 fyrirtækjum sem skráð eru á Aðalmarkað og First North markað Kauphallar Íslands og af framkvæmdastjórn íslenskra fyrirtækja eru konur 24% en voru alls 66% brautskráðra úr háskóla árið 2020. Lög um kynjakvóta í stjórn fyrirtækja á Íslandi voru samþykkt árið 2010 og voru innleidd að fullu árið 2013. Í lögunum segir að fyrirtæki sem eru með 50 starfsmenn eða fleiri þurfi að tryggja að hlutfall hvors kyns í stjórn sé ekki undir 40%. Samkvæmt nýjustu tölum frá Hagstofu Íslands, fyrir árið 2021, kemur fram að um 27% stjórnarmanna í íslenskum fyrirtækjum séu konur. Þetta hlutfall var 24% árið 2010. Þannig finnst mér svárið liggja í augum uppi þegar ég er spurð hvort þörf sé á þessu verkefni.“

Besta liðið skilar besta árangrinum!

„Það er forvitnilegt að velja fyrir sér hvort afkoman sé betri hjá fyrirtækjum þar sem jafnrétti og fjölbreytni er til staðar? Er ánægja

Fyrirtæki með fjölbreytni að leiðarljósi ná betri árangri



Skemmtana- og framkvæmdastjórn Nova. Þórhallur, Margrét, Þuríður og Ólafur.

MYNDIR/ADSENDAR

viðskiptavina og starfsfólks meiri?“ spyr Margrét.

„Við hjá Nova höfum haft fjölbreytni liðsins okkar í fyrirrúmi enda erum við þeirrar skoðunar að það sé forsenda fyrir góðum árangri. Það er virkilega áhugavert að skoða niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar og bera saman árangur fyrirtækja sem hafa hugað að jöfnuði kynja og þeirra sem hafa ekki lagt eins mikla áherslu á það.“

Íslenska ánægjuvögin er mælikvarði á ánægju viðskiptavina sem er með reglulega yfir árið og gagnast fyrirtækjum sem mælikvarði á þeirra frammistöðu á milli ára og í samanburði við

77 Við hjá Nova höfum verið efst í ánægjuvuginni á fjarskiptamarkaði 14 ár í röð. Svona viðurkenningar eru aldrei í áskrift og við vitum að þær eru ekki sjálfsgðar. Þær eru uppskera þrotlausrar vinnu.

Margrét Tryggvadóttir

helstu samkeppnisadila. Í ár voru 40 fyrirtæki í 14 atvinnugreinum mæld en þetta var 24. árið sem verkefnið var unnið. Margrét segir að af þeim fyrirtækjum þar sem hægt er að nálgast upplýsingar um kynjahlutföll hjá stjórnendum séu 20 af þessum 40 með 40% eða herra hlutfall kvenna í efsta stjórnunarlaga.

„Það er svo virkilega áhugavert að þegar við skoðum þau fyrirtæki sem eru með ánægðustu viðskiptavinina í hverri atvinnugrein fyrir sig í ánægjuvuginni breytist myndin. Þar sem upplýsingar um kynjahlutföll stjórnenda eru aðgengilegar eru öll fyrirtæki sem hafa ánægðustu viðskiptavinina í

hverri atvinnugrein fyrir sig, fyrir utan eitt, með nokkuð jöfn kynjahlutföll, eða 40% stjórnenda eða meira af öðru hvoru kyni,“ upplýsir hún.

„Við hjá Nova höfum verið efst í ánægjuvuginni á fjarskiptamarkaði 14 ár í röð. Svona viðurkenningar eru aldrei í áskrift og við vitum að þær eru ekki sjálfsgðar. Þær eru uppskera þrotlausrar vinnu, og að baki liggur samhældni, keppnisskap, liðsæld og skýr markmið ásamt dassi af gleði, stuði og síðast en ekki síst viljanum til að veita toppþjónustu. Í Nova-liðinu eru 157 einstaklingar og eru kynjahlutföll 60/40, þrátt fyrir að við störfum í því sem hefur verið kallað karllægur geiri í gegnum tíðina. Hlutföllin eru jöfn í framkvæmdastjórn fyrirtækisins og hafa þau verið í jafnvægi frá stofnun. Við vitum hins vegar að við getum gert betur á sumum sviðum fyrirtækisins og það ætlum við að gera.“

Margrét segir að þessi óformlega rannsókn styrki sig í þeirri trú að þar sem fjölbreytni er til staðar nái fyrirtæki og starfsfólk betri árangri og uppskeri ánægðari viðskiptavini.

„Ísland hefur vakið athygli í gegnum tíðina fyrir góða þátttöku kvenna í stjórn mála, hér eru konur bæði forsætisráðherra og biskup. Þrátt fyrir það má segja að fjölbreytileikinn í stjórn fyrirtækja sé frekar litill. Þar þurfum við að fá aukna fjölbreytni til dæmis út frá aldurssamsetningu, uppruna, trú, kynhneigð og kynvitund,“ segir hún.

„Eins frábert verkefni og Jafnvægisvögin er verð ég að viðurkenna að ég vona einlæglega að þegar ég verð spurð um verkefnið í framtíðinni geti ég sagt að það hafi verið mikilvægt verkefni sem var hreyfiafl til jákvæðra breytinga í samfélaginu. Það hafi svo sannarlega skilað sínu en þörfin sé ekki lengur til staðar. Þangað til þurfum við öll að vera meðvitund um að auka fjölbreytileika stjórnenda. Jafnrétti er nefnilega bara ákvörðun þar sem við öll getum lagt okkar á vogarskálarnar samfélaginu til heilla!“ ■

Mikilvægt að hafa sterkar kvenfyrirmyndir

Við Borgartún í Reykjavík er starfrækt ein af stærstu lögmennsstofum landsins undir heiti Landslaga.

Frá stofnun, fyrir yfir fimmtíu árum, hefur markmið Landslaga verið að veita viðskiptavinum fyrsta flokks ráðgjöf og þjónustu á öllum helstu sviðum lögfræðinnar. Á Landslögum starfa nú 24 starfsmenn. Kynjahlutföll eru jöfn, þegar litid er til heildarinnar, en konum hefur fjölgað jafnt og þétt á undanförunum árum. Í dag eru tæplega 30% eigenda stofunnar konur og kynjahlutfall meðal fulltrúa jafnt. Til samanburðar voru konur á árinu 2022 um 19% eigenda tíu stærstu lögmennsstofa landsins og skýrist það að hluta til af því að konur í lögmennsku eru hlutfallslega yngri en karlmenn. Konurnar hjá Landslögum eru stoltar af því að vera leiðandi, þótt markmiðið hljóti alltaf að vera að ná jöfnum hlutföllum þegar fram í sækir. Þá er helmungur stjórnarmanna í stjórn Landslaga konur.

Landslög hafa sérhæft sig í þjónustu við fyrirtæki og stofan getur sinnt öllum þeim fjölbreyttu álitamálum sem upp koma í rekstri viðskiptavina. Þá hafa Landslög starfað við margs konar hagsmunagæslu fyrir íslenska ríkið og mörg sveitarfélög landsins.

Samkeppnismál í forgrunni

„Ég hef verið að „fókusera“ á samkeppnisrétt í meira en 25 ár – ég er eins og leigubílstjórinn í Spaugstofunni,“ segir Jóna Björk Helgadóttir, lögmaður og einn eigenda Landslaga. „Og mér finnst það alltaf jafn áhugavert. Réttarsviðið hefur þróast á fleygiferð undanfarnin ár enda frekar ungt að árum hér á landi.“ Jóna Björk segist hafa verið fyrsti kennarinn í samkeppnisrétti, fyrst í Háskóla Íslands seint á síðustu öld og síðan í Háskólanum í Reykjavík strax á öðru starfsári hans. Að sögn Jónu Björku hafa samrunamál verið áberandi í hennar „praksis“ þar sem ráðgjöf til fyrirtækja í tengslum við kaup á öðrum fyrirtækjum, sem og eftirfylgni samrunamála gegnum samkeppnisyfirlögd, hefur tekið mikið pláss. Þannig hefur hún með einum eða öðrum hætti komið að mörgum stærri samrunum í íslensku viðskiptalífi undanfarnin ár. „Mér finnst mjög skemmtilegt að vera með þessum hætti í hringið þess sem er að gerast í viðskiptum hverju sinni,“ segir Jóna Björk.

Konum alltaf að fjölga

„Þegar ég byrjaði á Landslögum árið 2006 voru einungis karlkyns lögmenn á stofunni. Þeir tóku einstaklega vel á móti mér og mér hefur alltaf þótt þetta sérlega góður vinnustaður, þó hanna hafi svo sannarlega orðið enn betri eftir að kynjahlutföllin hafa jafnast. Það er líka mikils virði að fá yngra fólk inn, ekki síður yngri konur, sem bera með sér ferska strauma. Það er engin spurning að bæði kynslóðirnar og kynin virka hvetjandi hver á aðra,“ bætir Jóna Björk við.

Steypan heillar

Hildur Ýr Viðarsdóttir hefur verið lögmaður á Landslögum í 15 ár og verið í eigendahóp stofunnar frá 2015. Hún öðladist réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti 2017 en á því ári fjölgaði konum með slík réttindi einungis um eina.

„Ég hef nánast allan tímann kennt samhliða lögmennskunni, aðallega þar sem ég er aðjúnkt. Mér finnst kennslan skemmtileg og gefandi en auk þess er hún besta endurmenntunin. Þá finnst mér



Frá vinstri: Jóna Björk Helgadóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir, Áslaug Árnadóttir og Unnur Lilja Hermannsdóttir eru allar í eigendahópi Landslaga.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Hjá Landslögum eru 24 starfsmenn og eru kynjahlutföll jöfn þegar til heildarinnar er lítið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

kennslan nýttast mér í lögmennskunni og öfugt. Þróunin hefur líka verið sú að verkefni á stofunni eru gjarnan á sömu sviðum og ég kenni, en ég fæst helst við fasteignarétt ýmiss konar, þ. á m. verktafarkarétt, váttryggingarétt, kröfu- og samningarétt. Þá er ég talsvert mikið í málflutningi, sérstaklega eftir að ég tók að mér málflutning fyrir TM tryggingar,“ segir Hildur.

Hildur var einn málflutjenda í stærstu einkamálamum sem hafa verið flutt hér á landi. Aðalmeðferðin í héraði stóð yfir í á 6. viku. Hildur segir að það hafi verið lærdómsríkt ferli að taka þátt í svo umfangsmiklum málarekstri.

„Ég byrjaði að kenna fasteignakauparétt 2010 og þá urðu fasteignamál fljótt fyrirferðarmikil hjá mér í lögmennskunni. Ég hef því á þessum tíma orðið sérfræðingur í fasteignakauparétti og öðru tengdu fasteignakaupum. Þar eru gallamál fyrirferðarmikil. Hefur þetta leitt til þess að ég er á góðri leið að verða byggingafróð og hef hugsað um að skrá mig í nám í húsasmíði til gamans. En ætli börnin þurfi ekki að vera orðin aðeins sjálfstæðari áður en að því kemur.“

Hildur Ýr nefnir að það sem

heilli einnig við lögmennskuna sé fjölbreytileikinn í starfinu, en hún gefnir meðal annars formennsku í kærunevnd vöru- og þjónustu-kaupa og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, þar sem eðli þeirra starfa er nokkuð annað.

Lögmennska býður upp á fjölbreytt verkefni

Áslaug Árnadóttir er einn af eigendum Landslaga og situr í stjórn fyrirtækisins. Áslaug hóf störf á Landslögum árið 2010. Í störfum sínum sinnir Áslaug hvers konar lögfræðiráðgjöf við fyrirtæki, verkefnum á sviði fjármálaréttar og lögfræðiráðgjöf við stofnanir og ráðuneyti. Einnig er hún mikið í málflutningi.

„Það er langt frá því að ég hafi farið beint í lögmennsku eftir útskrift. Áður en ég hóf störf á Landslögum hafði ég aflað mér framhaldsmenntunar í Evrópu-rétti við Stokkhólmsháskóla, starfað á Alþingi, sem aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt og sem skrifstofustjóri og staðgengill ráðuneytisstjóra í viðskiptaráðuneytinu. Þessi störf mín eru gífurlega góður grunnur fyrir lögmennsstarfið og reynslan nýttist

„Ég hef alltaf verið stolt af því að starfa á Landslögum enda hefur stofan skapað sér gott orðspor. Það eru fagmenn í hverju rúmi og gríðarlega verðmætt að geta speglað sig í öðrum á stofunni.“

Unnur Lilja Hermannsdóttir

munnlega fluttum einkamálamum í Hæstarétti eftir því sem ég kemst næst,“ segir Áslaug.

Sterkar kvenfyrirmyndir mikilvægar

Unnur Lilja Hermannsdóttir hóf störf á Landslögum árið 2011, þá að ljúka námi í lögfræði í Háskólanum í Reykjavík. Verkefni urðu strax fjölbreytt en lituðust fyrst um sinn einkum af verkefnum á sviði fjármála- og bankaréttar.

„Ég hef alltaf verið stolt af því að starfa á Landslögum enda hefur stofan skapað sér gott orðspor. Þar eru fagmenn í hverju rúmi og gríðarlega verðmætt að geta speglað sig í öðrum á stofunni,“ segir Unnur. „Sérhæfing mín í dag liggur einkum í ráðgjöf til fyrirtækja á breiðum grunni en einnig ráðgjöf á sviði eignaréttar, opinberra innkaupa, verkframkvæmda hvers konar, stjórnsýslu og mála-reksturs fyrir dómstólum. Þetta er mjög lifandi starf og verkefni ráðast oft af því sem hæst er á baugi í þjóðfélagsmæðunni. Til að mynda hafa verkefni er varða vinnuvernd, þá einkum mál er falla undir reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum (EKKO reglugerðin), verið áberandi í mínum störfum að undanförunum.“ Unnur segir mikilvægast í þeim málum að hafa virkar aðgerðaáætlanir og fylgja þeim eftir, þegar slík mál koma upp.

Árið 2020 varð Unnur einn meðeigenda að stofunni, þá í fæðingarorlofi með þriggja mánaða barn. Stofan hefur tekið meðvitadar ákvarðanir í átt til aukins jafnréttis líkt og dæmin sanna. „Sem kona þykir mér ekki síður mikilvægt að hafa sterkar kvenfyrirmyndir og það er ekki langt að sækja það til þeirra sem hér eru.“ Unnur situr nú í stjórn stofunnar en Landslögum hefur þótt mikilvægt að kynjahlutföll séu jöfn í stjórn og einnig að horft sé til mismunandi aldurs. ■


mér á hverjum degi,“ segir Áslaug og bætir við: „Það sem heillar mig við lögmennskuna er fjölbreytileikinn og sveigjanleikinn. Þú veist aldrei hvernig dagurinn verður og verkefni verða aldrei einsleit. Einnig felur starfið í sér mikil samskipti við viðskiptavini sem ég hef mjög gaman af. Þá eru Landslög yndislegur vinnustaður og vinnufélagarnir verða ekki betri. Það er alltaf eitthvað um að vera, golf- og sundiðkun, veiðiferðir og hljóðfæraleikur.“

„Þróunin hefur orðið sú að ég sinni málflutningi nokkuð mikið. Þrátt fyrir að ýmiss konar ráðgjöf sé mest áberandi á stofunni eru lögmenn Landslaga öflugir í málflutningi, en þeir koma nær einvörðungu að flutningi einkamála. Af þeim 18 lögfræðingum sem starfa á Landslögum hafa 11 réttindi til málflutnings fyrir öllum dómstögum; héraðsdómi, Landsrétti og Hæstarétti. Af þeim 32 konum á landinu sem eru sjálfstætt starfandi og með lögmennsréttindi fyrir Hæstarétti eru þrjár þeirra á stofunni. Árið 2022 fluttu lögmenn Landslaga um þrjú mál í viku þann tíma ársins sem dómstólar starfa, þar af um 18% af



ÍSLENSKA ÓPERAN

PUCCINI
MADAMA
BUTTERFLY
FRUMSÝND
4. MARS



Ópera um ást, von og missi

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI!

opera.is

Mikill metnaður í jafnréttismálum hjá TR

Tryggingastofnun er ein stærsta þjónustustofnun landsins, en þar starfa um 100 einstaklingar við úrvinnslu fjölbreyttra mála varðandi réttindi í almannatryggingakerfinu og veita stórum hópi landsmanna þjónustu.

Tryggingastofnun (TR) leggur ríka áherslu á jafnréttismál og jafnréttisstefna stofnunarinnar stuðlar að jafnri stöðu, jafnri virðingu og jafnrétti kynjanna.

„Við leggjum mikinn metnað í jafnréttismálin og höfum gert til margra ára. Við fylgjum vitaskuld öllum þeim leikreglum sem settar hafa verið varðandi jafnréttismál og erum með jafnréttisstefnu, jafnlaunavottun og aðgerðir ef það kemur upp einelti, kynferðisleg áreitni eða önnur ótilhlýðileg háttsemi,“ segir Hólmfríður Erla Finnsdóttir, sviðsstjóri mannauðsmála hjá TR.

„Við leggjum einnig mikla áherslu á fjölbreytileika í vöðu samhengi og að við séum ekki að mismuna á grundvelli litarháttar, fötlunar, stjórnmálaskoðunar eða trúabragða. Það er ekki nóg að setja sér stefnur því stundum vill það nú verða hjá fyrirtækjum og stofnunum að mikil vinna er lögð í alls kyns undirbúning en svo er hlutunum ekki fylgt eftir. Það er gott að starfsfólk viti hvernig við bregðumst við ef upp koma einhver mál er varða mismun eða áreiti og að við fylgjum stefnum okkar vel eftir,“ segir Hólmfríður.

Afþreying er mikilvæg

Hólmfríður bendir á að jafnréttismál geti líka snúið að leik. „Karlmennt hafa gjarnan haldið í leikinn í sjálfum sér, þeir fara í veiðiferðir, golfferðir, í gufubað með félögum og fleira. Þar eru ákvarðanir oft teknar. Konurnar missa oft tilhneinguna til leiksins og hef velt því fyrir mér hvort það geti verið orsökkin fyrir því að konur séu að fara í meiri kulnun í lífinu. Eitt sem við höfum gert hjá Tryggingastofnun nýlega er að setja upp afþreyingarástæðu fyrir starfsfólk. Það er mikið álag hérna, þannig að þegar þú þarft aðeins að slaka á þá er gott að hafa aðstöðu fyrir afþreyingu. Með því erum við jafnframt að hvetja konur til að vera virkari í afþreyingu. Þó við séum gömul stofnun erum við nútímaleg í leik og starfi.“

Í jafnlaunastefnu Tryggingastofnunar segir að allt starfsfólk stofnunarinnar njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að enginn launamunur sé til staðar.

„Okkur ber að fara eftir ákveðnum jafnlaunastaðli og við fengum jafnlaunavottun árið 2020. Þetta er árleg úttekt sem við uppfærum næst í febrúar og er ákveðið gæðastjórnunarkerfi. Við erum með jafnlaunakerfi og jafnlaunahandbók sem fólk getur alltaf rýnt í. Það er samt ekki allveg nóg að hafa þennan ramma því það er einnig gott að vita hvert þú þarft að leita ef eitthvað kemur upp á og hvernig á að bregðast við. En þetta snýst líka um viðhorf okkar og gildismatið í þessum málum. Það þarf ákveðið hugrekki til að framfylgja viðbragðsáætluninni þegar upp koma erfið mál og það gerum við hjá TR,“ segir Hólmfríður.

Tökum alltaf upp jafnréttisglæraugun

Það er stefna Tryggingastofnunar að einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og annað ofbeldi verði ekki liðið á vinnustaðnum og telst brot á starfsskyldum.

„Þessi stefna er alltaf virk hjá



Frá vinstri: Anna Elísabet Sæmundsdóttir, sviðsstjóri þjónustu, Hólmfríður Erla Finnsdóttir, sviðsstjóri mannauðsstjóri, Sigrún Jónsdóttir, sviðsstjóri samskipta, og Huld Magnúsdóttir forstjóri.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ekki greinarmunur á kynjum

Huld tók á móti viðurkenningu alþjóðlegu almannatryggingasamtakanna (ISSA) fyrir Íslands hönd fyrir framúrskarandi árangur í jafnréttismálum og varða almannatryggingar, en Ísland fékk verðlaunin afhent á þingi samtakanna í Marokkó í október sl.

„Þetta eru alþjóðleg samtök nánast allra tryggingastofnana í heiminum með tengingu við Alþjóða vinnuálagstofnunina. Það var mikill heiður að taka við þessum verðlaunum. ISSA hefur kynnt jafnrétti sem eitt-áadalstefnumál næstu ára og Ísland þykir gott fordæmi sem ISSA vildi kynna sérstaklega. Á Íslandi er ekki munur á upphæðum í almannatryggingakerfinu eftir kynjum. Það eru sömu upphæðirnar óháð kyni og þegar ég flutti þakkarræðu á þingi samtakanna þá sá ég að mörgum þótti það sérstakt því í mörgum öðrum löndum er ekki þannig jafnræði á milli kynja,“ segir Huld. ■



Huld Magnúsdóttir og Anna Elísabet Sæmundsdóttir með viðurkenningu Íslands á þingi almannatryggingasamtakanna.

okkur og við förum yfir hana með starfsfólkinu okkar á hverju ári. Við vinnum markvisst gegn hvers konar áreitni og spyrjum um þessi mál tvisvar á ári í viðhorfskönnun innanhúss. Undanfarin ár hafa mál af þessum toga ekki komið upp hjá okkur. Það er alveg skýrt að efslík mál koma upp er tekið strangt á þeim.

Þegar kemur að jafnréttismálum snýst málið oft um að taka ákvörðun, setja skýra stefnu og fylgja henni eftir. Ég hef verið þeirrar gæfu aðnjótandi að vera með forstjórum hér sem hafa lagt mjög mikla áherslu á jafnréttismál

og það hefur áhrif á alla starfsemi stofnunarinnar. Við tökum alltaf upp jafnréttisglæraugun þegar verið er að setja saman vinnuhópa eða skipa í nefndir. Ég vona að jafnréttishugsjónin komist inn í DNA hjá fólki í samfélaginu þannig að það þurfi ekki áratug eftir áratug að vera í einhverri baráttu,“ segir Hólmfríður.

„Við þurfum jafnframt meira jafnrétti inni á heimilunum og þar kom þessi vitundarvakning um þriðju vaktina svo rosalega flott inn. Við hjá TR reynum að koma til móts við þarfir starfsfólksins okkar eins og að bjóða

Við leggjum ríka áherslu á jafnréttismálin hjá TR. Hluti af því er að stjórnendateymið gangi á undan með góðu fordæmi og við erum mjög meðvituð um þetta í öllum okkar ráðningum að fjölbreytni í öllu er góð.

Huld Magnúsdóttir

upp á sveigjanlegan vinnutíma. Það er stórt skref til að auðveldara sé að samræma vinnu, frítíma og heimilislíf.“

Jafnt kynjahlutfall í stjórnendateymi TR

Huld Magnúsdóttir er forstjóri Tryggingastofnunar en hún tók við starfinu í júní á síðasta ári. Hún var settur forstjóri stofnunarinnar 2015-16 en starfaði í fimm ár sem framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóds atvinnulífsins og þá starfaði hún í 15 ár hjá Össuri hf.

Tryggingastofnun fékk seint á síðasta ári viðurkenningu Jafnvægisvogar Félags kvenna í atvinnurekstri, fyrir hlutfall kynja í stjórnendateymi stofnunarinnar, en hjá TR er hlutfall kvenna í framkvæmdastjórn 50%. „Við kynntum nýtt skipurit í lok nóvember og út frá jafnréttissjónarmiði er sérstakt við það að það er jöfn skipting kynja í stjórnendateyminu. Þetta eru átta einstaklingar, fjórar konur og fjórir karlar. Við leggjum ríka áherslu á jafnréttismálin hjá TR. Hluti af því er að stjórnendateymið gangi á undan með góðu fordæmi og við erum mjög meðvituð um það í öllum okkar ráðningum að fjölbreytni í öllu er góð,“ segir Huld.

Kvinnastörf verði metin jafnt á við karllæg störf

Nýlega var Tryggingastofnun valin í spennandi þróunarverkefni á vegum forsætisráðuneytisins um virðismat starfa. Verkefnið á að þróa og móta virðismatskerfi starfa meðal valinna stofnana ríkisins, þ.m.t. stuðning, fræðslu og þjálfun við þær stofnanir meðan á þróunarverkefni stendur. Huld telur þetta verkefni mikilvægt skref á þeirri vegferð að leggja hlutfægt mat á ólík störf þannig að hægt sé að meta virði þeirra. „Þróun á virðismatskerfi þarf að ná yfir fjölbreytt störf sem staðsett eru á ólíkum vinnustöðum. Er það von okkar að þessi vinna leiði til þess að kvinnastörf verði metin jafnt á við karllæg störf.“ segir hún.

„Það eru spennandi tímar fram undan hjá stofnuninni“ segir Huld. „Við erum til dæmis að vinna í mjög stóru verkefni um framtíðina í stafrænni þróun. Kerfin okkar eru mjög stór en við erum að borga á milli 70-80 þúsund manns á mánuði og það er mikið verkefni sem krefst óflugar tækni. Við erum að flytja vefinn okkar, tr.is og Mínan síður á TR yfir til Stafræns Íslands, island.is, og við erum mjög spennit fyrir því. Samhliða þessu öllu erum við að vinna í alls kyns úrbótaverkum svo sem að straumlinulaga ferla og leggjum mikla áherslu á fræðslu og kynningarmál sem og upplýsingaskyldu stofnunarinnar gagnvart viðskiptavinum,“ segir Huld, sem segir Tryggingastofnun vera líflegan og frábæran vinnustað.

„Hér er mjög skemmtilegt og duglegt fólk sem gefur allt í vinnuna við oft krefjandi og erfiðar aðstæður og langan vinnudag. Starfsandinn er mjög góður. Starfsmannafélagið er óflugt og liðsheildin er virkilega góð þar sem allir róa í sömu átt.“ ■

BROSTU Í SKAMMDEGINU

D-vítamín & kröftug burnirót



Kröftug orku-
blanda sem inniheldur
2000 einingar af
D-vítamíni &
Íslenskri burnirót
í einu hylki.

D-vítamín er
mikilvægt sólarvítamín
í skammdeginu. Orka
og úthald í gegnum
veturinn.

Burnirótin er
Íslensk ofurjurt
sem eykur orku og
minnkar slen. Frábær
gegn álagi og
streitu.



ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS



Að fjárfesta í framtíðinni

Vinnupallar eru sex ára gamalt fyrirtæki, stofnað af hjónunum Sigríði Hrund Pétursdóttur og Baldri Ingvarssyni. Fyrst um sinn var félagið rekið heima, en þegar þau festu kaup á Smiðsbúð 10 í Garðabæ var loksins hægt að opna verslun því aðstaðan var hin ákjósanlegasta með læstu hliðarportu og rúmgóðum lagergeymslum.

„Eðlilega óx fyrirtækinu ásmegin við góða vinnuástöðu. Í febrúar verður opnuð ný og glæsileg verslun Vinnupalla að Vagnhöfða 7 þar sem boðið verður upp á enn frekari breidd í vöruúrvali og rými til frekara umfangs. Það er að sjálf-sögðu þannig að fyrirtækið hefur vaxið langt út fyrir nafngiftina og ekki aðeins eru seldir og leigðir vinnupallar hjá Vinnupöllum heldur flest allt sem tengist öryggi við framkvæmdir. Auðvelt er að fá vörur heimsendar, aðstoð við uppsetningar og við að taka niður/saman. Þjónustustig er hátt og vinnugleðin við völd.“

Þegar velja skal vöru til sölu hjá Vinnupöllum er grunnatriði að hún styðji við sýn fyrirtækisins og markmið, sem eru að veita framúrskarandi þjónustu með gæðavörum á góðu verði. Fallvarnir eru okkur ofarlega í huga sem og persónuvarnir. Það eru seldir stigar, tröppur og pallar fyrir fjölbreyttar vinnuástæður, fallvarnir sem belti, línur og taugar ásamt persónuhlífum eins og hjálmum, gleraugum, rykgrímum, hönskum og ljósum. Verksvæði geta auðveldlega verið örugg með girðingum, göngubrúum og umferðaröryggisvörum. Stöðvörur til að auðvelda framkvæmdir eru meðal annars hitablásarar knúnir dísel, rafmagni, vatni eða gasi, iðnaðarryksugur og vatnssugur.

Persónuleg þjónusta

Vinnupallar hafa ávallt lagt mikla áherslu á öryggi vinnustaða og persónulega lausnamiðaða þjónustu. Viðskiptavinum er kennd rétt notkun varanna, vakin er athygli á mikilvægi örugga lausna og árvekni við störf hverju sinni. Öryggismenning í mannvirkjageiranum fer batnandi en er þó sífelld endurtekning, því aðstæður breytast hratt á verkstöðum. Einnig er iðnaðurinn ríkur af fjölmenningu sem krefst þess að öryggisupplýsingar séu aðgengilegar og sýnilegar á fleiri tungumálum. Selt og leigt er jafnt til almennings sem fagaðila,“ segir Sigríður Hrund.



Verk og vit sýningin í fyrra. Lukka Mörk sýnir listir sínar.

MYNDIR/ÁSENDAR



Sigríður Hrund fyrir utan fyrirtækið í Garðabæ.

MYNDIR/ÁSENDAR



Sighvatur og Gunnar Örn sölustjóri á góðri stundu sumarið 2022.

„Það er linnulaus vinna að byggja upp fyrirtæki svo vel sé. Ehf. þýðir í raun ekkert fri og yfirlega mikil öllum stundum.“

Mannvirkjáiðnaður á Íslandi er orðinn heilsársiðnaður og linnulaus umsvif í framkvæmdum – bæði hjá fyrirtækjum og svo einnig vantar íbúðir fyrir hratt aukinn mannfjölda landsins. Að reka fyrirtæki á Íslandi er ekki fyrir hvern sem er, ekki síst lítið viðkvæmt innflutningsfyrirtæki. Hráfnisverð hefur margfaldast sem og flutningskostnaður, launakostnaður er hár og vaxtakjör afar íþyngjandi.

Þetta er raunveruleikinn. Það er athyglisvert að gott viðhorf og framúrskarandi þjónustulund er einkennismerki Vinnupalla.“

Eina konan í hópnun

Sigríður Hrund bendir á að í geira sem starfar umtalsvert utandyra séu aðstæður krefjandi, enda viðrar ekki alltaf vel á landinu. Aðstæður á framkvæmdasvæðum geti hratt orðið varhugaverðar og jafnvel hættulegar, hægi á framkvæmdum sem eru kostnaðarsamar og framlegð tapist skjótt. Að þjónusta hratt, vel og skilvirkt



Vinnupallar eru fjölskyldufyrirtæki þar sem áherslan er á góðan vinnuanda.

„Í febrúar verður opnuð ný og glæsileg verslun Vinnupalla að Vagnhöfða 7 þar sem boðið verður upp á enn frekari breidd í vöruúrvali og rými til frekara umfangs.“

með framúrskarandi þjónustulund og viðhorfi góðs teymis, sé því kjarni Vinnupalla. „Ég er eini kvenmaðurinn í teyminu en finn aldrei fyrir kyni, aldri eða uppruna. Við erum frábært ólíkt teymi sem vinnur vel saman. Orðin sem birtust á töflunni á stefnumótunarfundi nýliðnum um hvað væri gott við að vinna saman voru: notalegt umhverfi, vinskapur, gott tempó, tölum íslensku, brosum, erum góð við hvert annað, veitum framúrskarandi þjónustu, höfum gæði ávallt í huga, með metnað og kraft. – Ég verð að viðurkenna að fyrir utan að fá ryk í augað þá er þetta hráefni í góða vinnudaga til


lengri tíma. Svo má ekki gleyma hlaðvarpinu Vinnuskúrinn, sem ræðir við öll kyn óháð uppruna um margvísleg málefni tengd mannvirkjáiðnaði og framkvæmdum,“ segir Sigríður Hrund.

„Vinnupallar leggja metnað í að sýna samfélagslega þátttöku, ekki aðeins með því að efla öryggisvitund við framkvæmdir heldur með því að styrkja málefni.“

Vinnupallar styrkja til dæmis Lukku Mörk Sigurðardóttur Blomsterberg, sem er besta klifurkona landsins aðeins 19 ára gömul; hugmyndasmiði sem eru að búa til námsefni um frumkvöðlafræði og sköpunargleði fyrir 6-9 ára börn og hlaðvarpið Vinnuskúrinn sem ræðir við öll kyn um margvísleg málefni tengd mannvirkjáiðnaði og framkvæmdum. Það er gefandi og gaman að tileinka hluta góðs reksturs að samfélagslegri þátttöku og vera þannig hluti af einhverju sem er stærra en við sjálf,“ segir Sigríður Hrund. „Þannig erum við samferða í að vera samfélagið sem við viljum búa í.“ ■

VINNUPALLAR EHF

- ÖRUGGAR LAUSNIR -





GOZZIP Karina skyrta
Stærðir 38-56
Verð 15.980 kr



GOZZIP Johanne skyrtukjöll
Fleiri litir til
Verð 17.980 kr



GOZZIP Gitte stuttermabulur
Fleiri gerðir til
Verð 9.980 kr



ES&SY Simone peysukjöll
Fleiri litir og mynstur til
Stærðir 36-46
Verð 7.980 kr



SUNDAY Bonny skyrtutunika
Fæst líka í svörtu
Stærðir 38-52
Verð 16.980 kr

yesta

yest

no secret

Q'neel

ROBELL

ZHENZI

ZÉZE
Nordic

Q'UE



STUDIO Rose peysa
Fæst líka í svörtu
Stærðir 38-56
Verð 10.980 kr



STUDIO Ditte tunika
Fæst líka með appelsínugulu
Stærðir 38-56
Verð 10.980 kr



STUDIO Emilie skyrta
Fleiri litir til
Stærðir 38-56
Verð 14.980 kr



SUNDAY Jaylin hneppt golla
Fleirri litir til
Stærðir 38-48
Verð 9.980 kr



SUNDAY Cleopatra opin jakkapeysa
Fæst líka í ljósbláu
Stærðir 40-48
Verð 16.980 kr

SUNDAY
by Godske

FRANSEN

festival
DENMARK

STUDIO

tamaris

GOZZIP

HABELLA

SANDGAARD

Jana

LASSESSOR



ROBELL Marie stretchbuxur
Fást í fleiri litum
Stærðir 34-52
Verð 7.980 kr



YESTA köflóttar buxur
Stærðir 44-56
Verð 12.980 kr



ROBELL Nena 09 ökklabuxur með rennilás
Fleiri litir til
Stærðir 34-54
Verð 11.980 kr



ROBELL Marie 07 kvart gallabuxur
Fleiri litir til
Stærðir 36-52
Verð 13.980 kr



ROBELL Jacklyn sparilegar buxur
Fást líka í svörtu
Stærðir 38-54
Verð 9.980 kr

Verzlunin Belladonna



belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Þjónusta

Málarar

MÁLARAR

Tökum að okkur alla almenna málningavinnu, við erum faglærðir með mikla reynslu og sanngjarnir í verðum.
s. 782 4540 loggildurmalari@gmail.com

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikaelis. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Húsnæði

Geymslúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is



Er um við
að leita
að þér?



SNÆFELLSBÆR
Par sem jökullinn ber við loft..

Breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag hjá Snæfellsbæ

Auglýsing um breytingu aðalskipulags og nýtt deiliskipulag á Hellissandi og í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli, Snæfellsbæ

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkti á fundi sínum þann 19. janúar 2023 að auglýsa tillögur að breytingum á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015 - 2031, samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Einnig var samþykkt auglýsa deiliskipulag á báðum svæðum í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga samhlíða breytingum aðalskipulags.

Tillaga að breytingu aðalskipulags og nýtt deiliskipulag fyrir Dritvíkurveg og Djúpálónssand í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli

Aðdragandi breytingar aðalskipulags og nýs deiliskipulags er aukin umferð um svæðið og vaxandi þörf yfir bílastæði og þjónustuhús.

Í aðalskipulagi er AF-U-7 afþreyingar- og ferðamannasvæði stækkað úr um 70.000 m² í um 90.000 m² og lögum er breytt og verður eftir breytingu að auknu leyti neðan Útnesvegar. Einnig er gerð grein fyrir stækkun þjóðgarðsins sem hefur þegar átt sér stað. Vegna stækkunar þjóðgarðsins minnkar svæði 223 á náttúruminjaskrá.

Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir nýjum áningarstað norðvestan við gatnamót Dritvíkurveg og Útnesveg, til að minnka álag við Djúpálónssand. Rútustæði verða einnig í námu austan Útnesveg. Í sérákvæðum kemur fram að reisa má einnar hæðar þjónustuhús, hámarkshæð byggingar 5.0 m frá gólfkóta.

Gögn: Aðalskipulagsuppráttur, deiliskipulagsuppráttur, tveir skýringaruppráttir með deiliskipulagi og greinargerð deiliskipulags með umhverfismatsskýrslu beggja skipulagsstiga.

Svæðið er innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og eru allar framkvæmdir háðar samþykki Umhverfisstofnunar.

Tillaga að breytingu aðalskipulags og nýtt deiliskipulag fyrir Krossavíkurböðin á Hellissandi

Aðdragandi breytingar aðalskipulags og nýs deiliskipulags er áhugi á að reisa og reka baðstað við Krossavík, en þar er vaxandi ferðamannastraumur. Fyrirhugað mannvirki verði ofan gróðurbakka við ströndina, þar verði opin gönguleið og ekkert rask í fjöru.

Á upprætti vegna breytingar aðalskipulags er bætt inn nýju svæði fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði AF-2, sem er um 2.500 m², en þar var áður óbyggt svæði. Þar er fyrirhugað að gera baðstaðinn og auk þess er gert ráð fyrir bílastæði austar.

Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir allt að 500 m² byggingum og allt að 1.200 m² útsvæði fyrir verönd og potta á svæði AF-2 og að bílastæði sem er um 200-250 m austan mannvirkja verði allt að 1.800 m².

Svæðið er á svæði 223 á náttúruminjaskrá og eru framkvæmdir háðar samráði við Umhverfisstofnun.

Gögn: Aðalskipulagsuppráttur, deiliskipulagsuppráttur, umhverfismatsskýrsla beggja skipulagsstiga. Fylgirit I, Gróðurkortlagning á rannsóknarsvæði við Krossavík Lýsing og skýringar á gróðurfari, Guðmundur Guðjónsson 2022, unnið fyrir Snæfellsbæ og óstofnað félag.

Tillögurnar liggja frammi í Ráðhúsi Snæfellsbæjar að Klettsbúð 4, 360 Hellissandi frá 26. janúar 2023 til 15 mars 2023 og á heimasíðu Snæfellsbæjar, www.snb.is. Tillaga að breytingum aðalskipulags ásamt umhverfismatsskýrslum verða jafnframt til kynningar hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7, Reykjavík.

Þeim sem eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar.

Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast til skipulags- og byggingarfulltrúa Snæfellsbæjar í síðasta lagi 15. mars 2022 í Ráðhúsi Snæfellsbæjar að Klettsbúð 4, 360 Snæfellsbæ eða á byggingarfulltrúi@snb.is.

Bæjarstjóri Snæfellsbæjar



Umhverfismat framkvæmda

Umhverfismatsskýrsla í kynningu

Ný flæðigryfja vestan núverandi gryfja við Grundartanga í Hvalfjarðarsveit

Elkem og Norðurál hafa lagt fram umhverfismatsskýrslu vegna umhverfismats nýrrar flæðigryfju vestan núverandi flæðigryfja á hafnar-svæði við Grundartanga í Hvalfjarðarsveit.

Kynning á umhverfismatsskýrslu: Tillaga að ofangreindri framkvæmd og umhverfismatsskýrsla liggur frammi til kynningar í stjórnsýsluhúsi Hvalfjarðarsveitar Innrimel 3 frá 28. janúar til 13. mars 2023. Umhverfismatsskýrslan er aðgengileg á vefsíðu stofnunarinnar: www.skipulag.is.

Umsagnarfrestur: Allir geta kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og lagt fram umsögn. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 13. mars 2023 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

Þjónustuauglýsingar Sími 550 5055

Ferðaðþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaðþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

íshúsið

S: 566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



Geymsluskúrar / gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl.; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is



Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

Kóngurinn eygir hásetið

Það þarf sjálfstraust til að kalla sig konunginn frá unglingsaldri en LeBron James er hársbreidd frá hásetinu í NBA-deildinni. Stigamet Kareem Abdul-Jabbar í NBA-deildinni sem var lengi talið ósnertanlegt, enda búið að standa í 34 ár, fellur á næstu dögum.

kristinnpall@frettabladid.is

NBA Það virðist ekkert ætla að hægjast á sóknarafköstum LeBron James á tuttugasta tímabili hins sjálfstílaða konungs í NBA-deildinni í körfubolta. Hann heldur áfram að klífa metorðalistann og vantar aðeins 178 stig til að jafna met Kareem Abdul-Jabbar yfir flest stig í sögunni. Eigandi Los Angeles Lakers, Jeanie Buss, rifjaði síðastliðið haust upp samtál á milli hennar og Kareem eftir að Kareem varð stigahæsti leikmaðurinn í sögu deildarinnar árið 1984 þar sem Kareem fullyrkti að met hans yrði aldrei bætt, í hlaðvarpinu The Crossover. Sviðsljósið hefur verið á LeBron frá því að hann fór að vekja athygli á landsvísi sem táníngur. Fljótlega fór að bera á nafninu konungurinn (e. King James) sem hefur fylgt honum út ferilinn, þó að viðhorf hans fari í taugararnar á mörgum körfuboltasérfræðingum sem hafa deilt um samanburð milli James og Michael Jordan, í að verða áratug. ■

38.387

Stigamet NBA-deildarinnar er í eigu Kareem Abdul-Jabbar sem lék í deildinni í tuttugu ár.

38.209

LeBron er kominn í 38.209 stig eftir leik Lakers gegn Clippers.

178

Stig vantar upp á til að ná meti Kareem sem hefur staðið óhaggað í 33 ár frá því að Kareem lagði skóna á hilluna.

10

James er í tíunda sæti yfir fjölda leikja í sögu deildarinnar.

30

James vantar þrjátíu stoðsendingar til að ná fjórða sæti í sögu NBA-deildarinnar.

30,2

James er með 30,2 stig að meðaltali í leik í vetur.

3


James er þriðji elsti leikmaður deildarinnar á 39. aldursári.

1

James varð fyrsti maðurinn til að skora fjörutíu stig eða meira í einum leik gegn öllum liðum NBA-deildarinnar á dögnum.

10.000

James varð á dögnum fyrsti maðurinn til að fara yfir tíu þúsund stig, stoðsendingar og fráköst í sögu NBA-deildarinnar.



MERKISATBURÐIR



1866 Ísafjörður fær kaupstaðarréttindi.

1953 Neytendasamtökin stofnuð.

1965 Hindí gert að opinberu tungumáli Indlands.

1906 Verkamannafélagið Dagsbrún í Reykjavík er stofnað.

1992 Boris Jeltsín lýsir yfir að Rússland muni hætta að beina kjarnavopnum á bandarískar borgir.

1995 Eric Cantona, leikmaður Manchester United, tekur kung fu-spark í átt að Matthew Simmons, stuðningsmanni Crystal Palace.

2009 Geir H. Haarde slítur stjórnarsamstarfi við Samfylkinguna.



Agalega afmælishefðin

Afmælisbarnið Sólveig Arnarsdóttir hefur ekki í hyggju að endurvekja skelfilega afmælishefð úr æsku sinni.

arnartomas@frettabladid.is

„Mér finnst ég alltaf vera á besta aldri,“ segir leikkonan Sólveig Arnarsdóttir sem fagnar fimmtíu ára afmæli í dag. „Það eina sem ég hef fundið út er að þetta verður í alvörunni bara betra. Ég hef alltaf verið frekar sátt með minn aldur en eftir því sem ég eldist þá verð ég sáttari við mig, lífið og allt verður einhvern veginn skemmtilegra.“

Sólveig hefur engar hefðir í sínu lífi, hvorki tengdar afmælum eða nokkru öðru, og segist þar af leiðandi ekki ætla að halda í neinar slíkar á deginum stóra.

„Ég er ekki búin að leigja sal, karlakór og lúðrasveit, en ætla að halda margar afmælisveislur í minni hollum til að koma fólki fyrir í mínu fagra litla húsi,“ segir hún og útskýrir að nú sé í raun að hefjast afmælisár. „Á síðasta ári áttum við hjónin silfurbrúðkaup og við litum þá á að það væri silfurbrúðkaupsár. Allt sem við gerðum á því ári litadist af því. Ef við fórum upp í Bláfjöll þá var það silfurbrúðkaupsárið.“

Silfurbrúðkaupsárið tókst svo vel til að gefa hlutunum nýjan brag að hin hefðalaus Sólveig mun endurtaka leikinn á fimmtugsafmælisárinu.

„Ef ég fer í bíó þá verður það fimmtugsafmælisbíóferð!“ segir hún og hlær.

Fiskur í tvöföldu vatni

Sólveig er þessa dagana að bregða sér í hlutverk Lafði Macbeth í uppsetningu á Shakespeare-verkinu sem frumsýnt var á dögnum í Borgarleikhúsinu. Þar fyrir utan er hún á æfingum fyrir verkið Prinsessuleikarnir, þar sem hún mun fara með hlutverk forsetafrúarinnar Jackie Kennedy.

„Ég held bara áfram að sinna mínum störfum og skyldum, en allt í þessum fimmtugsafmælisjöma.“

Sólveig bjó lengi í Berlín þar sem hún stundaði nám. Fjölskyldan flutti þangað þegar Sólveig fékk samning við leikhús 2019 en flutti svo aftur þegar kórónaveiran dúkkaði upp með tilheyrandi lokunum á öllu.

„Það var kannski aðallega vegna yngsta drengsins okkar, svo að hann kæmist aftur í skóla, því það var öllum skólum lokað þarna úti,“ segir Sólveig



Sólveig segist vera eins og fiskur í vatni bæði á Íslandi og í Berlín.

MYND/ADSEND

sem segist sakna margs frá Þýskalandi. „Það er samt þannig að þegar ég bjó úti þá saknaði ég Íslands – það eru til dæmis ekki sundlaugar í Berlín sem mér þótti mjög slæmt. Svo lengi framan af lífi mínu var þetta togstreita að vera í öðru landinu en nú hef ég breytt um afstöðu. Ég lit á það sem ótrúleg forréttindi í lífinu að fá að upplifa mig eins og fiskur í vatni í löndunum sem hafa bæði mótað mig og gefið mér margt.“

Skelfilegur listi

Innt eftir afmælisminningum lætur Sólveig hugann reika á myrkar slóðir.

„Þegar ég var barn var haldið í eina afmælishefð sem tíðkast sem betur fer

ekki lengur í dag, og ég ætla sko ekki að taka upp aftur,“ segir hún. „Þá voru búnir til listar í afmælunum yfir afmælisgjafirnar, frá þeim bestu og yfir í þær verstu.“

Gestirnir fengu þó ekki að heyra?

„Ójú, þetta var sko gert opinberlega fyrir framan alla gesti! Yfirleitt voru gjafirnar frá ömmu og afa, ullarsokkar og þess háttar, settar í neðsta sæti en gjafirnar frá bestu vinkonu voru í því efsta. Þetta er eitthvað sem var gert í afmælum hér áður fyrr og var alveg skelfilegt. Ég man sjálf að eftir að hafa verið í afmælum hjá öðrum þar sem þetta var gert og það var alltaf þínku stressandi.“ ■



Ástkær mamma okkar,
Sigríður Halldóra Hermansdóttir

Vestursíðu 9, áður til heimilis að Skálagerði 2, Akureyri,

lést 23. janúar síðastliðinn.
Jarðarförin auglýst síðar.

Anna Guðný, Hermann, Ingibjörg og Sigríður Matthildur



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,
Sverris Skarphéðinssonar
Árskógum 1 B.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki 13EG á Landspítala við Hringbraut og K2 á Landakoti, fyrir einstaka umönnun, alúð og virðingu í veikindum hans.

Hólmfríður Þórhallsdóttir

Örn Steinar Sverrisson

Þórhallur Sverrisson

Svanhildur Sverrisdóttir

Jóhanna Lind Jónsdóttir

Dieudonné Gerritsen

afabörn og langafabörn



Ástkær faðir okkar, bróðir, tengdafaðir, afa og langafi,
Magnús Finnur Jóhannsson

lést á heimili sínu eftir erfið veikindi.
Útförin fer fram að heiðnum síð í Fossvogskirkju, fimmtudaginn 2. febrúar kl. 15.00.

Erla Sigríðardóttir

Ísey Jökulsdóttir

Íris Magnúsdóttir

Kristófer Jensson

Guðmundur I. Þorsteinsson

Guðlaug A. Guðmundsdóttir

afabörn og langafabarn

Sigurjón Jóhannsson

Árni Jóhannsson

Margrét Nanna Jóhannsd.

Jóhann Jóhannsson

Dagfríður Jónsdóttir

Karl Ísleifsson

og fjölskyldur



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Þórhildur Arnfríður Jónasdóttir

Austurbyggð 17, Akureyri,

lést 17. janúar.

Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 30. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Dvalarheimilið Hlíð. Sérstakar þakkir til starfsfólks á Furuhlíð fyrir hlýja og góða umönnun.

Kristín H. Guðmundsdóttir

Elin G. Guðmundsdóttir

Lúdvík E. Guðafsson

ömmu- og langömmubörn



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afa,
Guðmundur Þorsteinsson

kennari,

lést á Hrafnistu Boðapíngi 6. janúar.
Útförin fer fram frá Kópavogskirkju, miðvikudaginn 1. febrúar kl. 13.

Birna Friða Björnsdóttir

Björn Bergsteinn Guðmundsson

Þóra Guðmundsdóttir

Jóna Rut Guðmundsdóttir

Hrafnhildur Edda Magnúsdóttir,

Hrafnkell Orri Sigurðsson og

Kristófer Dagur Kristjánsson

Kristín Hauksdóttir

Sigurður Hauksson

Kristján Svanbergsson



Ástkær eiginkona, móðir okkar, amma og langamma,
Guðríður Helgadóttir

kennari og leikskólafulltrúi,

Kirkjubraut 2, Reykjanesbæ,

lést í faðmi fjölskyldunnar á

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja að morgni

21. janúar. Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju þann

3. febrúar klukkan 11.00.

Sigurður G. Sigurðsson

Hildur Sigurðardóttir

Helgi Kjartan Sigurðsson

Steinþór Jónsson

Birna Björk Þorbergsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartílyfningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



NÆRANDI HREYFING Í 25 ÁR

hreyfng.is

HREYFING SPA

SJÓNVAÐSDAGSKRÁ

HRINGBRAUT

- 18.30 **Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 **Mannamál** Einn sigildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkt einstaklinga um líf þeirra og störf.
- 19.30 **Suðurnesja-magasin** **Vikurfretta** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
- 20.00 **Frisk eftir fimmtugt** Þáttur um heilsu og heilbrigði í umsjón Björns Þorlákssonar.
- 20.30 **Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá. (e)
- 21.00 **Mannamál** (e)

RÚV SJÓNVARP

- 13.00 **Fréttir með táknmalstúlkun**
- 13.25 **Heimaleikfimi**
- 13.35 **Kastljós**
- 14.00 **Útvar 2016-17** (Árborg-Grindavík)
- 15.10 **Á tali hjá Hemma Gunn** 1990-1991
- 17.00 **Basl er búskapur**
- 17.30 **Matur með Kiru**
- 18.00 **KrakkaRÚV**
- 18.01 **Bakað í myrkri**
- 18.29 **Ofurhetjuskólinn**
- 18.45 **Krakkafréttir**
- 18.50 **Lag dagsins**
- 19.00 **Fréttir**
- 19.25 **Íþróttir**
- 19.30 **Veður**
- 19.35 **Kastljós**
- 20.05 **Ímynd** Heimildarþáttaröð í sex þáttum þar sem íslensk ljósmyndun er skoðuð út frá sjónarhorni lista, landslags, samtímans, skrásetningar, fréttaflutnings, fortíðar og framtíðar.
- 20.35 **Okkar á milli** Sigurlaug Margrét Jónasdóttir fær til sín góða gesti úr öllum áttum og ræðir við þá undir fjögur augu. Gestirnir eiga það sameiginlegt að hafa áhuga-verða sögu að segja.
- 21.05 **Ljósmyndir**
- 22.00 **Tíufréttir**
- 22.15 **Veður**
- 22.20 **Lögregluvaktin**
- 23.00 **Við** Ljúfsárir gamanþættir um Petersen-fjölskylduna sem fer í fri um Evrópu. Fjölskylduþátturinn reynir að vinna aftur ást eiginkonu sinnar og sættast við son sinn. Þættirnir eru byggðir á samnefndri metsölubók eftir David Nicholls.
- 00.00 **Dagskrárlök**

SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00 **Tónlist**
- 13.00 **Dr. Phil**
- 13.39 **The Late Late Show**
- 14.18 **The Block**
- 16.55 **Survivor**
- 17.40 **Dr. Phil**
- 18.25 **The Late Late Show**
- 19.10 **The Block**
- 20.10 **Þær**
- 20.40 **Nýlendan** Við fylgjumst með Íslendingum leita á framandi slóðir til að endurheimta tengsl við sjálfan sig og náttúruna.
- 21.10 **The Resident**
- 22.00 **NCIS: Hawaii**
- 22.50 **Walker**
- 23.35 **The Late Late Show**
- 00.20 **NCIS**
- 01.05 **NCIS: LOs Angeles**
- 01.45 **Law and Order: Organized Crime**
- 02.30 **The Equalizer**
- 03.15 **The Handmaid's Tale**
- 04.00 **Tónlist**

STÖÐ 2

- 08.00 **Heimsókn**
- 08.20 **Grand Designs**
- 09.05 **Bold and the Beautiful**
- 09.25 **Race Across the World**
- 10.25 **Nei hættu nú alveg**
- 11.05 **Lífið utan leiksins**
- 11.45 **Family Law**
- 12.30 **The Carrie Diaries**
- 13.10 **RAX augnablik**
- 13.15 **Pusing daisies**
- 13.55 **Fávitar**
- 14.10 **Skreytum hús**
- 14.25 **Lego Masters USA**
- 15.05 **Professor t**
- 15.50 **The Masked Singer**
- 16.55 **Home Economics**
- 17.20 **Bold and the Beautiful**
- 17.45 **The Carrie Diaries**
- 18.25 **Veður**
- 18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 **Sportpakinn**
- 18.55 **Ísland í dag**
- 19.10 **The Cabins**
- 19.55 **Rutherford Falls**
- 20.20 **Vampire Academy**
- 21.05 **NCIS**
- 22.05 **The Midwich Cuckoos**
- 22.50 **Sorry for Your Loss**
- 23.10 **Silent Witness**
- 00.10 **Succession**
- 01.05 **Magnum P.I.**
- 01.50 **Grand Designs**
- 02.35 **Race Across the World** Æsispennandi raunveruleikþættir þar sem 5 þór keppast um að ferðast um heiminn. Reglur leiksins setja þó strik í reikninginn því það er bannað að fljúga, þau ferðast án farsíma og fá takmarkað fjármagn.
- 03.35 **Family Law**

Gísli Einarsson mætir í Mannamál kvöldsins

Sjálfur kveðst hann hafa einsett sér frá fyrstu árum ævinnar að vera fyndinn karl og skemmtilegur. Og varla er til nokkur Íslendingur sem efast um að þar hafi honum tekist vel upp. Gísli Einarsson er gestur Sigmundar Ernís í Mannamáli á Hringbraut í kvöld. Þessi Samvinnuskólagengni sveitamaður sem var um tíma kaupfélagsstjóri norður í landi er orðinn vinsælasti sögu- maður landsins. ■



KROSSGÁTA

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 fugl
- 5 gruna
- 6 tveir eins
- 8 fyrirgirðing
- 10 tveir eins
- 11 tímabil
- 12 íþróttafélag
- 13 andvari
- 15 krydd
- 17 kvk nafn

LÖÐRÉTT

- 1 þversögn
- 2 tilræði
- 3 kosning
- 4 söngla
- 7 þræta
- 9 svikahrappur
- 12 þússa
- 14 svifdyr
- 16 tveir eins

LÁRÉTT: 1 mávur, 5 óra, 6 aa, 8 talmun, 10 ss, 11 öld, 12 fram, 13 gróa, 15 negnill, 17 karla. LÖÐRÉTT: 1 mótögn, 2 árás, 3 val, 4 rauða, 7 andmæla, 9 möður, 12 faga, 14 rek, 16 ll.

SUDOKU

	3			4	7		1	
9		5	1	2			6	7
		7		5		2		
2		8			4	1	7	3
3		9						5
	1					9	8	
4				3	8			
	9		7					
	8	1			2			


		1				6		
	4				9	5	1	3
8				4		7		9
	5		3					
			8		2			
			6	1				
	6			2		3	5	7
			4					
3	9							8

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og löðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tví-taka neina tölu í röðinni.

PONDUS



FRÖDE ØVERLI



KVIKMYNDIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Fimmtudaginn 2. febrúar mun sérblaðið

KVIKMYNDIR MÁNAÐARINS

Í blaðinu verður farið yfir kvikmyndir sem eru frumsýndar í bióhúsum landsins í febrúar.

Þetta blað kemur út í hverjum mánuði og er staðsett í miðju Fréttablaðsins.

Blaðið er einnig aðgengilegt á frettabladid.is.

Áhugasamir auglýsendur hafi samband við: Jón Ívar Vilhelmsson Sími 550-5654 / jonivar@frettabladid.is

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

MEMBRASIN®

Þurrkur og óþægindi er algengt vandamál

EINSTÖK TVEGGJA ÞREPA LAUSN SEM DREGUR ÚR EINKENNUM AUGNÞURRKS



MEMBRASIN SBA24® VISION BÆTIEFNI

Veitir raka og verndar augun á náttúrulegan hátt. Stuðlar að viðhaldi eðlilegrar sjónar og raka í slímhúð augna. Bætiefnið inniheldur SBA24® hafþyrnisolíu, Omega 3, - 6, - 7 og - 9 fitusýrur, A vítamín og E vítamín, ásamt Lútein og Zeaxantín til að vernda slímhúð augans, sjónhimnu og tárafilmu, styrkir augnbotnana og verndar gegn bláum geislum frá tölvu og skjáum farsíma.

Mælt með af augnlæknum:

- Verkun og öryggi hafa verið sannreynð í klínískum rannsóknum
- Árangurs má vænta eftir 2-5 vikur miðað við daglega notkun
- Aðeins hrein náttúruleg hráefni
- Mjúk grænmetishylki og er 100% vegan
- Ekkert óþægilegt eftirbragð (eins og getur verið af fiskiolíu).

MEMBRASIN® VISION VITALITY AUGNÚÐI

Augnúði sem dregur úr augnþurrki og gefur húðinni í kringum augun raka.

- Úðinn er með sannaða virkni (MD – lækningatæki) og inniheldur „medical grade“ innihaldsefni.
- Vision Vitality úðinn er einfaldur í notkun.
- Má nota með augnlinsum og eftir að augnfarði hefur verið settur á.
- Úðinn inniheldur hafþyrnisolíu og hýalúronat
- Hafþyrnisolían styrkir fitulag tárafilmunnar og ver augun gegn þurrki.
- Hýalúronat styður við vatnsbindigetu tárkökvans, smyr augun og kemur í veg fyrir frumuskemmdir.

Þróað og framleitt í Finnlandi til að vinna gegn augnþurrki og viðurkennt af augnlæknafélagi Finnlands.



FÆST Í ÖLLUM APÓTEKUM, FRÆINU FJARÐARKAUP, HAGKAUP OG HEILSUHÚSINU KRINGLUNNI

Nánari upplýsingar um vörurnar og sölustaði á www.numereitt.is/membrasin

LÍFIÐ & LISTIN



Lóa Hlin Hjálmtýsdóttir listamaður segir frá listinni sem breytti lífi hennar.

„Þegar ég var sextán ára hlotnaðist mér

sú gæfa að heimsækja bláa húsið hennar Fridu Kahlo í Mexíkóborg og hafði það mikil áhrif á mig. Heimili hennar er varðveitt sem safn og þar, innan um litrík húsgögn og aðra innanstokksmuni, má finna listaverk eftir Fridu sjálfa og vini, m.a. Wassily Kandinsky. Ég man að á þeim tímavertí skildi ég allt í einu að listamenn væru fólk en ekki bara nöfn úr listasögubókum og þá varð til sá skilningur í höfðinu á mér að ég gæti líka orðið listamaður. Surrealisminn og dramað í málverkunum höfðaði til mín og ég var auðvitað líka mjög ginnkeypt fyrir sorglegu lífshlaupi frú Kahlo. Ég held að unglingar séu almennt móttækilegir fyrir drama, ég var að minnsta kosti algjörlega óð.

Á næstu stoppustöð í áhrifamikilli list voru óskrandi páfámálverkin eftir Francis Bacon og Ophelia eftir John Everett Millais. Enn meira drama og vesen. Svo má nefna lagið Stúlkan sem starir á hafið eftir Bubba og bókina Dýragarðsbörnin eftir Kristjönu F. Ég teiknaði endalausar myndir af starandi stúlku (stjarnfrí með augun mött) og unglingsstelpum með heróíníknivanda. Það mætti jafnvel segja að ég hafi velt mér upp úr þessu. Ég má líka til með að nefna senuna í hasarmyndinni Bound eftir Wachowski-systur sem ég sá þegar ég var sautján ára. Þar er maður skotinn, hann fellur í gólfid og í sömu andrá hellist úr hvítri málningu sem lekur út um allt. Ég var dolfallin yfir fegurðinni þegar blóðpollurinn blandaðist við málninguna og fannst þetta vera hápunktur kvikmyndagerðar.“ ■

Leikur sama hlutverkið hálfri öld síðar

Margrét Guðmundsdóttir stigur á svið Borgarleikhússins tæplega níræð í verkinu Marat/Sade. Hún segir það bæði vera gaman og skrítið.

tsh@frettabladid.is

Stórleikkonan Margrét Guðmundsdóttir hefur vakið mikla athygli fyrir frammistöðu sína í verkinu Marat/Sade eftir Peter Weiss sem er sýnt í Borgarleikhúsinu um þessar mundir í uppsetningu Rúnars Guðbrandssonar. Í sýningunni fer Margrét með hlutverk Charlotte Corday, morðingja byltingarmannsins Jean-Paul Marat, sama hlutverk og hún lék í uppsetningu Þjóðleikhússins á Marat/Sade 1967.

Margrét segir það hafa verið gaman að snúa aftur á leiksviðið en þótti það nokkuð sérstakt að túlka sama hlutverkið rúmri hálfri öld síðar.

„Það var svolítið skrítið satt að segja. Ég var nú svona til að byrja með svolítið svona hikandi en svo fór ég að hugsa að þetta var náttúrulega fólk á öllum aldri hér áður þegar þetta var sýnt fyrst í gamla daga. Ég var 33 ára þá og nú verð ég níræð á þessu ári. En ég fór nú bara að hugsa að þetta fólk á þessu geðveikrahæli getur náttúrulega alveg verið gamalt fólk að leika, svo þetta er alveg lögískt og getur alveg staðist,“ segir Margrét, en allir sem leika í sýningunni í Borgarleikhúsinu eru komnir yfir sjötugt.

Mjög vel lukkuð sýning

Marat/Sade í Þjóðleikhúsinu 1967 leikstýrði ástralski leikstjórinn Kevin Palmer en auk Margrétar léku í henni Gunnar Eyjólfsson, Róbert Arnfinnsson, Herdís Þorvaldsdóttir og Bessi Bjarnason, eiginmaður Margrétar, svo nokkur séu nefnd.

„Þetta var held ég mjög vel lukkuð sýning. Ég var að hugsa að ég man nú ekkert hvernig ég lék þetta þá. Ég man ekkert svo mikið eftir henni þannig séð, ég er náttúrulega búin að leika á annað hundrað sýningar og hlutverk í Þjóðleikhúsinu,“ segir Margrét, en hún var fastráðin sem leikari við Þjóðleikhúsið frá 1955-2003.

Hvernig nálgastu karakterinn Charlotte Corday?

„Ja, ég bara nálgast hana. Á æfingatímabilinu þá læt ég hana bara fæðast eiginlega. Þetta kemur svona smátt og smátt.“

Flestir dánir eða hættir

Einn leikari sem lék með Margréti í upphaflegu sýningunni á Marat/Sade í Þjóðleikhúsinu 1967 leikur



Margrét Guðmundsdóttir hefur leikið á annað hundrað hlutverk á ferli sínum sem leikkona. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



einnig í sýningunni í Borgarleikhúsinu nú, en það er Sigurður Skúlason sem fer með hlutverk Jean-Paul Marat.

„Annars eru nú bara flest allir dánir sem voru í gömlu sýningunni í

Þjóðleikhúsinu. Það eru bara ég og Sigurður Skúlason eftir, held ég. Þeir sem eru lifandi eru þá hættir,“ segir Margrét.

Margrét hætti sjálf í Þjóðleikhúsinu árið 2006 þegar hún var 73 ára

Margrét og Sigurður Skúlason léku saman í upphaflegri uppfærslu Þjóðleikhússins á Marat/Sade árið 1967.

MYND/
GUNNLÖÐ JÓNA

og kveðst ekki hafa leikið mikið árin þar á eftir.

„Ég reyndar lék í Tjarnarbíói í leikriti sem Erling Jóhannesson setti upp og svo var ég í nokkrum kvikmyndum. Svo leiðis að ég var eiginlega alveg sáttt við það að vera bara hætt, ég var ekkert að hafa mig eftir neinum hlutverkum.“

Þangað til í fyrra að Kristín Jóhannesdóttir hringdi í mig og þá lékum við í Ein komst undan, fjórar kerlingar,“ segir Margrét og vísar þar í uppfærslu Borgarleikhússins á verkinu Ein komst undan eftir Caryl Churchill frá 2022. Með Margréti í því verki léku Kristbjörg Kjeld, Margrét Ákadóttir og Edda Björgvinsdóttir.

Þakkar fyrir heilsuna

Margrét verður níræð í nóvember næstkomandi. Spurð um hvernig sé að eiga endurkomu í leikhúsið svona á efri árum segir hún:

„Það er bara gaman og maður bara þakkar fyrir að hafa góða heilsu.“

Er eitthvað meira fram undan?

„Ég veit það ekki, það getur vel verið, það er ekki gott að segja. Ekkert allavega sem er í hendi eða er ákveðið.“ ■

**FIMMTU —
DAGURINN
! LANGI**

**MYNDLIST Í
MIÐBORGinni** !

**SÍÐASTA FIMMTUDAG Í MÁNUÐI ÞJÓÐA
SÖFN OG SÝNINGARSTAÐIR Í MIÐBORGinni
UPP Á LENGÐAN OPNUNARTÍMA.**

**UPPLAGT TÆKIFÆRI TIL AÐ BREGÐA
SÉR AF BÆ OG NJÓTA MYNDLISTAR.**

FJÖLBREYTTAR SÝNINGAR OG VIÐBURÐIR!

NÁNARI UPPLÝSINGAR UM OPNUNARTÍMA OG DAGSKRÁ Á

WWW.FIMMTUDAGURINNLANGI.IS

Reykjavík



FKA

VIÐURKENNINGARHÁTÍÐ ²⁰/₂₃

á Hótel Reykjavík Grand

HVERJAR KLÖPPUM VIÐ UPP?

FKA viðurkenningarhátíðin fer fram í dag fimmtudaginn 26. janúar 2023 á Hótel Reykjavík Grand kl. 17.00.

Veittar eru viðurkenningar til þriggja kvenna sem hafa verið konum í atvinnulífinu hvatning og fyrirmynd.

Á hátíðinni eru eftirfarandi viðurkenningar veittar:

- FKA þakkarviðurkenningin 2023.
- FKA viðurkenningin 2023.
- FKA hvatningarviðurkenningin 2023.

Viðurkenningarhátíðinni verður einnig streymt á www.frettabladid.is

Börnin sem birtust bara

Raunveruleikabáttadrottningin og guðmóðir Kardashian-veldisins, Paris Hilton, kom fylgjendum sínum í opna skjöldu og tilkynnti að hún væri orðin móðir. Stjarnan eignaðist barnið með aðstoð staðgöngumóður en Hilton er ekki sú fyrsta til þess að eignast barn án nokkurs fyrirvara. Fréttablaðið rifjar upp börnin sem hreinlega bara birtust.

oddureavar@frettabladid.is

Ronaldo jr.

Annað barn sem hreinlega bara birtist var Cristiano Ronaldo jr. Portúgalska ofurstjarnan tilkynnti heiminum árið 2010 um fæðinguna á samfélagsmiðlum og tók fram að hann hygðist halda nafni móðurinnar leyndu. Sonurinn er auk þess einungis á hans forræði.



Jupiter Seaborn Sheeran

Það var í maí á síðasta ári sem breski hjartaknúsarinn og bandaríska íshökkistjarnan Cherry Seaborn tilkynntu heiminum að þeim hefði fæðst önnur dóttir. Stúlkan var komin í heiminn, falleg og heilbrigð og fékk nafnið Jupiter.



Royce Lillian

Ástralska leikkonan Rebel Wilson og tiskudrottningin Ramona Agruma eignuðust dóttur sína Royce Lillian með aðstoð staðgöngumóður og kynntu Royce fyrir heiminum í nóvember síðastliðnum. Þær kynntust á síðasta ári og hlutirnir gerðust hratt í kjölfarið hjá einstaklingunum sem allt í einu urðu þriggja manna fjölskylda.



Michael Fassbender jr.

Sænska leikkonan Alicia Vikander og írski leikarinn Michael Fassbender tilkynntu það í september 2021 að þau ættu eins og hálfis árs gamlan son. Þau hafa haldið syni sínum utan kastljóssins og ekkert gefið upp um nafn hans. Alicia opnaði sig síðar í viðtölum um eigin reynslu af fósturmissi og má líklega rekja leyndina til þess.



Exa Dark Sideræl (Y)

X Æ A-12 varð öllum að óvörum stóri bróðir árið 2021 en þá tilkynnti Grimes öllum að óvörum í viðtali í Vanity Fair í apríl á síðasta ári að þau Elon Musk hefðu eignast dóttur í desember 2021 með aðstoð staðgöngumóður. Barnið fékk eðlilega nafnið Exa Dark Sideræl en foreldrarnir nota hins vegar gælunafnið Y. En ekki hvað. Grimes sagðist hafa viljað kalla dótturina Odysseus Musk en lotið í lægra haldi gegn föðurnum.

Michael Cera jr.

Hollywood-leikarinn Michael Cera gefur ekkert upp um sinn fyrsta son sem fæddist árið 2021 og hann eignaðist með eiginkonu sinni Nadine. Upp komst um soninn þegar Amy Schumer blaðraði því í viðtali í mars í fyrra að leikarinn hefði eignast barn fyrir hálfu ári. Sjálfur vildi leikarinn lítið segja um barnið annað en að þetta væri sex mánaða gamall drengur.



Jesús

María mey var umsetin af heilögum anda og varð því skyndilega þunguð. Jesús Kristur er líklega fyrsta barnið sem vitað er um að hafi hreinlega bara birst. Að því gefnu að hann hafi raunverulega verið til.



Jeremiah van Der Beek

Dawson's Creek stjarnan James van Der Beek og eiginkona hans kvikmyndaframleiðandinn Kimberly van der Beek eignuðust sitt sjötta barn Jeremiah og biðu þar til hann hafði fæðst í nóvember með að tilkynna um komu hans. Í einlægrri Instagram-færslu útskýrðu þau að þau hefðu misst föstur í tvígang og því viljað sitja á fréttunum um Jeremiah litla.

LYKILSPURNINGIN

Einar, ertu með einkanúmerið DIESEL?

toti@frettabladid.is



Einar Þorsteinsson formaður borgarráðs

„Þetta er bara nafnið á bíla-sölnunni,“ segir Einar Þorsteinsson, formaður borgarráðs og

tilvonandi borgarstjóri, þegar hann er spurður út í torkennilegt einkanúmerið, DIESEL, sem prýðir Skoda Octavia G-Tec bifreiðina

sem hann og eiginkona hans Milla Ósk Magnúsdóttir hafa sett á sölu.

Einar vakti athygli á því að billinn væri kominn á sölu á Facebook með þessum orðum: „Umhverfisvænn og eyðslugrannur bíll til sölu. Stórglæsilegt og nær ónotað ferðabox á toppinn fæst fyrir lítið í kaupbæti!“

Bifreiðin gengur fyrir bensíni og metani þannig að dieselmerkingin stingur dálítið í stúf eins og Sunna Valgerðardóttir, fyrrverandi samstarfskona Einaris á RÚV, benti á í athugasemd við



Einar og Milla Ósk bjóða nær ónotað ferðabox í kaupbæti með Skóðanum.

MYND/BILASOLUR.IS

Facebook-færsluna: „Kúl einkanúmer.“

Fyrirhuguð bifreiðaviðskipti þeirra Millu og Einaris hafa vakið fleiri spurningar á Facebook: Á nuna að færa sig yfir á Borgarlínu? Á nagladekkjum? Og eina merkingarþrungna um hvort Einar sé þegar kominn með þau fríðindi borgarstjóra að vera með einkabilstjóra.

Mörgu er því enn ósvarað en svarið við lykilsurningunni liggur þó fyrir og disillinn er Einar og störfum hans í borgarstjórn með öllu óviðkomandi. ■

Umhverfisvænn og eyðslugrannur bíll til sölu.

Velkomin á Heilsu- & lífsstílsdaga

Kynntu þér öll
frábæru tilboðin
í Heilsublaðinu

Fylgstu með og nálgastu
upplýsingar á netto.is
og Facebook-síðu Nettó
varðandi leiki og ofurtíloboð
dagsins á Heilsudögum.



Skannaðu
QR-kóðann
og náðu
í blaðið



ALLT AÐ
25%
AFSLÁTTUR
OG APPTILBOÐ Á
HVERJUM DEGI



HEILSUDAGATAL NETTÓ

Tilboðsbombur í appinu á
Heilsudögum Nettó

Afsláttur í formi inneignar í appinu.
Sæktu appið og safnaðu inneign.



Fimmtudagur 26. janúar

Apptilboð dagsins



Avókadó/Lárpera
(2 stk. pk)

VitaYummy
Allar teg.



50%
APPSLÁTTUR

Föstudagur 27. janúar

Apptilboð dagsins



Mangó
(kg)

Nano
Allar teg.



50%
APPSLÁTTUR

Laugardagur 28. janúar

Apptilboð dagsins



Bláber
(125 g)

Sonett
Allar teg.



40%
APPSLÁTTUR

nettó

Nýttu þér netverslun okkar
og gerðu innkaupin á netinu

Öll tilboð á Heilsudögum má finna á netto.is



Svíar gapandi yfir gleðigeðveikinni

Íslendingar voru mun hressari utan vallar en innan á HM í handbolta þar sem mörg kunnugleg andlit dúkkuðu upp. „Stemningin var stórkostleg,“ segir grínarinn Hjálmar Örn Jóhannsson og bendir á að Svíar hafi haft á orði að þeir hafi aldrei séð neitt í líkingu við það þegar bláa hafið skall á stúkunni með sína kátinublöndnu íslensku geðveiki.

benediktboas@frettabladid.is
toti@frettabladid.is



Baldur Guðmundsson var blaðamaður Fréttablaðsins, DV og svo Morgunblaðsins. Hann hafði puttana á púlsinum lengi og leit við í Svíþjóð þar sem þjóðarpúlsinn sló.

Þeir Bjarki Sigurðsson, fyrrverandi landsliðshetja og Hörður Sveinsson, fyrrverandi markaskorari Keflvíkinga, voru eituhressir í stúkunni gegn Svíum.



Hjálmar Örn Jóhannsson var þínu áhyggjufullur á Svíaleiknum en segist þrátt fyrir allt hafa farið kátur heim eftir sigur á Brössum í loka-leiknum.



Fótboltamæðginin Ragnhildur Sveinsdóttir og Daniel Tristan Guðjohnsen, sem leikur með Malmö, skelltu sér á leik í fullum skrúða með gleðina að vopni.

MYNDIR/MATTHÍAS FINNS

Þvermóðska á Inisherin

KVIKMYNDIR

The Banshees of Inisherin

Leikstjórn: Martin McDonagh
Leikarar: Colin Farrell, Brendan Gleeson, Kerry Condon

Arnar Tómas Valgeirsson

The Banshees of Inisherin er fjórða mynd leikstjórans Martin McDonagh sem getið hefur sér gott orð fyrir kolsvartan húmor í bland við vel skrifað drama. Myndin á sér stað á írsku eyjunni Inisherin og segir frá þeim Pádraic og Colm sem voru einu sinni bestu vinir þar til einn daginn þegar sá síðarnefndi slitur vináttunni.

Engin ástæða virðist vera fyrir vinslitunum en Colm ber því við að honum líki hreinlega ekki við



Gleeson og Farrell snúa aftur til liðs við McDonagh en þeir léku eftirminnilega saman í fyrstu mynd hans, In Bruges.

Pádraic lengur. Colm biður Pádraic vinsamlegast að eiga engin samskipti við sig framvegis, vinallega í fyrstu en síðar meir hótar Colm að skaða sig ef Pádraic svo mikið sem yrði á hann.

Líkt og fyrri myndir McDonagh er The Banshees of Inisherin í senn mjög myndin og ansi tragísk. Þvermóðska og tilgangslausar erjur eru leiðarstef í myndinni sem gerist einmitt í írsku borgarastyrjöldinni.



Ýmsir áhorfendur geta eflaust tengt við hugmyndina að klippa alfarið á samskipti við einhvern sem maður á ekki lengur samleið með.

Ýmsir áhorfendur geta eflaust tengt við hugmyndina að klippa alfarið á samskipti við einhvern sem maður á ekki lengur samleið með, en myndu þó ekki leggja í jafn harkalegar aðgerðir og Colm til þess.

Brendan Gleeson og Colin Farrell fara á kostum saman og þau Kerry Condon og Barry Keoghan standa sig prýðilega í aukahlutverkum. Írsku landslagið á skálduðu eyjunni er gullfallett og þótt söguuppbyggingin sé örliðið hæg þá ætti áhorfendum aldrei að leiðast þegar aurnayndið er svo ríkullegt. Á heildina litið er fjórða mynd McDonagh vel heppnuð tragikómía sem gæti réttilega verið í uppáhaldi fólks á katalóg leikstjórans. ■

NIÐURSTAÐA: Vel heppnuð tragikómía um þvermóðsku, vinslit og tilgangslausar erjur.

Kolluna upp fyrir mömmu!

„Breytingin frá því þegar
mamma var veik er að
núna er miklu meiri
stuðningur í boði“

lifidernuna.is

Kraftur er stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem
greinst hefur með krabbamein og aðstandendur.
Kaupum kolluna á lifidernuna.is




HJARTNÆM OG STÓRBROTIN MYND
SEM FENGIÐ HEFUR
EINRÓMA LOF GAGNRÝNENDA

BRENDAN FRASER

THE WHALE

KVIKMYND EFTIR
DARREN ARONOFSKY



3 ÓSKARS
TILNEFNINGAR

PAR Á MEDAL

BESTI LEIKARI
Í AÐALHLUTVERKI
BRENDAN FRASER

FRUMSÝND
27. JANÚAR

LAUGARÁS BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ



Sara Dögg hugsaði sig aðeins um áður en hún tók við feldi Venusar af Eddu Björgu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Djarfur leikur Söru Daggar í ögrandi Venusarfeldinum

Leikritið Venus í feldi í leikstjórn Eddu Bjargar Eyjólfsdóttur er frumsýnt í Tjarnarbíói í kvöld. Hún ætlaði sér upphaflega sjálf að klæðast djörfum feldi Venusar á sviðinu en endaði með að fá Söru Dögg Ásgeirsdóttur, eftir smá umhugsun, til þess að takast á við mjög svo ögrandi aðalhlutverkið.

toti@frettabladid.is

Leikkonan og leikstjórinn Edda Björg Eyjólfsdóttir frumsýnir leikritið Venus í feldi í Tjarnarbíói í kvöld. Tveimur rennisléttum árum eftir að hún fagnaði því á síðum Fréttablaðsins að hafa hlotið styrk til þess að koma þessu margrómaða og kynferðislega spennuþrungna verki Davids Ives á svið.

„Textinn er svo flottur en þetta er ekki bara skemmtilegt og sniðugt heldur er þetta svo snjallt einhvern veginn. Þetta er svo briliant en samt svo töff og fyndið og dálítið sexi,“ sagði Edda Björg í Fréttablaðinu 26. janúar 2021 og ætlaði sér þá sjálf að leika aðalhlutverkið.

„Jú, mikið rétt,“ segir Edda Björg en þegar á hölminn er komið í kvöld stígur hins vegar leikkonan Sara Dögg Ásgeirsdóttir fram í djörfum leikbúningum Venusar.

Stöðst ekki freistinguna

„Síðan kom til mín stærðarinnar rulla sem Vinní í Hamingjudögum,“ heldur Edda Björg áfram. „Þannig að ég hugsaði að nú væri tækifæri til að „mastera“ betur leikstjórnann í mér og það hefur verið ótrúlega gaman, mjög gefandi ferli.“

„Þetta verður eitthvað. Þetta verður eitthvað sko,“ segir Sara Dögg og hlær dátt og viðurkennir síðan fúslega að þótt henni hafi litist vel á handritið þá hafi hún hugsað sig aðeins um áður en hún þáði boðið um að taka við feldinum af Eddu.

„Ég hugsaði mig alveg um. Eins og maður þarf alltaf að gera. Þetta er svolítið stór biti að kyngja,“ heldur leikkonan áfram enn hlæjandi. „Og þetta er heimlikið verk en það var bara of freistandi og spennandi til að gera eitthvað annað en að segja já.“

Dálítið fáklædd

Leikritið er í eðli sínu þannig að vart verður hjá því komist að spyrja leikkonuna hvort ákveðin spéhræðsla hafi ráðið einhverju um að hún þurfti að hugsa sig um.

„Ég svona ... já,“ hlær Sara Dögg.

Venus í feldi

Leikritið Venus in Fur eftir David Ives veltir upp spurningum um undirgefni, drottun og völd í snörpum og spennuþrungnum texta. Verkið var frumsýnt á Broadway í janúar 2010 og Roman Polanski kvikmyndaði það þremur árum síðar og uppskar fyrir viknið fimm tilnefningar til Césarverðlauna 2014.

Verkið á sér þó mun lengri sögu þar sem rætur þess liggja frá sadó/masókísku skáldsögunni Venus in Furs frá 1869 eftir austurríska rithöfundinn Leopold Ritter von Sacher-Masoch. Áhrif skáldsögunnar verða seint ofmetin og þannig blasir til dæmis við að eftirnafn höfundarins er enn hátt á lofti þar sem hvorki meira né minna



HÖNNUN PLAKATS/HELGA GERÐUR MAGNÚSDÓTTIR

en hinn sívinsæli sadó/masókismi er kenndur við hann.

Leikverkið hefst á erfiðum degi í lífi leikskáldsins og leikstjórnans Tómas Novachek. Áheyrnarprufur fyrir aðlögun hans á hinni þýsku sadó-masókísku skáldsögu, Venus in Furs, hafa gengið hræðilega. Þangað til Vanda, ýtin og þrjósk leikkona, skjögrar inn á sviðið. Þótt hún beri

sama nafn og aðalsöguhetjan skortir Vöndu fágun hennar. En þegar Tómas fellst á að leyfa Vöndu að prófa hlutverkið sýnir hún óvæntan skilning á efniviðnum. Á meðan samlestri þeirra stendur verða samskiptin spennuþrungin og erótísk, og skilin milli skáldskapar og veruleika verða óljósari.



Edda Björg Eyjólfsdóttir leikstýrir verkinu en maðurinn hennar, Stefán Magnússon, þýddi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Segjum þetta bara eins og þetta er. Það koma þarna nokkur vel valin augnablik þar sem maður er dálítið fáklæddur. En það var nú, samt sem áður, merkilega lítið mál. Aðal ögrunin fólst kannski frekar í því að fara inn í þetta verk og það sem við erum að gera.“

Mér fannst það liggja meira þar en jú, jú ... þetta er alltaf þannig að maður þarf að spyrja sig að því hvað manni líði vel með og allt það,“ segir Sara Dögg og bendir á að allt þjóni þetta tilgangi sögunnar.

„Það er að sjálfsögðu ástæða fyrir þessu og það er svo sannarlega það sem maður heldur í,“ segir Sara Dögg og bendir á að öðrum þræði fjalli verkið um hlutgervingu konunnar og hvernig hún birtist þegar karllæga augnaráðið beinist að henni. „Það er soldið verið að fast við það.“

Þægindaramminn brotinn

Sara Dögg segir allt ferlið hafa verið mjög skemmtilegt þótt mikið gangi á á sviðinu þar sem spennan kraumar milli persónanna, þar sem snert er á blæti og komið er inn á klassísk átök karla og kvenna þar sem valdið færast stöðugt fram og til baka á fémínískum forsendum.

„Jú, Guð minn góður. Ég er náttúrulega alveg með eðal fólki og frábæran mótleikara,“ segir hún um Svein Ólaf Gunnarsson. „Við erum búin að reyna að gera þetta skemmtilegt og hafa gaman af þessu.“

Leikgleiðin er svona svolítið okkar drifkraftur í þessu og það sem mér finnst algerlega vera lykillinn að þessu. Okkur hefur svo sannarlega ekki leiðst get ég sagt þér,“ hlær Sara Dögg. „Og maður hefur alveg þurft að fara út úr þægindarammanum og bæði komið hvert öðru á óvart og ekki síst sjálfum sér.“ ■

LAGASTA

VERÐIÐ

Í REYKJAVÍK

ER Á BÚSTAÐAVEGI



Skannaðu
QR-kóðann
og náðu
í blaðiðALLT AÐ
25%
AFSLÁTTUR
OG APTILBÓÐ Á
HVERJUM DEGI

BAKÞANKAR

Ebbu Guðnýjar
Guðmundsdóttur

Klúður

Ég held oft fyrirlestra og námskeið. Ég er alltaf stressuð að klinka á því að mæta í mína eigin fyrirlestra.

Þegar maður vinnur hjá sjálfum sér og er út og suður alla daga eykst hættan á því að eitthvað fari forgörðum í skipulagningunni.

Mig langar vera í góðu jafnvægi og ekki stressuð. Ég er að reyna að treysta flæðinu í heiminum, að allt sé eins og það á að vera.

Það er mjög erfitt. En það er samt svo ótrúlegt að yfirleitt einhvern veginn bjargast alltaf allt. Og ég hugsa oft eftir á: „ég hefði getað haft minni áhyggjur af þessu“.

Þegar ég er í mikilli streitu þá er ég alltaf að skoða símann minn. Logandi hrædd um að ég sé að gleyma einhverju.

Það hefur verið mikið að gera undanfarið en ég náð að halda streitu í skefjum. Mjög ánægð með mig.

En þá gerðist það sem ég hef oft hugsað um í gegnum árin (og vonað að gerðist ekki). Ég steingleymdi fyrirlestri.

Ég var salíróleg að snuddast eitthvað þennan daginn. Búin að ákveða að ég ætti frí og fór að hreyfa mig, þvo hárið og dúllast svona eitthvað. Fer svo af rælni í tölvuna og sé að ég á að vera mætt til að halda tölu.

Það kom á mig mikið fát, ég var ómáluð með blautt hár á nærbuxunum.

Ég leit á símann og sá ósvöruð símtöl.

Ég hringdi strax ódamála í þá indælu og góðu konu sem hafði ráðið mig. Hún var alveg einstaklega ljúf við mig.

Ég þakka henni ástsamlega fyrir. ■

Ný og öflug
fasteignaleit

Finndu réttu eignina fyrir þig á frettabladid.is



SKANNAÐU KÓÐANN



frettabladid.is

Allt að
900%

afsláttur

ÚTSÖLU
MARKAÐUR

Komdu og gramsaðu

50% JÓLAVÖRUR 30-50% LEIKFÖNG

30% PLASTBOX 25% INNIMÁLNING,

PARKET, FLÍSAR, GROHE OG

DAMIXA BLÖNDUNARTÆKI

20% VERKFÆRABOX, JÁRNHILLUR,

ÖRYGGISSKÓR

SAMAN Í
60 ÁR

BYKO